ÞÓRUNN KJARTANSDÓTTIR
Hvetur alla til dáða
matur jól
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

JÓLIN KOMA
Streitulaus jól
Sérblað um jól og jólahald
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

WWW.E-LABEL.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. desember 2007 — 347. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ánægð með velgengni síðustu ára

Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona er þrítug.

TÍMAMÓT 42

Erfið stormviðratíð

Siggi stormur segir gráu hárunum hafa fjölgað við að spá óveðri á fætur óveðri.

FÓLK 70

Gefst ekki upp

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, hefur kært dóm aganefndar yfir sér og er til í að fara með málið fyrir almenna dómstóla reynist þess þörf.

ÍÞRÓTTIR 64

SIRKUS

Svarthvít tilvera

Þórunn Högnadóttir í Innlit/Útlit opnar heimili sitt.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í



VÆTA FYRIR HÁDEGI Í dag verður sunnan strekkingur vestan til, annars heldur hægari. Víða rigning með morgninum, einkum sunnan og vestan til, en úrkomulítið eftir hádegi. Hiti 4-10 stig að deginum.

VEÐUR 4

Valinn héraðsdómari fram yfir þrjá hæfari

Árni Mathiesen skipaði í gær Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara. Matsnefnd úrskurðaði þrjá umsækjendur hæfari en Þorstein. Árni er ósammála og segir reynslu Þorsteins sem aðstoðarmaður dómsmálaráðherra skipta miklu.

STJÓRNSÝSLA Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, skipaði í gær Þorstein Davíðsson, fyrrverandi pólitískan aðstoðarmann Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, í embætti héraðsdómara. Þorsteinn er sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra.

Nefnd sem metur hæfi umsækjenda í héraðsdóm taldi þrjá umsækjendur hæfari í starfið en Þorstein. „Ég veit ekki til þess að áður hafi verið gengið í berhögg við umsögn nefndarinnar með þessum hætti," segir Eggert Óskarsson, einn nefndarmanna.

Þrír skipa nefndina; einn tilnefndur af hæstarétti, annar af dómurum og þriðji af lögmönnum. Þeir skipa umsækjendum í fjóra flokka; óhæfur, hæfur, vel hæfur eða mjög vel hæfur.

Umsækjendurnir Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, Halldór Björnsson, aðstoðarmaður hæstaréttardómara, og Pétur Dam Leifsson lektor voru allir metnir „mjög vel hæfir" af nefndinni. Ragnheiður Jónsdóttir, fulltrúi sýslumanns, og Þorsteinn voru metin „hæf".

„Ég er ósammála hæfnisumsögnunum," segir Árni Mathiesen. „Ráðherranum er ætlað að skipa, en dómnefndinni að gefa umsögn."

Árni telur skipta miklu máli að Þorsteinn hafi verið aðstoðarmaður Björns, það gefi honum víðtæka reynslu, sem ekki margir hafi. „Hann hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara, hann er saksóknari og deildarstjóri hjá lögreglustjóraembætti höfuðborgarsvæðisins," segir Árni. Við síðasta starfinu tók Þorsteinn í haust.

Geir H. Haarde forsætisráðherra skipaði Árna settan dómsmálaráðherra í málinu. Árni hefur setið í ríkisstjórn með Birni Bjarnasyni frá 1999 og sat með Davíð Oddssyni í sex ár.

Þorsteinn hefur störf í janúar með 75 prósenta starfsskyldu í héraðsdómi Norðurlands eystra og 25 prósent í héraðsdómi Austurlands.

- sgj

Sérfræðingar Fréttablaðsins:

Mugiboogie plata ársins

TÓNLIST Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, Mugison, á bestu íslensku plötu þessa árs.

MUGISON

Þetta er niðurstaða sautján sérfræðinga Fréttablaðsins. Platan, Mugiboogie, fékk yfirburðakosningu sem besta platan. Fyrstu plötur Sprengjuhallarinnar og Hjaltalín urðu í öðru og þriðja sæti kjörsins. Báðar plötur Megasar komust inn á topp tíu.

Mugison var ánægður með niðurstöðuna þegar Fréttablaðið ræddi við hann: „Ég veit ekki hvort þetta er einhver hundaheppni eða hvort fólk er að gera mér aumingjagreiða," sagði hann.

- hdm/ sjá síðu 52

SLÖKKVILIÐSMENN HREINSA EITUREFNI Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út vegna eiturefnaslyss við Hesthálsi um klukkan þrjú í gær. Engin hætta var á ferðinni en að sögn slökkviliðsmanna var mikið mildi að veður var stillt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slökkviliðið kallað á vettvang:

Eiturefni láku úr plastkeri

UMHVERFISSLYS Um tvö hundruð lítrar af efni sem inniheldur 53 prósent af saltsýru lak úr plastkeri við fyrirtækið Tandur á Hesthálsi í gær. Kerið var í gámi og urðu starfsmenn Tandurs varir við lekann þegar þeir opnuðu hann.

„Það skapaðist aldrei hætta en þetta hefði getað farið verr ef lekinn hefði verið meiri eða ef um sterkari blöndu hefði verið að ræða," segir Birgir Örn Guðmundsson, gæðastjóri hjá Tandri. Svo virðist sem kerið hafi skemmst í sjóflutningum. Saltpéturssýra er mikið notuð við hreinsun í matvælaiðnaði. Að sögn slökkviliðsins getur það valdið miklum óþægindum í augum, slímhimnum, öndunarfærum og jafnvel í húð ef blandan er sterk.

- jse



Menntamálaráðherra hvetur til þess að varlega sé farið með stólpa Ríkisútvarps:

Maður hreyfir ekki við skaupinu

MENNING „Svo ég segi bara mína skoðun þá eru ákveðnar helgimyndir eða stólpar innan Ríkisútvarpsins. Maður hreyfir ekki við skaupinu," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Eflaust sé það til marks um íhaldssemi hennar, en hún hrífist bara ekkert af þeirri hugmynd yfirstjórnar RÚV að selja auglýsingar inn í mitt áramótaskaup.

Yfirmenn RÚV hafi vissulega lagaheimild til þessa, en þeir eigi að stíga gætilega til jarðar.

„Skaupið er hluti af því að byggja upp góða ímynd Ríkisútvarpsins og styrkir það. Eitthvað um 95 prósent þjóðarinnar sameinast fyrir framan sjónvarpið til að horfa á skaupið. Þá verða menn að fara varlega," segir hún.

Spurð hvort þetta verði framtíð skaupsins segir Þorgerður að dagskrárvaldið sé ekki í hennar höndum. Hins vegar sé ákvörðunin ekki komin í gegn. „Og það getur vel verið að þeir breyti þessu, ég veit ekki hvaða samningar búa þarna að baki. En mér finnst þetta afar óheppilegt svo vægt sé til orða tekið." Þorgerður ræðir málin nánar í helgarviðtali við Fréttablaðið á morgun.

- kóþ

SPURNING DAGSINS

Bergvin, þarftu ekki bara að skella þér á stefnumót?

„Ég fór á blint stefnumót í sumar og hef verið blindaður af ást síðan.“

Bergvin Oddsson, formaður ungmennahreyfingar Blindrafélagsins, hefur bent á að hollensku blindrasamtökin vísi félagsmönnum sínum á notendavæna klámsíðu fyrir blinda á sinni heimasíðu.

Svandís Svavarsdóttir boðar breytt skipulag á Hólmsheiði í þökk skógræktarfólks:

Segist bjarga 12 þúsund trjám

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi segir breytingar á skipulagi Hólmsheiðar munu forða tólf til fimmtán þúsund trjám frá eyðingu.

„Með þessum breytingum verður komið verulega til móts við þær athugasemdir sem bárust vegna skógareyðingar á svæðinu,“ segir í svari Svandísar við fyrirspurn sjálfstæðismanna í borgarráði. Sjálfstæðismenn vildu vita hvort breyta ætti skipulaginu á Hólmsheiði til að vernda trjágróður og hvort breyta ætti skipulagi á Reynisvatnsási til að vernda svæði sem tilheyrir Græna treflinum svokallaða, eins og borgarfulltrúar Vinstri grænna hefðu viljað þegar þeir voru í minnihluta í borgarstjórn.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn segir skógræktarfólk taka vel í nýjar hugmyndir um skipulag á Hólmsheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svandís segir í svarinu að í auglýstri tillögu fyrir Hólmsheiði hafi verið gert ráð fyrir um níutíu hekturum undir lóðir og mannvirki. Í endurskoðaðri tillögu sé lagt til að það svæði verði minnkað um um það bil ellefu hektara.

„Þetta á sérstaklega við um þau svæði þar sem skógur er hvað þéttastur,“ segir Svandís sem, eins og áður segir, kveður á bilinu tólf til fimmtán þúsund tré „bjargast“ við breytinguna.

Nú er beðið formlegrar umsagnar Skógræktarfélags Reykjavíkur en Svandís segir fulltrúa félagsins hafa tekið nýju hugmyndunum vel þegar þeim voru kynntar þær í byrjun mánaðarins. - gar

Útlendingar á Reyðarfirði:

Eiginkonurnar mæra Ísland

FÓLK **„Þótt til séu aðrir fallegir staðir í heiminum eru þeir fáir sem bjóða friðinn, öryggið og rólegheitin sem við höfum upplifað hér,“ segja eiginkonur útlendra starfsmanna við álverið á Reyðarfirði í opnu kveðjubréfi til allra íbúa Fjarðarbyggðar.**

„Við sem erum eiginkonur þeirra sem unnu við byggingu álversins höfum verið að kveðja ykkur hljóðlega undanfarið en það hefur verið okkur erfitt,“ segja Karen McKenzie og Jo-Ann Cameron. „Bestu þakkir fyrir að bjóða okkur öll velkomin og leyfa okkur að vera hluti af samfélaginu ykkar.“ - gar

Kókaínsmyglari dæmdur:

Höfuðpaur fær 15 mánuði

DÓMSMÁL **Hæstiréttur dæmdi í gær 24 ára gamlan mann, Andra Þór Guðmundsson, í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa skipulagt smygl á ríflega 360 grömmum af kókaíni til landsins frá Amsterdam. Hafði héraðsdómur dæmt manninn í þriggja mánaða styttri fangelsisvist.**

Andri fékk karlmann og konu til að flytja efnið til landsins og afhenti þeim peninga fyrir efninu, flugmiða og uppihaldi. Seinna fór hann til Amsterdam og tók við efninu, pakkaði því og afhenti þeim það til að flytja til landsins. Voru þau stöðvuð í Leifsstöð með efnið. - sgj

LEIÐIN TIL AKRANESS Gatnamót á veginum til Akraness eru sögð slysagildrur.

Bæjarstjórn Akraness:

Vill ljósastaura við slysagildrur

SVEITARSTJÓRNIR „Þeir aðilar sem þarna fara um á hverjum degi eru oft í stórhættu vegna ónógrar lýsingar, sem er reyndar engin,“ segir bæjarstjórn Akraness, sem skorar á „yfirmenn samgöngumála á Íslandi að lýsingu verði strax komið fyrir á að minnsta kosti tvennum tilgreindum gatnamótum á veginum að Akranesi“.

„Þegar skammdegið fer í hönd með tilheyrandi verðurfari þá verða umrædd gatnamót erfið yfirferðar vegna myrkurs, endurskin umferðarmerkja verða skítug og þar af leiðandi mun lakari vegvísir en ella,“ segir bæjarstjórnin. - gar

Vilja fá leigutekjur á hjúkrunarheimilum

Fyrirhugaðar endurbætur á öldrunarstofnunum Grund og Hrafnistu verða til þess að rýmum fækkar um rúmlega 200. Framkvæmdastjóri Grundar segir að uppbygging hjúkrunarheimila sé ómöguleg verði húsaleiga ekki greidd.

HEILBRIGÐISMÁL Uppbygging öldrunarheimila er ómöguleg nema farið verði að greiða húsaleigu á slíkum stofnunum. Þetta segir Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar, og undir orð hans tekur Sveinn Skúlason, forstjóri Hrafnistu. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir sjálfsagt að fara yfir hugmyndir þeirra. Aðaláherslan á næstu mánuðum verði þó að stórauka heimahjúkrun umfram það sem nú er.

Fyrirhugaðar endurbætur á Hrafnistu munu fækka rýmum þar úr 260 í um 150 en á Grund mun rýmum fækka úr 220 í 120. Rúmlega 200 rými munu því detta út á um næstu þremur árum verði ekki brugðist við.

Júlíus segir að fyrir sex árum hafi hann reynt að vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á mikilvægi þess að nýtt hjúkrunarheimili risi áður en farið yrði í framkvæmdir á Grund.

Um helmingur heimilismanna á Grund hefur komið af Landspítalanum. Magnús Pétursson sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardaginn að ef ekki yrði með einhverju móti brugðist sem fyrst við fækkun rýma þar væri ljóst að mikill vandi steðjaði að spítalanum og enn meiri teppur gætu myndast þar en fyrir væru.

„Það er brýnt verkefni. Ég geri mér grein fyrir því að fólk getur illa beðið eftir því að komast á hjúkrunarheimili en allt tekur sinn tíma. Viðbrögð okkar við stöðunni nú eru að efla heimahjúkrun enda vilja langflestir vera sem lengst heima hjá sér. Þar fyrir utan er vist á Landspítalanum dýrasta úrræðið,“ segir Guðlaugur. Hann bendir jafnframt á að verið sé að bjóða út þrjátíu dagvistarrými og tuttugu skammtímarými. Þá sé meðal annars þegar unnið að tilraunaverkefnum til að bæta stöðuna.

Júlíus segist hafa óskað eftir lóð hjá Reykjavíkurborg til að byggja hjúkrunarheimili ásamt íbúðum fyrir aldraða, það myndi bæta við 110 rýmum. Hann segist þó ekki sjá fram á að af byggingunni verði greidd húsaleiga. „Í sambýlum fatlaðra og í skólabyggingum, sem reknar eru af sjálfseignastofnunum, er gert ráð fyrir leigu. Það sama þarf að gerast á hjúkrunarheimilum,“ segir hann.

HÚSNÆÐISMÁL ELDRI BORGA AÐ BREYTAST Rýmum á hjúkrunarheimilum fækkar um rúmlega 200 á næstunni. Forsvarsmenn öldrunarstofnana segja erfitt að vinna að uppbyggingu nema farið verði að greiða húsaleigu. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

SVEINN SKÚLASON

JÚLÍUS RAFNSSON

Júlíus segir það ekki á ábyrgð sjálfseignarstofnna eins og Grundar að sjá til þess að allir hafi efni á húsnæði. „Það er mál fyrir pólitíkusa en ekki sjálfseignastofnanir. Það hlýtur þó að vera hægt að útbúa félagsleg úrræði fyrir þann hóp.“

karen@frettabladid.is

ELÍSABET II Hefur náð hærri lífaldri en Vikoría en setið skemur en hún í hásæti.

Langlíf Bretadrottning:

Elísabet II slær Viktoríu við

BRETLAND, AP Elísabet II Bretadrottning náði því síðdegis í gær að verða langlífust allra þeirra sem setið hafa í hásæti breska konungdæmisins fyrr og síðar.

Sló Elísabet þar með Viktoríu drottningu við, sem fæddist 24. maí 1819 og varð 81 árs og 243 daga er hún dó eftir 63 og hálft ár í hásæti.

Þótt Elísabet II hafi nú náð hærri lífaldri en Viktoría á hún nærri átta ár í að slá henni við í þaulsætni í hásæti. Auk Viktoríu hafa tveir konungar setið lengur en Elísabet. Hún tekur fram úr Hinrik III í mars næstkomandi og Georg III á árinu 2012. - aa

Uppbygging á Vallarheiði:

Áhyggjur af umræðunni

SUÐURNES **Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsir yfir áhyggjum vegna neikvæðrar umræðu um uppbyggingu á fyrrum varnarsvæðinu á Vallarheiði. Þetta kemur fram í samþykkt á síðasta stjórnarfundi sambandsins.**

Þar segir að á stuttum tíma hafi náðst að breyta svæðinu í lifandi þjónustu- og vísindasamfélag sem nú þegar hafi haft góð áhrif á samfélagið. Enn fremur segir að mikilvægt sé að vallarsvæðið verði uppspretta nýrra hugmynda og atvinnu fyrirtækja og fái að njóta jákvæðrar kynningar í samfélaginu. - jse

VÖNDUÐ HÚSGÖGN
SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM Á HAGSTÆÐU VERÐI

Calia Italia Premium hvíldarsófi (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
Verð kr. 179.900,-

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS

Átak verður gert í að fjölga kvenkyns gestum sundlauganna á nýju ári:

Vilja fleiri konur í sundlaugarnar

HEILSA Ráðist verður í átak á vegum Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar á nýju ári til að fjölga kvenkyns gestum sundlauganna.

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri íþróttamála hjá Íþrótta- og tómstundaráði, segir nokkru muna á aðsókn kynjanna í laugarnar, yfir vetrarmánuðina séu karlar til dæmis um 55 af hundraði en konur um 45 af hundraði.

„Þetta er misjafnt eftir aldurshópum, hlutfallið er tiltölulega jafnt hjá börnum og ungu fólki og svo er þetta líka misjafnt eftir laugum,“ segir Steinþór.

Mestu munar í Sundhöllinni og Laugardalslaug, sem aldraðir eru duglegir að sækja og þar eru karlarnir mun fleiri en konurnar.

Steinþór segist einhver ráð eiga til að fjölga konum í sundlaugunum og bendir á að að kvöldi 24. október síðastliðins þegar kvennafrídagsins var minnst hafi einungis konum verið heimill aðgangur að Vesturbæjarlauginni. „Það var góður undirbúningur. Við heyrðum hljóðið í konum og afstöðu þeirra og getum byggt á því.“

Ásamt Steinþóri mun mannréttindafulltrúi ÍTR vinna að því á nýju ári að fjölga konum í sundlaugum borgarinnar. - bþs

Í LAUGINNI Reyna á að laða fleiri konur í sund á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENNEMM / SÍA / NM31401

JÓLAÆVINTÝRI Í SMÁRALIND

KOMDU Í SMÁRALIND OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGUNA

SÝNING Í DAG KL.17.00

Jóladagskrá í Vetrargarðinum

Föstudagur 21. desember

17.00
Jólaævintýri Smáralindar, Örn Árnason, Björgvin Franz og fjöldi þekktra leikara

18.00
Hara-systur syngja

Kórar og jólasveinar halda uppi jólastemningunni í göngugötunni alla helgina.

AFGREIÐSLUTÍMAR Í SMÁRALIND TIL JÓLA

FÖSTUDAGUR 21. DESEMBER KL. 11–22
LAUGARDAGUR 22. DESEMBER KL. 10–22
SUNNUDAGUR 23. DESEMBER KL. 10–23
MÁNUDAGUR 24. DESEMBER KL. 10–13

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

smaralind.is / 528 8000

GENGIÐ 20.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,46	63,76
Sterlingspund	126,28	126,90
Evra	91,01	91,51
Dönsk króna	12,194	12,266
Norsk króna	11,338	11,404
Sænsk króna	9,630	9,686
Japanskt jen	0,5606	0,5638
SDR	99,09	99,69

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,018
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Farbann gagnslítið úrræði eftir að Íslendingar urðu aðilar af Schengen:

Milljón í tryggingu vegna farbanns

LÖGREGLUMÁL Þeim eina sem enn er á landinu af þeim þremur Pólverjum, sem úrskurðaðir voru í farbann vegna gruns um aðild að nauðgun í heimahúsi á Selfossi 27. október, var gert að greiða milljón króna tryggingu fyrir því að verða tiltækur lögreglu til 4. febrúar 2008. Maðurinn reiddi þegar fram upphæðina. Fari hann úr landi rennur upphæðin til ríkissjóðs.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir líklegt sé að þessu úrræði verði beitt í ríkari mæli til að reyna að koma í veg fyrir að menn sem settir hafa verið í farbann fari úr landi.

ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON Sýslumaðurinn á Selfossi segir hinn grunaða hafa reitt fram milljón króna tryggingu gegn því að vera tiltækur lögreglu 4. febrúar.

Eftir að Íslendingar urðu aðilar að Schengen-samstarfinu árið 2001 dró úr áhrifum farbanns en ekki þarf að framvísa vegabréfi innan aðildarríkja þess. Í ljósi þess hve farbann hefur reynst gagnslítið telur Ólafur Helgi að önnur úrræði verði að skoða vandlega. Best sé að menn séu úrskurðaðir í gæsluvarðhald leiki grunur á að þeir fari úr landi. Auk greiðslu á tryggingu þurfi að athuga hvort hægt verði að fara fram á að menn beri ökklaband svo auðveldara sé að fylgjast með ferðum þeirra.

Sýslumaður hefur sent gögn um mennina tvo, þá Przemyslav Pawel Krymski og Jaroslaw Pruczynski til Interpol en þar lýsa íslensk yfirvöld þegar eftir þremur mönnum, þeim Moh D Bashar Najeh Suleiman Almasaid, Pap Ousman Kweko og Ali Zerbout, sem allir komust undan eftir að hafa verið dæmdir fyrir alvarlega glæpi sem þeir frömdu á landinu.

- kdk

Lýsti morðinu í bók sinni:

Dómur ógiltur yfir rithöfundi

PÓLLAND, AP Pólskur áfrýjunardómstóll ógilti í gær úrskurð um 25 ára fangelsi yfir rithöfundi sem var sakfelldur fyrir morð sem þótti óeðlilega líkt morði í bók eftir hann.

Réttað verður á ný innan þriggja mánaða yfir rithöfundinum, Krystian Bala, sem verður áfram í haldi þangað til.

Dómararnir sögðu engan vafa leika á að tengsl voru milli Bala og dauða fórnarlambsins, Dariusz Janiszewski, sem Bala grunaði um að halda við fyrrverandi eiginkonu sína.

Frekari sannana þyrfti þó við.

- sdg

Ótrúlegt ef Alþingi vill öryggisþjónustu

Engin þörf er fyrir íslenska öryggisþjónustu sem dómsmálaráðherra hefur boðað segir hæstaréttarlögmaður. Hætta sé á því að slík stofnun búi sér til verkefni til að réttlæta tilvist sína. Skeinuhætt samfélaginu að auka eftirlit hins opinbera.

ÖRYGGISMÁL Engin þörf er fyrir íslenska öryggisþjónustu og ótrúlegt ef meirihluti reynist fyrir því á Alþingi að slíkri stofnun verði komið á laggirnar, segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Hann varar við því að eftirlit með borgurunum verði aukið.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra upplýsti á dögunum að til stæði að kynna frumvarp um stofnun íslenskrar öryggisþjónustu á nýju ári.

„Það er augljóst að ef stofnað verður til öryggislögreglu, sett yfir hana ný yfirstjórn, nýir starfsmenn og svo framvegis þá þarf hún að hafa eitthvað fyrir stafni," segir Ragnar.

„Öryggislögreglan þarf að sýna fram á að hún hafi afrekað eitthvað. Þar sem svo lítið er um að vera í okkar samfélagi er hætt við að slík stofnun búi sér til verkefni. Það er afar hættulegt, en þetta er reynslan í heiminum," segir Ragnar.

Hann segir afar skeinuhætt í svo litlu samfélagi að „stóri bróðir" skuli ætla að auka eftirlit með borgurunum. „Þetta mun þýða að það verði búnir til óvinir ríkisins, þeir hafðir í siktinu og fylgst með öllu sem þeir segja og gera," segir Ragnar. „Þetta minnir á eldri tíma, frá því fyrir miðja síðustu öld."

Dómsmálaráðherra hefur sagt að öryggisþjónustan muni hafa heimildir til að beita svokölluðum forvirkum rannsóknaraðferðum. Þá þurfi starfsmenn hennar ekki að hafa rökstuddan grun um að lögbrot hafi verið framið, eða til standi að fremja tiltekið afbrot. Lögreglan verður alltaf að hafa slíkan grun til að hefja rannsókn.

Ragnar segir enga þörf fyrir beitingu slíkra forvirkra aðferða, krafa um rökstuddan grun sé öryggisventill til að koma í veg fyrir ofvöktun, og lögregla hafi nægar heimildir til að bregðast við hryðjuverkum og alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Haft var eftir Birni Bjarnasyni í Fréttablaðinu í vikunni að ekki verði farið í aðgerðir án „afskipta" dómara, og að komið verði á „sérstöku eftirliti" með slíkri eftirgrennslan. Í nágrannalöndunum hafa víða verið skipaðar sérstakar þingnefndir sem hafa eftirlit með öryggisþjónustu.

„Slíkt eftirlit verður auðvitað ekki gagnsætt, svo það er að engu hafandi að mínu áliti," segir Ragnar. Þingmenn sem sæti eigi í slíkri nefnd yrðu bundnir trúnaði, og geti því ekki tekið álitamál upp á Alþingi með lýðræðislegum hætti.

brjann@frettabladid.is

HLERAÐ Skýrt er í stjórnarskrá að dómari þarf að heimila hleranir, leit í húsakynnum, rannsókn á skjölum og póstsendingum og fleira í þeim dúr. Myndin er sviðsett.

HEIMILDIR ÞYRFTI FYRIR HLERUNUM

Íslensk öryggisþjónusta þyrfi að fá heimild fyrir rannsóknum á pósti, hlerun á símtölum og allri svipaðri skerðingu á einkalífi fólks. Þetta hefur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gefið til kynna, auk þess sem þetta er tryggt í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 71. grein stjórnarskrárinnar segir meðal annars: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns."

Bandaríkjaþing í jólafrí:

Bush ósáttur við fjárlögin

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær afar ósáttur við margt í fjárlögum ársins, sem meirihluti demókrata á Bandaríkjaþingi samþykkti á miðvikudag, daginn fyrir jólafrí þingsins.

GEORGE W. BUSH

Forsetinn segir mikið af fjárveitingarheimildum frumvarpsins fela í sér hreina sóun, en segist þó þakklátur fyrir að fé hafi verið tryggt til daglegs rekstrar ríkisstofnana án þess að skattar hafi verið hækkaðir.

Bush getur ekki beitt neitunarvaldi á fjárlögin, en hann hefur beitt neitunarvaldi sínu óspart á ýmis frumvörp demókrata á þessu ári.

- gb

Ný Matvælastofnun:

Fjórtán störf flutt á Selfoss

STJÓRNSÝSLA Um áramót sameinast Landbúnaðarstofnun matvælasviðum Umhverfisstofnunar og Fiskistofu í nýrri Matvælastofnun með aðalskrifstofu á Selfossi. Í dag er 21 starfsmaður hjá áðurnefndum matvælasviðum. Sjö starfa áfram í Reykjavík en störf hinna flytjast á Selfoss

„Starfsfólkið er misánægt," segir Jón Gíslason, forstöðumaður Landbúnaðarstofnunar og verðandi Matvælastofnunar. Aðeins þrír starfsmenn hafa þegar sagst ekki munu starfa á Selfossi en nokkrir mánuðir eru í að starfsemin flytji.

- gar

JÓLATRÉ Norðmannsþinur kostar 490 til 1.700 krónur. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðbeina um verðlagningu:

Jólatrjáaræktendur ákærðir

DANMÖRK, AP Samtök ræktenda jólatrjáa í Danmörku hafa verið ákærð fyrir að hafa áhrif á verðmyndun. Danmörk er stærsta útflutningsland jólatrjáa í Evrópu.

Rannsókn hófst fyrir ári síðan eftir aðvaranir frá danska samkeppniseftirlitinu árin 2001 og 2005. Hafði eftirlitið hvatt samtökin til að hætta að gefa heildsölum sem það var í viðskiptum við leiðbeiningar um verðlagningu til að undirbjóða samkeppnisaðila.

Verð á jólatrjám í Evrópu hefur hækkað um 20 prósent í ár. Samtökin segja skýringuna liggja í skorti á jólatrjám.

- sdg

Leikskólabörn á Akranesi:

Bara eitt gjald fyrir systkini

SVEITARSTJÓRNIR Foreldrar leikskólabarna á Akranesi þurfa framvegis aðeins að greiða eitt gjald þótt þeir eigi fleiri en eitt barn í leikskóla eða hjá dagmæðrum.

„Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að gera Akranes að eftirsóknarverðum búsetukosti, ekki síst fyrir ungt fólk.

Ljóst er að kostnaður foreldra vegna leikskólagjalda getur verið íþyngjandi. Með þessari tillögu er komið til móts við barnafjölskyldur á Akranesi og kostnaður færður nær því sem gerist í nágrannasveitarfélögum," segir bæjarráð Akraness.

- gar

GIRNILEG JÓL
Þorláksmessuskata
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
OPIÐ ALLA HELGINA 8-19
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HVÍT JÓL

Þó sumum finnist litlu skipta hvort jólin verði hvít eða rauð er það engu að síður svo að hreinleiki og hátíðleiki jólanna er meiri séu þau hvít. Eins og staðan er nú kólnar á aðfangadag eftir því sem líður á daginn og um kl. 18 má búast við snjómuggu, einkum sunnan og vestan til. Síðan eru horfur á að snjói all víða aðfaranótt jóladags. Jóladagur verður því víða hvítur þetta árið, síst þó eystra.

REYKJAVÍK Í DAG

Sunnan strekkingur. Rigning í fyrstu síðan úrkomlítið. Milt.

um hádegi »



» á morgun



Suðvestan strekkingur eða allhvasst sunnan til, annars hægari.

» sunnudagur

Hvasst við suðaustur- og austurströndina, annars 3-10 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C léttskýjað	London	6°C heiðskírt	Friedrichshafen	9°C léttskýjað
Billund	4°C léttskýjað	París	4°C heiðskírt	Lúxemborg	4°C léttskýjað
Osló	-2°C heiðskírt	Amsterdam	3°C heiðskírt	Alicante	16°C skýjað
Stokkhólmur	2°C heiðskírt	Frankfurt	4°C heiðskírt	Róm	14°C léttskýjað
Gautaborg	3°C léttskýjað	Berlín	2°C alskýjað	Las Palmas	21°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Aðeins í dag og á morgun!

Aðeins **14.900 kr.**

SONY ERICSSON K530i - 3G

Léttkaupsútborgun aðeins:

500 kr.

1.200 kr. á mánuði í 12 mánuði.

~~Verð áður 19.900~~

3G sími á góðu verði með fínni myndavél. Farðu á netið í símanum með meiri hraða en áður, skoðaðu tölvupóstinn, horfðu á sjónvarpið eða spjallaðu við vinina á MSN.

Aðeins **6.900 kr.**

NOKIA 2610

Léttkaupsútborgun aðeins:

900 kr.

500 kr. á mánuði í 12 mánuði

~~Verð áður 9.400~~

Vinsæll og þægilegur sími með íslensku valmyndakerfi.

Tveir símar á jólatilboði

Símanúmer og 2000 króna inneign í Frelsi fylgir símanum í kaupbæti. Tilboðið gildir aðeins í dag og á morgun, eða á meðan birgðir endast.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Sími

Netið

Sjónvarp

ENNEMM / SÍA / NM31399

KJÖRKASSINN

Finnst þér rétt að hafa auglýsingahlé í miðju áramótaskaupinu?

Já, 24,5 %

Nei 75,5 %

ERTU SÁTTUR VIÐ RÁÐNINGU ÞORSTEINS DAVÍÐSSONAR SEM HÉRAÐSDÓMARA?

Segðu skoðun þína á vísir.is

MÓTMÆLI Nýtt frumvarp er á leið til fulltrúadeildar.

Vopnalög í Bandaríkjunum:

Geðveikir geti ekki keypt vopn

BANDARÍKIN, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti á miðvikudag frumvarp sem auðveldar athugun á bakgrunni fólks sem vill kaupa skotvopn. Í lögunum er kveðið á um hvaða geðheilbrigðisskýrslur skulu kannaðar. Frumvarpið fer nú til fulltrúadeildar.

Í apríl skaut geðveikur maður 32 til bana í háskóla í Virginíuríki. Áður hafði dómari úrskurðað að maðurinn væri sjálfum sér hættulegur og ætti að sæta meðferð. Persónuverndarlög komu þó í veg fyrir að þær upplýsingar bárust í gagnagrunn á alríkisstigi sem notaður er til að kanna bakgrunn væntanlega skotvopnakaupenda.

- sdg

VÍSINDI

Varað við örverum

Umhverfisstofnun varar fólk við örverum í jólamatnum yfir hátíðarnar. Til að eiga ekki matareitrun á hættu þurfi að gæta að hreinlæti og réttri hitun og kælingu matarins. „Enga hálfvelgju, takk!" segir Umhverfisstofnun.

Borgarráð framlengir styrkveitingu til samfélagsstarfs miðborgarprests í eitt ár:

Fjórar milljónir í borgarprest

FÉLAGSMÁL Miðborgarprestur frá Dómkirkjunni í Reykjavík fær fjögurra milljóna króna styrk á næsta ári úr borgarsjóði.

„Miðborgarprestur mun sinna margvíslegum samfélagsverkefnum, aðallega í miðborginni," segir í greinargerð Dags B. Eggertssonar borgarstjóra með tillögu hans til borgarráðs um að framlengja styrkinn úr borgarsjóði til þessarar starfsemi til eins árs.

Í skýrslu Þorvaldar Víðissonar miðborgarprests til borgarstjóra um starfið kemur fram að verksvið miðborgarprests er margþætt. Miðborgarpresti í hálfu starfi sé meðal annars ætlað að sinna kristilegu götustarfi, æskulýðsstarfi og sálgæslu og að vera talsmaður þeirra sem eru undir í samfélaginu. Miðborgarprestur, sem starfi sem prestur við Dómkirkjuna og sinni þar hefðbundnum verkum, sé fulltrúi Þjóðkirkjunnar í SAMAN hópnum sem er samtarfsvettvangur stofnana, félaga og sveitarfélaga um forvarnir og unglinga. „Dómkirkjan leitast við að svara breyttum aðstæðum með nýjum áherslum í starfi sínu. Fyrsta árið í embætti miðborgarprests sýnir að verkefnin eru næg og verðug. Dómkirkjan vill sinna auknu miðborgarstarfi í hlutverki sínu sem miðborgarkirkja," segir séra Þorvaldur í skýrslu sinni til borgarstjórans.

- gar

ÞORVALDUR VÍÐISSON Miðborgarprestur segir næg og verðug verkefni að takast á við.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérstaklega hættuleg árás:

Sló mann með gleríláti

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann í sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi auk greiðslu 714.805 króna í skaðabætur fyrir að slá annan mann í höfuðið með gleríláti. Málsatvik voru þau að sá dæmdi sló fórnarlambið eftir að þeim sinnaðist á veitingastað í Reykjavík. Hlutust af árásinni mikil sár á höfði, meðal annars fjögurra sentimetra skurður undir hárlínu og þriggja sentimetra skurður framan við eyra.

Þykir árásin bæði fólskuleg og hættuleg. Dæmdur þarf einnig að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun.

- ovd

Aldrei rætt um að knésetja Samskip

Fyrrverandi forstjóri Eimskips hafnar því að reynt hafi verið að bola Samskipum út af markaði á árunum 2001 til 2002 líkt og Samkeppniseftirlitið fullyrðir. Ummæli undirmanna sinna um „árásir" segir hann orðalag sem tíðkast í samkeppni.

SAMKEPPNI „Ég er eindregið þeirrar skoðunar að forsendur Samkeppniseftirlitsins fyrir úrskurði sínum séu rangar," segir Ingimundur Sigurpálsson, sem var forstjóri Eimskipafélags Íslands þegar það braut gróflega gegn samkeppnislögum á árunum 2001 til 2002. Samkeppniseftirlitið (SE) hefur gert Eimskipi að greiða 310 milljóna sekt fyrir brotin.

SE fullyrðir í ákvörðun sinni að markvissar aðgerðir Eimskips á þessum tíma hafi miðað að því að bola Samskipum út af markaðnum. Ingimundur furðar sig á slíkum fullyrðingum. „Þetta er bara hreinlega rangt. Ég hef aldrei tekið þátt í umræðu um að það ætti að bola Samskipum út af markaði enda finnst mér það bara liggja í augum uppi að Eimskip hefði aldrei getað verið eitt á markaði hér. Þetta var aldrei inni í umræðunni."

Ingimundur segist ekki sjá ástæðu til að hann segi af sér sem formaður Samtaka atvinnulífsins, starfinu sem hann gegnir nú, vegna úrskurðar SE.

Í tölvupóstum ræddu yfirmenn Eimskipa um það sem kallað var „árás" og „markaðsatlaga" að Samskipum og í minnisblaði sem meðal annars var lagt fyrir Ingimund, er nefnt að setja skuli Samskip „á hælana með því að herja á þeirra viðskiptamenn úr mörgum áttum".

„Þetta er tungutakið sem tíðkast þegar menn eru í samkeppni," segir Ingimundur. „Þetta þekkist til dæmis úr íþróttunum. Menn nota oft svona orðalag þegar verið er að peppa sig upp í keppni en það þýðir ekki að menn ætli að ganga milli bols og höfuðs á hluteigandi. Það var aldrei rætt."

Eimskip var meðal annars fundið sekt um að hafa gert fjölda einkakaupsamninga við viðskiptavini, sem skuldbundu þá til að skipta eingöngu við Eimskip. Það er ólöglegt ef fyrirtæki er ráðandi á markaði. Deilt var um hvort Eimskip hefði á þessum tíma verið ráðandi á sjóflutningamarkaði.

„Samkeppniseftirlitið byggir allt sitt á þeirri staðhæfingu að við höfum haft markaðsráðandi stöðu. Því er ég ósammála," segir Ingimundur. „Við fórum yfir þetta með sérfræðingum á sínum tíma og komumst að hinu gagnstæða."

Ingimundur, sem í dag er forstjóri Íslandspósts og formaður Samtaka atvinnulífsins, hefur ekkert komið að málinu síðan hann lét af starfi forstjóra Eimskipafélagsins í lok árs 2003. Hann hefur hvorki verið kallaður til af SE né Eimskipi, og á ekki von á því nema málið endi fyrir dómstólum.

En Ingimundur hleypst ekki undan ábyrgð. „Ég bar að sjálfsögðu ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins á þessum tíma, það er ekki spurning, en þetta snýst ekki um það á þessu stigi heldur hvort Samkeppniseftirlitið hefur rétt fyrir sér eða ekki."

stigur@frettabladid.is

DETTIFOSS Ingimundur segir Eimskipafélagið hafa fengið álit sérfræðinga þess efnis að félagið væri ekki ráðandi á sjóflutningamarkaði. Markaðsráðandi staða gerir einkakaupsamninga ólöglega.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

FORSETAR RÚSSLANDS OG KASAKSTANS Vladimír Pútín og Nursultan Nasarbajev undirrituðu samninginn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gasleiðsla frá Kaspíahafi:

Rússar tryggja sér yfirburði

RÚSSLAND, AP Leiðtogar Rússlands, Kasakstans og Túrkmenistans gerðu í gær með sér samning um að leggja gasleiðslu meðfram strönd Kaspíahafs.

Rússar hafa þar með tryggt að þeir verði áfram einráðir um flutning á gasi frá ríkjunum við Kaspíahaf.

Með samningnum dvína vonir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um að lögð verði gasleiðsla beint frá ríkjunum við Kaspíahaf án þess að leiðslan lægi um Rússland.

Nýja leiðslan verður tilbúin árið 2010 og á að geta flutt tuttugu milljarða rúmmetra á ári til að byrja með.

- gb

Landhelgisgæslan:

Flóðajól í ár

NÁTTÚRA Landhelgisgæslan brýnir fyrir sjómönnum að fylgjast vel með veðurspá á aðfangadag en þá er fullt tungl og stórstreymi því samfara.

Útreikningar sjómælingasviðs Landhelgisgæslunnar sýna að sjávarhæð á aðfangadag og jóladag verði rúmum fjórum metrum yfir meðalstórstraumsfjöru.

Því ber að fylgjast með hvort blási af hafi og hvort loftþrýstingur sé lágur en við slíkar aðstæður verður sjávarhæðin meiri.

- jse

Fleiri fyrrverandi starfsmenn Jarðvéla óska eftir aðstoð við að innheimta laun:

Úrkula vonar um fé fyrir jól

VINNUMARKAÐUR Enn bætist í hóp fyrrverandi starfsmanna Jarðvéla sem óskað hafa eftir aðstoð verkalýðsfélagsins Eflingar við að innheimta laun sem þeir eiga inni hjá verktakafyrirtækinu Jarðvélum.

„Fyrrverandi starfsmenn Jarðvéla streyma inn til okkar," segir Ágúst Þorláksson hjá Eflingu. Hann segir að alls reki Efling nú mál fyrir átján fyrrverandi starfsmenn sem hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu í nóvember.

Ágúst segir mennina orðna úrkula vonar um að fá launin greidd fyrir jól, og engin svör fáist um framhaldið frá Jarðvélum.

Jarðvélar hafa unnið að tvöföldun Reykjanesbrautar. Vegagerðin hefur nú aukið eftirlit sitt með merkingum í kringum vinnusvæðið við Reykjanesbrautina, til að tryggja að merkingar séu ávallt í lagi. Slíkt er venjulega í höndum verktakans, í þessu tilviki Jarðvéla, en Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri segir að eins og ástatt sé hjá verktakanum hafi þótt þörf á því að auka eftirlit með þessum þætti.

Jarðvélar hafa fengið frest til áramóta til að sýna fram á að fyrirtækið geti lokið tvöföldun Reykjanesbrautarinnar, og verður ákvörðun um það hvort samningi við Jarðvélar verður rift tekin eftir áramót, segir Gunnar.

Ekki náðist í forsvarsmenn Jarðvéla við vinnslu fréttarinnar.

- bj

REYKJANESBRAUTIN Vegagerðin yfirfer nú sjálf merkingar við vinnusvæði á Reykjanesbrautinni, en lítil starfsemi hefur verið þar á vegum Jarðvéla undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinsælustu leikföngin*

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

Hannah Montana

Fæst aðeins í Hagkaupum

Auka flík fylgir hverri Hannah Montana dúkku
3.699kr

Hannah Montana dúkkurnar eru loksins komnar!

Tölvuævintýrið

Mesta úrvalið af Littlest Pet Shop

Tölvuspil sem tengist beint í sjónvarpið
6.999kr

Pet Shop dýr og leiktæki **1.699kr**

Tölvugæludýrin
1.999kr

Bakaríið
1.295kr

Dýr og kofi
799kr



Þrjú dýr og aukahluir
2.299kr

Nýir pakkar
699kr

Heill heimur í einni öskju
1.999kr

Taska með límmiðum sem þú litar. Litir fylgja
1.549kr

Nýjustu bílarnir

Mesta úrvalið af Cars

649kr

Cars þyrlan Spaðarnir snúast. Gefur frá sér hljóð. 1 bíll fylgir
2.999kr

Geymslutaska fyrir Cars bílana **2.199kr**

Stóra bílateppið Það breytist í geymslupoka fyrir bíla. 1 bíll fylgir
2.449kr

Lightning Storm McQueen Breytist og gefur frá sér hljóð
3.799kr

Trukkurinn Mack Fylgivagn breytist í bílahús
2.669kr

Stór McQueen bíll hreyfir augun, talar, gefur frá sér ljós og hljóð **3.999kr**

Kappakstursbílar Þeir skjótast áfram
1769kr

Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
* Í Hagkaupum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Íbúðalánasjóður fellir niður seðilgjad frá áramótum:

Seðilgjaldið hátt í 300 þúsund

VIÐSKIPTI „Ég fagna því að hálft skref sé stigið. Nú vona ég bara að þeir og aðrir stigi skrefið til fulls," segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

Íbúðalánasjóður hefur ákveðið að fella niður seðilgjald frá og með áramótum.

Fram kemur á vef sjóðsins að viðskiptavinir hans þurfi eftir sem áður að greiða 75 króna greiðslugjald sem renni til banka og sparisjóða sem taki við afborgunum af lánum sjóðsins. Seðilgjaldið í heild hafi áður numið 195 krónum.

Gísli segir hæpið að gjaldtaka af þessu tagi standist lög. „Það er nógu slæmt að velta kostnaðinum yfir á neytendur og bæta svo enn við hann, sem þeir eru raunar að hætta núna hjá Íbúðalánasjóði."

GÍSLI TRYGGVASON

Sé miðað við að gjald fyrir hvern seðil af íbúðarláni til fjörutíu ára sem greitt er af mánaðarlega kosti 595 krónur nemur heildarkostnaðurinn 285.600 krónum.

Gjaldið er allt frá 75 krónum og upp í 595 fyrir hvern seðil.

Upphæðin fer eftir því hvort fólk fær sendan heim greiðsluseðil sem það greiðir í bankaútibúi, eða hvort það greiðir í heimabanka.

Seðilgjald vegna greiðslu á lánum í erlendri mynt getur farið yfir 800 krónur fyrir hvern seðil.

Starfshópur viðskiptaráðherra fjallar nú um seðilgjald og fleiri mál. Hópurinn fundaði síðast í gær.

- ikh

Ósáttir lögreglumenn troða sér í litla jakka

Heimagerðar breytingar á danskri verðlaunahönnun falla illa að smekk íslenskra lögreglumanna, sem troða sér í lítil númer svo jakkar þeirra líti ekki út eins og kápur.

TÍSKA „Flestir lögreglumenn hafa skipt út jökkum sínum fyrir stærðir mörgum númerum minni til að jakkinn – eða kápan – sé að einhverju leyti klæðilegur," segir G. Jökull Gíslason, ritstjóri Lögreglublaðsins.

Jökull fjallar um nýju einkennisbúninga lögreglunnar í grein í Lögreglublaðinu. Þar segir hann Dani hafa eytt hundruðum milljóna króna í hönnun nýrra lögreglubúninga sem Íslendingar hafi síðan haft að fyrirmynd fyrir nýja búninga. Íslenska lögreglan hafi valið tiltekinn danskan einkennisjakka en ákveðið að síkka hann – úr hófi að mati margra:

„Hafa menn jafnvel valið að fórna innra fóðri til að passa í minni númer sem klæða þá betur," lýsir Jökull ritstjóri ástandinu í blaði sínu. Hann segir breytingar þó í aðsigi.

„Nýjustu fréttir eru að í næstu framleiðslu eigi að að stytta jakkann, en ekki að taka upp hið danska verðlaunasnið heldur gera enn eina útgáfu sem yrði millistig danska jakkans og síðu kápunnar," skrifar Jökull.

Snið nýja einkennisbúningsins er að sögn Jökuls ekki eina séríslenska breytingin sem valdið hefur lögreglumönnum vandræðum. Í Danmörku séu búningarnir gráleitir en hér séu þeir svartir.

„Er það ein skýringin á þeim töfum sem hafa orðið á afhendingu en það segja mér fróðir menn að svart efni sé erfiðara í framleiðslu," segir Jökull, sem kveður svo langan drátt hafa orðið á afhendingu að ekki séu „einu sinni allar flíkurnar komnar þrátt fyrir að ár sé liðið frá ráðgerðum afhendingartíma".

- gar

vodafone

Frábær jólatilboð

Nokia 6085
Frábær samlokusími, styður tónlist í símann, með myndavél, FM útvarpi, MP3 spilara og Bluetooth þráðlausri tengingu við tölvuna eða heyrnartólin. Silfurlitaður og svartur. Fer á Netið með Vodafone live!

14.900 kr.

Nokia 3110
Öflugur sími með Bluetooth, myndavél og stórum tökkum. Fer á Netið með Vodafone live!

18.900 kr.

Nokia 6500
Örþunnur og stílhreinn 3G sími með innbyggðu 1GB minni, myndavél og MP3 spilara. Fæst svartur og bronslitaður. Fer á Netið með Vodafone live!

39.900 kr.

Komdu við í næstu Vodafone verslun

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Gallerý fikskur Nethyl 2 s: 587-2882

Úrval af skötu og saltfisk, Reykt ýsa, saltsíld, hákarl, stór humar, úrvalsrækja af Íslandsmiðum, hörpuskel, fiskisúpa, fisksoð

Gallerý fiskur sími 587-2882

Verslunin er opin
föstudag 10-18
laugardag 10-18
sunnudag 10-18

Veitingahúsið er opið
föstudag 10-22
laugardag 10-22
sunnudag 10-22

ALGJÖR UPPLAUSN

FULL HD HITACHI SJÓNVARP Á JÓLATILBOÐI

full HD 1080P · HDMI · digital

Veggfesting fylgir

Hitachi 42" L42VP01

- *Full HD upplausn: 1920 x 1080 punktar*
- *Skerpa: 10.000:1 (dynamic)*
- *Birta: 500 cd/m2*
- *Viðbragðstími: 6ms*
- *2 x HDMI tengi*
- *IDTV - stafrænn móttakari*

Jólatilboð 199.995 kr.

Verð áður 229.995 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Palladine EPT4250MD LCD

- *Upplausn: 1920 x 1080 punktar*
- *Skerpa: 1.600 : 1*
- *Birta: 500 cd/m2*
- *2 x HDMI tengi*

Jólatilboð 169.995 kr.

Verð áður 189.995 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Palladine 37" Full HD EPT3750MD

- *Upplausn: 1920 x 1080 punktar*
- *Skerpa: 800 : 1*
- *Birta: 500 cd/m2*
- *Mynd í mynd*
- *2 x HDMI tengi*

Jólatilboð 149.995 kr.

Verð áður 179.995 kr.

HD ready · HDMI · digital

Palladine EPT3250MD LCD

- *Upplausn: 1366 x 768 punktar*
- *Skerpa: 1.600 : 1*
- *Birta: 550 cd/m2*
- *2 x HDMI tengi*

Verð 89.995 kr.

HD ready · HDMI · digital

Hitachi 42" P42H01 plasma

- *Upplausn: 1024 x 1080 punktar*
- *Skerpa: 10.000 : 1*
- *Birta: 1500 cd/m2*
- *2 x HDMI tengi*

Jólatilboð 179.995 kr.

Verð áður 199.995 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Hitachi 37" L37V01 LCD

- *Upplausn: 1920 x 1080 punktar*
- *Skerpa: 800 : 1*
- *Birta: 500 cd/m2*
- *2 x HDMI tengi*

Veggfesting fylgir

Jólatilboð 169.995 kr.

Verð áður 199.995 kr.

ÞJÓNUSTA VIÐ UPPSETNINGU

Starfsmaður Hátækni kemur heim til þín, setur upp tækið og tengir gegn vægu gjaldi.

Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Opnunartími: virka daga 9-20 | laugardag 9-22 | sunnudag 9-22

Fæst hjá söluaðilum um land allt.

Hátækni

Ármúli 26
Sími 522 3000 • www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 72566

GAPASTOKKUR FYRIR REYKINGAFÓLK Þeir sem hyggjast reykja á veitingahúsinu „Malermeister Turm" í borginni Goslar í Þýskalandi verða að fara að eins og kokkur staðarins, Michael Windisch – nefnilega nota þennan sérútbúna gapastokk. NORDICPHOTOS/AFP

365 miðlar dæmdir fyrir meiðyrði í þremur mismunandi blaðaskrifum:

Magnús fær 1,5 milljóna bætur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Magnúsi Ragnarssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Skjárinn Miðlar ehf., 1,5 milljónir í bætur vegna meiðyrða sem birtust í frétt DV annars vegar og tveimur dálkum Fréttablaðsins hins vegar. 365 miðlar, eigendur Fréttablaðsins og fyrrverandi eigendur DV, greiða sektina.

DV birti 29. september 2006 frétt þar sem sagt væri að allt væri „í tómu tjóni" í einkalífi Magnúsar og að yfirmönnum Skjás eins gengi illa „að fóta sig í einkalífinu". Voru ummælin dæmd dauð og ómerk.

Í meginmáli dálks í Fréttablaðinu föstudaginn 26. janúar 2007 var sagt frá því að Magnús gengi undir nafninu „Maggi glæpur" á markaðsdeild 365 vegna ýfinga milli samkeppnisaðilanna 365 miðla og Skjásins. Voru þessi ummæli einnig dæmd dauð og ómerk.

Loks birtist viðhorfspistill blaðamannsins Jakobs Bjarnars Grétarssonar í Fréttablaðinu 10. janúar 2007 með fyrirsögninni „Geðþekkur geðsjúklingur". Með pistlinum birtist mynd af Magnúsi og fjallaði blaðamaður um að dagskrá Skjás eins mætti líkja við sjúkdóminn geðklofa. Þar væru sýndir bæði úrvals sjónvarpsþættir og arfaslakir. - sgj

MAGNÚS RAGNARSSON Fær bætur vegna meiðyrða í sinn garð.

Ferðamanna freistað:

Fjall nefnt eftir jólasveininum

KIRGISISTAN, AP Stjórnvöld í fyrrverandi sovétlýðveldinu Kirgisistan hafa ákveðið að heiðra sjálfan jólasveininn með því að nefna fjall í höfuðið á honum. Fyrir eru í landinu fjöll sem heita Lenín og Jeltsín.

Hugmyndin að Jólasveinafjallinu er komin frá sænskum verkfræðingum og er tilgangurinn að efla ferðaþjónustuna í Kirgisistan. Í sumar stendur til að halda alþjóðlega jólasveinaráðstefnu í Kirgisistan. Einnig verður árlega efnt til kappleikja, þar sem jólasveinar frá öllum heimshornum keppa í reykháfaklifri, sleðaakstri og trjáskreytingum. - gb

Félagsmálaráðuneytið:

Breytt skipulag með nýjum verkefnum

STJÓRNSÝSLA Starfsskipulagi félagsmálaráðuneytisins verður breytt um áramót þegar ný verkefni flytjast til ráðuneytisins frá heilbrigðisráðuneytinu.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Þrjú fagsvið verða í ráðuneytinu: velferðarsvið, tryggingasvið og jafnréttis- og vinnumálasvið, og þrjú stoðsvið. Markmið breytinganna er að auka áherslu á stefnumótun innan ráðuneytisins, bæta samskipti við stofnanir og efla innri starfsemi þess. Um leið og þetta er tilkynnt auglýsir ráðuneytið eftir skrifstofustjórum fjögurra sviða. - bþs

AKUREYRI

Dýrara skólamötuneyti

Gjaldskrá skólamötuneyta í grunnskólum Akureyrar hækkar um sjö prósent um áramótin. Bæjarráð segir ástæðu hækkunarinnar vera verðhækkun á hráefni, kjarasamningsbundnar launahækkanir og hallarekstur á árinu 2007. Verð á máltíð í annaraskrift verður 274 krónur og stakar máltíðir munu kosta 370 krónur.

Fangar verði launþegar

Umboðsmaður Alþingis telur að stjórnvöld verði að greiða föngum sem launþegum fyrir vinnu í fangelsum svo þeir njóti tilheyrandi réttinda, eða endurskoða lögin. ASÍ telur réttarstöðu fanga óviðunandi.

VINNUMARKAÐUR Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að öll þóknun fanga vegna náms og vinnu í fangelsum landsins sé skattskyldar tekjur sem beri að meðhöndla sem slíkar. Föngunum beri ýmis félagsleg réttindi þar sem greiða ber af launum þeirra, til dæmis tryggingagjald, slysatryggingar, atvinnuleysisbætur, iðgjöld í lífeyrissjóð og fæðingarorlof.

Í niðurstöðum umboðsmanns kemur fram að ákvæði reglugerðar um að Fangelsismálastofnun ákvarði fjárhæð þóknunar og dagpeninga afplánunarfanga sé ekki í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga því dómsmálaráðherra hafi verið falið þetta. Athygli ráðherra er vakin á þessari ófullnægjandi lagastoð.

Þá er bent á að sú afstaða dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að þóknanir sem fangar fá fyrir vinnu sína séu ekki skattskyldar sé ekki í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt. Því sé þörf á lagabreytingum. Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins „að framkvæmd á greiðslum „þóknana" til fanga fyrir ástundun vinnu eða náms, sem og greiðsla dagpeninga til fanga, verði færð til þess horfs" að það samrýmist skattalögum.

SKATTSKYLDAR TEKJUR Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að meðhöndla beri þóknun fanga vegna náms og vinnu í fangelsum sem skattskyldar tekjur og föngunum beri sömu félagslegu réttindi og aðrir hafa á vinnumarkaði.

Þá beinir umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að annaðhvort verði framkvæmd stjórnvalda á greiðslum fyrir vinnu fanga breytt þannig að fangarnir teljist launþegar og njóti slysatrygginga almannatrygginga eða að lögin verði endurskoðuð þannig að slysatryggingar þeirra uppfylli kröfur samkvæmt evrópskum fangelsisreglum um lágmarksslysatryggingar fanga við vinnu.

Í frétt á vef ASÍ segir að niðurstaðan feli í sér mikilsverða viðurkenningu á réttindum fanga hér á landi og muni þegar fram í sækir tryggja betri aðlögun fanga að venjulegu samfélagi eftir að afplánun ljúki. Réttarstaða vinnandi fanga hafi verið „með öllu óviðunandi" þegar afskipti ASÍ hófust 1999.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, telur að álitið geti haft talsverð áhrif á réttarstöðu fanga. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri vísar á Fangelsismálastofnun. Viðræður muni eiga sér stað við fangelsisyfirvöld og leitað verði lausna. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að farið verði gaumgæfilega yfir álitið.

ghs@frettabladid.is

FARIÐ YFIR ÁLITIÐ Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að farið verði gaumgæfilega yfir álit Umboðsmanns Alþingis.

VIÐRÆÐUR EIGA SÉR STAÐ Viðræður munu eiga sér stað við fangelsisyfirvöld, að sögn Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra.

TALSVERÐ ÁHRIF Talsverð áhrif á réttarstöðu fanga, að mati Magnúsar Norðdahl, lögfræðings ASÍ.

HJÓNIN VIÐ NÝJA TJALDIÐ Verslunarstjóri Útilífs gaf þeim þetta jöklatjald og una þau hag sínum vel. Fyrir aftan þau má sjá gamla tjaldið en þar er allt á floti efir veðurofsann síðustu daga. JÓN SIGURÐUR

Ætla að dvelja í tjaldinu um jól og áramót:

Verslunarstjóri gaf hjónunum tjald

VELFERÐARMÁL Hjónin Sævar Arnfjörð og Ólína Ragnheiður Gunnarsdóttir eru komin í nýtt tjald og una hag sínum vel. „Við fórum í Útilíf í Glæsibæ og spurðum bara hvort þeir gætu gefið okkur tjald," segir Sævar.

„Verslunarstjórinn hafði engar vöflur á og fór á lagerinn og kom með þetta fína jöklatjald."

Áður voru þau komin með himin yfir gamla tjaldið en hann fauk í ofsaveðrinu sem geisað hefur undanfarið. „Jöklatjaldið hreyfist hins vegar ekki þannig að það fer bara mjög vel um okkur."

Hjónin hyggjast vera í tjaldinu um jólin, og svo þegar frúin á afmæli hinn 28. þessa mánaðar ætlar Sævar að baka handa henni pönnukökur. - jse

Indverskur eðlisfræðikennari:

Gaf nemendum sínum raflost

INDLAND, AP Eðlisfræðikennari sem grunaður er um að hafa agað ódæla nemendur með því að gefa þeim raflost hefur verið handtekinn, að því er yfirvöld á Indlandi greindu frá á miðvikudag.

Kennarinn notaði víra tengda rafhlöðum til að gefa áttundubekkingum væg raflost í skóla í bænum Bhusaval. Atvikið átti sér stað á laugardag þegar kennarinn sagði nemendum að mæta á tilraunastofu skólans til að gera tilraunir en þótti þeir hegða sér illa.

Kennarinn á yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi verði hann sakfelldur. **- sdg**

Rannsókn Hagstofunnar sýnir að algengast er að fólk búi eitt:

Kjarnafjölskyldan ekki stærst

SAMFÉLAGSMÁL Algengasta búsetuform á landinu er að fólk búi eitt. Kjarnafjölskyldan, fólk með börn, er nú næstalgengasta búsetuformið. Þetta kemur fram í rannsókn Hagstofunnar fyrir árin 2004 til 2006.

Hlutfall einhleypingsheimila á höfuðborgarsvæðinu er nú 35 prósent, en 33,7 prósent á landinu öllu. Þetta hlutfall er minna í bæjum á landsbyggðinni og minnst í sveitum. Þar er algengast að fólk búi saman og með börnum sínum.

Áður voru pör með börn algengasta heimilisformið, en þau eru nú 33 prósent heimila.

Eitt af hverjum tíu heimilum er heimili einstæðs foreldris. Hlutfallið er hæst á höfuðborgarsvæðinu, rúm ellefu prósent, en lægst í sveitum, rúm sjö prósent.

BÆJARSTJÓRAHJÓNIN Í BOLUNGARVÍK ÁSAMT BÖRNUM
Nú er algengast að fólk búi eitt.

Barnlaus pör fylla tæpan fimmtung heimila á landsvísu og rúm fjögur prósent heyra til annars konar heimilisgerð, segir Hagstofan.

Þegar rýnt er í tölur um heimilisreksturinn kemur á daginn að útgjöld einhleypra eru hlutfallslega hæst. Þeir eyða til dæmis að jafnaði meiru á mann í síma og önnur fjarskipti, íþróttir, fjölmiðla og happdrætti og veitingar.

Einhleypir eyða líka um efni fram, eða að jafnaði næstum fimm prósentum meira en þeir afla. **- ikh / Sjá Markaðinn síðu 12**

HEIMILISGERÐIR

Einhleypir	33,7%
Barnlaust sambýlisfólk	18,9%
Sambýlisfólk með börn	33,0%
Einstæðir foreldrar	10,0%
Önnur heimilisgerð	4,3%

Heimild: Hagstofa Íslands

Verkalýðsfélag Akraness:

Vill 30 þúsund í jólabónus

AKRANES Verkalýðsfélag Akraness hefur skorað á bæjarráð Akraness að greiða starfsmönnum Akraneskaupstaðar 30 þúsund króna jólabónus líkt og starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar fá. Einnig hefur félagið skorað á bæjarráðið að skoða með jákvæðum hug launahækkanir til tekjulægstu starfsmanna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

VILHJÁLMUR BIRGISSON

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hefur átt fund með bæjarráði til að ræða þessi mál. Í frétt á vefsíðu félagsins segir að bæjarráðið ætli að skoða málin. „Nú er bara að vona að þeir fylgi fordæmi sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu og geri vel við sína starfsmenn öllum til heilla," segir þar. - ghs

Umferðarlög endurskoðuð:

Áfengislásar og tekjutengdar sektir í skoðun

STJÓRNMÁL Samgönguráðherra, Kristján Möller, hefur skipað nefnd sem ætlað er að endurskoða umferðarlögin en núgildandi lög eru að stofni til frá 1987.

RÓBERT SPANÓ

Meðal þess sem á að skoða er tekjutenging sekta vegna umferðarlagabrota og hvort setja beri áfengislása í bíla til að koma í veg fyrir ölvunarakstur.

Róbert Spanó, lagaprófessor við Háskóla Íslands, er formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn eru Jón Haukur Edwald, Karl Ragnars, Gunnar Narfi Gunnarsson, Ólafur Guðmundsson og Kolbrún Sævarsdóttir. **- bþs**

REYKJAVÍKURBORG

Nýr skrifstofustjóri

Regína Ásvaldsóttir verður ráðin nýr skrifstofustjóri borgarstjórnar. Regína var nú síðast sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar. Hún var valin úr hópi sex umsækjenda.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í Hljómskálagarðinum

Eldur kom upp í Hljómskálagarðinum í Reykjavík um fimmleytið í gær. Kom eldurinn upp í leiktækjum en að sögn slökkviliðsmanna var eldurinn ekki mikill. Til öryggis voru dælubíll og sjúkrabílar sendir á staðinn.

ENNEMM / SÍA / NM30938

Afgreiðslutímar í vínbúðunum

á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007

Föstudagur 21. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 22. desember
Opið kl. 11.00 - 22.00
2 dagar til jóla!

Sunnudagur 23. desember
ÞORLÁKSMESSA
LOKAÐ*

Mánudagur 24. desember
Opið kl. 09.00 - 13.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Fimmtudagur 27. desember
ALMENNUR AFGREIÐSLUTÍMI

Föstudagur 28. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 29. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
2008 nálgast!

Sunnudagur 30. desember
LOKAÐ*

Mánudagur 31. desember
Opið kl. 09.00 - 14.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is

VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

SNERT Á HAMINGJUNNI Kínverska táknið fyrir hamingju þykir vera gæfumerki. Þessi kona vonast til að það færi sér og fjölskyldu sinni hamingju að snerta táknið, sem er á vegg við Búddahof í borginni Chengdu, sem er í Sichuan-héraði í Kína.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjórmenningar dæmdir á skilorð fyrir að nýta sér kerfisvillu í Netbanka Glitnis:

Nýttu villu til að draga sér milljónir

DÓMSMÁL Fjórmenningar á fertugs- og fimmtugsaldri voru í gær dæmdir í skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að nýta sér villu í Netbanka Glitnis og draga sér þannig milljónir í ágúst í fyrra. Fólkið, þrír karlar og ein kona, bar því við að það hefði nýtt sér villuna í góðri trú um að við það væri alls ekkert saknæmt.

Villan lýsti sér þannig að kaup- og sölugengi gjaldmiðla víxluðust. Fólkið keypti dollara fyrir evrur og seldi strax aftur fyrir evrur, og hagnaðist við hverja færslu um upphæð sem ella rennur til bankans í formi álags.

Sá stórtækasti fjórmenninganna dró sér á þennan hátt rúmar 24 milljónir í 3.908 færslum á sex daga tímabili. Hinir þrír drógu sér á bilinu 350 þúsund króna til rúmra þriggja milljóna.

Dómara þótti sannað að allir fjórmenninganna hefðu vísvitandi nýtt sér villuna í hagnaðarskyni. Sá sem dró sér mest hlaut níu mánaða skilorðsbundið fangelsi, hinir einn, tvo og þrjá mánuði.

Tvisvar þurfti að ákæra í málinu. Héraðsdómur og síðar Hæstiréttur höfðu vísað fyrri ákærunni frá þar sem hún barst frá saksóknara efnahagsbrota sem ekki hefur ákæruvald. - sh

GLITNIR Öllu fénu sem fjórmenningarnir drógu sér var skilað strax eftir að málið komst upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kínversk hjón dæmd til dauða:

Neyddu nemendur í vændi

KÍNA, AP Kínversk hjón, sem bæði eru kennarar, voru í gær dæmd til dauða fyrir að hafa neytt 23 stúlkur til að stunda kynlíf með kínverskum kolanámueigendum. Sex stúlknanna voru yngri en fjórtán ára.

Hjónin störfuðu ásamt fjórtán öðrum að skipulagningu vændisins og þénaði hópurinn að andvirði tæplega 280.000 króna.

Dauðadómnum yfir eiginmanninum var frestað um tvö ár og sýni hann góða hegðun verður dómnum breytt í lífstíðarfangelsi.

Hjónin voru handtekin í ágúst þegar þau voru á flótta. - sdg

Skipsstrand við Múrmansk:

Tólf skipverjum bjargað í þyrlu

OSLÓ, AP Tólf skipverjum af rússnesku fraktskipi var bjargað um borð í norska björgunarþyrlu úti fyrir Múrmansk nyrst í Rússlandi á þriðjudag. Voru þeir fluttir til norska bæjarins Kirkenes, allir heilir á húfi.

Rússnesk yfirvöld óskuðu eftir aðstoð Norðmanna eftir að skipið missti vélarafl í slæmu veðri og strandaði skammt frá ströndinni, að sögn yfirmanns hjá norsku strandgæslunni. Vegna veðurs gátu nálæg rússnesk skip ekki komið til hjálpar.

Lögsaga Noregs og Rússlands liggur saman í Barentshafi og aðstoð við björgun er reglulega veitt á víxl milli landanna. - sdg

VESTFIRÐIR

Öldufar skoðað

Ekkert hindrar að gerð verði höfn eða legufæri fyrir olíuhreinsunar stöð í Arnarfirði og Dýrafirði. Þetta kemur fram í skýrslu Siglingastofnunar um öldufar.

PATREKSFJÖRÐUR

Trassi beðinn að víkja

Verktaki við skólalóð Patreksskóla á Patreksfirði hefur verið beðinn að samþykkja að annar verði fenginn til að annast verkið vegna hættu af steypustyrktarjárnum á skólalóðinni.

Bíræfnir þjófar staðnir að verki í Búlgaríu:

Stálu skriðdreka úr síðari heimsstyrjöld

BÚLGARÍA, AP Lögregla í Búlgaríu hefur handtekið tvo Þjóðverja og lágt settan yfirmann í búlgarska hernum vegna gruns um að þeir hafi stolið þýskum skriðdreka úr síðari heimsstyrjöld og reynt að stela öðrum.

Hristo Tinev, búlgarskur hersaksóknari, sagði hina þrjá grunuðu hafa verið handtekna þann 13. desember er þeir voru staðnir að verki við að grafa upp MK IV Panzer-skriðdreka skammt frá landamærunum að Tyrklandi.

Þeir eru ennfremur sakaðir um að hafa grafið annan slíkan skriðdreka upp og selt úr landi í pörtum í síðasta mánuði. Að sögn Tinevs geta sakborningarnir átt allt að 15 ára fangelsi yfir höfði sér, verði þeir sakfelldir.

Búlgarar voru bandamenn Þjóðverja framan af síðari heimsstyrjöld og skriðdrekarnir urðu eftir í landinu við stríðslok. Búlgaría varð síðan eitt af leppríkjum Sovétríkjanna og þar sem það á landamæri að NATO-ríkinu Tyrklandi var á dögum kalda stríðsins komið upp mikilli víggirðingu þar. Tugir gamalla þýskra skriðdreka voru grafnir í jörðu og fallbyssur þeirra látnar þjóna sem hluti stórskotaliðs í þessari víggirðingu. Vitað er um 40 slíka skriðdreka enn í jörðu, fyrir utan þá tvo sem hinir meintu þjófar grófu upp.

Þýsku forn-skriðdrekarnir eru ekki brúklegir til hernaðar, en þeir eru eftirsóttir af stríðsminjasöfnurum sem greiða allt að 50.000 evrur, andvirði 4,5 milljóna króna, fyrir sæmilega varðveitt eintak. - aa

PANZER MK IV Þýski herinn notaði skriðdreka af þessari gerð á öllum vígstöðvum seinna stríðs. Skriðdrekinn var grafinn upp skammt frá landamærum Tyrklands.

ÁÆTLAÐ ÓPERUHÚS Í KÓPAVOGI Bæjarfulltrúar Samfylkingar gera fyrirvara við byggingu óperuhússins.

Samfylkingin telur að 474 milljónir vanti

Samfylkingin í Kópavogi gerir athugasemdir við viðskiptaáætlun óperuhússins og segir ekki að heyra að menntamálaráðherra ætli að auka framlag ríkisins til Íslensku óperunnar.

KÓPAVOGUR „Þetta er ekki vinnandi vegur nema ríkið borgi meira en þær 176 milljónir sem það greiðir með Óperunni," segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, um byggingu óperuhúss. Hún segir ríkið eiga að greiða 650 milljónir með Þjóðleikhúsinu.

„Ég mundi segja að til að raunhæft sé að reka 800 manna óperuhús verði framlag ríkisins að fara upp í þá tölu. En það er ekki að heyra á menntamálaráðherra að hún ætli að fara að auka framlagið," segir Guðríður.

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir hugsunina vera að Íslenska óperan reki húsið „og menntamálaráðherra hefur sagt á fundum hjá okkur að hennar hugur standi til þess að ríkið styðji Íslensku óperuna til að hún geti rekið þetta hús með miklum myndarbrag".

Guðríður hefur setið í undirbúningsnefnd um byggingu óperuhússins. Hún gagnrýnir ýmislegt í viðskiptaáætlun sem nefndin lét gera. „Forsendur sem liggja til grundvallar eru mjög oft byggðar á væntingum álitsgjafa sem eru áhuga- og ástríðumenn um óperur."

> Það væru örugglega tvöfalt eða þrefalt fleiri gestir sem kæmu í óperuna ef framboð væri meira.
>
> **GUNNAR I. BIRGISSON**
> BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI

Álitsgjafarnir eru meðal annarra Sveinn Einarsson, fyrrverandi Þjóðleikhússtjóri, Ármann Örn Ármannsson óperuáhugamaður og Stefán Baldursson óperustjóri. „Ekki hefur verið marktæk aukning í aðsókn að óperum síðastliðin tíu ár og ekki er gefið að sætanýting batni í stærra húsi," segir Guðríður.

Í spá er gert ráð fyrir að heildarfjöldi gesta sé 140 þúsund á ári og af því séu óperugestir 43 þúsund. „Við stöndum ekki í vegi fyrir því að húsið rísi en við höfum gert verulegar athugasemdir við eitt og annað í þessari viðskiptaáætlun," segir Guðríður.

Gunnar segir áætlunina ekki fullunna og fjöldi óperusýninga sé háður því hvað ríkið borgi sýningarnar mikið niður. „Það er meðgjöf með hverjum miða og þegar hún er búin verða menn að hætta að sýna. Það væru örugglega tvöfalt eða þrefalt fleiri gestir sem kæmu í óperuna ef framboð væri meira."

Gunnar segir að þrátt fyrir að Samfylkingin „hafi ekki þorað annað en að greiða atkvæði með þessu á fundinum þá séu þau ennþá í hjarta sínu á móti þessu".

olav@frettabladid.is

TILBOÐ

Jólatúlipanavöndur

FALLEGUR GLERVASI FYLGIR

1990kr

Gleðileg jól!

TILBOÐ

Leiðiskross

Litir:
hvítur
blár
og rauður

með ljósi og
gengur
fyrir rafhlöðum

2950kr

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**Opnunartími
um jólin
þorláksmessa
opið til 23.00
aðfangadagur
opið til 14.00
lokað jóladag
og annan í jólum**

OPIÐ
til 22:00
öll kvöld til jóla

Landsliðið að

við val á jólakjötinu

Ferskt með flugi!

Bláber



Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!


Tamarillo


Passion

Dreka ávöxtur

Guave

Granatepli


Grenadilla


Kaktus fíkjur

Maracuya

Ramboutan


Curuba

Ítalskir

ítölsk matarg

framreidd af einum færasta m
landsins í ítalskri mat



Matarvín - tilvalið í súpur og sósur

Eðal ísterta - með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni

Gildir á meðan birgðir endast.

stoðar

Landslið
matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind og Skeifu og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Holtagarðar, Kringla, Smáralind og Skeifa
19. - 21. desember
kl. 16-18

réttir
gerðarlist
natreiðslumanni
argerð!

Leifur Kolbeinsson

Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!

Fasanabringur


Kengúra


Strútskjöt

Hreindýr

Krónhjörtur


Dúfa


Lynghænur

Andabringur


Frönsk berberieönd

Fasani

Gæða
hangikjöt
í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞUNG ÁTTA Fílefldir menn báru risavaxna „áttu“ yfir Times Square í New York í Bandaríkjunum. „Áttan,“ sem vegur 227 kíló, er hluti af skilti sem markar ártalið 2008 og verður upplýstur þegar klukkan slær tólf á miðnætti á gamlárskvöld.
NORDICPHOTOS/AFP

Fjórir unglingsdrengir, sá yngsti 15 ára, hlutu skilorðsbundna dóma fyrir innbrot:

Fjórir síbrotaunglingar dæmdir

DÓMSMÁL Fjórir unglingsdrengir hlutu sex til tólf mánaða skilorðsbundna dóma fyrir fjölda innbrota sem þeir frömdu í janúar og febrúar á árinu. Yngsti drengurinn var fimmtán ára þegar brotin voru framin og hlýtur hann hálfs árs skilorðsbundinn dóm.

Drengirnir brutust inn í verslunina PlexiForm aðfaranótt 13. febrúar og stálu þaðan vasaúrum og sporjárnum. Þá brutust þeir sömu nótt inn í verslunina Hraðfilman, þar sem þeir stálu tölvu, tölvuskjá og ljósmyndavél. Í Dúett Hárstúdíói stálu þeir tveimur rakvélum og hárvörum og í B. Ingvarssyni myndavél og minniskorti.

HAMRABORG Drengirnir reyndu að brjótast inn í Gleraugnakompaníið við Hamraborg.

Kvöldið eftir brutust þeir inn í Lakkhúsið, stálu þaðan tölvu, skjá og myndavél. Þá reyndu þeir án árangurs að spenna upp hurð á aðalinngangi Gleraugnakompanísins í Kópavogi.

Tveir þeirra voru viðriðnir frekari innbrot, inn í Hárkó, Brúnás, Litsýn og Innréttingar og tæki. Þaðan stálu þeir ýmsum varningi. Annar þeirra, sá fimmtán ára, hlaut sex mánaða skilorðsbundinn dóm, en hinn níu mánaða.

Sá þriðji bættist í hópinn við innbrot í Eldskálann. Hann hlaut einnig dóm fyrir vitorð og að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna í júlí. Fyrir brot sín hlaut hann tólf mánaða skilorðsbundinn dóm og var sviptur ökuréttindum. Sá fjórði fékk sex mánaða dóm. - sgj

Ölvaður átján ára piltur:

Í ástaratlotum með gangstétt

ENGLAND Þorpsbúar í Galashields á Englandi voru furðu lostnir þegar ölvaður átján ára piltur reyndi að njóta ásta með gangstétt í bænum.

Drengurinn segir að þetta hafi verið gert í fíflagangi eftir að hafa setið að drykkju ásamt félögum sínum. Hann verður fyrir vikið ekki settur á lista lögreglunnar yfir kynferðisglæpamenn, en fær tólf mánaða skilorðsbundinn dóm.

„Þetta var mjög undarlegt,“ sagði lögreglustjóri bæjarins. „Hver sá sem liggur í götunni að degi til, bersýnilega ölvaður og afklæddur að hluta, á greinilega við vandamál að stríða.“ - sgj

Átta mánaða fangelsi:

Ók ölvaður og án réttinda

DÓMSMÁL Karlmaður var í gær dæmdur í Hæstarétti í átta mánaða fangelsi auk ævilangrar ökuréttarsviptingar fyrir akstur undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda.

Segir í dómnum að maðurinn hafi átta sinnum hlotið refsingu fyrir brot gegn umferðarlögum. Fjórum sinnum hefur hann verið dæmdur fyrir að aka ölvaður, tvisvar til þriggja mánaða og tvisvar til sex mánaða fangelsisvistar. Þá hefur hann átta sinnum verið dæmdur fyrir að aka án ökuréttinda.

Manninum var gert að greiða allan sakarkostnað auk málsvarnarlauna. - ovd

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS Menntunarstig verður aukið á Suðurlandi.
MYND/EGILL

Háskólafélag stofnað:

Aukin lífsgæði á Suðurlandi

MENNTAMÁL Háskólafélag Suðurlands ehf. var formlega stofnað á Selfossi á miðvikudag.

Tilgangur félagsins er meðal annars að auka menntunarstig, búsetugæði og efnahagslegar framkvæmdir á Suðurlandi. Það verður gert með því að treysta undirstöður og samstarf fyrirtækja á sviði menntamála, rannsókna og þjónustu á Suðurlandi. Einnig á að kynna og styrkja símenntunarstöðvar.

Verkefnið verður unnið í samstarfi við íslenska háskóla. - ovd

Nægar sannanir til að ákæra Zuma

Jacob Zuma, nýkjörinn leiðtogi ANC, segist ætla að vinna náið með Thabo Mbeki, fráfarandi leiðtoga og forseta landsins. Ákæra fyrir spillingu bíður nýja leiðtogans. Zuma neitar ásökunum og segir þær eiga sér pólitískar rætur.

SUÐUR-AFRÍKA, AP Aðalsaksóknari Suður-Afríku sagðist í gær hafa nægar sannanir til þess að höfða nýtt ákærumál á hendur Jacob Zuma, nýkjörnum leiðtoga Afríska þjóðarráðsins, ANC. Zuma verður að öllum líkindum forsetaefni stjórnarflokksins árið 2009.

Mokotedi Mpshe aðalsaksóknari sagði þó að ekki yrði tekin ákvörðun í málinu fyrr en í byrjun næsta árs, en saksóknaraembættið hefur haft til rannsóknar ásakanir um að Zuma hafi tekið við háum mútugreiðslum frá frönsku vopnasölufyrirtæki og í staðinn séð til þess að ekkert yrði úr rannsókn á stórum vopnasölusamningi.

Zuma hefur neitað þessum ásökunum og sagt þær eiga sér pólitískar rætur. Hann hefur þó sagst ætla að segja af sér verði hann dæmdur sekur.

Þetta er engan veginn fyrsta ákæran sem vofir yfir Zuma. Á síðustu árum hefur hann hvað eftir annað þurft að mæta í réttarsal til að svara fyrir ásakanir af ýmsu tagi.

Árið 2005 rak Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, Zuma úr embætti varaforseta eftir að Schabir Shaik, náinn samstarfsmaður Zumas, var dæmdur sekur í tengslum við vopnasölumálið.

Síðar sama ár var Zuma ákærður fyrir að hafa nauðgað eyðnismitaðri dóttur látins vinar síns. Hann var sýknaður af þeirri ákæru, en jafnframt harðlega gagnrýndur fyrir ýmis ummæli um kynlíf sem hann lét falla í tengslum við þau réttarhöld, meðal annars að klæðnaður hennar hafi gefið til kynna að hún vildi hafa mök, auk þess sem hann sagðist ekki hafa þurft að nota smokk til að verja sig alnæmissmiti vegna þess að hann hafi farið í sturtu strax á eftir.

FYRSTA RÆÐAN Jacob Zuma hélt í gær fyrstu ræðu sína sem formaður ANC á lokadegi flokksþingsins stormasama.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Við verðum ekki óvinir þótt keppt sé um embætti meðal félaga.
>
> **JACOB ZUMA**
> LEIÐTOGI ANC

Á þriðjudaginn vann Zuma yfirburðasigur á Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku, í leiðtogakjöri flokksins. Talin er hætta á klofningi í flokknum í kjölfar leiðtogakjörsins, en bæði Mbeki og Zuma hafa hvatt til þess að flokksmenn vinni saman.

Í gær hét Zuma því að eiga gott samstarf við Mbeki, sem verður áfram forseti landsins þótt Zuma hafi tekið við leiðtogaembætti stjórnarflokksins ANC.

„Við verðum ekki óvinir þótt keppt sé um embætti meðal félaga,“ sagði Zuma í gær og kallaði Mbeki „vin, félaga og bróður“ til þrjátíu ára. gudsteinn@frettabladid.is

Fangi sýknaður af ákæru:

Kýldi ekki samfanga í knattleik

DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði í gær fanga á Litla-Hrauni af ákæru um líkamsárás og vörslu fíkniefna. Samfangi hans hafði fengið högg í andlitið meðan á knattspyrnuleik stóð á íþróttasvæði fanga, en ákæruði neitaði að hafa vísvitandi kýlt hann. Sagðist hann þó mögulega hafa rekist í hann óviljandi.

Hæstiréttur vísaði til þess að með þátttöku í knattspyrnu samþykktu menn kappsemi sem annars staðar gæti þótt refsiverð.

Þá fannst hassmoli í jakkavasa í klefa fangans. Sagðist hann ekki eiga jakkann og þar sem ekki tókst að sanna að hann hefði vitað af fíkniefnunum var hann einnig sýknaður af þeirri ákæru. - sgj

Verðlagsnefnd búvara:

Mjólk hækkar í verði 1. janúar

NEYTENDUR Mjólkurlítrinn hækkar um tvær krónur um áramótin og kostar frá 1. janúar 87 krónur.

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið verðhækkanir á mjólk og mjólkurafurðum um 2,8 til 3,5 prósent en verðið hefur verið óbreytt í tvö ár.

Auk mjólkur hækka rjómi, skyr, smjör og brauðostar í verði.

Smásöluálagning á mjólkurvörum er frjáls en verðlagsnefndin ákveður leiðbeinandi verð. - bþs

LÍTRI AF NÝMJÓLK

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, um Kirkjuhvol:

Undrandi á þróun málsins

HEILBRIGÐISMÁL Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, er undrandi á því að stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli skuli hafa ákveðið að taka ábendingar sjúkraliðanna sem gengu út af heimilinu nýlega sem uppsögn og ekki til alvarlegrar athugunar.

„Miðað við það sem fram hefur komið í kvörtunum sjúkraliðanna er ég mjög undrandi á að málið hafi farið í þennan farveg og endað með því að þær fari en ekki hjúkrunarforstjórinn,“ segir hún.

Sjúkraliðarnir sendu stjórn hjúkrunarheimilisins bréf þar sem þær lýstu því yfir að þær treystu sér ekki til að starfa með nýlega ráðnum hjúkrunarforstjóra og gengu út. Eftir að stjórn heimilisins hafði ákveðið að líta á bréfið sem uppsögn og vísa því til hjúkrunarforstjórans sendu sjúkraliðarnir bréf til stjórnarformannsins þar sem þær lýstu því yfir að þær væru ekki að segja upp starfi sínu. Kristín segir að sjúkraliðarnir hafi ekki getað unnið faglega við þær aðstæður sem nú séu á heimilinu.

Kristín segir að Ólafur Eggertsson stjórnarformaður hafi sagt af sér vegna þessa máls og við hafi tekið Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri.

Árný Helgadóttir hjúkrunarforstjóri vill ekki tjá sig um málið. Ólafur hefur hvorki svarað símhringingum né skilaboðum. - ghs

EKKI TIL ALVARLEGRAR ATHUGUNAR Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, er hissa á því að stjórn Kirkjuhvols hafi ekki tekið ábendingar til alvarlegrar athugunar.

TÖLVUVERSLUN

með þjónustuna í lagi

JÓLATILBOÐ

Taska og laser mús fylgja!

ASUS F5R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi

TILBOÐ kr. 79.900

FULLT VERÐ kr. 94.890

EXTREME ENGINE TURN

UPPFÆRSLA

- 5600 AMD Athlon 64 AM2 DualCore
- Asus M2N E SLI AM2 móðurborð
- Asus 8500GT 512MB HDT Silent
- 2GB DDR2 667 Dual Channel
- Raidmax 630W 14cm vifta
- Samsung 20x DVD SATA
- 400GB Seagate Barracuda SATA2 16MB

TILBOÐ kr. 69.900

FULLT VERÐ kr. 89.890

ASUS E6550 BORÐTÖLVA

CORE 2 DUO

- 400GB SATA2
- 2GB DDR2
- GeForce 8500GT PCIex
- 20x Dual Layer DVD skrifari
- Þráðlaust lyklaborð og mús
- Creative 2.1 hátalarakerfi
- Windows Vista Home Premium
- 19" breiðtjaldsskjár

TILBOÐ kr. 114.900

FULLT VERÐ kr. 149.890

TILBOÐ kr. 1.490

FULLT VERÐ kr. 1.990

Nú við Suðurlandsbraut 26

ASUS · CREATIVE · Logitech · Microsoft · PATRIOT · PHILIPS · RAZER · Sarotech · Seagate · SPEED LINK

Minnislyklar

Allar stærðir og gerðir á frábæru verði

30% afsl.

Thermaltake turnar

Thermaltake turnkassar

30% afsl.

TAKMARKAÐ MAGN

Heyrnatól

Glæsileg heyrnartól frá Creative, Sennheiser og Speedlink

20% afsl.

Lyklaborð

Frábært úrval lyklaborða frá Logitech, Microsoft og Speedlink

20% afsl.

Mýs

Leikjamýs, fartölvumýs og þráðlausar mýs frá Logitech, Microsoft og Razer

20% afsl.

Vefmyndavélar

Vefmyndavélar frá Creative og Philips - frábært fyrir MSN og Skype

30% afsl.

Bolir *fyrir stelpur og stráka með skemmtilegum áletrunum!*

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SUÐURLANDSBRAUT 26 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

„ORÐRÉTT“

Nýjar stellingar

„Við vorum orðin töluvert áhyggjufull og fólk var farið að setja sig í stellingar að reyna nýjar leiðir þegar við heyrðum frá forsætisráðherra. Við vorum nánast komin að þeirri niðurstöðu að það væri ekki vilji til að gera neitt í málinu en förum nú vonbetri inn í jólin.“

INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR, VARAFORSETI ASÍ, UM SKEYTINGARLEYSI STJÓRNVALDA VIÐ KRÖFUGERÐ SAMBANDSINS.

Fréttablaðið 20. desember

Einfaldur misskilningur

„Margir héldu að við værum þar sem Toys R Us er. Við vildum bara benda fólki á að Just4Kids væri fram undan en ekki til hægri.“

ELÍAS ÞORVARÐARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI JUST4KIDS, UM STAÐSETNINGU BÍLS SEM NOTAÐUR VAR SEM AUGLÝSING VIÐ REYKJANESBRAUTINA.

Fréttablaðið 20. desember

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FREYSTEINN BJARNASON FRAMKVÆMDASTJÓRI

Marautt og bullandi hiti

„Það er allt gott að frétta héðan úr Neskaupstað,“ segir Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, gamalgróins félags sem hefur meðal annars umboð fyrir Tryggingamiðstöðina, Olís og íþróttavöruverslanir auk þess að reka vínbúðir. „Ég hef nóg að gera. Ég kvarta sko ekki undan því,“ segir hann.

„Það sem er kannski efst í huga margra er að í dag [í gær] eru 33 ár síðan snjóflóðin miklu féllu hérna 20. desember 1974. Það kemur náttúrlega alltaf upp í huga Norðfirðinga þegar sá dagur rennur upp. En það er nú dálítið öðruvísi umleikis heldur en var þá. Marautt og bullandi hiti og mikil traffík. Svo er enn verið að vinna hérna síld á fullu og verður líklega til miðnættis annað kvöld. Þá lýkur metvertíð á íslenskri haustsíld. “

Freysteinn segist halda jólin hátíðleg með hefðbundnum hætti. „En ég er nú líka í þessum ágæta kirkjukór hér sem er alltaf í önnum í kringum jólin. Við förum meðal annars til Mjóafjarðar og syngjum þar. Það er alltaf gaman að heimsækja Mjófirðinga. Þar eru bakaðar stærstu hnallþórur á landinu held ég. Ég held að flestir hérna hugsi allavega með gleði til þeirra góðu daga sem nálgast. Og að bæta á sig nokkrum grömmum, þótt það mætti nú alveg missa sín.“

REGNHLÍF:

VAR VAXBORIN SÓLHLÍF Í FYRSTU



Saga regnhlífarinnar, eða réttara sagt sólhlífarinnar, nær árþúsundir aftur í tímann. Vitað er að heldra fólk í Egyptalandi, Mesópótamíu, Kína og Indlandi notaði einhvers konar hlífar til að skýla sér fyrir sólinni. Kínverjar voru fyrstir til að nota regnhlífar í eiginlegri merkingu, það er að segja til þess að skýla sér fyrir regni, en þeir notuðu vax og olíu til þess að vatnsverja sólhlífar sem gerðar voru úr pappír. Í Evrópu voru Grikkir fyrstir til þess að nota sólhlífar og Rómverjar notuðu þess háttar hlífar til þess að skýla sér fyrir regni.

SJÓNARHÓLL
ÍSLAND ER DÝRASTA LAND Í HEIMI

EINAR MAR ÞÓRÐARSON
Stjórnmálafræðingur.

Kemur fátt á óvart

„Mér kemur reyndar á óvart að verðlag á Íslandi sé ekki nema rúmlega áttfalt hærra en í ódýrasta landi heims, Tadsjikistan. Að þarna sé ekki meiri munur,“ segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur. „Við erum þarna í efstu sætunum með öðrum velferðar- og velmegunarlöndum eins og Danmörku, Sviss og Noregi. En þó okkur finnist nú yfirleitt alltaf gaman að vinna keppnir og lenda í efsta sæti þá er þetta kannski ekki listi þar sem við vildum vera í efsta sætinu.“ Einar telur vissulega eitthvað hægt að gera til að Ísland lendi aðeins neðar á listanum. „Til dæmis mætti auka samkeppni á Íslandi.“

Klósettið má klikka en ekki loftnetið

Sjónvarpið skipar mikilvægan sess í lífi landsmanna og nú þegar veðurofsinn hefur feykt loftnetum margra um koll eru loftnetsviðgerðarmenn orðnir býsna eftirsóttir.

„Það er allt að verða vitlaust,“ segir Georg Valgeirsson loftnetsviðgerðarmaður. „Gasgrill hafa fokið á loftnetsstangir og kippt öllu niður og svo hringdi einn í mig um daginn sem hafði fengið gervihnattardiskinn inn um gluggann hjá sér þannig að það er hálfgert neyðarástand hjá sumum. En þetta ástand sýnir líka ágætlega þá stöðu sem sjónvarpið skipar hjá landsmönnum. Það geta allir beðið eftir pípara í eina viku jafnvel þótt klósettið sé í ólagi en ef sjónvarpið klikkar þá þolir það enga bið. Enda er manni vel fagnað loksins þegar ég kemst til að redda hlutunum, manni er eiginlega tekið sem einskonar guði þegar ég kem enda er biðlistinn orðinn nokkuð langur.“

Á þriðjudaginn lagaði Georg átta loftnet yfir daginn sem er algjört met. „Vinnudagurinn er líka ansi langur núna eins og ástandið er. Maður er kominn út klukkan níu á morgnana og kemur stundum ekki heim fyrr en klukkan ellefu.“

Magnús Eyjólfsson, sölustjóri hjáElnet-tækni sem er sérhæft fyrirtæki á fjarskiptasviði, segir að mikið sé hringt til þeirra og oftast liggi mikið við. „Við erum í sambandi við faglærða menn sem við beinum fólki til en það er ansi mikið að gera hjá þeim öllum einmitt núna, það er unnið nótt sem nýtan dag enda höfum við eiginlega ekki fengið svona alvöru ofsaveður síðan 1988.“

Það er því að mörgu að hyggja þegar loftnet og gervihnattadiskar eru settir upp. „Við höfum brýnt fyrir fólki að taka frekar fíberdiska heldur en stáldiska, þeir þola betur íslenska veðráttu. Svo er það auðvitað að festa þetta vel, það sér það hver maður að ef einhver stæði með fermetra stálplötu í fanginu í ofsaveðri eins og nú hefur verið að undanförnu að hann myndi nú ekki halda plötunni lengi. Þannig að við sjáum hvers konar öfl þarna eru á ferð.“

Það er einnig nóg um að vera í Rafeindaverkstæði Reykjavíkur. Blaðamaður spurði Hjalta Sveinsson sem þar starfar hvenær maður frá þeim væri laus til loftnetsviðgerða. „Við erum reyndar meira með stærri verkefni en ef einhver vill panta hjá okkur mann til að festa loftnet þá gæti hann þurft að bíða í þrjár til fjórar vikur, það er ansi mikið að gera hjá okkur,“ segir hann.

jse@frettabladid.is

GEORG VALGEIRSSON LOFTNETSVIÐGERÐARMAÐUR Nú þegar rokið hefur komið loftnetum og gervihnattardiskum af stað er mikið um að vera hjá Georg viðgerðarmanni enda er fátt verra í hugum Íslendinga en að geta ekki horft á sjónvarpið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvetur fólk til að henda ekki umslögum utan af jólakortum:

Notuð frímerki nýtast til menntunar

Fjöldi Íslendinga styður við menntunar- og uppbyggingarstarf Sambands íslenskra kristniboðafélaga í Afríku með því einu að sóa ekki verðmætum.

Sambandið hefur undanfarin ár hvatt fólk til að henda ekki umslögum utan af jólakortum heldur senda þau sambandinu sem svo selur þau frímerkjasöfnurum. Afraksturinn rennur til skólastarfs og heilbrigðisþjónustu, meðal annars í Eþíópíu og Kenía.

Að sögn Skúla Svavarssonar kristniboða fengust 800 þúsund krónur fyrir frímerki af umslögum utan af jólakortum á síðasta ári. Slík fjárhæð dugar langt, þar sem einungis kostar nokkur hundruð krónur að sjá barni fyrir menntun í Eþíópíu.

Jarle Reiersen, dýralæknir og frímerkjasafnari, kemur umslögum og frímerkjum í verð fyrir Kristniboðasambandið. Hann sorterar og auglýsir og hefur samband við safnara á hinum Norðurlöndunum sem eru duglegir að kaupa íslensk frímerki með góðum stimplum.

Talsvert hefur safnast í Landsbankanum síðustu ár þar sem Sigurjón Gunnarsson, starfsmaður bankans, hefur verið drjúgur í umslagasöfnuninni. Hann hefur biðlað til samstarfsmanna í bankanum og uppskorið nokkra troðfulla plastpoka af verðmætum umslögum.

- bþs

VERÐMÆTI Átta hundruð þúsund krónur fengust fyrir frímerki af umslögum utan af jólakortum á síðasta ári, að sögn Skúla Svavarssonar kristniboða. Því er um mikil verðmæti að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

160 GB UPPTÖKU DISKUR

50PT85
50” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
160GB harðurdiskur

259.900

20.des	fimmtudagur	09:00-21:00
21.des	föstudagur	09:00-21:00
22.des	**laugardagur**	**10:00-22:00**
23.des	**sunnudagur**	**10:00-22:00**
24.des	mánudagur	10:00-12:00

LJÓMANDI GÓÐ JÓL

149.900

42PC52
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz

159.900

42LC51
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

139.900

32LB75
32” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari

29.900

FA162
LG Minisamstæða

12.900

DVX298
LG DVD spilari
Með HDMI og USB tengi

49.900

RH278H
DVD upptökutæki
Með 250gb hörðum disk

74.900

J10HD
LG Heimabíó

69.900

HT902PB
LG Heimabíó
1000wött

104.900

HR902TA
LG Heimabíó
160GB harðurdiskur
DVD skrifari

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Afgreiðslutími í dag föstu

ALI HAMBORGARHRYGGUR
30% AFSLÁTTUR

ALI HRYGGUR M.BEINI
1252 kr/kg. Merkt verð 1789 kr.

ALI HRYGGUR ÚRB.
1623 kr/kg. Merkt verð 2318

Mackintosh 2,9 kr **1979 kr dósin.**

Nóa konfetk 650g **998 kr kassinn.**
Allir bestu molarnir í einum kassa.

Ali ferskur svínabógur **499 kr/kg.**

Bónus ís bragðarefur 1 ltr. **259 kr.**

Rafræna Bónus gjafakortið
er góð jólagjöf.
Þú kaupir inneign á kortið að eigin
vali. Kortið fæst á
skrifstofu Bónus í Skútuvogi

Ali beikon 2 pk 30% afsláttur
1282 kr/kg. merkt verð 1831 kr/kg.

After eight 400 gr 298 kr.

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM: 10.00 TIL 22.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

dag: Opið frá 10 til 22

Bónus ferskir kjúklingaleggir 30% afsláttur
349 kr/kg. merkt verð 499 kr/kg.

KEA léttreyktur lambahryggur ***30% afsláttur***
1257 kr/kg. *Merkt verð 1795 kr/kg.*

Bónus ferskir kjúklingavængir 50% afsláttur
150 kr/kg. merkt verð 299 kr/kg.

Holta hversdagskjúlingur 50% afsláttur
379 kr/kg. Merkt verð 759 kr.

Bezt hamborgarhryggur ***30% afsláttur***
1259 kr/kg. Merkt verð 1798 kr

Bezt bajonskinka ***40% afsláttur***
1019 kr/kg. Merkt verð 1698

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM: 10.00 TIL 22.00

BÓNUS

Skrímslin í baunaverksmiðjunni

Arnarfjörður er einn mesti skrímslafjörður landsins. Nú er verið að setja upp safn um þessar skepnur á Bíldudal. Það eru kátir kappar sem vinna að því að hýsa safnið í gömlu niðursuðuverksmiðjunni. Frásagnir sem skrímslafræðingur hefur safnað og heilræðavísur Gísla á Uppsölum minna þó á að skrímslum ber ekki að taka af neinni léttúð.

UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM Í GAMLA VERKSMIÐJUHÚSINU Magnús Óskarsson fer þarna fremstur í vinnuflokknum með borinn. Þeir eru ekki árennilegir Arnfirðingarnir í vinnuham en það verða heldur ekki skrímslin sem fá inni í gömlu baunaverksmiðjunni.

„Það má eiginlega segja að ég hafi fengið gamla hugmynd," segir Valdimar Gunnarsson, frumkvöðull að Skrímslasafni sem nú er verið að vinna að á Bíldudal. „Í raun voru eldri menn búnir að velta þessu fyrir sér þó að ég hafi ekki vitað af því. En þetta byrjaði þannig að við ákváðum að bjóða upp á skrímslaferðir um Arnarfjörð á hátíðinni Bíldudals grænar og þegar við fórum að grennslast fyrir um þessar skepnur komumst við að því að til er ógrynni af efni um þetta."

Fjörugir skrímslamenn

Nú hafa þeir skrímslamenn fengið stað fyrir safnið í verksmiðjuhúsinu þar sem Bíldudals grænu baunirnar voru soðnar niður á sínum tíma.

Fríður hópur brottfluttra Arnfirðinga hefur lagt leið sína vestur þrisvar sinnum til að gera gömlu verksmiðjuna vel í stakk búna til að hýsa leyndardóma þessara kvikinda á setrinu. Af sjálfsögðu hafa svo heimamenn ekki látið sitt eftir liggja í þessum efnum. „Það hefur spurst út hvað það er gaman í þessum ferðum og þess vegna hafa sífellt fleiri viljað koma með," segir Óskar Magnússon, einn af aðstandendum safnsins.

„Það er kannski ekki mikið um það að menn sækist hart eftir því að komast í vinnuferð. En það er alltaf stutt í gítarinn og gleðina þar sem Bílddælingar koma saman," segir hann.

Skrímsli vappar yfir flugbrautina

En hvers konar verur eru þessi skrímsli? „Það eru til fjórar tegundir," segir Valdimar, sem kemst í sagnaham þegar skrímsli ber á góma. „Fyrst er það fjörulallinn sem þekkist um allt land. Svo er það skeljaskrímslið en það er auðþekkjanlegt þar sem mikill fjörugróður er hangandi á því. Þá er það hafmaðurinn sem er nokkurs konar mannsmynd og að lokum er það svo risaskrímslið."

Þorvaldur Friðriksson, fréttamaður og skrímslafræðingur, hefur safnað um fjögur þúsund frásögnum af skrímslum og margar þeirra eru frá Arnarfirði. Af þeim frásögnum að dæma er greinilega engin ástæða að taka þessum skepnum af léttúð. „Það hafa til dæmis skrímsli ráðist á bæinn á Krosseyri. Í eitt skiptið þegar faðir Árna Friðrikssonar, frumkvöðuls í fiskifræði hér á landi, bjó þar og í annað sinn þegar systir hans bjó þar," segir hann alvarlegur á svip. Krosseyri er nálægt Stapadýpi en þar er mjög djúpt og því afar skrímslavænt. Utar í firðinum er svo mun grynnra, sem gerir Stapadýpið enn fýsilegra fyrir skrímslin. Friðrik bætir því við að einnig séu til frásagnir sem bendi til þess að skrímsli hafi lagt sér menn til munns.

Ef einhver skyldi halda að skrímslin heyrðu fortíðinni til á Þorvaldur einnig til sögu sem kveður slíka efahyggju í kútinn. „Það eru aðeins nokkur ár síðan flugvallarvörður á Bíldudal sá fjörulalla vappa yfir flugbrautina svo þau láta enn á sér kræla," segir Þorvaldur.

Hvernig á að mæta skrímsli?

Sjómenn í Arnarfirði hafa líka komist í hann krappan vegna skrímslanna og Valdimar kann sögur af því. „Það var breskur togari sem fékk skrímsli í nótina við Fífilstaðabót og áttu þeir í mesta basli með að skera það úr nótinni. Það sem meira er að skrímslið skvetti á þá einhverju gumsi og brenndust þeir illa sem fengu það á sig. Þeir komust svo við illan leik til Bíldudals þar sem þeir fengu aðhlynningu."

En menn skyldu þó ekki óttast um of fari þeir um Arnarfjörðinn því skrímslin hafa hægt um sig nema þegar nóttin svífur á. Þá fer fjörulallinn á stjá en þar sem fæstir fara leiðar sinnar um fjöruna eins og menn gerðu áður en þjóðvegirnir komu til ætti að vera auðvelt að komast hjá því að verða á vegi hans. En ef það skyldi nú gerast er gott að hafa við höndina heilræðavísur sem Gísli heitinn á Uppsölum orti en þar er kveðið á um það hvernig menn eiga að bera sig í nærveru skrímsla. Þar segir meðal annars:

Mætir þú skrímsli mátt ei trega
maður þá vex þín neyð.
Heilsaðu bara hæversklega
haltu svo þína leið.

Aðstandendur Skrímslasafnsins ábyrgjast hins vegar að menn komist klakklaust úr gömlu niðursuðuverksmiðjunni þegar skrímslin verða komin þangað en stefnt er að því að opna safnið í vor.

jse@frettabladid.is

GAMLA VERKSMIÐJAN Í þessari verksmiðju voru Bíldudals grænu baunirnar niðursoðnar á sínum tíma en nú verður verksmiðjuhúsið að Skrímslasafni.

MYND/MAGNÚS ÓSKARSSON

VALDIMAR GUNNARSSON Frumkvöðullinn í vinnuham. MYND/MAGNÚS ÓSKARSSON

ÞORVALDUR FRIÐRIKSSON Skrímslafræðingur með meiru.

GÍSLI Á UPPSÖLUM Bóndinn á Uppsölum vissi hvernig bæri að mæta skrímslum og orti heilræðavísur sem gott er fyrir menn að lesa áður en þeir fara um Arnarfjörðinn að næturlagi.

TOPPSKÓR Á BOTNVERÐI

Herraskór
SPR90856

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR90856

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Drengjaskór
NEUR20778-01

Verð : 2.397 kr.-

Stærðir 28-37 og 39-40

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAG - FÖSTUDAG 11 - 18,
LAUGARDAG 22. des 11 - 18
SUNNUDAG 23. des 12 - 18

Herraskór
SPR10086

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR90855

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR10080

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR10080

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

Herraskór
SPR36054301

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 40-46

Herraskór
SPR90855

Verð : 3.597 kr.-

Stærðir 41-45

SNOW
SPR901603

Verð : 2.797 kr.-

Stærðir 24-35

SNOW
SPR901808

Verð : 2.097 kr.-

Stærðir 24-35

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

SENDUM Í PÓSTKRÖFU

AF TOPPMERKJUM

30% AFSLÁTTUR

ecco

VAGABOND

LLOYD

ara SHOES

LOGO 69

PETER KAISER

Svona erum við

> Útstreymi af koldíoxíði (CO_2) vegna fiskveiða. Í þúsundum tonna.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FJÖLLIN ARARAT OG ARAFAT

Þjóðartákn Armena og fjall spámannsins

Fjallið Arafat í Sádi-Arabíu hefur verið nokkuð í fréttum nú í vikunni í tengslum við hinar árlegu pílagrímaferðir múslima. Margir lesendur hringdu þó inn í gær til að gera athugasemdir við frétt af helgri stund pílagríma á fjallinu, sem birtist í blaðinu í gær. Margir voru sannfærðir um að fjallið héti ekki Arafat, heldur Ararat.

Hvar er Ararat?

Fjallið Ararat er vissulega til. Það er hæsta fjall Tyrklands, 5.137 metra hátt eldfjall austast í landinu skammt frá landamærum Armeníu. Þetta mikla fjall hefur reyndar ekki alltaf verið innan landamæra Tyrklands. Öldum saman tilheyrði það Armeníu og er enn í miklum metum meðal Armena, sem margir hverjir líta það sem eitt helsta þjóðartákn sitt. Fjallið sést vel frá Armeníu þar sem það gnæfir yfir öllu í vestri, enda hæsta fjall á þessum slóðum. Margir telja einnig að þetta sé sama Araratfjallið og sagt er frá í sögu Biblíunnar af Örkinni hans Nóa, þótt um það ríki reyndar mikil óvissa.

Hvar er Arafat?

Fjallið Arafat er hins vegar líka til, og sést hér á myndinni þakið pílagrímum. Það er í Sádi-Arabíu og miklu minna en Ararat, ekki nema 70 metrar á hæð og þar af leiðandi alveg á mörkum þess að geta talist fjall. Hallgríms-

kirkjan í Reykjavík er nokkrum metrum hærri. Arafat er í 24 kílómetra fjarlægð frá Mekka, borginni helgu. Dvöl þar er einn helsti hápunktur hinna árlegu pílagrímsferða múslima, því þar á fjallinu trúa múslimar því að Múhameð spámaður hafi haldið síðustu ræðu sína. Þar eiga, samkvæmt íslamstrú, Adam og Eva líka að hafa náð saman á ný og hlotið fyrirgefningu guðs eftir brottreksturinn úr Eden. Af þeim sökum nefna múslimar það einnig Fjall náðarinnar, Jabar ar-Rahmah. Til Arafats halda pílagrímarnir á öðrum degi ferðar sinnar, ganga þangað frá borginni Mekka og dveljast þar yfir nótt á sléttunni í kring.

SPURT & SVARAÐ
JÓLIN OG NEYTENDUR

Hilluverð er rétta verðið

Um jólin fara margir neytendur hamförum í matar- og gjafakaupum svo smásalar hafa vart undan. Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, minnir á að í jólaverslun sem annarri verslun sé það hilluverð sem gildi. Neytendur eigi ekki að borga annað verð við kassann, heldur fá vöruna á því verði sem þeir völdu hana til kaupa.

ÞURÍÐUR HJARTARDÓTTIR Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

Hvað ber neytendum helst að varast um jólin?
Fyrst og fremst ætti fólk nú að reyna að gæta hófs og eyða ekki um efni fram. Góð almenn regla í verslun er síðan að spyrja um skilarétt og fá kvittun. Þetta er sérstaklega mikilvægt um jólin svo að sá sem fær gjöfina geti skipt henni.

Er mikið um pretti í jólaverslun?
Nei, ekki þannig lagað. Neytendur geta yfirleitt treyst því að verslanir séu heiðarlegar um jólin. En þær mættu standa sig betur í verðmerkingum. Það vantar töluvert upp á að reglum um verðmerkingar sé framfylgt og það er mikið vandamál.

En hvaða verð á að gilda þegar misræmi er milli hilluverðs og kassaverðs?
Það er alveg skýrt í reglum um verðmerkingar að hilluverð gildir fram yfir kassastrimilinn, sé misræmi á milli. Því hvet ég neytendur eindregið til að standa á rétti sínum þegar svo ber við.

Vona að toppi hækkana sé náð

Stýrivextir haldast 13,75 prósent eftir vaxtaákvörðun Seðlabankans í gær. Forkólfar stéttarfélaga eru á einu máli um að hækkun vaxta hefði verið röng ákvörðun og margir þeirra segjast hafa vonast eftir lækkun, toppi hækkana sé nú náð.

ÁKVÖRÐUNIN KYNNT Bankastjórn Seðlabankans ákvað að hækka ekki stýrivextina frekar á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef talið að stýrivextirnir væru allt of háir og að það væri ástæða til að lækka þá," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Ég held að hver sem spáir í efnahagslífið á næsta ári hafi litlar áhyggjur af þenslu og því fyrr sem Seðlabankinn áttar sig á því, því betra."

Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, segir ákvörðunina ekki koma á óvart. „Verðbólguhorfur eru ekki ásættanlegar, en það hefur margt annað verið að gerast," segir Ólafur Darri. „Síðasta stýrivaxtahækkun hafði áhrif á vaxtastigið og svo hefur verið órói á erlendum mörkuðum og hlutabréf hafa verið að falla í verði. Inn í þessa mynd kemur þetta ekki á óvart."

Ólafur Darri telur ekki skynsamlegt að lækka stýrivexti við þessar aðstæður. „En auðvitað væri æskilegt að réttar aðstæður sköpuðust," bætir hann við.

Löngu hættir að skilja stefnuna

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, segist í auknum mæli horfa til upptöku evrunnar, svo að Íslendingar fái stöðugan gjaldmiðil. „Ég er fyrir löngu hættur að skilja

VILHJÁLMUR EGILSSON

KRISTJÁN GUNNARSSON

ÓLAFUR DARRI ANDRASON

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

okurvaxtastefnuna," segir hann.

„Vonandi er toppnum náð og hægt að slaka vöxtunum niður á nýju ári," segir Kristján. „Þessi harða stefna bitnar helst á skuldugum heimilum landsins en nær ekki til þeirra sem eru með lán í evrum og svissneskum frönkum og hafa innkomu í erlendum myntum. Fólk sem þarf að redda sér á endalausum yfirdrætti frá mánuði til mánaðar borgar af þessu háan toll."

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, segir þessa háu vexti hafa áhrif á allt verðlag. „Maður hefði gjarnan viljað sjá að þeir færu að trappa sig niður því þessi staða sem við erum í skaðar atvinnulífið og hefur áhrif á verðlag sama hvert litið er, hvort sem það eru

Þróun stýrivaxta frá júní 2005

smákökurnar eða jólagjafirnar," segir Guðmundur.

Hann segir ríkisstjórnina og Seðlabankann halda hvort í sína áttina. „Seðlabankinn er ekki í neinu sambandi og bankinn og ríkisstjórnin stýra ekki efnahagsmálum með sömu aðferðinni. Aðferðir bankans virka ekki," segir Guðmundur.

Stórskaðleg stefna

„Ég tel að bankinn hefði fyrir löngu átt að vera búinn að lækka vextina þannig að þessi ákvörðun slær mig mjög illa," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. „Það er merkilegt að Seðlabanki Íslands skuli vera í þessum heimi og að það sem gerist í kringum okkur gefi honum ekki tilefni til lækkunar."

Friðrik segir stefnu bankans stórskaðlega fyrir íslenskt efnahagslíf og grafa undan atvinnuuppbyggingunni. „Það þarf að endurskilgreina markmið bankans og horfa til fleiri þátta."

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segist hafa vonast eftir lækkun. „Í sjálfu sér erum við glaðir yfir að vextirnir hækkuðu ekki. Mér finnst þetta gefa til kynna að við séum komin á tindinn í vöxtunum og að menn fari að fikra sig niður sem er bráðnauðsynlegt," segir Jón Steindór.

Hann segir engan rekstur geta staðið undir þessu vaxtastigi til lengdar. „Stærri fyrirtækin hafa rýmri möguleika á að víkja sér undan en smærri fyrirtækin hafa það ekki. Þetta er mjög erfitt ástand og allur rekstur þarf að vera býsna stöndugur til að víkja sér undan þessu," segir Jón Steindór.

Næsta ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um stýrivexti verður kynnt 14. febrúar 2008.

FRÉTTASKÝRING
STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON
steindor@frettabladid.is

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

ÍSLENSK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ

AÐALFUNDUR FÉLAGSINS

Aðalfundur Íslensk-ameríska félagsins
verður haldinn að Borgartúni 27, 1. hæð,
laugardaginn 29. desember kl. 15:00.

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundarstörf.
Samþykktir félagsins og nánari upplýsingar á
heimasíðu félagsins www.iceam.is

Stjórn Íslensk-ameríska félagsins

SAMSUNG

TILBOÐSVERÐ Á ÞESSUM VINSÆLU SAMSUNG LASER-PRENTURUM

– FYRIR HEIMILIÐ OG SKRIFSTOFUNA

NETTUR, SKARPUR, HLJÓÐLÁTUR

SAMSUNG ML-2010

- Prenthraði: 20 bls/mín
- Fyrsta blaðsíða út: 10 sek.
- Upplausn: 1200 x 600 dpi
- Minni: 8 MB
- Pappírsbakki inn: 150 blöð
- Pappírsbakki út: 100 blöð
- Hljóðmagn: <53dBA í prentun og <35dBA í bið
- Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
- Tenging: USB

VERÐ ÁÐUR kr. 13.900,-

TILBOÐSVERÐ:
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Kr. 8.900,-

MINNSTI **LITA-LASER** PRENTARI Í HEIMI

– OG EINN SÁ HLJÓÐLÁTASTI

SAMSUNG CLP-300

- Prenthraði:
  Svart/hvítt: 16 bls/mín
  Litur: 4 bls/mín
- Fyrsta blaðsíða út: 14-26 sek.
- Upplausn: 2400 x 600 dpi
- Pappírsbakki inn: 150 blöð
- Pappírsbakki út: 200 blöð
- Minni: 64 MB
- Hljóðmagn: < 49dB
- Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
- Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10-100 Base
- Stærð: B x D x H: 39 x 34 x 26
- Þyngd: 13 kg.

VERÐ ÁÐUR kr. 27.900,-

TILBOÐSVERÐ:
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Kr. 19.900,-



ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

VINSÆLASTA LEIKJATÖLVAN Í DAG

VERÐTRYGGING!!

Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

SHARP

19" LCD sjónvarp

SHARP Shlc19A1EBK

· HD Ready (1366x768) · Skerpa: 800:1 · Skjáform: 16:9
· Sjónsvið: 160°/160° · Stærð: 46,2 x 36 x 19,6 cm
· Tengi: 1x HDMI, 1x SCART, S-Video, Component

Verð kr. 59.900 kr.

Nikon

NIKON S-510

· 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
· VR hristivörn
· Hús úr ryðfríu stáli
· D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
· Fæst bæði svört og silfurlituð

TILBOÐSVERÐ kr. 28.900,-

Klassamyndavél fyrir kröfuharða

NÝ OLYMPUS

VATNSHELD HÖGGÞÉTT

Taktu myndir í kafi

Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld

· 7.1 milljón pixlar
· 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
· Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
· Videoupptaka með hljóði

OLYMPUS *mju790*
Verð : 29.900,-

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

Nýjasta snilldin frá Pioneer!

FRÁBÆRT 5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI að hætti Pioneer

NÝ SENDING!!

Pioneer DCS-363

· 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
· 360W magnari (6 x 60W RMS)
· HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
· Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
· USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
· Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
· FM útvarp með RDS
· Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART út, Composite út, RCA hljóð inn

Verð: 49.900 kr.

CELESTRON

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STJÖRNUSJÓNAUKUM í Ormsson Smáralind

CELESTRON AstroMaster

AstroMaster 70EQ linsusjónauki.

TILBOÐSVERÐ kr. 12.900,-

OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í SÍÐUMÚLA 9

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BÆ

SOLIS Hrísgrjónapottur og gufusuðupottur.
Öflugur 400w, burstað stál, heldur heitu.
Verð kr. 7.990,-

MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN

Emile Henry
Flame

FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA

Eftirsótt um alla Evrópu.

SOLIS Töfrasproti.
600W, úr stáli - með aukahlutum.
Verð kr. 9.490,-

JAMIE OLIVER KANN AÐ META GÆÐI

EÐAL POTTA- OG PÖNNUSETT
HANNAÐ AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

Færustu matreiðslu-meistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki að ástæðulausu.

Úrvals hnífar - vönduð matargerð.

Má ekki bjóða þér almennilegt kaffi?

Hágæða Espresso kaffivél.
Fyrir fullorðna.
Verð kr. 29.900,-

Expresso kaffivél sem bjargar deginum
Frábær vél –
enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-

Vinsæl og glæsileg kaffivél frá SOLIS.
Verð kr. 69.900,-

Ef þú ert vandlát/ur á kaffið þitt munt þú kunna að meta þessar úrvals kaffivélar. Kaffivélar eins og þær gerast bestar – hver á sinn hátt.

SKEMMTILEG BJÓRDÆLA

Glaðningur fylgir á meðan birgðir endast!

TILBOÐSVERÐ kr. 14.900,-

OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

Vefurinn: The Onion

Bandarísk húmorsíða með meinfyndnum fréttum. Líklega ein af fyrirmyndum Baggalútsdrengjanna.

www.theonion.com

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: FROSTI HEIMISSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI OPENHAND

Vinna fyrir suður-afrísku ríkisstjórnina

„Það er margt að gerast hjá okkur þessa dagana, um áramótin erum við að setja á fót nýja þjónustu sem breytir áherslunum okkar svolítið," segir Frosti Heimisson, framkvæmdastjóri OpenHand. „Þannig förum við úr því að vera í samkeppni við til dæmis BlackBerry og yfir í eins konar sérlausnahluta."

OpenHand sérhæfir sig í samskiptalausnum fyrir farsíma, og býr til hugbúnað sem gerir fólki kleift að nálgast tölvupóst, dagatal og tengiliðalista í gegnum farsímann. Frosti segir að eftir áramót verði einnig hægt að búa til sérhæfðari forrit fyrir farsímann, eins og til dæmis sölukerfi eða tímaskráningakerfi.

„Við erum búnir að vera að vinna með þetta kerfi í langan tíma, en opinbera útgáfan kemur út um áramótin. Við erum til dæmis núna að vinna verkefni í Suður-Afríku þar sem allt að níu þúsund starfsmenn á vegum ríkisstjórnarinnar þar munu nota OpenHand lausn til að skrá niður íbúa og aðstoða þá við að sækja ýmsa þjónustu á vegum ríkisins. Síðan erum við líka í samstarfi við flutningafyrirtæki, fjármálastofnanir, banka, opinberar stofnanir og fleiri um mögulegar lausnir í farsíma sem veittu aðgang að innri kerfum fyrirtækisins."

Frosti bætir við að OpenHand hafi nýlega tekið upp hina svokölluðu tuttugu prósenta reglu, sem Google gerði fræga. Hún felst í því að starfsmenn OpenHand mega eyða tuttugu prósentum af vinnutíma sínum í gæluverkefni sem þeir hafa áhuga á, svo lengi sem það gagnast fyrirtækinu.

„Ég held við séum með þeim fyrstu hérna á Íslandi til að taka upp þessa reglu, og við vonum að þetta skili sér í sniðugum lausnum. Við köllum bara eftir góðum hugmyndum frá fólki að sniðugum forritum í farsímann."

TÆKNIHEIMURINN

Duke Nukem sýnishorn

Leikjaunnendur gripu andann á lofti í vikunni þegar nýtt sýnishorn skotleiksins Duke Nukem Forever fór í dreifingu á netinu. Leikurinn, sem er búinn til af 3D Realms, hefur verið í framleiðslu í tíu ár og er ókrýndur konungur þeirra tölvuleikja sem ætla aldrei að koma út. Enginn útgáfudagur er þó tiltekinn í sýnishorninu, sem sýnir Duke reykjandi vindil á bekkpressubekk.

Firefox 3 fer í aðra betu

Ný tilraunaútgáfa Firefox 3 vafrans kom út síðasta þriðjudag. Meðal annars er búið að laga fjölda minnisleka sem eru til staðar í Firefox 2 og gera vafrann hraðari í notkun. Hægt er að ná í Firefox 3 Beta 2 á vefnum, en hafa skal í huga að útgáfan er aðeins hugsuð til prófana og inniheldur mögulega villur.

Ár stjörnufræðinnar 2009

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að árið 2009 verði alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar. Þá verður haldið upp á einn mikilvægasta atburð í sögu raunvísinda, þegar Galíleó Galílei beitti sjónauka fyrstur manna til rannsókna í stjörnufræði.

Farsími vegna öryggis

Foreldrar vilja að börnin sín séu með farsíma öryggisins vegna. 78 prósent þeirra 339 foreldra sem tóku þátt í rannsókn sögðust íhuga að kaupa farsíma handa barni sínu svo þeir gætu náð sambandi við það í neyð. Þrettán prósent sögðust vilja að börnin sín héldu sambandi við vini og fjölskyldu, og sex prósent viðurkenndu að þeir íhuguðu að kaupa farsíma handa barninu sínu af því að það hefði beðið um hann.

Amitelo semur við ZTE

Svissneska farsímafyrirtækið Amitelo, sem hyggst koma upp farsímaþjónustu hérlendis á næsta ári, hefur samið við kínverska fyrirtækið ZTE um samstarf við fjármögnun og uppbyggingu GSM-kerfisins á Íslandi. Amitelo hefur verið í fréttum að undanförnu vegna gruns um að fyrirtækið hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð við útboð á uppbyggingu GSM-kerfis á landsbyggðinni.

Tunglið yngra en talið var

Tunglið okkar er þrjátíu milljónum ára yngra en hingað til hefur verið talið. Það varð ekki heldur til þegar loftsteinn á stærð við Mars rakst á jörðina, heldur myndaðist það úr hluta jarðarinnar sem brotnaði frá henni sextán milljónum ára eftir að kjarni jarðar myndaðist. Þetta er niðurstaða vísindamanna við svissnesku vísindastofnunina í Zürich, sem er greint frá á vef vísindatímaritsins New Scientist.

ThinkSecret lokað

Vefnum ThinkSecret, þar sem birst hafa sögusagnir um nýjar Apple-vörur, hefur verið lokað. Þetta var gert í samráði við Apple, skrifar útgefandinn Nick Ciarelli í síðustu fréttinni á vefnum. Með því lýkur málsókn sem Apple hóf gegn ThinkSecret vegna þess hve vefurinn birti oft fréttir um hluti sem áttu að heita trúnaðarmál innan fyrirtækisins.

ROKKAÐ FEITT Hægt er að spila sem Slash, gítarleikarinn í Guns N' Roses, í Guitar Hero III, auk annarra persóna. Yfir sextíu lög eru í leiknum, flest þeirra upprunalegar upptökur.

Rokkstjörnuhermir undir jólatrjám leikjaunnenda

Tónlistarleikurinn Guitar Hero III er jólaleikurinn í ár. Hann selst í bílförmum og er uppseldur í mörgum leikjaverslunum.

HETJULEIKUR Guitar Hero III er til fyrir leikjatölvurnar Xbox 360, Wii, PlayStation 3 og PlayStation 2. Auk þess er til útgáfa fyrir PC-tölvur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í leiknum er spilarinn í hlutverki rokkstjörnu, og sér um að spila undir á gítar í ýmsum frægum rokklögum. Til þess notar hann sérstakan plastgítar sem fylgir með leiknum, með því að ýta á takka á hálsinum og slá á „strengina" í takt við lagið.

Meðal hljómsveita sem eiga lög í leiknum eru Guns N'Roses, Metallica, The Rolling Stones, Weezer, Slayer og Dragonforce. Alls er hægt að spila yfir sextíu lög.

Leikurinn er til fyrir allar helstu leikjatölvurnar: Xbox 360, Wii, Playstation 3 og Playstation 2, en auk þess er hann til fyrir PC-tölvur. Hann kostar á milli níu og tíu þúsund krónur með gítarnum, en hægt er að kaupa leikinn án gítars ef menn eiga slíkan fyrir.

„Guitar Hero stoppar varla í búðunum hjá okkur, við fengum fimm bretti send með flugi á mánudaginn og þau voru uppseld á þriðjudag," segir Gunnar Ingvarsson, vörustjóri hjá BT. „Við gætum hafa selt fimmfalt meira af honum ef framboðið væri meira. Í dag koma fimm bretti í viðbót, og ég býst fastlega við að þau seljist upp á morgun."

Örn Barkarson, innkaupastjóri afþreyingar hjá Elko, tekur í sama streng. „Guitar Hero er alveg hrikalega stór fyrir þessi jól, hann er uppseldur hjá okkur og búinn að vera það í ágætis tíma," segir hann. Það er mikið verið að kaupa leikinn í jólagjafir, en svo sjáum við líka fólk kaupa þetta fyrir sig sjálft."

Hann segist sjálfur hafa prófað leikinn og finnist hann skemmtilegur. „Þetta er fín afþreying og góður partíleikur. Í rauninni er hann svipaður og Buzz-spurningaleikirnir og Singstar, bara enn einn leikurinn í þá flóru."

Sjálfkrafa dæmdir sekir fyrir að eyða sönnunargögnum:

Torrentvefur tapar í dómsmáli vestra

Forsvarsmenn bandaríska skráaskiptavefjarins TorrentSpy, þar sem hægt er að nálgast kvikmyndir, tónlist, tölvuleiki og annað höfundarréttarvarið efni, hafa tapað dómsmáli sem snýst um höfundarréttarbrot. Samtök rétthafa kvikmynda í Bandaríkjunum, MPAA, kærðu vefinn.

Höfundarréttarsamtökin þurftu ekki að sanna að um höfundarréttarbrot væri að ræða, því forsvarsmenn síðunnar urðu ekki við beiðnum um að varðveita sönnunargögn heldur eyddu þeim. Þar með féll dómurinn sjálfkrafa höfundarréttarsamtökunum í vil.

TORRENTSPY Á vefsíðunni má nálgast kvikmyndir, tölvuleiki, forrit, tónlist og annað höfundarréttarvarið efni. Forsvarsmenn hennar voru dæmdir sekir, en refsing verður ákvörðuð síðar.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var lögbann sett á stærsta skráaskiptavef landsins, Torrent.is, hinn 19. nóvember og honum lokað. Samtök myndréttarhafa á Íslandi, Smáís, lögðu fram lögbannskröfuna sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði féllst á. - sþs

Tvær milljónir í nóvember:

Leopard rýkur úr hillunum

Leopard, sjötta útgáfa Mac OS X stýrikerfisins, hefur selst betur á fyrsta mánuði eftir útgáfu en nokkuð annað stýrikerfi frá Apple. Meira en tvær milljónir stýrikerfisins seldust í nóvember, en það kom út í lok október.

Viðtökurnar koma sér mjög vel fyrir Apple því helsti keppinauturinn, Windows Vista, hefur hlotið dræmar móttökur. - sþs

Allt í jólamatinn á einum stað

30%
afsláttur
við kassa

Ekta
HAMBORGAR
HRYGGUR

Ekta
HANGIKJÖT
úrbeinað

40%
afsláttur
við kassa

Gleðjumst saman!
nettó

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21.–23. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
6.217 **+0,05%**

Fjöldi viðskipta: 590
Velta: 7.296 milljónir

MESTA HÆKKUN

SLÁTURFÉ. SUÐURL.	5,41%
ATLANTIC PETROL.	1,52%
BAKKAVÖR	1,25%

MESTA LÆKKUN

SPRON	7,92%
FLAGA	7,14%
EXISTA	6,55%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,76 -1,01% ... Bakkavör 56,80 +1,25% ... Eimskipafélagið 35,75 +0,00% ... Exista 17,85 -6,55% ... FL Group 14,70 +0,00% ... Glitnir 21,80 +0,23% ... Icelandair 25,75 +0,78% ... Kaupþing 863,00 +1,05% ... Landsbankinn 35,50 -0,28% ... Straumur-Burðarás 15,05 +0,00% ... Össur 98,00 +1,03% ... Teymi 5,50 -1,26%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Áramótaheitið ekki megrun

Vefútsendingar Seðlabankans við stýrivaxtaákvarðanir hafa gengið brösuglega. Svo var við tilkynningu stýrivaxta í gær. Davíð Oddsson Seðlabankastjóri sagði að þetta væri bölvað, þegar athygli hans var vakin á þessu. Menn hefðu lagt sig alla fram um að hafa þessi mál í lagi. Enda skipti máli að menn gætu fylgst með og allir fengju upplýsingarnar á sama tíma. Nú væri ljóst að áramótaheitið að þessu sinni yrði ekki að fara í megrun, heldur að tryggja að vefútsendingar við stýrivaxtaákvarðanir gengju betur fyrir sig. Margir munu líklega gleðjast yfir þessu áramótaheiti Seðlabankastjóra. Í gær mátti heyra köll og öskur á gólfi fjármálafyrirtækja. Menn þyrsti í upplýsingar frá Seðlabankanum en fengu ekki. Taugatitringur á fjármálamörkuðum hefur gert menn mjög stressaða.

Gleymdist tölvan aftur?

Tilfellið er nefnilega að við stýrivaxtaákvörðunina 1. nóvember síðastliðinn var nákvæmlega það sama uppi á teningnum og bankinn hafði vart undan að róa æsta áhugamenn um efnahagsmál sem höfðu ætlað að fylgjast með kynningarfundinum á netinu. Nýherji annast útsendingarnar, líkt og rækilega kom fram á óvirkri útsendingarsíðunni. Ólíklegt verður þó að teljast að sami vandi hafi plagað útsendinguna og síðast þegar tæknimaður fyrirtækisins hafði með sér ranga tölvu upp í Seðlabanka. Enda var ástandið heldur verra núna því ekkert birtist. Þá gat að minnsta kosti að líta skyggnusýningu þótt hvorki heyrðist né sæist til Seðlabankastjórans. Þetta gengur bara vonandi betur næst.

MARKAÐSPUNKTAR

Bear Stearns, fimmti stærsti fjárfestingarbankinn á Wall Street í Bandaríkjunum, skilaði „rauðum tölum" á síðasta ársfjórðungi, að því er greiningardeild Kaupþings segir. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem það gerist eftir að félagið var skráð á markað 1985.

Fram kemur að afskriftir fasteignatengdra verðbréfa Bear Stearns hafi numið um 1,9 milljörðum dollara, eða yfir 120 milljörðum króna. Þetta er sagt slaga hátt upp í hreinar rekstrartekjur bankans á fjórðungnum.

Launavísitalan hækkaði um 0,4 prósent í nóvember samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Miðað við tólf mánaða tímabil hefur launavísitalan hækkað um 8,3 prósent, miðað við 8,1 prósent í október. Greiningardeild Landsbankans segir hækkun undanfarinna mánaða jafngilda um það bil hálfu prósentustigi á milli mánaða.

Exista og SPRON saman í fallinu

„Það hefur gríðarleg áhrif á gengi SPRON þegar Exista lækkar," segir Hermann Már Þórisson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, um fall á gengi bréfa í báðum félögum í gær og fyrradag. Þar af féll gengi SPRON um 7,92 prósent, mest skráðra félaga. Sparisjóðurinn á talsvert undir Existu með sjö prósenta eignarhlut og fylgir gjarnan hreyfingum á eign sinni.

Gengi hlutabréfa í Existu féll um 6,55 prósent í gær og hefur því fallið um 13,38 prósent síðustu tvo viðskiptadaga. Gengið endaði í 17,85 krónum á hlut. Það hefur aldrei verið lægra enda talsvert undir útboðsgengi félagsins í september í fyrra. Hæst fór það í 40,25 krónur á hlut fimm sléttum mánuði og hefur það því fallið um 55 prósent síðan þá.

SPRON hefur síður en svo átt góðu gengi að fagna frá skráningu í október en markaðsverðmæti hans hefur fallið um rúm 30 prósent á um tveimur mánuðum og stendur gengi sparisjóðsins í lægsta gildi frá upphafi.

Greinendur segja litlar skýringar á falli Existu og benda á að undirliggjandi eignir félagsins, svo sem í norrænu fjármálafyrirtækjunum Sampo og Storebrand, ekki liggja því til grundvallar.

STJÓRNENDUR EXISTU Erlendur Hjaltason, annar forstjóra, og Lýður Guðmundsson, formaður stjórnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úrvalsvísitalan byrjaði gærdaginn á lækkun og fór til skamms tíma undir 6.200 stigin. Hún jafnaði sig lítillega eftir því sem á leið en hækkun hennar á milli daga nam einungis fimm punktum. Vísitalan endaði því í 6.217 stigum við lokun markaða sem merkir að hún situr á sömu syllu og í byrjun jólamánaðar á síðasta ári. **- jab**

Andri Már maður ársins

Andri Már Ingólfsson, 44 ára forstjóri og eigandi Primera Travel Group, er maður ársins í íslensku atvinnulífi árið 2007, að mati dómnefndar Frjálsrar verslunar.

Í tilkynningu tímaritsins kemur fram að Andra hljótist heiðurinn fyrir framúrskarandi árangur við að stækka eigin fyrirtæki, athafnasemi og djarflega framgöngu við yfirtökur á erlendum ferðaskrifstofum.

Auk þess að vera eini eigandi Primera Travel Group á Andri Már 80 prósent í flugfélaginu Jetx – Primera Air og fyrirtækið Heimshótel sem keypti gamla Eimskipafélagshúsið þar sem nú er Hótel Radisson SAS 1919.

Verðlaun Frjálsrar verslunar verða afhent í Súlnasal Hótels Sögu föstudaginn 28. desember næstkomandi. **- óká**

Ekkert slakað á klónni

Stýrivextir Seðlabankans verða óbreyttir um sinn. Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að bankinn bregðist við ef verðbólguhorfur versni. Hann neitar því ekki að óbreyttir vextir jafnist á við vaxtahækkun við núverandi aðstæður.

ARNÓR SIGHVATSSON OG DAVÍÐ ODDSSON RÆÐAST VIÐ Varasamt að leggja of mikið upp úr áhrifum óbreyttra vaxta.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Sumir geta litið þannig á," segir Davíð Oddsson, spurður um hvort óbreyttir stýrivextir jafngiltu hækkun vaxta við núverandi aðstæður.

Seðlabankinn kynnti í gær að stýrivextir yrðu óbreyttir um sinn. Þeir eru nú 13,75 prósent.

„Markaðsáhrifin verða þau að það eru þrengri kjör hér í alþjóðlegu samhengi en ella," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Seðlabankar bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa nýlega lækkað hjá sér vexti og vaxtamunur því aukist.

Ólafur bætir því við að ótryggt markaðsástand hér sem ytra og yfirlýsingar Seðlabankans um forsendur fyrir lækkun stýrivaxta styðji ákvörðun um óbreytta vexti nú.

Davíð Oddsson sagði samt sem áður að varasamt væri að leggja of mikið upp úr áhrifum óbreyttra vaxta, en neitaði því ekki afdráttarlaust að líta mætti á það sem vaxtahækkun í þessum samanburði.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði að fjárhagsleg skilyrði hefðu orðið erfiðari, þrátt fyrir að vextir hefðu ekki breyst. „En það jafngildir því ekki að óbreyttir vextir séu hækkun."

Davíð sagði að vaxtahækkun bankans í nóvember hefði haft kröftug áhrif, auk aðhalds frá versnandi skilyrðum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. „Þessi skilyrði munu án efa leiða til hjöðnunar innlendrar eftirspurnar."

„Óhagstæð fjármálaskilyrði og lækkun eignaverðs munu draga úr eftirspurn og verðbólguþrýstingi. Á móti gæti komið lækkun á gengi krónunnar sem enn er hátt í langtímasamhengi. Áframhaldandi styrkur krónunnar er háður vilja erlendra fjárfesta til að nýta sér vaxtamun og þar með að fjármagna viðskiptahallann," sagði Davíð. **ingimar@frettabladid.is**

Hraðari lækkun

Greiningardeild Kaupþings segir að kveði við nýjan tón í ákvörðun Seðlabankans. „Nú er vísað til fjármálastöðugleika fremur en verðstöðugleika." Órói á fjármálamörkuðum ytra og lækkanir á eignaverði – bæði á hlutabréfum og fasteignum – muni kæla hagkerfið og þrýsta niður verðbólgu. Forsendur hafi skapast fyrir hraðara vaxtalækkunarferli en áður var gert ráð fyrir.

Gengi krónu hefði lækkaði

Greiningadeild Glitnis spáði óbreyttum vöxtum og segir að skiptar skoðanir hefðu verið um það á markaði hvort vextir yrðu ef til vill hækkaðir. Það megi merkja á því að gengi krónunnar hefði lækkað strax við opnun markaða í gærmorgun og ávöxtunarkrafa skuldabréfa einnig. Greiningin telur líklegt að það sé yfirskot sem gangi til baka á næstu dögum.

Vextir í hámarki

Greiningardeild Landsbankans telur að stýrivextir hafi nú náð hámarki. „Samkvæmt spá okkar skapast forsendur fyrir lækkun um mitt næsta ár. Lækkandi fasteignaverð gerir það að verkum að 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans næst tímabundið við lok næsta árs en verðbólga eykst síðan á nýjan leik. Í lok árs 2009 verður verðbólgan um 5,5 prósent en fer svo hjaðnandi á árinu 2010."

Úr rökstuðningi Seðlabankans

„Vextir verðtryggðra langtímaskuldabréfa, sem lengi tóku lítt mið af auknu peningalegu aðhaldi, hafa hækkað skarpt í ár, ekki síst eftir síðustu hækkun stýrivaxta.

Verð hlutabréfa hefur einnig lækkað verulega undanfarna mánuði sem eykur fjármagnskostnað fyrirtækja og veikir efnahagsreikning þeirra og heimilanna. Þessi þróun leiðir væntanlega til lækkunar á verði fasteigna á næstu misserum eins og þegar hefur orðið víða erlendis. Slík framvinda mun hafa bein áhrif á verðbólgu í gegnum húsnæðislið vísitölunnar og óbein áhrif vegna minni innlendrar eftirspurnar."

VÖXTUM VAR HALDIÐ ÓBREYTTUM Ákvörðun Seðlabankans mun væntanlega leiða til lækkunar á verði fasteigna á næstu misserum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

RAFMÖGNUÐ JÓL

MP3 SPILARI

FÆST Í TVEIMUR LITUM

CREATIVE

Creative STONE1GB
1GB Zen Stone MP3 SPILARI sem geymir allt að 500 lög. Uppfæranlegur. USB kapall og heyrnartól fylgja. Fæst bæði hvítur og svartur.

TILBOÐ 4.690
FULLT VERÐ kr. 4.990

GRUNDIG

Grundig MUSICBOY50
Mjög vandað FM ÚTVARP fyrir 220v og rafhlöður.

TILBOÐ 4.990
FULLT VERÐ kr. 9.990

OLYMPUS

GRUNDIG

FÆST Í TVEIMUR LITUM

Olympus VN2100PC
Stafrænn DIKTAFÓNN með innbyggðu 64mb Flash minni. Upptökutími XHQ: 170 min / HQ: um 6 klst. / SP: yfir 11 klst. / LP: yfir 34 klst.Tíðnisvið: 300Hz - 7.2kHz (í XHQ). Tekur upp í CELP+ADPCM fomati. VCVA (Voice Activasion).Innbyggður míkrafónn og hátalari. Tengi fyrir heyrnatól og hljóðnema. USB tengi. 63 g.

Grundig RCD1420
FERÐATÆKI með útvarpi og stöðvaminnum og MP3 geislaspilara og Ultra Bass System.

VERÐ 5.990
FRÁBÆRT VERÐ

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

JBL

JBL ONTOURWHT
FERÐAHÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir tölvur, MP3, geislaspilara og fleira. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar, 2x3w innbyggður magnari, snertitakkar til að hækka og lækka og 3.5mm jack tengi. Gengur fyrir 4 AAA rafhlöðum eða spennugjafa. Stærð í sm (bxhxd): 17,5x3,5x8,8 og þyngd: 350g.

TILBOÐ 5.990
FULLT VERÐ kr. 9.990

DIVX VIDEO

PHILIPS DVD VIDEO

Philips DVP3142
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG.

TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ kr. 8.990

Panasonic

Panasonic SCEN28
5w Míkrósamstæða með MP3 geislaspilara og stafrænu FM/AM útvarp með 32 stöðvaminnum, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, Music Port, heyrnartólstengi, Bass Reflex hátölurum og fjarstýringu. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA.

VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

7.1 MILLJÓN PUNKTAR

Olympus FE270SIL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 4 myndstærðum, 15 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB 2.0 og 6.9MB innra minni. Tekur xD kort. 122g.

VERÐ 15.990
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax

DVD FERÐA SPILARI

Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

Dantax DVDP7
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, Dolby Digital, Coaxal útg., heyrnartólstengi, hleðslurafhlöðu, spennubreyti, tösku ogfl.

TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 16.990

JVC

JVC GRD740
Digital DV TÖKUVÉL með 2,7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

Panasonic

HEIMABÍÓKERFI

Panasonic SCPT450
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með stöðvaminni, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi ofl. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990

Dantax LCD MEÐ DVD

Dantax 19LCDDVDP3
19" LCD SJÓNVARP með 1440x900 p. uppl., Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó, kortalesara SD/MS/MMC, USB, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengl, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

LANDSINS MESTA ÚRVAL MINNISKORTA OG -LYKLA!

STÓRKOSTLEGT ÚRVAL AF HÁGÆÐA JBL HÁTÖLURUM!

JBL

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

HVERFUR Á BRAUT Magnús Þorsteinsson er hættur í stjórn Eimskipafélagsins. Hugur hans stefnir annað. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Magnús hættir í stjórn Eimskips

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Eimskipafélags Íslands, sagði sig í gær úr stjórn félagsins á stjórnarfundi og lætur þegar af stjórnarsetu að eigin ósk. Sindri Sindrason var kjörinn nýr stjórnarformaður Eimskipafélagsins, en ný stjórn verður kosin á aðalfundi í febrúar næstkomandi.

Magnús Þorsteinsson á þriðjungshlut í Eimskip og er annar tveggja kjölfestufjárfesta í félaginu. Félög tengd Landsbankanum fara einnig með um þriðjungshlut.

Í fréttatilkynningu segir Magnús að þetta sé ágætur tímapunktur til að draga sig í hlé. Búið sé að koma Eimskipafélaginu á þá braut sem að var stefnt og skynsamlegt að hverfa frá þegar hugur hans sé farinn annað. Þorsteinn segist kveðja Eimskip sáttur og tekið er fram að brotthvarf hans tengist ekki á nokkurn hátt ákvörðun Samkeppniseftirlits í fyrradag um að sekta félagið fyrir brot á samkeppnislögum. - bg

Lífeyrissjóðirnir búa sig undir átök við Novator

Finnskir lífeyrissjóðir auka hlut sinn í finnska fjarskiptafyrirtækinu Elisa. Þeir eru andsnúnir hugmyndum Novators um framtíð félagsins.

STENDUR Í STRÖNGU Hugmyndir Björgólfs Thors Björgólfssonar um breytingar á fjarskiptafyrirtækinu Elisa hafa mætt andstöðu í hópi stjórnenda finnskra lífeyrissjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta kemur ekki algerlega á óvart," segir Orri Hauksson, verkefnisstjóri hjá Novator í Finnlandi.

Finnskir lífeyrissjóðir hafa undanfarna daga aukið hlut sinn í finnska fjarskiptafyrirtækinu Elisa úr tæpum fimm í átta prósent, að því er fram kemur í frétt Reuters.

Lífeyrissjóðina og Novator greinir á um framtíðarstefnu Elisa. Novator vill gera grundvallarbreytingar á félaginu, sem lagðar verða fyrir hluthafafund sem haldinn verður í janúar. Stjórn félagsins og lífeyrissjóðirnir eru ekki fylgjandi breytingunum.

Novator vill kljúfa félagið upp í rekstrarhluta og fjárfestingahluta auk þess að auka völd stjórnar fyrirtækisins. Þá vill Novator einnig fá fulltrúa í stjórn. Björgólfur Thor hefur sagt að nýta megi möguleika félagsins betur. Stjórnin heldur því fram að félagið hafi skilað viðunandi hagnaði.

Eignaraðild í Elisa er mjög dreifð. Hluthafar eru yfir 200 þúsund, en munu samt hafa mikil áhrif á hluthafafundum.

Novator, fyrirtæki Björgólfs Thors Björgólfssonar, er sem fyrr stærsti hluthafinn með 11,5 prósenta hlut.

Orri segir að Novator sé undir það búinn að kynna sitt mál fyrir hluthöfum, einkum erlendum fjárfestum, sem ráði tæplega helmingi hlutafjár.

ingimar@frettabladid.is

Samson selur fasteignaarm

Samson eignarhaldsfélag ætlar á næstu vikum að selja fasteignaarm félagsins – Samson Properties ehf. – að því er fram kemur í skráningarlýsingu sem félagið birti í Kauphöllinni í gær.

Ekki kemur fram í lýsingunni hverjir geti verið kaupendur félagsins eða hvert söluverð þess komi til með að vera. „Samson eignarhaldsfélag, sem er kjölfestuhluthafi í Landsbankanum, eignaðist Samson Properties á síðasta ári," segir í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings um tilkynninguna. Fram kemur að ein helsta eign Samson Properties sé helmingshlutur í SG Nord Holding sem eigi helmingshlut í WTC, sem sé að þróa 129 þúsund fermetra háhýsi í Kaupmannahöfn. Þá á félagið tæpan þriðjung í Sjælsö Gruppen, en það er eitt stærsta fasteignaþróunarfélag Danmerkur og skráð í Kaupmannahafnarkauphöll OMX. - óká

TÖLVUFYRIRTÆKI SEKTUÐ Engan netpóker.

Sektuð fyrir að auglýsa póker

Hugbúnaðarfyrirtækin Google, Yahoo og Microsoft hafa verið sektuð um 31,5 milljónir dollara, jafnvirði um tveggja milljarða króna, fyrir að hafa auglýst netpókerspil.

Það er bandaríska dómsmálaráðuneytið sem sektaði risafyrirtækin en lög tóku gildi þar í landi á síðasta ári sem banna fjárhættuspil á netinu. Félögin þrjú sögðust saklaus í málinu en sekt þeirra rennur í sjóð vegna barna sem horfið hafa í Bandaríkjunum eða hafa verið misnotuð. Einnig fara peningarnir í auglýsingaherferð gegn netfjárhættuspilum sem beinast mun að ungu fólki, samkvæmt frétt Vísis. - bg

Óbreyttir stýrivextir í Svíþjóð

Sænski seðlabankinn hélt í fyrradag stýrivöxtum óbreyttum í 4 prósentum. Jafnframt færði bankinn niður hagvaxtarspá sína fyrir næsta ár meðal annars vegna þess að væntingar um minni einkaneyslu í Bandaríkjunum og Evrópu draga úr eftirspurn eftir sænskum útflutningsvörum. Um helmingur sænska hagkerfisins er drifinn áfram af útflutningi. Þetta kom fram í hálffimm fréttum Kaupþings í gær.

Þrátt fyrir þetta gerir bankinn ráð fyrir einni vaxtahækkun á fyrsta helmingi næsta árs en það mun ráðast af því hvernig mál þróast á alþjóðamörkuðum, segir í hálffimm fréttum. - bg

JÓLASVEINAR Í MÝVATNSSVEIT Jólasveinarnir fóru í sitt árlega bað fyrr í mánuðinum.

Fáir erlendir gestir

„Góðir hlutir gerast hægt. Fyrst þurfum við að vinna heimamarkaðinn," segir Jóna Matthíasdóttir, starfsmaður Snow Magic Mývatn, um jóladagskrána þar nyrðra.

Fáir útlendingar hafa sótt jóladagskrá Snow Magic í desember, en þetta er þriðja árið sem verkefnið er í gangi. „Það hafa þó komið nokkrir útlendingar í dagsferðir hingað í Mývatnssveit," segir Jóna.

Yfir sjö hundruð manns hafi þó sótt heim jólasveina í Dimmuborgum nú í desember. Margir þeirra er heimamenn og fólk úr nálægum sveitarfélögum auk fólks af höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og heimamanna auk aðila í Svíþjóð og Finnlandi.

Snow magic hefur tekið þátt í Jólasýningu í Rovaniemi í Finnlandi þar sem íslensku jólasveinarnir munu vera í hávegi hafðir. Í tengslum við það hafa verið hönnuð og gefin út póstkort með íslensku jólasveinunum, bæði með enskum og íslenskum texta.

Þá er jólaverkefnið fyrir norðan talið í hópi jólaborga heims, en þar er meðal annars að finna borgir á Spáni, Japan og Þýskalandi.

Markmið íslenska hlutans er að efla atvinnulíf í Mývatnssveit, sérstaklega yfir vetrartímann. Þá er hugmyndin að fjölga ferðafólki á svæðinu. - ikh

FLUGVÉLARISINN Lækka á kostnað.

Airbus selur verksmiðjur

Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus hyggst selja nokkrar af verksmiðjum sínum.

Fréttaveitan Bloomberg greinir frá því að verksmiðjurnar verði seldar GKN í Bretlandi, Latcore í Frakklandi og OHB í Þýskalandi.

Salan er liður í að lækka kostnað með því að láta undirverktaka sjá um hluta framleiðslunnar. Airbus hefur átt í vandræðum með að afhenda viðskiptavinum flugvélar á réttum tíma sem hefur orðið til þess að þeir hafa snúið viðskiptum sínum til Boeing í auknum mæli.

Er vonast til að með sölunni vænkist hagur Airbus. - ss

NORRÆNA KAUPHÖLLIN Flokkar fyrirtæki upp á nýtt.

Ný flokkun í OMX kauphöll

Hinn 2. janúar 2008 tekur gildi ný flokkun á félögum skráðum á OMX Nordic Exchange, sem Kauphöll Íslands er aðili að, eftir markaðsvirði í Nordic Large Cap, Mid Cap og Small Cap. Alls 45 félög færast í annan flokk þar sem markaðsvirði þeirra hefur breyst.

Sænskum, finnskum, dönskum og íslenskum félögum sem skráð eru á Nordic Exchange er skipað í þessa þrjá flokka eftir markaðsvirði. Large Cap-flokkurinn samanstendur af félögum með markaðsvirði sem nemur 1 milljarði evra eða meira, Mid Cap-flokkurinn af félögum með markaðsvirði sem nemur 150 milljónum til eins milljarðs evra og Small Cap-flokkurinn af félögum með markaðsvirði sem nemur minna en 150 milljónum evra. Flokkarnir eru uppfærðir hálfsárslega í janúar og júlí. - bg

BT

JÓLIN ERU Í BT

BESTIR Í GJÖFUM!

Glæsilegur pakki sem innheldur allar James Bond myndirnar í tveggja diska útgáfum og Póker sett.

BARA Í BT!!!!

BT LÁN
Verð frá:
1.838
24 mánaða

MESTA ÚRVALIÐ AF DVD!

MESTA ÚRVALIÐ AF LEIKJUM!

MUNIÐ EFTIR AÐ ATHUGA ALDURSMERKINGAR Á TÖLVULEIKJUM 3+ 12+ 18+

VINSÆLASTA TÓNLISTIN!

ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

Canon

Canon 400D
CANON400DBUNDLE
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar
hún er borin að auganu.
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

18-55mm linsa
55-200mm linsa
batterígrip

FYLGIR

NÝ SENDING!

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

Gjafabréf BT
100 myndir framkallaðar

FYLGIR 1.999

129.999

BT LÁN
Verð frá:
3.691
59 mánaða

PRÓFAÐU FRAMKÖLLUN Í BT!

VELDU EINN AF ÞREMUR KAUPAUKUM MEÐ MYNDAVÉLINNI!

KAUPAUKI 1

Canon Pixma MP520
Prentari, skanni og ljósritunarvél
4800x1200dpi

14.999

KAUPAUKI 2

LACIE
301285E
LACIE 500GB BLACK
Geymdu afrit af öllum ljósmyndunum þínum fyrr og síðar
á 500GB flakkara.

14.999

KAUPAUKI 3

CASE LOGIC
108SLRC3
MYNDAVÉLATASKA PROFESSIONAL
Myndavélin og linsurnar eru vel varðar í þessari vönduðu
myndavélatösku

14.999



DENVER
OM-1700
Denver Örbylgjuofn
17 lítra

4.999
9.999

34.999

Panasonic
DVD upptökutæki með hörðum disk
DMREH55
PANASONIC HDD 160GB

DENVER
MT-758
7" FERÐA DVD OG DIVX SPILARI
Snúanlegur skjár
taska og fjarstýring fylgir

14.999
19.999

Seagate
Harður Diskur
ST3500320AS
SEAGATE 500GB SATA 32MB
Nýjasti diskurinn frá SEAGATE var að lenda!

12.999

ÍSLANDSKORTIN ERU FÁANLEG Í BT!

154153
GARMIN NUVI 200

14.999

ÍSLANDSKORTIN ERU FÁANLEG Í BT!

154189
GARMIN NUVI 660FM

39.999

Canon
2178B006
CANON PIXMA MP520
Prentar skannar ljósritar

14.999

LACIE
Flakkari
301284E
LACIE 320GB BLACK
Einfalt að taka afrit!

9.999

TOSHIBA

PSAFGE-034012N5
TOSHIBA SATELLITE A210-184
AMD Athlon X2 TK-55
15.4" TFT WXGA TruBrite
- 1280 x 800 Upplausn
ATI Mobility X1200 319MB
1GB Vinnsluminni (1x1GB)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2ja ára alþjóðleg ábyrgð

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

FYLGIR 17.999

MA978ZG/A
APPLE NANO 4GB SILVER
Að verðmæti 17.999 Fylgir!

99.999

BT LÁN
Verð frá:
2.897
59 mánaða

TOSHIBA

PSU30E-04J01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-14K
Intel Core 2 Duo T5250
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel 965GM skjástýring
2GB DDR2 Vinnsluminni
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2ja ára alþjóðleg ábyrgð

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

119.999
149.999

BT LÁN
Verð frá:
3.426
59 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

skoðun

greinar@frettabladid.is

Sekt Eimskipafélagsins og ábyrgð stjórnenda:

Auðvald sem sat að svikráðum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrir réttum tveimur árum skrifaði Matthías Johannessen skorinorða ádrepu um nútímann í Lesbók Morgunblaðsins. Eins og gjarnt er um eldri menn fannst skáldinu og ritstjóranum fyrrverandi mörgu hafa hnignað í áranna rás. Þar á meðal fannst honum lítið koma til nýju kapítalistanna sem rutt höfðu sér til rúms á sviði íslensks athafnalífs á kostnað þeirra gömlu, sem Matthías þekkti og vann fyrir suma. Þeir voru „gott auðvald“ að mati Matthíasar.

Nú þekkjum við lítið til innrætis þeirra kapítalista sem mest eru áberandi í viðskiptalífinu um þessar mundir; þeir eru örugglega engir englar, en hitt vitum við að þeir gömlu voru alls ekki allir góðir.

Verðsamráð olíufyrirtækjanna og metsekt Eimskipafélagsins fyrir að misnota markaðsráðandi aðstöðu sína taka af öll tvímæli um hversu „gott“ gamla auðvaldið var. Þetta eru þau fyrirtæki sem voru krúnudjásnin í veldi auðvalds Matthíasar.

Ekki skal því haldið fram að vondir menn hafi stýrt þessum fyrirtækjum. En þeir voru að minnsta kosti ekki góðir, nema við sjálfa sig og þá sem voru innvígðir og innmúraðir í þeirra hirð. Sannarlega voru þeir ekki góðir við viðskiptavini sína, almenning í landinu. Við hann sátu þeir á svikráðum og voru brotin „alvarleg og til þess fallin að valda atvinnulífinu og almenningi miklu samfélagslegu tjóni,“ eins og segir í úrskurði Samkeppniseftirlitsins í máli Eimskipafélagsins.

Frá því brotin voru framin hefur Eimskipafélagið skipt oftar en einu sinni um eigendur og stjórnendur. Frammi fyrir lögunum er félagið þó sami lögaðilinn og skal því bera sektina. Skal engan undra að nýir eigendur vilji ekki una þeirri niðurstöðu.

Það er einkennilegt til þess að hugsa að þeir einstaklingar sem lögðu á ráðin um brot Eimskipafélagsins geta í dag látið eins og þau komi þeim nánast ekki við.

Góðu heilli hnykkja nýlegar breytingar á samkeppnislögunum á ábyrgð stjórnenda fyrirtækja vegna brota á lögunum. Þar með á að vera búið að taka af allan vafa um að þeir geti ekki skákað í skjóli þess að „brot hafi verið framin af félögum sem þeir störfuðu hjá,“ eins og lögmaður eins olíuforstjóranna hélt fram til varnar skjólstæðingi sínum fyrr á árinu.

Allir viti borni menn sjá auðvitað að félög geta ekki haft sjálfstæðan vilja. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að þeir stjórnendur félaga sem verða uppvísir að brotum á samkeppnislögum axli á því persónulega ábyrgð.

Forstjóri Eimskipafélagsins á brotaárunum var Ingimundur Sigurpálsson, núverandi forstjóri Íslandspósts og formaður Samtaka atvinnulífsins. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins hlýtur að vera aðilum að þeim samtökum umhugsunarefni. Það eflir hvorki traust né trú á atvinnulífi landsins að þar sé í forsæti einstaklingur sem hefur að mati Samkeppniseftirlitsins orðið uppvís að því að skipuleggja svo alvarleg brot á samkeppnislögum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kröftugur málflutningur

Ómar Valdimarsson almannatengill fór mikinn í Kastljósi á miðvikudag, þar sem hann og Þorsteinn Þorsteinsson, yfirmaður auglýsingasviðs RÚV, ræddu umdeilt auglýsingahlé í áramótaskaupinu. Ómar lét vaða á súðum, klifaði á orðinu „fáránlegt“, fannst út í hött að að Glitnir styrkti Laugardagslögin, sem væri „langlélegasti“ þátturinn á dagskrá, sakaði Sjónvarpið um að „hirða peninga af einkaaðilum“ og „seilast ofan í vasa auglýsenda“. Þar átti hann sjálfsagt við þá einkaaðila sem kusu að kaupa auglýsingu í miðju Skaupi. Þá var óneitanlega sérstakt að heyra formannAlmannatengslafélags Íslands tala um að það væri verið að „troða auglýsingum ofan í kokið á landsmönnum á þessum degi“.

Samsæri?

Það er ekki laust við að sumir hafi klórað sér í höfðinu yfir því hvað almannatengilinn var að gera í þættinum yfir höfuð. Hans eina aðkoma að málinu var sú að hann hafði bloggað um það og Kastljós hefur hingað til ekki verið að elta ólar við bloggara með sterkar skoðanir. Sú samsæriskenning hefur heyrst að Ómar hafi verið flugumaður á vegum RÚV. Það sé eina haldbæra skýringin, enda snerust ófáir andstæðingar auglýsingahlésins á sveif með Sjónvarpinu eftir þessa hólmgöngu.

Soðið, kalt og steikt

Skjólstæðingar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fá lambakjöt að borða á aðfangadag, jóladag og annan í jólum. Á aðfangadag verður lambakjötið soðið og með því grænmetisjafningur og snittubrauð. Á jóladag verður kalt hangikjöt á borðum með uppstúfi og grænmeti og á öðrum degi jóla verður steikt lambalæri með sveppasósu og steiktum kartöflum. Á fimmtudag, föstudag og laugardag verður boðið upp á fisk og kjúkling en á sunnudag fær fólkið enn eina lambakjötsmáltíðina, í það sinnið lambasnitsel með hrásalati og steiktum kartöflum.

bergsteinn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

Orka milli tveggja heima

ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Í DAG | Orkumál

Sú kenning að hið opinbera skuli halda sig fjarri samkeppnisrekstri á markaði hefur á síðustu árum náð slíku fylgi meðal þjóðarinnar að hún er lítt umdeild. Vitanlega greinir menn á um hvar skilji á milli hlutverka hins opinbera og einkaframtaksins, en ágætt sátt er um að sniðmengi þessara tveggja heima skuli vera sem minnst. Þar sem blandast saman í einn graut opinbert fé og áhættufé einstaklinga er hætt við því að hagsmunir stangist á og sá ólíki hraði sem tíðkast í þessum heimum valdi streitu og núningi, og hættu á óskynsamlegum ákvörðunum og jafnvel spillingu.

Hún er því ekki að ósekju tortryggnin sem sjálfstæðismenn hafa í garð opinberra fyrirtækja og flestum okkar gremst að enn skuli vera dæmi þar sem afli ríkisins er beitt í samkeppni við einkaframtakið. Ungir sjálfstæðismenn hafa ætíð lagt áherslu á að þrýsta á um að stjórnvöld sleppi taki sínu af þeim atvinnurekstri þar sem eðlilegt og rétt er að einkaframtakið fái að njóta sín. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja á borð við bankana og Landssímann hefur án nokkurs vafa haft veruleg og jákvæð áhrif á þróun íslensks atvinnulífs á síðustu árum – og hið sama er að segja um aðra þætti atvinnulífsins þar sem einkaaðilar hafa komið í stað hins opinbera.

Ákvarðanir byggðar á pólitík

En til þess að hægt sé að flytja eigur úr eigu hins opinbera og selja á markaði er óhjákvæmilegt að um hríð lendi þær á svæði þar sem mörkin milli þessara tveggja heima eru ekki kristaltær. Þannig stóð Síminn í langvinnri samkeppni við einkaaðila á markaði áður en fyrirtækið var einkavætt og hafði þá auk þess yfirráð yfir dreifingarkerfi sem samkeppnisaðilar treystu á afnot af. Á meðan það ástand varði að Síminn var ekki enn einkavæddur hefði tæplega þótt viðeigandi að fyrirtækið legði niður alla nýsköpun, markaðssetningu og fjárfestingu. Til þess er ætlast af ríkinu að það hirði vel um sínar eignir og reyni að fá fyrir þær gott verð ef þær eru seldar á almennum markaði. Reynslan er þó vitaskuld sú að strangt aðhald markaðarins, neytenda og samkeppninnar er mun áhrifaríkari hvati til góðra verka heldur en þau verðlaun sem fást fyrir velgengni hjá hinu opinbera. Þetta er sanngjarnt og eðlilegt fyrirkomulag.

Nýleg umræða um einkavæðingu og fjárfestingu í orkugeiranum er áhugaverð fyrir þær sakir að þar er teflt með mörg þeirra álitamála á mörkum einkarekstrar og hins opinbera. Í Sjálfstæðisflokknum, meðal annars hjá SUS, ríkir það viðhorf að ekki skuli undanskilja orkugeirann í þeirri þróun að færa samkeppnisrekstur frá ríkinu. Ríkiseinokun í orkugeiranum hefur leitt af sér hið óhjákvæmilega að ákvarðanir byggjast meira á pólitík en arðsemi. Það er til að mynda alls óvíst að fjárfesting í Kárahnjúkavirkjun hefði átt sér stað ef engin pólitík hefði þar átt í hlut. Annar fylgifiskur slíkrar einokunar er að arður fyrirtækja er gjarnan falinn í of miklum starfsmannafjölda, ævintýralegri tilraunastarfsemi, of íburðarmikilli yfirbyggingu – eða hluti hans einfaldlega sprengdur í loft upp sem skemmtiatriði, t.d. í formi flugelda.

Af þessum sökum og fleirum hafa ungir sjálfstæðismenn lagt áherslu á einkavæðingu í orkugeiranum. Hin gríðarlegu umsvif orkufyrirtækja í opinberri eigu er ekki hægt að réttlæta til eilífðarnóns. Tilraunir til að búta niður opinber fyrirtæki og aðskilja samkeppnisrekstur og fjárfestingarstarfsemi frá almannaþjónustu er skref í rétta átt – og hvert og eitt ferðalag hefst jú einmitt á einu skrefi. Það er ekki líklegt að nægileg sátt náist um að einkavæða alla þætti í orkugeiranum. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að ekki er vansalaust að einkavæða starfsemi sem lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar.

Skýr vilji

En allt öðru máli gegnir um mjög stóran hluta af starfsemi íslensku orkufyrirtækjanna. Ákvarðanir um fjárfestingar í stóriðju hérlendis, svo ekki sé talað um útrás þeirra til annarra landa, hefur ekkert að gera með hlutverk þeirra gagnvart íslenskum almenningi. Sjálfstæðismenn ættu því að berjast fyrir því að skynsamlegar leiðir verið farnar til þess að koma þessum þáttum orkufyrirtækjanna burt úr faðmi hins opinbera.

Að Landsvirkjun og OR eigi félög um áhættufjárfestingar, hér á landi og í útlöndum, er vitaskuld ekki mikið fagnaðarefni fyrir þá sem styðja frjálsa samkeppni. En sé litið á hana sem hluta af þróun í þá átt að flytja stóran hluta þessarar starfsemi yfir línuna milli opinbers og einkarekstrar hljóta flestir að sætta sig við að hún staldri í skamma stund við í sniðmenginu milli þessara tveggja heima. Þá er nauðsynlegt að vilji stjórnvalda sé sem skýrastur og aðilar á markaði, og kjósendur, hafi réttar upplýsingar um fyrirætlanir stjórnvalda og sérstaklega skýrt sé kveðið á um ábyrgð þeirra sem fara með völd í fyrirtækjum sem þannig er ástatt um.

Höfundur er formaður SUS.

Athugasemd og hugleiðing



GUNNAR SKÚLI ÁRMANNSSON

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Í Fréttablaðinu 18. desember er frétt um spítalasýkingar. Þar er ýmislegt haft eftir mér. Nokkrar athugasemdir hef ég við þessa frétt. Reyndar ekki stórvægilegar með tilliti til alvarleika fréttarinnar. Í fyrsta lagi starfa ég við Hringbraut en ekki í Fossvogi. Í öðru lagi hef ég sennilega ekki sagt eftir einfalda aðgerð því við framkvæmum sárafáar einfaldar aðgerðir á Landspítalanum. Hef ég sennilega sagt venjulegar aðgerðir. Spítalasýkingar geta sjálfsagt verið flókið fyrirbæri.

Viss grundvallaratriði eru þó vel þekkt. Handþvottur er stundaður af kappi á Landspítalanum og er það vel. Aftur á móti eru þrengslin slík að oft þurfa sýktir og ósýktir að liggja hlið við hlið. Á gjörgæsludeildinni á Hringbraut þar sem ég vinn eru þrengslin slík að oft þarf sjúklingur sem er nýbúinn að undirgangast hjartaaðgerð sem á að færa honum betra líf að liggja við hliðina á mikið sýktum einstaklingi. Þetta finnst aðkomumönnum óhæfa og glöggt er gests augað.Það sem magnar upp áhrifin af þrengslunum er manneklan og vinnuálagið. Ef hægt væri að hafa einn hjúkrunarfræðing á hvern gjörgæslusjúkling væri hægt að takmarka smit á milli þeirra. Vandamálið er skortur á hjúkrunarfræðingum.

Stundum verður einn hjúkrunarfræðingur að sinna fleirum en einum sjúklingi í einu. Að sjálfsögðu er reynt að raða þeim þannig niður á sjúklingana að það lágmarki hættuna á smiti. Einnig er farið eftir ströngustu reglum í smitgát. En vegna manneklu er álagið oft gríðarlegt og hreinlega til að bjarga sumum sjúklingum þarf að hlaupa á milli. Þar að auki eru þessar bakteríur mjög erfiðar viðfangs. Sjálfsagt finnst rekstraraðilum spítalans mikilvægt að spara í rekstri hans. Það er nánast orðið að trúarsetningu að gera slíkt. Einn sýktur hjartaskurðsjúklingur er á við heila herdeild af hjúkrunarfræðingum í peningum talið. Þar að auki held ég að sá sýkti hafi ekki ætlast til að skattgreiðslum sínum væri svona illa ráðstafað.

Ef ungverski læknirinn Semmelweis gengi aftur á gjörgæsludeildinni á Hringbraut, þar sem allir þvo sér um hendurnar í dag, myndi hann segja; HJÚKKA Á KJAFT.

Höfundur er svæfinga- og gjörgæslulæknir.

SKÖTUVEISLA
Þeir sem vilja borða skötu á Þorláksmessu en líkar ekki lyktin geta skellt sér á skötuhlaðborð.
JÓL 2

JÓLASVEINADANS
Dansjólasveinninn Kláus býður upp á nýjan dans á hverjum degi í desember.
JÓL 3

allt

HÚSGAGNA-LAGERSALA

• Leðursófasett
• Hornsófasett
• Sófasett með inndregnum skemli
• Borðstofuborð og stólar
• Sófaborð
• Eldhúsborð
• Rúmgaflar
• Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr
Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr
Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Þórunn unir sér best í eldhúsinu. Hér er hún að elda fiskisúpu kokksins sem er tilvalinn forréttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvetur aðra til dáða

Þórunn Kjartansdóttir er matgæðingur fram í fingurgóma og ákvað nýlega að deila ástríðu sinni með öðrum.

Þórunn Kjartansdóttir starfar sem skurðhjúkrunarfræðingur en í hjáverkum gerir hún ýmsar tilraunir í eldhúsinu. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á matargerð, lesið óteljandi uppskriftabækur og sankað að mér fróðleik um fjölbreytta matarmenningu," segir Þórunn. „Ég hef verið óhrædd við að prófa mig áfram og fékk löngun til hvetja annað fólk til dáða," bætir hún við.

Þórunn hefur verið í matarklúbbi með öðrum skurðhjúkrunarfræðingum um nokkurra ára skeið og hefur það oft komið í hennar hlut að sjá um forrétti. „Stelpurnar hafa verið hrifnar af réttunum og mig fór að langa til að deila uppskriftunum með öðrum. Ég ákvað því að gefa út bók sem heitir Byrjun á góðu kvöldi en í henni má finna uppáhalds forréttina mína ásamt ýmsum fróðleik um pestógerð, sveppa- og berjatínslu svo eitthvað sé nefnt," segir Þórunn en bókin fæst í sérverslunum á borð við Gallerí Fiskisögu og Fylgifiskum á Laugaveginum. „Ég vona að bókin geti ýtt undir áhugann hjá ungu fólki. Hægt er að styðjast við undirstöðuatriði en prófa sig svo áfram með bragðlaukana." Uppskrift á síðu 4.

vera@frettabladid.is

JÓLA-MÓTOR HVAÐ....!

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER
22. Desember er opið 11:00 - 18:00
23. Desember er opið 11:00 - 18:00
27. Desember er opið 10:00 - 18:00
28. Desember er opið 08:00 - 18:00
29. Desember er opið 11:00 - 14:00

HÖFUÐLJÓS FRÁBÆRT VERÐ - KR. 1.995,-
MAGLITE - LJÓSIN FRÁBÆRT VERÐ
KASTARAR IPF 170/100W - FRÁ KR. 14.900,-
20% Afsláttur af öllum mótorhjólavörum til jóla...
LOFTÞRÝSTINGSMÆLIR ÞRÁÐLAUS - KR. 14.900,-
DRÁTTARSPIL FRÁ KR. 14.900,-
HONDA CRF70 JÓLATILBOÐ KR. 249.000,-
OPIÐ 22 & 23 DES FRÁ KL. 11 - 18

K&N HIGH-FLOW AIR FILTERS ARB TOYO TIRES WARN HARÐIR PAKKAR FYRIR JÓLIN HJÁ BENNA SHOEI

Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
S. 590 2000 - www.benni.is

allt jólin koma

Sælgæti er mikið borðað á jólunum og oftar en ekki verða ákveðnar tegundir að einhvers konar hefð. Nægir þar að nefna Nóa og Siríus-konfektið og Mackintosh-molana góðu.

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Jólabók golfarans!

eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson

Fæst í helstu bókabúðum og víðar!

heimur

Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 · www.heimur.is

Skötuveisla á Grand hóteli

Nú líður senn að Þorláksmessu og hlakka þá margir til að bragða á árvissri skötunni á meðan aðrir kvíða lyktinni.

Það er ágætis lausn að bregða sér af bæ og borða skötuna annars staðar til að losna við megna skötufýluna en fá samt að njóta ótvíræðs bragðsins. Grand hótel hefur í ára raðir boðið upp á glæsilegt skötuhlaðborð á Þorláksmessu og hafa menn þar hvatt fólk til að „vera ekki í fýlu heima hjá sér".

„Skötuhlaðborðið hefur verið mjög vinsælt hjá okkur og veislan er ávallt þéttsetin. Við erum með margar gerðir af skötu, vestfirska, kæsta, saltaða og smáskötu. Síðan erum við með saltfisk og nætursaltaðan fisk fyrir þá sem eru ekkert allt of hrifnir af skötu. Svo er náttúrlega alltaf síld, saltfiskur, laufabrauð og þess háttar," útskýrir Þórdís Hrönn Pálsdóttir, markaðsstjóri Grand hótels. Skötuveislan er sem fyrr segir á Þorláksmessu, 23. desember, og stendur yfir frá klukkan 12-14 og er verðið 3.950 krónur.

„Það er hefð hjá mörgum hópum að fara saman á Þorláksmessu á skötuhlaðborð hjá okkur og er þetta auk þess hin mesta skemmtun þar sem boðið er upp á lifandi tónlist og skemmtilega stemningu," segir Þórdís kímin og bætir við: „Sem betur er nýja móttakan og gistiálman hjá okkur langt frá veitingadeildinni þannig að vonandi truflar lyktin ferðamennina ekki of mikið." Enn er laust í skötuhlaðborðið en það fer þó hver að verða síðastur að tryggja sér sæti. Hægt er að bóka pantanir í síma 514 8000. *hrefna@frettabladid.is*

Þórdís Hrönn Pálsdóttir, markaðsstjóri Grand hótels, segir skötuveisluna ávallt njóta mikilla vinsælda.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur

KOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið frá 10 - 22

Candino swissnesk gæðaúr fást hjá úrsmiðum!

CANDINO
SWISS WATCH

Festina-Candino Watch Ltd candino.com
a company of the Festina Group

Diskójólasveinninn Kláus tjúttar jólin inn

Dansjólasveinninn Kláus býður upp á nýjan dans á hverjum degi í desember. Hinn sanni andi jólanna er í sporunum, segir sveinninn.

Jólasveinarnir tjá gleði sína í desember með ýmsum hætti. Norðlenski jólasveinninn Kláus hefur fundið sína leið og frá byrjun desember hefur hann dansað nýjan dans á hverjum degi á heimasíðu jólabókarinnar Jón Ólafur jólasveinn, eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur.

„Mér finnst eins og allir séu að tapa sér í græðgi og innkaupum. Þess vegna skrifaði ég söguna um Jón Ólaf jólasvein sem allir landsmenn geta lesið og hlustað á endurgjaldslaust til að leggja mitt af mörkum til að snúa við þessari þróun," segir Kristlaug María, sem er kannski þekktust fyrir sögurnar Ávaxtakarfan og Hafið bláa hafið.

Á hverjum degi í desember er hægt að hala niður nýjum kafla af sögunni um Jón Ólaf og sjá dansjólasveininn Kláus sem tekur ný spor á hverjum degi. Þrátt fyrir miklar annir féllst Kláus á að veita viðtal. „Ég er stanslaust á ferð og flugi þessa dagana enda að koma jól. Síðan er ég svolítið að skemmta mér í snjónum í Hlíðarfjalli og tók einmitt eina salíbunu hérna í morgun. Samt get ég nú ekki verið að leika mér allan daginn. Ég hef nú ellefu aðra mánuði til þess," segir Kláus sem hefur að eigin sögn alltaf verið mikið dansfífl. „Mér fundust sporin í kringum jólatréð orðin heldur einhæf. Þess vegna fór ég á nokkur dansnámskeið og fór að rækta þennan hæfileika í mér. Síðan er ég heldur ekki með staurfót eins og bróðir minn og er fæddur með ansi góða sveiflu," segir Kláus sem sýndi fyrstu taktana opinberlega á heimasíðu Jóns Ólafs í byrjun desember. „Ég er önnum kafin við jólasveinastörfin svo ég hef því miður ekki haft tíma til að koma fram opinberlega. Hins vegar er þörfin fyrir dansandi jólasveina mun meiri en ég átti von á og nú eru hundrað og fimmtíu þúsund heimsóknir skráðar á síðuna," segir Kláus, sem lofar að skella sér líka í dansskóna fyrir næstu jól.

Kláus er mikill diskósveinn að eigin sögn en segist líka vera heilmikill ABBA-kall og nefnir einnig konung rokksins. „Elvis er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég hef þess vegna æft mig sérstaklega í mjaðmasveiflum. Síðan finnst mér Vanilla Ice líka skemmtilegur kappi. Það er eitthvað svo jólalegt við nafnið," segir Kláus, sem stefnir á róleg sígild dansspor á aðfangadag til að róa sig niður eftir jólavertíðina.

Ólíkt öðrum jólasveinum er Kláus hins vegar alls ekki upptekinn af öllum pökkunum. „Í gegnum aldirnar hafa það ekki verið gjafir sem hafa veitt börnum og mömmum þeirra ánægju, heldur dans. Svo hinn sanni andi jólanna er í danssporum sem gerir alla glaða og ég mæli með því að fólk dansi með mér í desember. Jafnvel eitthvað fram í janúar fyrir þá sem eru í stuði," segir Kláus og bætir því við að hann ætli að byrja daginn í fyrramálið með Club Tropicana með Wham klukkan átta, áður en hann mætir í dagatalið.

Söguna um Jón Ólaf jólasvein er að finna á www.jonolafur.is þar sem hægt er að hala niður einum kafla á dag af hljóðbók eða prenta söguna um Jón Ólaf jólasvein út. Kristlaug María, samstarfskona Kláusar og höfundur Jóns Ólafs jólasveins tekur það fram að ekki sé búið að selja kvikmyndaréttinn að sögunni en bóndi norður í Eyjafirði hafi hug á að gefa söguna út á bók, sem nokkurs konar hliðarbúgrein og þá myndskreytta, en hún yrði þá algerlega á norðlensku.

rh@frettabladid.is

Ekkert er meira hressandi en að byrja hvern morgun á aðventunni á svolitlu tjútti.

Kláus byrjaði dansinn í desember og hvetur alla til að finna hinn sanna jólaanda í sporunum.

ABBA, Elvis og Vanilla Ice höfða til Kláusar sem hefur mikið æft mjaðmasveiflur upp á síðkastið.

Dansskórnir verða líka dregnir fram næstu jól að sögn Kláusar sem er stanslaust á ferð og flugi milli krakkanna í desember.

Kláus segist vera mikið dansfífl og fannst sporin í kringum jólatréð orðin hálf einhæf þegar hann ákvað að hressa upp á jóladansinn.

Einfaldlega ódýrt

Brunndæla 400w **kr. 4.495** stgr.

Hjólsög 1400w í tösku, 2 blöð fylgja **kr. 6.210** stgr.

SDS Höggborvél 1500w **kr. 10.995** stgr.

Kúttari 1800w með framdragi, + borðstandur, + laser, **kr. 16.450** stgr.

Tifsög 85w **kr. 7.750** stgr.

Bútsög 2000w **kr. 14.100** stgr.

Hleðsluskrúfjárn 4,8 V **kr. 1.795** stgr.

Rafmagnstalía 400 / 800kg **kr. 17.860** stgr.

Súluborvél 350w 1,5 - 13mm **kr. 7.880** stgr.

Slípirokkur 500w 115mm **kr. 1.695** stgr.

Rafmagnshefill 600w **kr. 2.795** stgr.

Fræsari 1200w fræsitannasett fylgir **kr. 6.375** stgr.

Stingsög 600w **kr. 3.495** stgr.

Fjölslípari 130w aukahlutir og standur fylgja **kr. 2,395** stgr.

Loftpressa 1500w 24 lítra 8 bar 206 L/mín **kr. 11.960** stgr.

Snúruborvél 500w **kr. 1.645** stgr.

Snúruborvél 550w Sjálfherðandi patróna **kr. 1.960** stgr.

Hitabyssa 2000w **kr. 3.250** stgr.

Slípirokkur 2400w **kr. 12.995** stgr.

Bandslípivél 800w **kr. 3.995** stgr.

Jeppatjakkur sem lyftir 2.250kg 150 - 520mm **kr. 9.165** stgr.

Veltisög **kr. 49.000** stgr.

Bandsög 350w **kr. 11.925** stgr.

Smergel 120w **kr. 2.920** stgr.

Flísasagir 450w **kr. 6,995** stgr.

Réttingatjakkur 10 tonn **kr. 41.400** stgr.

Vinnustóll 38 - 51 cm **kr. 5.710** stgr.

Legubretti Pro-lift **kr. 4.855** stgr.

Bónvél 110w **kr. 2.585** stgr.

Borðsög 1600w **kr. 15.870** stgr.

Verkfæralagerinn

Skeifan 8 • 108 Reykjavík • Sími: 588-6090 • Fax: 588-5040 • vl@simnet.is

Negulnaglar hafa afgerandi ilm og bragð sem minna á jólin. Það kórónar pörusteikina að stinga negulnöglum í skorurnar, gott er að nota þá í jólaglögg og kryddlög og einnig má stinga þeim í mandarínur og appelsínur til að framkalla góðan jólailm.

Fiskisúpa kokksins

UPPSKRIFT TÓTU



Fyrir 6-10

Tekur 30 mínútur að undirbúa. Líka góð daginn eftir.

150 g lúða
150 g ýsa
150 g rækjur
150 g hörpudiskur (má sleppa)

Mikilvægt að setja rækjurnar í eftir að slökkt er á pottinum eða hafa aðeins 1-2 mínútur á gashellu.

3 hvítlauksrif
3-4 gulrætur sneiddar
1 stk. laukur
1 rauð paprika sneidd
1 græn paprika sneidd
1 dós tómatpuré
1 dós niðursoðnir tómatar
2½ dl vatn
1 teningur fiskikraftur
½ teningur hænsnakraftur
1 tsk. tandoori masala
¼ tsk. karrí
¼ tsk. hvítur pipar
6 sólþurrkaðir tómatar sneiddir
4 msk. mango chutney
1 dl sæt chilisósa
500 ml matreiðslurjómi

Byrja á að hita eina matskeið af olíu í pottinum og brúna þrjú hvítlauksrif sem búið er að merja með hnífsblaði og skera niður. Tekið af hitanum og sett í skál. Brúna síðan í sama potti gulræturnar, laukinn og paprikurnar í tveimur matskeiðum af olíu.

Þá er bætt í tómatpuré, niðursoðnu tómötunum, vatni, fiskikrafti, hænsnakrafti, tandoori masala, karrí og hvítum pipar. Nú strax á eftir eru sólþurrkuðu tómatarnir sneiddir niður og mango chutney, sætu chilisósunni og matreiðslurjómanum bætt við.

Möluðum svörtum pipar bætt við eftir smekk og látið sjóða niður í um það bil fimmtán mínútur. Þá er slökkt undir pottinum.

Þegar borðhaldið fer að nálgast er vermt undir pottinum og fiskurinn (allur nema skelfiskurinn) settur út í og beðið eftir suðunni. Gott að nota lúðu, ýsu eða búra. Skelfiskur eins og rækjur, hörpudiskur eða humar er settur út í þegar potturinn er tekinn af hellunni. Látið standa í fimm mínútur. Borið fram með nýju brauði. Til gamans er hægt að bera súpuna fram í brauðkollum sem er hægt að kaupa tilbúnar. Smátt skorinni steinselju er sáldrað yfir.

SiRKUS

Þórunn Högnadóttir sjónvarpskona opnar heimili sitt

STÍLHREINT OG SMART

fréttir

Heyrst hefur

Ellý Ármanns er byrjuð að blogga aftur

Aðdáendur ljósblárra skrifa Ellýjar Ármanns á bloggsíðu hennar geta tekið gleði sína á ný því Ellý er byrjuð að blogga aftur. Ellý lokaði bloggsíðu sinni á haustdögum enda þótti síðan afar umtöluð. Ellý slær ekki slöku við í nýjustu færslunum og fer hamförum í lýsingum sínum á samskiptum íturvöxnu vinkonunnar og kakóbrúna útvarpsmannsins. Þeim sem vilja létta af sér í jólastressinu er bent á að kíkja á síðuna hennar, http://ellyarmanns.blog.is.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
Forsíðumynd Völundur Jónsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Auglýsingastjóri
Guðný Guðlaugsdóttir Sími 512 5462
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR ER KOMIN AFTUR HEIM

Keypti Grænan kost

Heilsugúrúið og matgæðingurinn Sólveig Eiríksdóttir seldi sinn hlut í veitingastaðnum Grænum kosti fyrir þremur og hálfu ári. Nú er fyrirtæki hennar, Himnesk hollusta, hins vegar búið að kaupa staðinn aftur af fyrri meðeiganda hennar, Hjördísi Gísladóttur. „Þetta er mjög góð tilfinning, mér finnst eiginlega eins og ég hafi bara „skroppið aðeins frá“ og sé að koma aftur. Ég er hvort sem er alltaf kennd við Grænan kost. Síðast um daginn var ég í einhverju viðtali um Himneska hollustu og spyrillinn segir: „Ég er hérna með hana Sollu á Grænum kosti sem ætlar að segja okkur frá fyrirtækinu sínu HH ...“ segir hún og hlær og segir að henni hafi bara fundist það krúttlegt. „Ég fékk ljótt brjósklos fyrir um fjórum árum, sem reyndist ótrúlega erfitt að sigrast á. Ég hreinlega sá ekki að ég myndi nokkurn tímann aftur geta farið að vinna í eldhúsi og fannst bara best og skynsamlegast að selja,“ segir Sólveig spurð um af hverju hún hafi selt á sínum tíma. Nú er hún hins vegar búin að ná sér að fullu og til í tuskið. Hún segist ekki hafa getað staðist freistinguna þegar hún komst að því að Hjördís væri í söluhugleiðingum og hún segir röð mikilla tilviljana hafa leitt það af sér að Grænn kostur hafi endað í hennar höndum. Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi saknað veitingastaðarins segir hún svo vera. „Vissulega hef ég saknað Kostsins, en ég kom mjög reglulega í heimsókn til Hjördísar og fékk mér að borða og hélt fínu sambandi bæði við hana og staðinn. Þannig að mér finnst ég eiginlega bara hafa hálf selt,“ segir hún og glottir.

Ætlar þú að gera einhverjar breytingar?

„Hjördís var sjálf byrjuð að gera breytingar og ég mun halda áfram með þær. Ég hef sjálf breyst á þessum árum síðan við opnuðum Grænan kost, verið dugleg að sækja mér nýjungar og fróðleik úti um allan heim. Allt hráefnið hefur breyst og úrvalið aukist ótrúlega mikið. Kúnnarnir hafa breyst og bara meðvitundin almennt hjá fólki. Grænn kostur hefur verið í fararbroddi og mun ég sjá til þess að svo verði áfram.“ Sólveig tekur við Grænum kosti um áramótin. Hún mun hafa yfirumsjón með eldamennskunni en vegna brjósklossins getur hún ekki staðið miklar vaktir í eldhúsinu. „Ég mun hafa puttana í matargerðinni og skipta mér mikið af, gera það sem mér finnst skemmtilegast sem er að búa til nýjar uppskriftir og leyfa kúnnanum að njóta.“ Grænn kostur var stofnaður 1994 og segir Sólveig að á þeim tíma hafi orðið miklar breytingar á matarvenjum þjóðarinnar. „Í byrjun fengum við fullt af fólki sem kom eingöngu hreinlega til að skoða matinn, það var ekki alveg að trúa því að hægt væri að búa til mannamat úr þessu, hvað þá að maður yrði saddur. Við þóttum „svolítið“ skrítnar og djarfar en í dag liggur við að krakkar læri að segja „spínat“ á eftir pabbi, mamma og datt,“ segir hún og hlær.

SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR Er alsæl að vera komin aftur „heim“. Hún segist ekki ætla að gera neinar stökkbreytingar. MYND / VÖLUNDUR

borgin mín

Róbert Douglas, leikstjóri
PEKING

MORGUNMATURINN: Morgunmatur er ekki mikill hér í Kína, flestir láta sér nægja að fá sér heita sojamjólk og leifarnar frá því kvöldinu áður, það er alla vega hefðin. Með þessari hefð hafa sprottið upp hinir og þessir morgunverðarréttir sem eru byggðir á því að blanda saman öðrum réttum, þú ert samt ekki að kaupa alvöru leifar af kvöldmat annarra. Minn morgunmatur er bara það sem er í boði hverju sinni fyrir framan íbúðina mína, það sem götusölumaðurinn er að elda hverju sinni. Þetta geta verið súpur, pönnukökur eða „dumplings“ og auðvitað heit sojamjólk með.

SKYNDIBITINN: Ef ég er ekki í skapi til þess að tala kínversku og reyna að koma mér í gegnum kínverskan matseðil er alltaf hægt að benda á myndirnar í McDonalds eða KFC sem spretta upp á hverju götuhorni hér í Peking. En besti skyndibitinn er samt sem áður hefðbundinn kínversk pönnukaka sem heitir Jian Bing, virkar vel við öll tækifæri ... morgunmat, hádegismat, þynnkumat, hin fullkomni skyndibiti. Þetta er þunn pönnukaka sem er steikt fyrir framan mann, oftast með þunnu lagi af eggi ofan á deiginu, lauk og smá sterkri sósu. Staðirnir sem selja þennan mat eru oftast bara einn maður með hellu á hjólum og hálft hverfið í biðröð, þannig að billjón manns geta varla haft rangt fyrir sér, þetta er besti skyndibiti í heiminum.

UPPÁHALDSVERSLUN: Allar verslanir í Peking eru auðveldlega uppáhaldsverslunin, því að allt er um 80% ódýrara en heima á Íslandi... frá mat, fötum og upp í lúxusvörur og bíla. En þar sem ég er mikill bíómaður verð ég að nefna DVD-búðirnar. Löglegar búðir selja DVD-diska á 300 kr. stykkið og úrvalið er eins og það besta úr HMV eða Virgin, ólöglegir sölumenn selja diskinn á 30 kr. stykkið en úrvalið er aðeins stærstu Hollywood-myndirnar og oft eru gæðin léleg. Síðan eru það skemmtilegustu búðirnar, „semi-legal“ DVD-verslanir eins og þær eru kallaðar hér, en þær selja diskana á 60 kr., gott úrval og góð gæði. Allir diskarnir eru ólöglegir en þetta er samt búð í húsnæði, ekki maður að selja úr ferðatösku á götunni. Þar sem þessar búðir borga skatt af húsnæðinu eru þær orðnar svona ... „semi-legal“.

LÍKAMSRÆKTIN: Hjóla um alla borgina, tennis í almenningsgarði, borðtennis í almenningsgarði eða Tai Chi með gamla fólkinu á morgnana. Fótbolti í einum af amatör-deildum útlenskra stórfyrirtækja. Eða bara fara í líkamsræktarstöð sem eru mjög vinsælar í borginni og nóg af þeim í öllum gæðaflokkum og verðflokkum.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Franskir veitingastaðir ættu að virka best upp á þetta að gera og hér er nokkuð gott úrval af þeim, flestir eru reknir af Frökkum og með kokka beint frá Frakklandi. En verðið er kínverskt, ekki franskt, þannig að hér er hægt að fá alvöru franska þriggja rétta máltíð með víni fyrir um 1000 kr. á mann, og gæðin eru alls ekki minni en í Evrópu.

BEST VIÐ BORGINA: Andrúmsloftið er rólegt, hér skiptir mestu máli að fólk sé að lifa lífinu, þannig að fólk vill frekar geta eytt tíma með börnunum eða vinum og fjölskyldu heldur en að vera í lífsgæðakapphlaupinu. Þannig að hér er fólk mikið á veitingahúsum, í görðum að leika sér og almennt að taka því rólega frekar en að hlaupa í þrjár til fjórar vinnur.

VEL KLÆDDIR Kormákur og SKjöldur svíkja ekki kúnnana sína og breyta ekki mikið út af vananum. Þeim finnst sixpensari og vesti vera alger skyldueign.

MYND/VÖLUNDUR

HERRAFATAVERSLUN KORMÁKS OG SKJALDAR

GRAFIN OG GLEYMD

„Við fluttum herrafataverslun okkar í alfaraleið í verslunarhúsnæði Kjörgarðs við Laugaveg og erum þar í kjallaranum,“ segir Kormákur Geirharðsson, verslunareigandi og framkvæmdamaður. En Kormákur rekur Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar ásamt félaga sínum Skildi. Tvíeykið hefur rekið herrafataverslunina um árarraðir og lengi vel var verslunin á Skólavörðustígnum. „Verslun okkar virðist hafa gleymst þar sem hún er í kjallara ofarlega á Laugaveginum,“ segir Kormákur. „Það er mikil synd þar sem vöruúrvalið hefur aldrei verið betra. Við bjóðum nú upp á þýska gæðamerkið Herr Von Eden sem hingað til hefur einungis verið selt í Þýskalandi en þeir sérhæfa sig í jakkafötum, bindum og skyrtum. Einnig seljum við fatnað frá ítalska merkinu DNA sem framleiðir föt í sixtís anda og hafa verið gífurlega vinsæl,“ bætir Kormákur við og vonast til að fólk muni eftir þeim félögunum þegar kemur að jólainnkaupunum. En hvað ætti hver karlmaður að eiga fyrir jólin? „Vesti er algjör skyldueign og góður sixpensari er nauðsynlegur til að komast út í slabbið,“ segir Kormákur að lokum.

Bergthora@frettabladid.is



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi,
Internetinu, beint í símann þinn!

Gullpakkinn
Internet í símann
~~990~~ kr./mán. fylgir
með á **0** kr./mán.

Internetið // MSN
CNN // MTV // Skífan TV
Hringitónar // Vinatónar

NOKIA
6120
Internetsíminn!

890 kr.
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:
9.900 kr.

Fullt verð: ~~24.900~~ kr.

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 5191919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

Loksins á Íslandi

HIÐ HEIMSÞEKKTA VÖRUMERKI

EINSTÖK GJAFAVARA GLERVARA Í SÉRFLOKKI

S. 578 4400 • IBK Í FÁLKAHÚSINU • SUÐURLANDSBRAUT 8

Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Ýmsir	–	Pottþétt 45
2	Mugison	↑	Mugiboogie
3	Villi Vill	↑	Myndin af þér
4	Sprengjuhöllin	↑	Tímarnir okkar
5	Hjálmar	↓	Ferðasót
6	Páll Óskar	↑	Allt fyrir ástina
7	Ellen	–	Einhversstaðar einhvern
8	Ýmsir	↓	100 Íslensk jólalög
9	Laddi	↑	Jóla hvað?
10	Björgvin Halldórsson	↑	Jólagestir 4
11	Álftagerðisbræður	↑	Álftagerðisbræður
12	Hjaltalín	↑	Hjaltalín
13	F.Ómars & G.Gunnars	↓	Ég skemmti mér um jólin
14	Björgvin Halldórsson	↓	Jólagestir 1-3
15	Eagles	↓	Long Road Out Of Eden
16	Garðar Thor Cortes	↑	Cortes 2007
17	Led Zeppelin	–	Mothership
18	Josh Groban	↓	Noel
19	Baggalútur	N	Jól og Blíða
20	Dísella	↓	Solo Noi

VINSÆLUSTU DVD

1	Næturvaktin
2	Astropía
3	Simpsons The Movie
4	Hairspray
5	Mýrin
6	Shrek The Third
7	Bourne Ultimatum
8	High School Musical 2
9	Transformers
10	Rush Hour 3
11	Pirates of the Caribbean 3
12	High School Musical 1
13	Knocked up
14	Latibær Jólasveinninn
15	Harry Potter the order of Pho.
16	Top Gear
17	Fóstbræður sería 1
18	Fóstbræður sería 3
19	Fóstbræður sería 2
20	The Secret, íslenskt

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

Listinn gildir 21. til 28. des 2007

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

DELL XPS M1330™

GOTT FÓLK

XPS

LANGAR ÞIG Í EINA?

- Intel® Core™2 Duo T7250 Santa Rosa örgjörvi
- 2,00GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 13,3" UltraSharp WXGA (1280x800) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
- 128MB nVidia GeForce Go 8400M GS skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Innbyggt 10/100 netkort
- Dell 1505 þráðlaust netkort a/g/n
- Innbyggt TrueMobile 355 Bluetooth
- HD hljóðkort með hátölurum & hljóðnema
- 2x USB 2,0, IEEE 1394a FireWire, Infrared
- VGA, HDMI, ExpressCard tengirauf
- 8-1 minniskortalesari
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Ein léttasta og þynnsta fartölva sem þú getur fengið. XPS M1330 er sérstaklega þægileg í meðförum og hentar því fullkomlega í skólann. Hún fæst í 2 frábærum litum; rauð og svört.

XPS M1330 KOSTAR 189.900,-*

*** FYRIRVARAR:** Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS www.ejs.is

Jólaföt stjarnanna

HUGRÚN DÖGG ÁRNADÓTTIR OG MAGNI ÞORSTEINSSON HÁRGREIÐSLUMAÐUR, EIGENDUR VERSLUNARINNAR KRONKRON

„Jólafötin okkar eru úr versluninni okkar, KronKron," segir Hugrún Dögg Árnadóttir fatahönnuður en hún og kærasti hennar, Magni Þorsteinsson hárgreiðslumaður, reka saman verslunina. „Ég ætla að vera í kjól frá Eley Kishimoto, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér, en munstrið í kjólnum er innblásið frá himingeiminum," segir Hugrún en kjólinn hefur hún notað áður við hátíðleg tilefni. „Við kjólinn ætla ég að nota brúnleita sokka og sokkabuxur frá Gaspard Yurkevich og bronslitaða Soniu Ryckel skó." En sokkana notar Hugrún yfir sokkabuxurnar og gefa þeir alklæðnaðinum skemmtilegt yfirbragð." Magni verður í skyrtu eftir franska hönnuðinn Eric Lebon sem er einn af hans uppáhaldshönnuðum, Kott Poulsen svörtum einföldum buxum og skóm frá Narrative," upplýsir Hugrún um jólaföt Magna að lokum.

EGGERT
- feldskeri -
Efst á Skólavörðustígnum, sími 551 1121

ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR, LJÓSMYNDARI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI ESKIMO MODELS

„Jólakjóllinn er svartur kjóll frá E-label," segir Ásta Kristjánsdóttir en E-label er samstarfsverkefni fatahönnuðarins Ása, Ástu og Andreu Brabin og eru fötin eingöngu seld á netinu. „Hönnun Ása er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég var fljót að festa kaup á þessum kjól þegar ég sá hann, en þessir kjólar seldust upp á fjórum dögum," segir Ásta ánægð með kaupin en hún mun klæðast kjólnum í fyrsta skipti á jólunum. „Kjólinn er hægt að nota á marga vegu og við ólík tækifæri, allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Hægt er að taka slaufuna af kjólnum og við það verður hann hversdagslegri," segir Ásta sem gæti vel hugsað sér að nota kjólinn jafnframt í vinnunni án slaufunnar og vera þá í grófari stígvélum við.

HARPA EINARSDÓTTIR, FATAHÖNNUÐUR OG TEIKNARI

„Ég verð í silfurgráum kjól frá Starkiller," segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður. Starkiller er merki þeirra Hörpu og Selmu Ragnarsdóttur klæðskera en þær reka hönnunarstúdíó og verslun í verslunarhúsnæði Kjörgarðs á Laugaveginum á þriðju hæð og sérhæfa sig í að hanna og sauma fyrir einstaklinga. „Toppstykkið á kjólnum er alskreytt pallíettum og pilsið er úr shiffon-silki og organsa-efni," segir Harpa um jólakjólinn sem hún notar í fyrsta skipti á jólunum, en við kjólinn ætlar Harpa að klæðast svörtum gúmmí-gammósíum frá American Apparel. „Ég hvet alla þá sem vilja öðruvísi jóla- og áramótadress að kíkja til okkar á hönnunarverkstæðið í Kjörgarði," bætir Harpa við að lokum.

HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR, STÍLISTI OG BLAÐAMAÐUR Á NÝJU LÍFI

„Jólakjóllinn er silfurlitaður vintage Therry Mugler-kjóll," segir Hallgerður Hallgrímsdóttir, stílisti og blaðamaður á Nýju lífi, en kjólinn fann hún í búð finnska hjálpræðishersins í borginni Turku í Finnlandi. „Mig minnir að ég hafi borgað eitthvað í kringum 1.000 kr. fyrir kjólinn sem hefði örugglega verið talsvert dýrari hefði ég fundið hann í París," bætir Hallgerður við, en kjólinn hefur hún notað nokkrum sinnum áður. „Við kjólinn ætla ég að vera í bleikum sokkum frá Agent Provocateur og dökkrauðu lakkskónum mínum," segir Hallgerður en skórnir eru í miklu uppáhaldi hjá Hallgerði. „Ég var stödd í Amsterdam og var að leita mér að tjaldi þegar ég sá skóna og hef ekki séð eftir þeim kaupunum enda hef ég notað skóna mikið. Mér finnst að allar konur ættu að eiga lakkskó með bandi yfir ristina," segir Hallgerður að lokum sem eflaust mun lýsa upp íslenska skammdegið í silfurlitaða jólakjólnum.

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON, TÓNLISTARMAÐUR

„Ég verð í geðveikum túrkísbláum jakkafötum sem Coco vinur minn gaf mér fyrirfram í jólagjöf," upplýsir Páll Óskar Hjálmtýsson um jólafötin í ár, en Coco sérhannaði jakkafötin fyrir Palla. „Coco á heiðurinn af öllum skrautlegu fötunum mínum," segir Palli en eins og alþjóð veit hefur Páll Óskar unun af öllu því sem glitrar og glóir. „Jakkafötin eru útsaumuð með gylltum þræði og skreytt pallíettum og steinum. Fötin voru saumuð í Bangladesh og ég get ekki ímyndað mér annað en að vinnan við að gera bara efnið í fötin hafi tekið heilan mánuð," segir Páll Óskar en hver og ein pallíetta er handsaumuð í jakkafötin. „Við fötin ætla ég að nota einfalda hvíta skyrtu og hvíta skó og þá er jóla-lookið fullkomnað," segir Páll Óskar að lokum alsæll með jólafötin sem eru listaverk út af fyrir sig.

GEORG JENSEN

SINCE 1904

Sæla að gefa og biggja

síðan 1904

epal

Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR Í INNLITI/ÚTLITI OPNAR HEIMILI SITT

SVART/HVÍT SMARTHEITAPAR

Ég hef alltaf haft gaman af öllu því sem tengist heimili og hönnun frá því að ég man eftir mér. Þegar ég var lítil var ég alltaf að taka til og breyta herberginu mínu og fannst fátt skemmtilegra en að fara í heimsóknir með mömmu til vinkvenna hennar og fá að taka til," segir Þórunn Högnadóttir þáttastjórnandi, en hún hefur eflaust verið eftirsóttur heimilisgestur á sínum yngri árum, ólíkt öðrum börnum sem skilja yfirleitt allt eftir í drasli. Síðastliðin fjögur ár hefur Þórunn unnið við sjónvarpsþáttinn vinsæla Innlit/útlit sem sýndur er á Skjá einum og því má segja að snemma hafi krókurinn beygst hjá henni. „Það er búið að vera brjálað hjá mér að gera en jólaþátturinn okkar fór einmitt í loftið nú í vikunni," segir Þórunn sem hefur skreytt heimilið fagurlega þrátt fyrir mikið annríki. „Við vorum síðustu jól á Flórída og misstum því af hinum íslensku jólum og öllum jólaundirbúningnum sem fylgir," segir Þórunn sem ákvað að bæta upp jólatréleysi síðasta árs með tæplega tveggja metra háu jólatré sem mikil lofthæð íbúðarinnar ber vel.

Þórunn fyrir framan uppáhaldsmyndina sína, mynd af New York.

Klakalengjurnar á jólatrénu fékk Þórunn í versluninni Egg.

Miklar framkvæmdir eiga sér stað í íbúð Þórunnar og eiginmanns hennar, Brands Gunnarssonar fasteignasala, en þau búa í fallegri íbúð í Grafarvoginum ásamt tveimur börnum en elsti sonur Þórunnar, sem er 19 ára, býr hjá ömmu sinni. „Okkur hafði lengi dreymt um að færa eldhúsið inn í stofuna og fá auka herbergi út úr eldhúsinu. Við létum verða af þessum framkvæmdum nú í haust en þær hafa dregist á langinn eins og oft vill verða," segir hún sem er orðin frekar þreytt á óreiðunni og rykinu sem fylgir breytingunum, en framkvæmdirnar eiga enn þá langt í land. „Við erum rosalega ánægð með nýja skipulagið á íbúðinni. Alrýmið þar sem eldhúsið, borðstofan og stofan eru, er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni. Ég get samt ekki beðið eftir því að framkvæmdirnar verði að baki því mér líður best þegar allt er hreint og fínt í kringum mig," bætir Þórunn við. Erfitt er þó að sjá á íbúðinni alla óreiðuna sem Þórunn minnist á og afsakar í bak og fyrir.

„Ég hef rosalega gaman af því að versla fyrir heimilið og er mjög nýjungagjörn. Oft geng ég í gegnum tímabil þar sem ég hef æði fyrir einhverju ákveðnu og safna að mér öllu í þeim stíl," viðurkennir Þórunn. „Það má eiginlega segja að ég sé veikust fyrir öllu því sem mér finnst vera fallegt," segir Þórunn en heimilið er afar stílhreint og hver hlutur fær að njóta sín. Í ganginum á milli forstofunnar og alrýmisins er forláta skenkur sem tengir saman rýmið á skemmtilegan hátt. „Skenkurinn er í miklu uppáhaldi hjá mér en frænka mín gaf mér hann að gjöf. Skenkurinn er frá sjötta áratugnum og er úr tekki en ég pússaði hann upp og lakkaði hann í svörtu," segir Þórunn sem er margt til lista lagt.

Svefnherbergi Þórunnar er mikið notað þessa dagana en Þórunn og Brandur festu nýlega kaup á rúmi sem þau eru alsæl með. Hvíta blómaljósið „Midsummer light" og blómahengið „Evy", sem er við rúmgaflinn, eru eftir hollenska hönnuðinn Tord Boonte og gefa herberginu draumkenndan blæ sem á vel heima í svefnherberginu. „Mig langar rosalega mikið til að setja blómin við rúmgaflinn í plexigler en hef bara ekki haft tíma til þess," segir Þórunn sem er mjög hrifin af plexigleri. Við náttborðið hangir rómantísk ljósakróna og frá henni stafar undurfögur birta. „Ég keypti ljósakrónuna hjá Fríðu frænku og lét síðan smíða plexigler yfir hana," segir Þórunn en plexiglerið gerir ljósakrónuna nútímalegri og passar vel við einfaldan stíl Þórunnar. Í svefnherberginu er skemill með kálfskinni, en skemillinn hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir Þórunni. „Skemillinn er frá móður minni og var notaður við snyrtiborð sem hún átti. Tæknilega séð á hún hann enn því ég fékk hann að láni frá henni. Kálfskinnið ofan á skemlinum er frá pabba mínum en hann fékk það frá ömmu minni," segir Þórunn um fagra „ættargripinn".

Yfir heimili Þórunnar svífur yfir andi jólanna, á eldhúsborðinu eru fagurskreyttir piparkökukarlar í öllum regnbogans litum og veglegur aðventukrans sem Þórunn útbjó er upptendraður á stofuborðinu. „Ég er mikið jólabarn og hef gaman af að skreyta heimilið. Fyrir þessi jólin hef ég keypt mikið af jólaskrauti í versluninni Egg við Smáratorg og þaðan eru „klakalengjurnar" sem ég notaði í aðventukransinn og á jólatréð." En skrautið nýtur sín vel á heimilinu þar sem svart, hvítt og silfurlitaðir tónar eru ríkjandi. „Svarti liturinn er í miklu uppáhaldi hjá mér en stundum finnst mér vanta hlýju í íbúðina, sérstaklega þegar ég er ekki með kveikt á öllum kertunum og því langar mig að bæta hlýjum tónum við litaskalann á

Það er ekki amalegt að hafa New York yfir borðstofuborðinu. Svarta ljósakrónan frá versluninn

ÆTTARGRIPURINN Skemillinn er ættaður frá mömmu Þórunnar og bólstraður með kálfskinni föðurins.

SVARTUR SKENKURINN tengir saman ganginn og alrýmið á skemmtilegan hátt, en svarti liturinn er ríkjandi í íbúðinni.

Ljósakrónan frá Fríðu frænku með plexigleri setur svip sinn á svefnherbergið.

Rómantískt svefnherbergi Þórunnar og Brands er mikið notað eftir að þau fjárfestu nýlega í hjónarúmi. Blómablúndan er falleg við rúmgaflinn og fylgir manni eflaust inn í draumalandið.

eitthvað alveg
einstakt

Lína Rut - Gleðigjafar og nýjar bollumyndir

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

jólin koma

FÖSTUDAGUR 21. DESEMBER 2007

Mín mæta Maríuvísa

Auður Ólafsdóttir rithöfundur tók nýlega kaþólska trú. BLS. 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk list
er góð gjöf

Gallerí Fold Kringlunni býður úrval gjafavöru

Handa þeim sem þér þykir vænst um

Inga Elín

Áslaug Höskuldsdóttir

Erró

LISTMUNASALA fold

Opið er í Gallerí Fold Kringlunni
frá kl. 10 – 22 föstudag, laugardag og sunnudag

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni

Það er öllu jólalegra um að litast heima í stofu hjá Margréti Maríu Pálsdóttur og Ara Kristinssyni en á hvítri sólarströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hangikjöt og uppstúf á ströndinni

● Margrét María Pálsdóttir upplifði sérkennilegan jóladag í Kaliforníu.

Margrét María Pálsdóttir, framleiðandi Duggholufólksins, og maður hennar Ari Kristinsson voru við nám í Kaliforníu árið 1980 og upplifðu þar óhefðbundinn jóladag sem líður þeim seint úr minni.

„Aðfangadagurinn var tiltölulega hefðbundinn og við fengum vinafólk okkar sem bjó skammt frá í heimsókn," segir Margrét María. „Á jóladag suðum við hins vegar hangikjöt sem við höfðum fengið sent að heiman, hituðum uppstúf og grænar baunir og héldum með öll herlegheitin á ströndina. Þar sátum við á teppi í þrjátíu stiga hita og reyndum að ná upp jólastemningu, lýsir Margrét María. Hún segir það þó ekki hafa gengið sem skyldi þrátt fyrir hangikjötið.

„Við gerðum okkur grein fyrir því að þetta var ekki rétta umhverfið og höfum notið jólanna á Íslandi miklu betur eftir þetta. Við höfum að mestu leyti verið heima síðan en fórum þó einu sinni til Kanaríeyja. Það var samt ekki nærri því eins skrítið og þessi jóladagur á ströndinni," segir hún. - ve

Sverrir Páll segir mikinn mun á jólahaldi Þjóðverja og Frakka og var því ánægður að komast til Þýskalands yfir hátíðirnar. MYND/GUNNAR ÖRN MAGNÚSSON

Margt líkt með jólasiðum Þjóðverja og Íslendinga

● Sverrir Páll Erlendsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri, varði jólunum 1995 hjá frændfólki sínu í Þýskalandi. Hann segir margt líkt með jólavenjum Þjóðverja og Íslendinga.

Sverrir Páll Erlendsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri, segir jólin árið 1995 vera sér sérstaklega eftirminnileg þegar blaðamaður biður hann að rifja upp jólaminningu. „Þetta ár var ég í leyfi frá kennslu og var sjálfur við nám í Suður-Frakklandi. Desember hafði verið kaldur og mikið um verkföll svo ég var ekki viss um að komast út úr landinu yfir hátíðirnar. Ég komst hins vegar með krókaleiðum framhjá verkfallsvörðum og út úr Frakklandi og hélt yfir til Þýskalands. Þar dvaldi ég um hátíðirnar í góðu yfirlæti hjá frænku minni sem býr í Düsseldorf og fjölskyldu hennar."

Sverrir Páll segir það hafa verið mikinn mun að komast frá Frakklandi yfir til Þýskalands, enda séu jólin í Þýskalandi mun líkari því sem við eigum að venjast hér heima á Íslandi.

„Jólin í Frakklandi eru ekki jafn mikil fjölskyldusamkoma og þau eru hér á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Frakkar lögðu mikið upp úr stórum skreytingum og allt virtist ganga út á að selja konfekt og slíkar gjafir, meðan skreytt var með fínlegu jólaskrauti í Þýskalandi. Þá tóku Þjóðverjar sér frí á aðfangadag en í Frakklandi mætti fólk til vinnu. Hins vegar skildist mér að Frakkar vöknuðu snemma á jóladagsmorgun og leituðu að jólapökkunum sínum, svipað og við gerum mörg hver við páskaegg hér heima."

Sverrir Páll segir jólin í Þýskalandi hafa verið sérstaklega falleg. „Það var snjór yfir öllu og að loknum mat var gengið út að kirkju þar sem fólkið í hverfinu hittist. Í kirkjuturninum voru blásarar sem léku jólalög og stemningin var því ótrúleg." - öhö

● **EKKI GLEYMA BESTU VINUNUM** Í öllu jólastressinu vilja þeir sem lítið hafa sig í frammi gleymast. Gæludýrin okkar þurfa að ganga í gegnum margt yfir hátíðarnar enda raskast öll regla, fullt af ókunnugu fólki kemur í heimsókn og heimilið breytist í ofskreytta jólaverslun.

Til að gleðja dýrin og róa samviskuna geta eigendurnir gefið dýrinu sínu eitthvað fallegt í jólagjöf. Úrvalið er hreint ótrúlegt í öllum gæludýraverslununum. Allt frá fallegri dýnu að liggja á til skrautlegra tuskudýra. Það sem er þó líklega vinsælast er eitthvað af því sem kitlar bragðlaukana.

Tilraunastarfsemi í eldhúsinu

● Margrét Eir segist svo lánsöm að hafa upplifað frekar tíðindalítil jól.

„Það hefur ekkert sérstakt komið upp á og eru jólin friðsæl í mínum huga," segir Margrét Eir Hjartardóttir en bætir við að auðvitað hafi oft verið mikið að gera í söngnum.

„Ég á yndislegar jólaminningar með afa mínum Eiríki Pálssyni sem var merkismaður í Hafnarfirði og svo held ég að ég muni eftir mér í rauðum flauelsjólakjól sem barn en það getur verið að ég hafi bara séð mig þannig á mynd. Sú mynd er mér að minnsta kosti ofarlega í huga," segir Margrét.

Hin síðari ár hafa hún og móðir hennar, Hanna Eiríksdóttir, haldið jólin tvær. „Við höfum skipst á að vera heima hjá hvor annarri og leggjum mikið upp úr því að elda góðan mat. Við höfum stundað alls kyns tilraunastarfsemi í eldhúsinu en ég hugsa að kengúran sem við elduðum um árið standi upp úr. Í ár verðum við heima hjá mér og nú fær kærastinn minn að vera með," segir Margrét glöð í bragði þar sem hún er stödd í miðri jólaösinni. vera@frettabladid.is

Margrét Eir og móðir hennar hafa stundað ýmiss konar tilraunastarfsemi í eldhúsinu en kengúran sem þær elduðu um árið stendur upp úr. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Bægðu burt skammdeginu með tærri kristalsljósakrónu

Uppáhalds postulín Katrínar Miklu

Fjölbreytt úrval hágæða ljósakróna

Berg Kristall

Sérverslun með kristal og postulín, Faxafeni 9 – Sími 551 5080

Snyrti og Nuddstofan Paradís Laugarnesveg 82 minnir á að gjafakort í dekur er YNDISLEG JÓLAGJÖF

Snyrti og nuddstofan
PARADÍS
Laugarnesvegi 82
S: 553 1330

Pantanir í Síma 553-1330
paradis@paradis.is
www.paradis.is

Glerbræðsla

Ker til að brenna gler og silfurleir í örbylgjuofni.
Tekur aðeins nokkrar mínútur.
Úval af skargripagleri ásamt öðru efni til skartgripagerðar.

Kr. 13.612

Glit ehf. Krókhálsi 5 110 Reykjavík
Sími 587 5411 www.glit.is

GLIT

SAVAGE X 4.6 Big Block

HPI Savage X 4,6
fjarstýrður torfærutrukkur
Öflugasta útgáfan til þessa

Opið lengur alla daga til jóla

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Kryddaðu jólin!
Fjölbreytt úrval kryddtegunda

náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla & Selfossi

Lífrænu gæðakryddin frá Sonnentor gera góðan mat betri!

Flugeldasýning lýsir upp Tívolígarðinn með tilheyrandi sprengingum og litadýrð. MYND/TEITUR

Hressandi rússíbanaferð í Tívolíinu kemur jólaskapinu á fljúgandi ferð.

Tívolíjól

Ljósum skreytt er okkar gamla höfuðborg í hátíðarskapi og loftið ilmar af glöggi og mat.

Margir hafa það fyrir sið að heimsækja Kaupmannahöfn á aðventunni, rölta um gamla bæinn í fótsporum forfeðranna og kíkja svo við í Tívolíinu þar sem íslenskan hljómar á hverju horni. Tívolígarðurinn er fallega skreyttur og í ljósadýrðinni minnir hann á ævintýragarð en hýasintur og amarillis standa úti í góða veðrinu og loftið ilmar af jólaglöggi.

- rt

Jólasveinninn hlustar á óskir barnanna.

Lúsíustúlkur ganga syngjandi um garðinn með kertaljós og færa birtu og yl í hjörtu gesta.

Ljósum skreyttur Tivolígarðurinn líkist helst ævintýraheimi.

Kristalsljós

3 ljósa kr. 12.990,-
5 ljósa kr. 14.990,-
7 ljósa kr. 16.990,-

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Gólflampar

Burstað stál

Burstað gyllt

Antík

Gólflampar verð frá 7995,-

Opið Laugardaginn 15. des frá 10 -18 og Sunnudaginn 16. des frá 12-18

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Ef styttir upp fyrir jól ætlar Auður að klifra upp í tré og hengja upp kaþólska jólaseríu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Mín mæta Maríuvísa

● Sinn er siður í landi hverju en oftast eru þeir þó fleiri en einn. Auður A. Ólafsdóttir, listfræðingur og rithöfundur, tók nýlega kaþólska trú og var að gefa út nýja bók.

Það er löng saga að baki því að Auður ákvað að taka kaþólska trú en hún reyndi þó að gera söguna stutta. „Ég bjó í yfir tíu ár í kaþólskum löndum, Frakklandi og Ítalíu, og var alltaf svolítið leið yfir að geta ekki farið til altaris. Svo er ég listfræðingur og fer mikið í kirkjur að skoða myndlist en ég hef auk þess alltaf verið veik fyrir menningu og listum miðalda. Á þeim tíma er meirihlutinn af myndlist trúarleg, kaþólsk myndlist og eru öll fegurstu listaverk fyrri tíma í raun kaþólsk," segir Auður og bætir við að síðar komi myndbrotaaldirnar með siðaskiptunum. Þá var öllu hent úr kirkjunum og haldnar stórar myndabrennur. „Í raun gerði kaþólskan myndinni hátt undir höfði en með lútherskunni kemur orðið í staðinn. Ég lít því á siðaskiptin sem mikið sorgartímabil í sögu myndlistar," útskýrir Auður. Hún segist líka vera hrifin af hinum óbreytanlega trúarlega tíma til mótvægis við hraða og efnishyggju nútímans. „Mér finnst kaþólska messuformið ákaflega fallegt og gott að vera laus við skírskotanir í samtímann. Annars er trú fullvissa byggð á persónulegri reynslu og það er mjög erfitt að ræða það og útskýra. Ást og trú eru af sömu rót tilfinninga og verða ekki nema að litlu leyti rökstuddar en ég flétta þetta tvennt saman í nýju bókinni minni," segir Auður einlæg.

En hafa siðaskipti Auðar haft einhver áhrif á jólasiði hennar? „Það er nú þannig á Íslandi að það eru ekki endilega allir í fjölskyldunni kaþólskir og við fylgjum bara íslenskum jólasiðum. Það er borðað saman og haldið upp á aðfangadagskvöld en ekki bara jóladag eins og tíðkast í kaþólskum löndum. Þó hafa ýmsir fallegir siðir komið inn eins og yndisleg barnamessa í Landakotskirkju sem er seinnipart aðfangadags. Síðan gerist í raun ekkert fyrr en með miðnæturmessunni þegar jólunum er hringt inn hjá kaþólikkum og svo er morgunmessa á jóladag." Síðirnir draga því dám af umhverfi sínu og tíðaranda. „Ég hef verið um nokkur jól í kaþólskum löndum og hef meðal annars verið í Róm tvisvar. Þá fór ég í messu hjá páfanum, Jóhannesi Páli II. Það var miðnæturmessa og var hún svakalega löng og var ég orðin ansi þreytt klukkan þrjú," segir Auður sællar minningar en oft er farið á bar eða veitingahús eftir þá messu.

Nýútkomin bók Auðar, Afleggjarinn, er ástarsaga ungs manns sem fer til útlanda með þrjá rósaraflegjara. „Rósin er mikilvæg í kaþólskri trú en hún er aldagamalt tákn Maríu meyjar. Einnig er mikið í bókinni um þrenningar og ljósið og persónur heita biblíunöfnum. Þar er líka að finna klausturgarð, tólf munka og ein mikilvægasta aukapersóna bókarinnar er kaþólskur prestur í kaðlapeysu," segir Auður en bætir við: „Það hefur verið bent á trúarlegan undirtón sögunnar en bókin hefst á dauða og upprisu söguhetju. Það þarf þó í sjálfu sér ekki að skilja öll trúarlegu táknin í bókinni en ég fer frjálslega með þau. Táknin eru ýmiss konar en síðast en ekki síst er það hinn eini sanni afleggjari bókarinnar sem er lítið stúlkubarn sem ungi strákurinn eignast með eins konar vinkonu vinar síns," segir Auður en litla stúlkan er undrabarn eins og börn hafa áður verið í skáldsögum Auðar. Bókin er ástarsaga sem fjallar um óvænta vinkla ástarinnar og ófyrirsjáanleg samskipti kynjanna.

Auður telur að kaþólikkar lesi kannski bókina öðruvísi en aðrir. „Þeir finna í henni fleiri tákn en það gerist oft þegar fólk skiptir um trú að það hefur þörf fyrir að tjá sig einhvern veginn tengt trúnni. Táknin sem ég nota hafa líka verið mjög stór þáttur í mínu lífi sem listfræðingur en ég lifi og hrærist í táknheimi myndlistarinnar. Afleggjarinn er sjálfsagt að einhverju leyti mín kaþólska Maríuvísa," segir Auður kímin. - hs

í uppáhaldi um jólin

● **TEKUR TIL MEÐ DOLLY PARTON** „Uppáhaldsjólalagið mitt er Gleði og friðarjól í flutningi Ragnheiðar Gröndal," segir Sigríður Árdal, nemi við Menntaskólann á Akureyri og mjaltakona úr Dæli í Fnjóskadal. Hún segir flutning Ragnheiðar á laginu alveg einstakan. „Lagið er svo fallegt og friðsælt og kemur manni í jólaskap. Annars hlusta ég oftast á Winter Wonderland með Dolly Parton þegar ég er að gera jólahreingerninguna."

● **ARNALD INDRIÐASON Í JÓLAPAKKANN** „Ég gæti hugsað mér að fá Arnald Indriðason í jólapakkann," segir Jóhanna Gunnarsdóttir skrifstofumaður. „Ég á margar af hinum bókunum hans og hef gaman af þeim." Spurð um sitt uppáhalds jólalag segir hún Hvít jól koma sér í mikið hátíðarskap.

Simplicity Reykjavík

DEMANT SKARTGRIPIR

Hermann Jónsson

við Ingólfstorg

s. 551 3014

Hlýri er fyrirtaks matfiskur og hér er hann í sinnepsgljáa.

Sinnepsgljáður hlýri í jólabúningi

● Fiskur á vaxandi vinsældum að fagna á jólaborðinu. Þeir sem aðhyllast hann eiga um margar tegundir að velja.

Til sölu alusink vegg og eða þakjárn stallað með stærri prófil litur dökkgrænt þetta járn hentar til að fara á lektur á þak vegna burðar sem það hefur magn 2000 fermetrar í lengdinni 960 cm, einnig þakull 15 cm með trefjapappa sem snýr niður ,gott verð ,nýtt og ónotað. Upplýsingar í síma 434 1502.

Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

Verslun

Opið er virka daga: 10 - 18 nk. laugardag 10 - 18 Þorláksmessudag 13 - 20 Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

Auglýsingasími 512 5050

- Mest lesið



Indverskt og íslenskt handverk og heimilisiðnaður. Mjúkir og harðir pakkar. www.alvara.is

Útsalan á fullu.

Ótrúlegt úrval af fallegum fatnaði. Opið 10:00-18.00 laugard. 11:00-17:00 Lokað sunnudaga. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Viltu heilnudd ? Jólatilboð! örfáir dagar eftir. S. 869 6914

Whole body massage Telepone 844 9083.

HEIMILIÐ

Antík

Gefðu öðruvísi jólagjafir. Opið laugardag til 16 og sunnudag til 22. maddomurnar.com

Fatnaður

Sportfatnaður XL-8XL.

Vorum að fá nýja sendingu af sportfatnaði í stærðum frá XL-8XL. 10% kynningarafsláttur. AL X ehf. Hafnarbraut 4 200 Kóp. S. 587 0545.

Barnavörur

Til sölu rafmagnsdrifinn jeppi, sæti f 2 börn 3-8 ára. Tek kreditkort S. 868 2118.

Húsgögn

Jólaafsláttur 20% Áklæði

Jólaafsláttur 20% Camille Beckman snyrtivörur

Jólaafsláttur 20% Rúmteppi

Sófalist
Garðatorgi, Garðabæ
www.sofalist.is
S. 553 0444

Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Einnig gömul húsgögn, fást ódýrt og gefins. Uppl. í s. 893 8886

Rauður svefnsófi úr Habitat. Rúmlega árs gamall. Stærð: sófi óútdreginn - 200cm x 120cm . Rúm: 200cm x 140cm. Verðhugmynd 65.000. Upplýsingar í síma 821 8036.

Til sölu nýl 3ja sæta svefnsófi brúnt leðurlíki. Tek kreditkort. Sími 868 2118.

Dýrahald

Dýrabær

Ný sending af hundafötum,líka í stórum stærðum. Dýrabær Hlíðasmára 9, og Smáralind www.dyrabaer.is

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is

Dýrabær

20% afsláttur á hundatöskum. Dýrabær Smáralind opið til 22 öll kvöld.

Jólatilboð á Fuglabúrum 21.000.- , Snyrtiborðum 8500.- og Hundabælum 4,500 kr Erum með ódýrustu Gæludýravörurnar á Íslandi Skoðið á www.liba.is

Amerískir Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Tegundin hentar mjög vel sem heimilshundar, Kátir og miklar félagsverur. Nánari uppl gefur Karen í s. 661 9876 og á www.draumora.com

Gefðu voffa hollt og gott í jólagjöf. Please Pet, 100% náttúrulegt hundanammi og hunda bitafiskur. Fæst í bónus. www.please.is

SKEMMTANIR

Jóli.is
Syngjandi kátir jólasveinar með nikku og gítar.
Álfar og tröll, Grýla og leppalúði og fjöldinn allur af þekktum söngvurum, tónlistarfólki og skemmtikröftum..
Allir með bros á vör, tilbúnir að skemmta þér og þínum.
Hafið samband við eina elstu og reyndustu jólasveina og skemmtanaþjónustu landsins.
S. 824 3477
joli@joli.is
Geymið auglýsinguna.

SMÁAUGLÝSINGAR

Naggrísir
Þrír naggrísaungar til sölu, tveir sléttir og ein rósetta. Afhendist 21. des. Uppl. í síma 581 1705 & 820 7121.

Gullfallegir loðnir hvítir Chihuahua hvolpar til sölu. Heilsufarskoðaðir og ættbókafærðir frá Íshundum. Uppl. í s. 690 8091.

Shar-pei
Vegna óviðráðanlegra aðstæðna er 2 mánaða Shar-pei tík til sölu. Verð 45 þús. Uppl. í s. 823 7901.

Persneskir kettir
Yndislega fallegir og blíðir, kafloðir perneskir skógarkettir til sölu. Uppl. í s. 691 7306.

VÍSIR.IS

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

2 herb. íbúð á besta stað í 101 til leigu, 120 þús. á mán. fyrirfram. S. 864 4827.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu 90m² íbúð í 101, leiga 140þús. á mán. Leigutími er tímabundinn. Uppl. í s. 863 8406.

Lítið skrifstofuhúsnæði til leigu við höfnina í Hfj. Sérinngangur, mögueiki á adsl. Uppl. í s. 896 6550.

4 herb. íbúð 105 fm í 111 Rvk til leigu. Laus 27 des. Regslusemi. Uppl. í s. 691 6283.

Húsnæði óskast

Einstaklingsíbúð óskast
Reglusamur, reykLaus einstaklingur óskar eftir íbúð frá og með Janúar 2008. Flest kemur til greina miðsvæðis og nágrenni. Er í traustri vinnu, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 55-65 þús. Áhugasamir hafið samband í síma 692 5607 Oddur.

2 strákar utan af landi eru að leita sér að 3 herb. íbúð. Íbúðin þarf að vera laus frá 1. jan eða 1. feb. Geta borgað 6 mánuði fram í tímann. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 770 5214.

3 herb. íbúð óskast til leigu sem first. Verðh. 80-90 þ. á mán. Uppl. í s. 847 2319

Atvinnuhúsnæði

Um það bil 200 fm skrifstofu- og lager húsnæði til leigu á svæði 101. Einnig 160 fm lagerhúsnæði upp á höfða. Uppl. í s. 844 1011.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Tökum tjaldvanga í geymslu í Mosfellsbæ. Bjarni sími 698 0906 & 445 9535.

ATVINNA

Atvinna í boði

Hamar ehf
Hamar ehf. Vélsmiðja óskar eftir að ráða til framtíðar og eða tímabundinna starfa flokksstjóra, einnig óskum við eftir að ráða nema og eða aðra laghenta menn sem eru óhræddir við að prófa eitthvað nýtt, menntun er ekki skilyrði í þeim efnum það má alltaf skoða það þegar menn hafa reynt, starfsstöðvar eru á Eskifirði/kópavogi og Akureyri.
Upplýsingar gefa: Kári Pálsson kari@hamar.is S. 660 3600 Sigurður K. Lárusson siggil@hamar.is S. 660 3613.

Vaktstjóri á Subway
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu, unnið á daginn og kvöldin. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig er í boði dagvinna í fullu starfi.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.

Helgarvinna Select Suðurfelli
Starf við afgreiðslu og þjónustu viðskiptavina, auk þátttöku í öðrum störfum á stöðinni. Í boði er hlutastarf aðra hvora helgi, frá 11:30 til 19:30.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Sigurborg, stöðvarstjóri, í síma 557 4060. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is. www.skeljungur.is.

Starfsmaður á plani Select Haunbæ og Shell Garðabæ
Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri og þá sem hafa áhuga bílum. Eigum við eitthvað að ræða það?
Unnið er á vöktum mánudaga til sunnudaga frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000, Helga, stöðvarstjóri Hraunbæ í síma 567 1050 eða Örn, stöðvarstjóri Garðabæ í síma 565 6074.
Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Vaktstjóri Shell Gylfaflöt
Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón.
Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Gísli, stöðvarstjóri, í síma 587 3244. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Starfsmaður í verslun Select Bústaðavegi
Vilt þú takast á við áhugavert starf og starfa með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf.
Unnið er á tvískiptum vöktum frá 11:30 til 23:30, alls 15 daga í mánuði.
Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Jóhanna, stöðvarstjóri, í síma 552 7616.
Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á nóttunni, unnið í viku og frí í viku. 9 tíma vaktir í senn. Uppl. hjá Einari í s. 856 5031 og Hallgrími í s. 856 5030. Fram að áramótum er aukavinna frá 18 des - 30 des, unnið á mismunandi vöktum allan sólahringinn.

Óska eftir að ráða vanann trailer bílstjóra frá og með áramótum. Góð laun fyrir réttan mann. Uppl. í s. 894 9690.

HENDUR.IS
Vantar rafvirkja eða handlaginn í 2 klst. til að laga ýmislegt smálegt á heimilinu. Greiði 12 þús. Uppl. á www.hendur.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rúmlega fimmtugur öryrki óskar eftir að kynnast góðri konu, aldur skiptir ekki öllu máli. Má gjarnan vera öryrki eða af erlendu bergi brotin. Bý einn í nýrri eigin íbúð. Er einn um jólin. Uppl. í s. 662 5844.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Norðurþing

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9 – 640 Húsavík

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 - Breytingar á veglínu Dettifossvegar

Sveitarstjórn Norðurþings auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felur í sér nokkra tilfærslu á veglínu frá gildandi aðalskipulagi, auk þess sem vegaheitin Hólmatungnavegur og Uppsveitarvegur falla út og í staðinn kemur heitið Dettifossvegur á allan veginn. Breytingin er sett fram á tveimur uppdráttum með áprentuðum greinargerðum.

Breytingartillagan verður til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings frá og með föstudeginum 21. desember 2007 til og með 11. janúar 2008. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með 11. janúar 2008.

Skila skal inn athugasemdum á sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst henni samþykkur.

Húsavík 17. desember 2007.
Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Fálkagötureitur
Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Tómasarhaga, Hjarðarhaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1-13 og Tómasarhaga 7.
Tillagan gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðum að Fálkagötu 2, 4, 7, 10, 20, 25, 26 og 30 og að heimilt verði að setja flutningshús á lóðina að Þrastargötu 1. Húsið skal vera svipað að stærð og önnur hús við Þrastargötu. Heimilt verður að rífa hús og byggja nýtt á lóðinni að Fálkagötu 25, endurbyggja hús að Þrastargötu 7 í hæð aðlægra húsa, heimilt verði að byggja bílageymslu á lóðunum að Tómasarhaga 7, 12 og 16 og á auðu svæði við Arnargötu, ný lóð afmörkuð, verður gert ráð fyrir bílskúrum fyrir hús að Arnargötu 4, 8, 10 og 12.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 19. desember 2007 til og með 31. janúar 2008**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.
Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 31. janúar 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 19. desember 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholt suð-austur, Gróðurstöð Þorlákstúni.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2007 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Hvaleyrarholt suð-austur, Gróðurstöð Þorlákstúni í Hafnarfirði, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að núgildandi byggingarreitur fyrir gróðurhús næst Suðurbraut er færður innar á lóðina, inn fyrir núverandi göngustíg. Byggingarreit fyrir áhaldahús er snúið. Nýr byggingarreitur kemur austan við innkeyrslu á lóð, við mót Lyng- og Móabarðs, fyrir aðflutt hús á einni hæð sem hvíli á steyptum sökkli með skriðkjallara. Hæðarkóti mænis fari ekki yfir 42 m. Byggingarreitir fyrir gróðurhús eru sameinaðir og akstursleiðir innan lóðar breytast. Mön meðfram Reykjanesbrautinni verður hluti af uppfyllingu svæðisins.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 20. desember 2007 - 22. janúar 2008. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 5. febrúar 2008. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 vegna tilfærslu Gjábakkavegar

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.
Í breytingunni felst eftirfarandi:

- Hluti stofnbrautar fyrirhugaðs Gjábakkavegar færist til suðurs.
- Tengibraut (1,7 km) er lögð vestan Blöndumýrar frá nýjum vegi að núverandi Gjábakkavegi.
- Hverfisvernd í kringum Blöndumýri og Breiðumýri er endurskoðuð og gert ráð fyrir nýjum hverfisverndarsvæðum við Beitivelli og Laugarvatnsvelli.
- Gert er ráð fyrir þremur nýjum efnistökusvæðum og staðsetning annarra efnisnáma er leiðrétt.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Eyvindartungu minnkar um 18 ha.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 21. desember 2007 til 14. janúar 2008. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna og skulu þær berast skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 14. janúar 2008. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Að troða jafnrétti ofan í kok

UMRÆÐAN
Jafnréttismál

Fyrir kosningar lofaði Samfylkingin úrbótum í jafnréttismálum. Það ætti því ekki að vera vandkvæðum bundið fyrir þingmenn flokksins að samþykkja frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem nú liggur fyrir Alþingi.

Sjálfstæðisflokkurinn, samstarfsflokkur Samfylkingarinnar í ríkisstjórn virðist hins vegar ætla að standa í vegi fyrir því að þetta mikilvæga frumvarp verði samþykkt, nema þá í útþynntri mynd. Það er svo sem ekki við öðru að búast enda er það ekkert launungarmál að margir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að fullu jafnrétti hafi nú þegar verið náð og því séu lögin gagnslaus. Þeir sem á hinn bóginn telja að jafnrétti hafi ekki verið náð, vilja í raun og veru ekki gera neitt þar sem þeir eru vissir um að það muni nást með leiðum hins frjálsa markaðar.

ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON

ERLENDUR JÓNSSON

Fyrir liggur að fulltrúar Vinstri grænna og Framsóknarflokksins eru tilbúnir að styðja frumvarpið í óbreyttri mynd. Ábyrgð á framgangi þess hvílir því á fulltrúum Samfylkingarinnar. Nú er því tími til kominn að standa við stóru orðin.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði að því í fyrstu umræðum um frumvarpið á Alþingi hvort félagsmálaráðherra hefði meiri trú á því að troða jafnrétti ofan í kokið á atvinnulífinu en að gera það með frjálsum samningum. Hvar er frelsið í því, mætti spyrja sjálfstæðismenn, að konur komi að lokuðum dyrum í sumum stéttum og þurfi að sætta sig við verri kjör? Ef karl og kona hafa mismikla möguleika á að öðlast tekjur og völd í samfélaginu, þá eru þau ekki jafn frjáls. Þess vegna skerða jafnréttislögin kannski það frelsi sem karlar hafa nú umfram konur, en auka um leið frelsi kvenna til hins sama.

Við erum því miður búin að bíða of lengi eftir því að jafnrétti kynjanna komi af sjálfu sér og viljum ekki bíða lengur.

Við erum því miður búin að bíða of lengi eftir því að jafnrétti kynjanna komi af sjálfu sér og viljum ekki bíða lengur. Það er augljóst að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja ekki gera neitt til þess að tryggja jafnrétti, bara sitja og bíða. Samfylkingin hefur allt að vinna og nægan stuðning. Stöndum saman – stuðlum að jafnrétti.

Höfundar sitja í stjórn Ungra vinstri grænna.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Annað hvort eða bæði

UMRÆÐAN
Hjálparstarf

Kannast einhver við það þegar makinn segir við elskuna sína í jólainnkaupunum: „Hvort á ég að kaupa þetta rauða eða bláa?“ og makinn svarar: „Elskan mín, kauptu bara bæði.“ Stundum þarf ekki að gera upp á milli, heldur velja bæði.

Í umræðunni um hjálparstarf heyrast stundum raddir sem segja: „Af hverju er verið að hjálpa erlendis, er ekki hægt að aðstoða fólk á Íslandi?“ Í spurningunni liggur að annaðhvort aðstoðum við á Íslandi eða erlendis. En er spurning um annaðhvort eða í þessu tilviki? Af hverju ekki bæði? Það er að minnsta kosti svar Hjálparstarfs kirkjunnar. Innanlandsstarfið er öflugt allt árið og jólaaðstoðin í desember er í samvinnu við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild Rauða krossins. Á síðasta starfsári voru 3.139 umsóknir afgreiddar fyrir utan 1.647 umsóknir um jólaaðstoð eða samtals 4.786 umsóknir. Aðstoð felst í ráðgjöf og matargjöfum. Umsækjendur geta einnig fengið föt, aðstoð við lyfjakaup, kaup á innbúi, aðstoð vegna náms og fleira. Einstaklingar og fyrirtæki hafa stutt þetta starf rausnarlega.

BJARNI GÍSLASON

Samhliða þessu sinnir Hjálparstarfið neyðaraðstoð, þar má nefna uppbyggingarstarf eftir jarðskjálftana í Pakistan, mataraðstoð og aðgangur að vatni tryggður á neyðarsvæðum í Afganistan, Darfúr og Srí Lanka.

Loks eru það þróunarverkefni á Indlandi, Eþíópíu, Mósambík, Úganda og Malaví. Á Indlandi snúast verkefnin um mannréttindi og vinnuréttindi stéttlausra, þar sem meðal annars er unnið að því að leysa börn undan skuldaánauð og stutt við heimavist og skólastarf. Verkefnin í Afríkulöndunum snúa að miklu leyti að því að auka aðgengi að hreinu vatni, byggja brunna, fræða um hreinlæti og heilsu. Þegar vatnið er komið skapast grundvöllur fyrir auknu skepnuhaldi, meiri uppskeru og fjölbreyttari fæðu. Þess vegna segjum við þegar við hvetjum þig til að taka þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar: „Það er gott að gefa vatn“ og það gerirðu með því að borga gíróseðilinn sem sendur hefur verið inn á heimili landsmanna eða með því að leggja inn á reikning 1150 26 50886 kt. 450670-0499.

Stuðningur við Hjálparstarfið er stuðningur til sjálfshjálpar, hvort heldur sem er á Íslandi eða í fjarlægum löndum. Markmið starfsins er að skapa hverjum einstaklingi grundvöll til að standa á eigin fótum og getu til að mæta skini og skúrum lífsins.

Höfundur er fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
SALTFISKUR
SIGINN FISKUR
GRÁSLEPPA
HARÐFISKUR
STÓR HUMAR

Opið
Föstudaginn 21 des 9-19
Laugardaginn 22 des 9-19
Þorláksmessa 23 des 9-19

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686

Umræðan um veiðigjaldið

UMRÆÐAN
Auðlindagjald

Á síðustu dögum hefur nokkuð verið fjallað um veiðigjald í sjávarútvegi. Ástæðan er sú að ákveðið var á síðasta degi þingsins núna fyrir jólin að lækka gjaldið um helming auk þess sem það var alveg fellt niður á þorski og rækju í tvö ár.

Framsóknarflokksins hefur lítið verið getið í tengslum við þessa umræðu sem vissulega er tákn um breytta tíma. Fram til þessa hefur umræða um sjávarútvegsmál yfirleitt beinst að Framsókn enda var það í tíð Halldórs Ásgrímssonar sem sjávarútvegsráðherra sem kvótakerfinu var komið á, á sínum tíma. Aðrir flokkar hafa að sjálfsögðu setið í ríkisstjórn síðan þetta gerðist en ekki séð ástæðu til að gera grundvallarbreytingu á þessu fyrirkomulagi.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

En nú snýst umræðan um veiðigjaldið. Framsóknarflokkurinn var hlynntur fyrrgreindum breytingum í átt til lækkunar og tímabundinnar niðurfellingar á veiðigjaldinu. Það vorum við vegna þess að við höfum áhyggjur af rekstrargrundvelli útgerðarfyrirtækja og sjávarbyggðum vegna þriðjungs niðurskurðar á leyfilegum þorskafla. Þrátt fyrir þessa lagabreytingu eru tekjur ríkisins af veiðigjaldinu þær sömu á yfirstandandi fiskveiðiári og var á því síðasta.

Leiðarahöfundar dagblaðanna fjalla um þetta mál sl. þriðjudag. Morgunblaðið leggur út af því að alþingismenn séu hræddir við sérhagsmunasamtök og að þingmenn allra flokka hafa gefist upp fyrir þrýstingi útgerðarmanna. Tekið sé stórt skref afturábak eftir að merk löggjöf um auðlindagjald hafi verið samþykkt fyrir nokkrum árum. Nú sé Alþingi að ganga á bak orða sinna gagnvart þjóðinni.

Sem sagt, þingmenn eru vesalingar sem láta undan LÍÚ.

Fréttablaðið er með allt aðra nálgun á þessu máli. Þar segir t.d. að flestum sé ljóst að ekki sé sérlega réttlátt að láta eina auðlind bera skatt en ekki aðrar eins og gildandi löggjöf geri ráð fyrir. Ástæðan fyrir því að þeir sem telji auðlindaskatt vera réttlætismál en hafi þrátt fyrir það ekki krafist skattlagningar á orkubúskapinn sé sú að skattur á því sviði eigi greiða leið beint út í verðlagið. Hækkun raforkuverðs og hitaveitureikninga yrði með öðrum orðum óvinsælt réttlæti. Leiðarinn segir jafnframt

Við höfum verið þeirrar skoðunar að hóflegt gjald sé verjandi ef aðstæður eru eðlilegar og rekstrargrundvöllur sjávarútvegs viðunandi. Það er hann hins vegar ekki í dag …

að skattheimtan sem hér um ræðir hafi líklega áhrif í þá veru að veikja sjávarútveg í samkeppni um vinnuafl.

Sem sagt það séu greidd lægri laun í sjávarútvegi vegna þessarar skattheimtu og veiðigjaldið því vafasamt réttlæti.

Framsóknarflokkurinn átti aðild að því um árið að lög voru sett um veiðigjald í sjávarútvegi. Þá var talað um sátt í þjóðfélaginu um sjávarútvegsstefnuna og að þessi skattheimta væri liður í því. Við höfum verið þeirrar skoðunar að hóflegt gjald sé verjandi ef aðstæður eru eðlilegar og rekstrargrundvöllur sjávarútvegs viðunandi. Það er hann hins vegar ekki í dag og ræður þar ekki eingöngu niðurskurðurinn í þorskveiðum heldur einnig of hátt skráð gengi krónunnar. Sjávarútvegurinn hefur tapað tugum milljarða vegna þess á fáum misserum.

Það hefur verið stefna okkar framsóknarmanna að auðlindagjald verði almennt lagt á nýtingu auðlinda í sameiginlegri eigu þjóðarinnar. Úthlutun veiðileyfa og veiðileyfagjalds undirstrikar svo ekki verður um villst að þjóðin á þessa auðlind, en best er að greypa það ákvæði í stjórnarskrá, svo enginn vafi geti leikið á því. Um það snerist umræðan í þinglok sl. vor en engin samstaða náðist um afgreiðslu málsins.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

Meintur dauði miðbæjar

UMRÆÐAN
Miðbær Reykjavíkur

BENÓNÝ ÆGISSON

Þeir sem höfðu vit á að kaupa sér húshjall við Laugaveginn fyrir nokkrum áratugum geta nú margir hverjir óskað sjálfum sér til hamingju. Hafi þeir haft viðskiptaáætlun í upphafi hljómaði hún sennilega eitthvað á þessa leið: Kaupa gamlan timburhjall á Laugaveginum fyrir lítið og kosta engu í viðhald hans. Innheimta okurleigu á meðan húsnæðið drabbast niður. Þegar notkun húsnæðisins fer að stríða gegn helstu reglugerðum á að hefja söng um að nú sé miðbærinn dauður og það þurfi að rífa gamalt og byggja nýtt og helst að láta áróðursherferðina sigla undir virðulegum titli eins og Endurreisn miðborgarinnar eða Þétting byggðar. Kvabba í skipulagsyfirvöldum um að fá að auka byggingamagn til hins ítrasta, byggja út í lóðamörk og eins hátt upp og komist verður. Selja síðan byggingaréttinn til hæstbjóðanda.

Þessir hjallahertogar (e. slum lords) eru klókir í viðskiptum, þeir hafa grætt stórfé á því að gera ekki neitt fyrir miðbæinn. „Hjallastefna“ þeirra með háhýsum, bílastæðahúsum og verslunarmiðstöðvum mun ekki glæða miðbæinn lífi. Miðbærinn mun ekki lifna við það að breyta Laugaveginum í kalt og dimmt steinsteypugljúfur eins og vesturhluti Austurstrætis er, Laugavegurinn er gömul reiðgata og ber ekki háar byggingar. Og reyndar var miðbærinn aldrei neitt sérstaklega dauður, það hefur aldrei verið jafn eftirsótt að búa í honum og sjaldan hefur verslunarhúsnæði þar staðið autt í langan tíma.

En til að koma í veg fyrir meintan dauða miðbæjarins á nú að rífa niður hundrað hús til viðbótar við það sem þegar hefur verið rifið, í Skuggahverfinu og víðar og byggja og byggja og byggja. Það á að byggja stóra verslunarmiðstöð á Barónsreit, látum það vera, reiturinn er ljótur eins og hann er núna, ef til vill yrði það bragarbót. Hins vegar hef ég miklar efasemdir um að hægt verði að koma Listaháskólanum fyrir við Frakkastíg án stórfellds niðurrifs eða með því að byggja hátt og úr samhengi við þá byggð sem fyrir er. Ég er sammála því að Listaháskólinn á heima miðsvæðis og vil því benda á stóran byggingareit milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu sem myndi henta skólanum betur. Svo eru einnig hafnar stórframkvæmdir við höfnina og þar verður ekki spöruð steypan. Gerir fólk sér almennt grein fyrir því að þegar tónlistarhúsið og ráðstefnuhöllin verða risin sést hvorki í sjó né fjöll frá Arnarhóli? Er búið að hugsa þessi mál til enda eða ræður bútasaumsaðferð deiliskipulagsins sem er að gera Reykjavík að einhverri ljótustu borg í Vestur-Evrópu?

Er búið að hugsa þessi mál til enda eða ræður bútasaumsaðferð deiliskipulagsins sem er að gera Reykjavík að einhverri ljótustu borg í Vestur-Evrópu?

Þingholtin eru vel heppnuð og eftirsótt til búsetu af því að menn gættu þess að snúa görðum á móti sól og þar er leitun að húsum sem eru hærri en þrjár hæðir. Þar er veðursæld hvergi meiri og þar eru mörg elstu og fallegustu hús borgarinnar. Því miður er það svo, að ef frá eru taldar nokkrar eldgamlar skinnbækur, þá er landið mjög fátækt af fornminjum og menningarsögulegum minjum. Svo fátækt að það er fremur sjaldgæft að hús séu eldri en hundrað ára. Hafi miðbærinn einhvern tíma verið dauður mun hann ekki lifna við það að fjarlægja þessi hús og hella í hann milljón tonnum af steinsteypu. Lífsvon miðbæjarins byggist á sögu hans, menningu og mannúðlegu umhverfi.

Höfundur er íbúi í miðbænum.

Jóla- og áramóta-hugleiðing

UMRÆÐAN
Hagur aldraða

JÓN KR. ÓSKARSSON

Nú þegar jólin og nýtt ár nálgast óðfluga er rétt að líta yfir farinn veg á árinu 2007. Alþingiskosningar voru vorið 2007 og útkoman úr þeim varð þess valdandi að ný ríkisstjórn kom til valda. Ríkisstjórn jafnaðarmanna/Samfylkingar og sjálfstæðismanna sem á bak við sig hefur mjög sterkan meirihluta á Alþingi Íslendinga. Í aðdraganda kosninganna lofuðu allir stjórnmálaflokkar landsins bættum kjörum til eldri borgara þessa lands. Við skulum vona að þeir stjórnmálaflokkar sem eru nú í ríkisstjórn komi til með að standa við þau loforð. Það átti að hækka grunnlífeyri eldri borgara, útrýma skorti á hjúkrunarrýmum á nokkrum mánuðum o.s.frv.

Fyrir nokkrum dögum kom lítið skref, mjög lítið skref til aukningar á kjörum eldri borgara, það ber að þakka. En við sem erum að basla í bættum kjörum eldri borgurum til handa teljum þetta aðeins agnarlítið skref. Í raun er þetta ekki talið vera fimm milljarðar frá ríkinu heldur í raun, 1 milljarður því ríkið er talið fá það mikið til baka af þessum 5 milljörðum. Ef þetta er byrjun á öðrum meiri skrefum þá er vel.

En það vantar mikið upp á, til að kjör eldri borgara séu sambærileg við það sem við teljum sanngjarnt. Það vantar tilfinnanlega fleiri hjúkrunarrými, mikið hærri grunnlífeyrir, skattar af eftirlaunum eru fáránlegir, sem eru tví eða þrísköttuð og allar tekjutenginar eru með ólíkindum, svo má lengja telja upp.

En hvað sem öðru líður vonum við, sem teljumst eldri borgarar að þessi skref er ríkisstjórnin samþykkti séu aðeins forsmekkur af því er koma skal. Allavega munu eldri borgarar landsins fylgjast vel með og láta vel í sér heyra, bíða í ofvæni eftir því að loforðin fyrir alþingiskosningar 2007 komi í framkvæmd.

Það er ekki nóg að hafa stefnur og loforð fyrir kosningar, það verður að framkvæma loforðin. Við fylgjumst með.

Bestu jóla- og nýársóskir til allra nær og fjær.

Jón Kr. Óskarsson, formaður 60+ Hafnarfirði.

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður…

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr.
á 100 km.

…upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**

Bílaland Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Bílasalan Ós Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

THE BODY SHOP™

Hvað á að gefa í jólagöf?

Sigga litla systir mín
Lítil gjafakarfa sem inniheldur jarðarberja-sturtusápu, jarðarberja-húðnæringu og hjartalaga jarðarberja-sápustykki
1530 kr.

Handa bestu ömmu í heimi
Stór gjafakarfa með ólífu-dekurvörum: "Body butter"-húðnæringu, hörundsskrúbbkremi, sturtusápu, sápustykki og baðhönskum
5460 kr.

Kærkomin hressing í skammdeginu
Gerðarleg gjafakarfa sem inniheldur dekurvörur með upplífgandi mandarínu-ilmkjarnaolíu: Sturtusápu, húðnæringu og bað-og nuddolíu
3990 kr.

Unaðslegur ilmur
Fallegt brennsluker, tvenns konar brennsluolíur og sprittkerti í snoturri öskju
2990 kr.

Gleðileg jól, Geirþrúður mín!
Gjafakarfa (millistærð) með jarðarberja-dekurvörum: "Body butter"-húðnæringu, sturtusápu, hörundsúða, hjartalaga sápustykki auk hvítrar baðlilju
3170 kr.

Handa uppáhaldsfrænkunni
Bakki með dekurvörum (sem innihalda rakagefandi, ilmgóða kókosolíu): "Body butter"-húðnæringu, kremkenndri sturtusápu, sápustykki auk hvítra skrúbbhanska
3690 kr.

Ég elska þig!
Glæsileg askja með"White Musk® "-vörutegundum (sem færa hörundinu góðan ilm og gera það silkimjúkt): Húðnæringu, sturtusápu, ilmvatni, skrúbbkremi, freyðibaði auk baðlilju
6990 kr.

Dekraðu við elskuna þína
Dekurvörur með róandi lofnarblóms-ilmkjarnaolíu (þ.e. "lavender"): Sturtusápu, húðnæringu og bað- & nuddolíu auk "twin ball"-nuddtækis og lítillar baðlilju – allt saman í fallegri öskju
3690 kr.

Handa stóra bróður
Snotur kassi með "Of a Man"-ilmvatni og sams konar hár- & sturtusápu
4290 kr.

Hátíðlegur farði

a	Askja með augnskuggum og kinnalit	***Uppselt!***
b	"Brush on shimmer"-púðurkúlur	***2190 kr.***
c	Kinnalitsbursti	***1330 kr.***
d	"Glimmer"-augnlínupenni *(4 litbrigði)*	***1190 kr.*** *hver*
e	"Ultra glimmer"-varagljái *(2 litbrigði)*	***1190 kr.***
f	"Shimmer squares"-augnskuggar og -kinnalitur	***2160 kr.***
g	"High shine"-varagjái með"glimmeri"	***1380 kr.***
h	Gyllt snyrtibudda	***1190 kr.***
i	Tvær töskur saman *(önnur með blómamynstri, hin fjólublá)*	***1890 kr.***

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®

AUKAKRÓNUR 7%

Vegið og metið
Rjómahvít eldhúsvigt eins og þær voru í gamla daga – átti ekki mamma eða amma eitthvað svipað? Nú verður baksturinn leikur einn og hægt að vega og meta hvað sem er.
Þú færð hana fyrir 1200 krónur.

Súkkulaðibráð
Súkkulaðifonduesett með fjórum göfflum. Láttu súkkulaðið bráðna hægt og dýfðu svo jarðarberjum og öðru góðgæti í það.
Namminamm. 400 krónur.

Wokpanna fyrir austurlenska matinn
Botninn á wokpönnunni er kúptur en hún kostar sléttar 400 krónur. Skaftið er úr tré og hún er 25 cm í þvermál. Við eigum líka steikarpönnur sem eru 24 cm í þvermál og kosta 400 krónur.

Pastasigti eða dörslag?
Dörslag er nefnilega gamalt heiti á svona sigti, komið úr dönsku. En flott er það, hvað sem það kallast, og fæst í rauðu, svörtu og rjómalitu. 800 krónur.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

Þjónusta í uppnámi

UMRÆÐAN
Ágreiningur talmeinafræðinga og TR

GRÉTA E. PÁLSDÓTTIR

Fyrir réttu ári sættu sex talmeinafræðingar hjá Talþjálfun Reykjavíkur rannsókn Eftirlits Tryggingastofnunar ríkisins. Var þetta gert í kjölfar tveggja nafnlausra ábendinga um misferli ótilgreinds talmeinafræðings eða talmeinafræðinga á þessari stofu. Ávirðingarnar voru þær að ekki hefði verið unnið í 40 mínútur með tiltekinn skjólstæðing, heldur aðeins í 30 mínútur. Reyndar er ekkert slíkt ákvæði um tímalengd í samningi Félags talkennara og talmeinafræðinga við samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins. Það fannst því ekkert sem ámælisvert gat talist hjá talmeinafræðingunum á þessari stofu og hófst þá lúsaleitin. Það skyldi eitthvað finnast!

Fádæma lítilsvirðing
Á meðan á þessari aðför stóð var öllum talmeinafræðingunum á stofunni greidd laun með fyrirvara, um hálfs árs skeið. Eftir ómælda fyrirhöfn Eftirlitsins fannst þó eitt atriði sem mátti áminna fyrir: Einhverjir foreldrar skjólstæðinga höfðu til hagræðingar kvittað fyrirfram fyrir þjálfunartíma, mánuð í senn. Þetta hefði ekki uppgötvast nema vegna þess að viðkomandi talmeinafræðingar voru svo heiðarlegir að þeir strikuðu yfir kvittun sem ekki átti að þeirra dómi að standa, vegna þess að skjólstæðingar mættu ekki í tíma. Fyrir þetta áminnti Eftirlit TR talmeinafræðinga hjá Talþjálfun Reykjavíkur. Áminninguna fengu þær í júní í ár. Hún var síðan látin niður falla gegn því að Talþjálfun Reykjavíkur drægi til baka stjórnsýslukæru sem send hafði verið heilbrigðisráðherra. Kæran fjallaði um brot á andmælarétti, meðalhófsreglu og jafnræðisreglu.

Allan þann tíma sem þessi rannsókn Eftirlits TR stóð var komið fram við talmeinafræðingana hjá Talþjálfun Reykjavíkur af fádæma lítilsvirðingu. Ómældu fé skattborgara var eytt í þessa óþörfu aðgerð, því að ef farið hefði verið eftir samningi sem í gildi er milli Félags talkennara og talmeinafræðinga og málinu vísað til samstarfsnefndar aðila, þá hefði mátt leysa þetta mál á einum dagparti. En fyrir því var ekki vilji hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þar á bæ virðast menn telja sæmandi að fara fram með offorsi gegn þeim stéttum sem vinna fyrir þá af heilindum og samviskusemi og veita þá þjónustu sem Tryggingastofnun er skylt að taka þátt í að greiða. Einkum er talið hentugt að láta kvennastéttir finna til tevatnsins.

Nornaveiðar TR
Talmeinafræðingar hjá Talþjálfun Reykjavíkur kærðu sig ekki um að verða fyrir endurteknum nornaveiðum af þessu tagi af hálfu Eftirlits TR og sögðu sig því frá samningi þeim sem í gildi er milli Félags talkennara og talmeinafræðinga og Tryggingastofnunar. Slíkt hið sama gerðu flestir sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar á landinu, þannig að þjónusta við skjólstæðingahópa á borð við börn með þroskafrávik, alvarleg framburðarfrávik og málhamlanir, heyrnarskerta einstaklinga, sjúklinga með málstol eða raddvandamál, svo örfá dæmi séu nefnd, var í uppnámi. Félag talkennara og talmeinafræðinga óskaði eftir að fá birtar þær verklagsreglur sem Eftirlit TR ætti að vinna eftir, en var synjað um það.

Þegar þeir talmeinafræðingar sem höfðu sagt sig frá samningi voru orðnir fleiri en þeir sem eftir voru, þá var farið að huga að reglugerðarsmíð hjá Heilbrigðisráðuneytinu. Þann 12. desember sl. tók reglugerðin gildi, fimm síðna plagg sem inniheldur svo mörg óvissuatriði að þess eru vonandi fá dæmi. Hún inniheldur samninginn í

Allan þann tíma sem þessi rannsókn Eftirlits TR stóð var komið fram við talmeinafræðingana hjá Talþjálfun Reykjavíkur af fádæma lítilsvirðingu.

heild sinni sem talmeinafræðingar hafa sagt sig frá og gott betur en það, því að ýmsum aukaverkefnum er bætt við, bæði á talmeinafræðinga og skjólstæðinga eða foreldra þeirra. Meðal nýmæla í reglugerðinni er að þar er tilgreint að þjálfunartími skjólstæðings inni með talmeinafræðingi skuli vera 40 mínútur að lengd. Þeir skjólstæðingar sem ekki þola svo langan tíma munu ekki fá greiddan styrk frá Tryggingastofnun. Faglegt mat talmeinafræðings er að engu haft og styrkur sá sem skjólstæðingar fá vegna þjálfunar er jafnframt lækkaður umtalsvert.

Tveir kostir
Við talmeinafræðingar eigum nú um tvo kosti að velja: Eigum við að beygja kné vor og taka til við að vinna eftir reglugerð heilbrigðisráðherra sem er enn meira íþyngjandi en gildandi samningur og láta þar með alla hlutaðeigandi vita að engu skipti hvernig komið er fram við okkur? Eða eigum við að halda okkar striki, vinna faglega í þágu skjólstæðinga okkar án þess að sinna þeim auknu skrifræðisverkefnum sem reglugerðin leggur okkur á herðar?

Ég treysti því að foreldrasamtök muni vinna í því að fá þessi mistök og rangindi leiðrétt og koma því til leiðar að þeir sem þurfa á talþjálfun að halda muni eftir sem áður fá þá þjónustu á faglegum forsendum og á viðráðanlegu verði. Einnig hvet ég alla þá sem málið varðar til að kynna sér reglugerðina vandlega þegar hún verður birt.

Höfundur er sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur á Talstöðinni, Kópavogi.

Sala eigna ríkisins á vellinum

UMRÆÐAN
Varnarsvæðið á Miðnesheiði

Mikið hefur verið fjallað um sölu eigna íslenska ríkisins í hinni fyrrum herstöð BNA, sem ríkið tók yfir í skiptum fyrir mengun á herstöðvarsvæðinu. En samkvæmt grein númer 8 í leynisamningi sem saminn var samhliða varnarsamningunum 1951 og leynd var lyft af í byrjun árs 2007, bar Bandaríkunum að hreinsa alla mengun sem og spilliefni sem þeir skildu eftir sig. En íslenska ríkið tók á sig þessa hreinsun og fékk fyrir það eignir á svæðinu í staðinn.

Ég held að ríkið hefði getað fengið eignirnar hvort sem var, því Kaninn var ekki í aðstöðu til að selja öðrum sín mannvirki þar sem íslenska ríkið átti landið sem stöðin var á, og hafði látið í té án gjalds í 55 ár. Nú bregður svo við að salan á þessum húsum er orðin að stóru pólítísku hneyksli. Allar reglur og hefðir um sölu eigna ríkisins, og þá fólksins í landinu eru þverbrotnar og líka reglur ESS. Að sjálfsögðu átti að bjóða þetta út og fá sem mest út úr sölunni, en nei Sjálfstæðisflokkurinn setur sínar eigin reglur. Fjármálaráðherra og hans aðstoðarmaður standa á bak við sölu á þessum mannvirkjum til vina og vandamanna, og fleiri gullkálfa, og hlutur bæjarstjórans í Reykjanesbæ er ekki til að hrópa húrra fyrir. Ég hélt að HS málið væri nóg fyrir bæjastjórann í Reykjanesbæ, en svo virðist ekki vera.

SKARPHÉÐINN SCHEVING EINARSSON

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að kasta rýrð á störf Þróunarfélagsins á vallarsvæðinu, sú hugmynd að skapa grunn að samfélagi og koma ýmsum mannvirkjum á svæðinu í notkun var góð hugmynd. En vinnubrögðin við útboð sölu á þessum mannvirkjum er úr takt við hefðir um sölu eigna íslenska ríkisins, og stenst þar að auki ekki lög. VG hafa gagnrýnt þetta mál, þeir virðast vera eini flokkurinn sem þorir að segja sannleikann og þeir einu sem láta hag fólksins í landinu sig varða. Er ég segi fólksins í landinu, á ég við íslenska alþýðu, verkafólk, einstæðar mæður, eldri borgara, öryrkja, námsfólk, og fleiri minnihluta hópa í þjóðfélaginu. Ég á ekki við hinn hópinn, sem veður í peningum, kvótakarla og nýríkt hyski sem hagnast hefur á braski og einkavæðingu eigna, sem áður voru í eigu ríkisins og fært hafa þeim gífurleg auðæfi.

Ef atburðir eins og salan á eignum íslenska ríkisins á vellinum, sem mun færa ráðherrabróður og fleiri gullkálfum milljarða gróða er nokkur ár eru að baki, hefðu skeð t.d í Bretlandi, þar sem lýðræði er virkt, hefði ráðherra og margir aðrir sem komu að þessum subbulegu vinnubrögðum, þurft að segja af sér strax. En gætum að því að Bretar hafa ræktað lýðræðið í aldir og flutt það með sér þar sem þeir hafa ráðið. Í Bretlandi er vagga lýðræðins og þar axla stjórnmálamenn sína ábyrgð. Íslendingar eru heybrækur sem láta bjóða sér hvað sem er. Hér á landi segir enginn af sér, og almenningur virðist láta sér það í léttu rúmi liggja, allavega kjósa þeir kvalara sína aftur. Réttara væri kannski að segja, þá sem rændu þá.

Fyrrum fjósamenn íhaldsins í tólf ár, Framsóknarflokkurinn, fékk sína refsingu í síðustu kosningum. Margt kom þar til, má þar nefna stuðning við Íraksstríðið, fjölmiðlafrumvarp, öryrkja- og eldri borgara ránið, þegar Hæstiréttur dæmdi þessum hópum í hag og fleira. Kratar fengu sína ráðningu 1971, sama verður með Samfylkinguna ef hún stjórnar lengi með íhaldinu. Ég held að sú stjórn sem nú er, verði ekki mosavaxin, byrjunin lofar ekki góðu.

Höfundur er bílstjóri.

MAX

1.989 kr.

Þau vilja Max pakka!

PC

Fullt verð 3.999

4.989 kr.
Fullt verð 5.999

PS2

2.989 kr.
Fullt verð 4.999

PS3

3.989 kr.
Fullt verð 5.999

PS3

4.989 kr.
Fullt verð 5.999

TÖLVULEIKIR OG TÓNLIST HUNDRUÐIR TITLA



Tónlist DVD

2.489 kr.
Fullt verð 2.999

CD

1.689 kr.
Fullt verð 1.999

CD

1.489 kr.
Fullt verð 1.999

CD

1.689 kr.
Fullt verð 1.999

Allar seríurnar - hámax grín!

DVD

7.989 kr.

„Heimurinn heldur ekki vatni!“

Tónlist DVD

2.489 kr.
Fullt verð 2.999

Jólagjafir
Betri kaup – Besta verð

OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-22	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-22	Föstudaga	kl. 11-22
Miðvikudaga	kl. 11-22	Laugardaga	kl. 11-22
		Sunnudaga	kl. 12-22

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

KIEFER SUTHERLAND LEIKARI ER 41 ÁRS Í DAG

„Það er tvennt sem Jack Bauer gerir aldrei. Að sýna miskunn og fara á salernið.“

Sutherland er best þekktur fyrir hlutverk Jacks Bauer í spennuþáttaröðinni 24.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. DESEMBER 1988

Hryðjuverkið yfir Lockerbie

Í dag eru nítján ár liðin síðan hryðjuverkin yfir Lockerbie voru framin. Boeing 747-121 þota, á svokölluðu Pan Am 103 flugi frá London til New York, var sprengd í loft upp yfir bænum Lockerbie í Skotlandi.

Braki flugvélarinnar rigndi yfir bæinn. Í allt létust 270 manns, 259 sem voru um borð og ellefu íbúar bæjarins. Fórnarlömbin voru frá 21 landi, þar af voru 189 frá Bandaríkjunum.

Málið varð stærsta sakamál í sögu Skotlands. Tveir menn voru ákærðir árið 1991 en þeir voru taldir starfa fyrir leyniþjónustu Líbíu. Það tók níu ár að reka mál mannanna fyrir dómstólum. Eftir 84 daga réttarhöld var annar mannanna, Abdelbaset ali Mohmed al-Megrahi, dæmdur í lífstíðarfangelsi en sá sem var talinn vera samstarfsmaður hans, Al Amin Khalifa Fhimah, var sýknaður. Hann sneri aftur til Líbýu. Megrahi fékk ekki að áfrýja máli sínu og er honum enn haldið í Greenock-fangelsinu nálægt Glasgow.

MERKISATBURÐIR

1929 Varðskipið Þór strandar við Húnaflóa, mannbjörg varð. Þetta var fyrsta íslenska varðskipið sem var með fallbyssu.

1952 Kveikt er á fyrsta jólatrénu á Austurvelli en það var gjöf frá Óslóbúum til Reykvíkinga. Það hefur síðan verið árlegur siður.

1969 Árnagarður er vígður, en þar er Stofnun Árna Magnússonar til húsa auk kennsluhúsnæðis fyrir Háskóla Íslands.

1970 Elvis Presley hittir Richard Nixon forseta Bandaríkjanna til að ræða stríð gegn fíkniefnum.

1989 Sigurður Þorvaldsson lést. Hann varð elstur íslenskra karla, 105 ára og 333 daga.

Jólahátíð gegn ofbeldi

Íþrótta- og jólahátíð barna verður haldin í íþróttahúsinu á Torfnesi á morgun. Ágóði hátíðarinnar rennur óskiptur til Sólstafa, systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum.

Hátíðin er ætluð öllum börnum á Vestfjörðum og boðið verður upp á leiki og fjör krakka á öllum aldri. Jólasveinarnir mæta auk þess sem boðið verður upp á góðgæti frá vestfirskum fyrirtækjum.

Árni Heiðar Ívarsson og Benedikt Sigurðsson standa að baki hátíðinni og allir sem koma að henni gefa vinnu sína.

HÁTÍÐARHÖLD Ágóðinn rennur til Sólstafa.

VEISLUHÖLD UM JÓLIN Regína ætlar að halda upp á afmælið milli jóla og nýárs en kærastinn mun koma henni á óvart í dag. FRÉTTABLAÐIÐI/ANTON

REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA: FAGNAR ÞRÍTUGSAFMÆLINU

Ánægð með velgengnina

„Ég ætla að halda upp á afmælið milli jóla og nýárs. Þá verður mesta jólastressið farið af fólki og vinir mínir sem búa úti verða komnir heim,“ segir Regína Ósk Óskarsdóttir, sem er þrítug í dag. „Kærastinn ætlar þó að koma mér eitthvað á óvart í dag,“ bætir hún við.

En hvernig ætli sé að eiga afmæli svona nálægt jólum? „Mamma var alltaf voðalega vinsæl í hverfinu þegar ég var yngri því á meðan krakkarnir voru í afmæli hjá mér gátu hinar mömmurnar verið heima að þrífa,“ segir hún og hlær. „Hin síðari ár hef ég bara verið með kökur og heitt á könnunni og fólk hefur kíkt við þegar það er búið að gera jólainnkaupin,“ segir Regína. Hún hélt síðast almennilega upp á daginn þegar hún varð tvítug. „Þá var ég með partí á gamla Gauknum og bollu eins og tíðkaðist þá,“ segir hún kímin.

Þegar Regína er innt eftir því hvað standi upp úr þegar hún lítur um öxl er hún fljót að svara því til að fimm ára dóttir hennar sé auðvitað mesta afrekið. „En hvað ferilinn varðar má segja að ég hafi nokkurn veginn hrokkið í gang eftir að ég átti stelpuna mína og er ég mjög ánægð með hvað mér hefur vegnað vel síðustu ár.“

Ýmsir áfangar hafa fleygt Regínu meira áfram en aðrir og segir hún undankeppnina fyrir Eurovision í fyrra vera einn þeirra. „Síðan er ég voðalega stolt af plötunum mínum þremur en á þeirri nýjustu eru eingöngu frumsamin lög eftir mig og Karl Olgeirsson. Svo er ég yfirkennari í Söngskóla Maríu og hef mikla ánægju af því starfi,“ segir hún. Regína var svo að klára síðustu Frostrósatónleikana um helgina sem leið en þetta er í þriðja skipti sem hún er með í þeim.

„Tónlistarbransinn er þannig að ef maður kemst áfram með eitthvað verður maður að passa að halda sér á floti því annars er hætt við að maður gleymist. Ég finn að sjálfstraust mitt hefur vaxið með árunum og ég er orðin örugg með það sem ég er að gera,“ útskýrir Regína.

Hún segir margt spennandi fram undan. „Ég stefni að því að fara í tónleikaferð um landið einhvern tímann í byrjun næsta árs og fylgja þannig plötunum mínum eftir. Svo má ekki gleyma Eurovision en Eurobandið sem ég er í komst í undankeppni sjónvarpsins fyrir Eurovision og ef Eurobandið á ekki að fara í Eurovision þá veit ég ekki hvað,“ segir Regína og hlær.

„Þetta er tvímælalaust skemmtilegasta band sem ég hef verið í. Við höfum verið að spila á Broadway, Players og árshátíðum og þá eingöngu Eurovision-lög. Við tökum bara lög sem okkur finnast skemmtileg, bæði erlend og innlend, og fólk fílar það í botn. Það dansar villt og galið enda ekta gleðipopp á ferð.“ vera@frettabladid.is

†

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu nær og fjær sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

Gunnlaugs Magnússonar
Hornbrekkuvegi 12, Ólafsfirði.

Guð gefi ykkur gleðilega jólahátíð og farsæld á nýju ári.

Guðlaug R. Gunnlaugsdóttir, börn, tengdabörn og afabörn.

†

Jóhanna Eiríksdóttir
Sólvallagötu 72, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu 19. desember.
Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda

Jón Boði Björnsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þráinn Valdimarsson
fyrrverandi framkvæmdastjóri,
Álftamýri 56, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 18. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Elise Valdimarsson og aðrir aðstandendur

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ester Rut Ástþórsdóttir
Austurbrún 6, Reykjavík,

lést á Öldrunardeild Landspítala Fossvogi mánudaginn 10. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ásta Ágústa Halldórsdóttir
Jóhanna Halldórsdóttir
Sigurður Teitur Halldórsson **Watinee Chompoopetch**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Lárusdóttir
Miðtúni 72, Reykjavík,

lést laugardaginn 15. desember á Elliheimilinu Grund.
Útför fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00.

Inga Gunnarsdóttir **Gylfi Gíslason**
Gunnar Gunnarsson **Gerður Helgadóttir**
börn og barnabörn.

Kristalsljós

3 ljósa kr. 12.990,-
5 ljósa kr. 14.990,-
7 ljósa kr. 16.990,-

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Gólflampar

Burstað stál

Burstað gyllt

Antík

Gólflampar verð frá 7995,-

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

STUÐ MILLI STRÍÐA Sælla er að gefa en þiggja

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR HELDUR AÐ HANA VANTI EKKI NEITT

Eitt það skemmtilegasta sem ég veit er að kaupa gjafir. Tilfinningin sem fylgir því að detta niður á eitthvað ótrúlega fallegt og hentugt fyrir einhvern sérstakan er eiginlega bara ólýsanleg. Það eina sem getur fullkomnað hana er að velja flottan pappír, borða og kort í stíl og nostra við að pakka hinni fullkomnu gjöf inn.

Eina vandamálið sem ég sé við gjafakaup mín er að þó að ég sé venjulega búin að ákveða hvað ég ætla að eyða miklu kosta gjafirnar sem ég kaupi venjulega helmingi meira. Til að réttlæta aukafjárútlátin hugsa ég venjulega með mér að viðkomandi sé nú svo góður vinur minn eða verði bara einu sinni þrítugur eða eignist bara einu sinni sitt fyrsta barn eða að jólin séu bara einu sinni á ári.

Með árunum hef ég þó fundið ágæta leið til þess að eyða ekki hverri einustu krónu sem ég vinn fyrir í gjafir, en hún er að vera með fleirum í gjöf, ákveða fyrir fram hvað hver á að borga mikið og senda hina að kaupa. Aðeins á þann hátt get ég verið viss um að ég sjái ekki eitthvað sem ég hef eiginlega ekki ráð á og eyði um efni fram.

Vegna þessa dálætis míns á gjafakaupum hafa síðustu dagar verið alveg frábærir fyrir mig. Ég hef farið búð úr búð og fundið allt sem hefur verið efst á óskalistanum mínum fyrir nánustu vini og vandamenn. Síðan hef ég dundað mér við að pakka öllu fallega inn og dæst af vellíðan á eftir viss um að allir verði ógeðslega ánægðir.

Sjálfa vantar mig hins vegar ekki neitt sem ég man eftir og því hef ég ekki ennþá sett saman neinn sérstakan óskalista fyrir mig. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég hef svolitlar áhyggjur af því að eitthvað lítið sé eftir á bankareikningnum mínum eftir gjafakaupin og er því að hugsa um að benda þeim sem spyrja mig hvað mig vanti helst í jólagjöf á að snúa sér til Íslandsbanka á Húsavík.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KODAK Z1275 — **kr. 25.900**

- 12 Megapixlar
- 5X optical zoom
- 35-175mm Scneider linsa
- HD Video 1280x720 upplausn
- 30 rammar á sek
- 2.5″ bjartur LCD skjár
- Stafræn hristivörn
- Hátt ISO gildi 3200
- KODAK Perfect Touch
- 60 sek. hljóðmemo v/mynd
- Tekur SDHC minniskort
- Skeytir 3 myndum saman (panorama)
- AA rafhlöður

AUKA RAFHLAÐA OG TASKA FYLGIR FRÍTT

KODAK M873 — **kr. 23.900**

- 8 Megapixlar
- 3X optískur aðdráttur
- Kodak 38-114mm linsa
- 2.5″ LCD skjár
- Stafræn hristivörn
- Ljósnæmni ISO 1600
- HD upptaka 16:9
- Vídeóupptaka 30 rammar á sek.
- KODAK Perfect Touch myndgæði
- 17 forstillingar
- 3 litastillingar
- Birtustillandi LCD – sparar orku
- Lithium rafhlaða

SAMSUNG S85 — **kr. 15.900**

- 8.2 Megapixlar
- 5X optískur aðdráttur
- Ljósop f/2.8 – f/4.6
- 2.5″ LCD skjár
- 230.000 pixla LCD skjár
- Face recognition AF/AE
- Super Macro – 1 cm
- ASR – hristivörn
- Ljósnæmi ISO 1600
- Vörn gegn rauðum augum
- Hljóðupptaka (hámark 10 klst.)
- 14 forstillingar
- Notar AA rafhlöður

Myndval í Mjódd
Þönglabakki 4
109 Reykjavík
sími: 557 4070
netfang: myndval@myndval.is

myndval

Kl. 14
Grálista-hópurinn opnar sýninguna „Grálist með smálist“ í DaLí Gallery á Akureyri í dag kl. 14. Hópurinn verður með smálistagjörning á myndbandi og þekur veggi gallerísins með smámyndum.

menning

menning@frettabladid.is

Farsælt samstarf banka og safns

Ekki eru allir á eitt sáttir hvað varðar skyldur fyrirtækja gagnvart almenningi. Það er í það minnsta víst að fyrirtækin sjálf standa sig misvel þegar kemur að því að deila auðæfunum með samfélaginu og því eru það ávallt ánægjulegar fréttir að heyra af slíkum gjörningum. Bankinn Glitnir hefur staðið sig með prýði í þessum efnum og sinnt andlegri og líkamlegri heilsu viðskiptavina sinna, núverandi og mögulegra, með glæsibrag.

Nýverið hélt Glitnir gjafmildi sinni áfram með því að gefa Listasafni Reykjanesbæjar fallegt málverk eftir Gunnlaug Blöndal í tilefni af opnun nýs bankaútibús í Reykjanesbæ. Málverkið sýnir konur við saltfiskvinnslu og hefur verið í eigu bankans um árarabil. Málverkið hekk uppi í húsnæði bankans að Hafnargötu 60 frá árinu 1963, en hefur nú verið flutt í Listasalinn í Duushúsum þar sem jólasýning Listasafns Reykjanesbæjar stendur yfir fram til 13. janúar næstkomandi.

Glitnir í Reykjanesbæ hefur frá fyrstu tíð átt í góðu samstarfi við Listasafn Reykjanesbæjar. Sem dæmi um það má nefna að nú er í gildi samningur milli safnsins og bankans þar sem Glitnir greiðir aðgangseyri þannig að ókeypis er fyrir gesti á sýningar í Duushúsum. Því má með sanni segja að Glitnir og Listasafn Reykjanesbæjar séu til fyrirmyndar þegar kemur að samstarfi fyrirtækja og menningarstofnana í þágu almennings.

KONUR AÐ VERKA FISK Glitnir gaf Listasafni Reykjanesbæjar þetta glæsilega málverk.

- vþ

> Ekki missa af...

Árlegum jólatónleikum Kvartetts Kristjönu Stefáns sem haldnir verða á Riverside á Hótel Selfossi í kvöld. Húsið opnar kl. 21 en tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 22. Kvartettinn er að vanda skipaður þeim Kristjönu Stefánsdóttur, Vigni Þór Stefánssyni, Smára Kristjánssyni og Gunnari Jónssyni. Sérstakur gestur hljómsveitarinnar er söngvarinn Gísli Stefánsson.

Svartur fugl á ferð og flugi

Leikritið eldfima Svartur fugl var sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í haust við góðar undirtektir gagnrýnenda og áhorfenda. Nú getur landsbyggðin fagnað þar sem Kvenfélagið Garpur, Hafnarfjarðarleikhúsið og Flugfélag Íslands hafa ljáð verkinu vængi og gert leikhópnum kleift að ferðast um landið í janúar næstkomandi. Verkið verður sýnt á Egilsstöðum, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum og verður sett upp tvisvar á hverjum stað.

Leikritið Svartur fugl er eftir leikskáldið David Harrower, en er sýnt hér á landi í íslenskri þýðingu Hávars Sigurjónssonar. Leikritið segir frá þeim Unu og Ray. Þau áttu í forboðnu ástarsambandi fyrir fimmtán árum en hafa ekki séð hvort annað síðan sambandinu lauk. Ray er því brugðið þegar Una hefur uppi á honum. Hún leitar svara varðandi fortíðina og samband þeirra og endurnýjuð kynni þeirra leiða óhjákvæmilega til uppgjörs. Viðfangsefni sýningarinnar er ögrandi, þó að ekki verði farið nánar út í það hér, og stykkið vekur upp áleitnar spurningar um sakleysi, vald, sekt og kynlíf.

Leikhúsunnendur á landsbyggðinni geta því farið að hugsa sér gott til glóðarinnar, en taka skal fram að verkið er ekki ætlað börnum yngri en 14 ára. Verkið verður sýnt 12. og 13. janúar í Sláturhúsinu – Menningarsetri á Egilsstöðum, 19. og 20. janúar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og 26. og 27. janúar í Leikhúsinu í Vestmannaeyjum. Miðaverð er 2.900 kr. og miðasala fer fram á miðavefnum www.midi.is og við innganginn.

FORBOÐIN ÁST Leikritið Svartur fugl tekst á við ögrandi mál.

- vþ

Gunnar gefur út á asískri grundu

Íslenskir tónlistarmenn eiga merkilegri velgengni að fagna úti í hinum stóra heimi, stundum svo mikilli að maður hlýtur að spyrja sig hvort Íslendingar séu hugsanlega meiri og betri tónlistarhæfileikum gæddir en flestar aðrar þjóðir.

Þrátt fyrir að kenningar í þá veru hafi hvorki verið sannaðar né hraktar breytir það ekki þeirri staðreynd að útlendingar um heim allan virðast kunna vel að meta hinn ferska og frumlega íslenska hljóm.

Píanóleikarinn Gunnar Gunnarsson hefur nú bæst í hóp þeirra tónlistarmanna sem heillað hafa fólk í fjarlægum löndum. Tveir geisladiskar með píanóleik hans komu á dögunum út hjá tónlistarútgáfunni Star Search Media í Suður-Kóreu, en fyrirtækið sér einnig um dreifingu og sölu í Kína og Japan. Annar af diskunum tveimur er tvöfaldur og hefur að geyma 40 lög, úrval efnis sem upphaflega kom út hér heima á geisladiskunum Skálm, Stef og Húm. Á þessum innihaldsríka diski er íslenskt og norrænt efni í fyrirrúmi.

Hinn diskurinn sem Gunnar gefur út í Asíu er jóladiskur sem kom áður út hérlendis undir nafninu Des, en hefur verið endurnefnur fyrir asískan markað og ber nú hinn framandi titil X-mas Gift.

Fyrir þá sem ekki vita skal upplýst að Gunnar Gunnarsson er píanóleikari og organisti. Hann hefur verið afkastamikill á útgáfusviðinu og sent frá sér átta geislaplötur alls, þar á meðal þrjár hljóðritanir ásamt Sigurði Flosasyni saxófónleikara, Sálma lífsins, Sálma jólanna og Draumalandið.

GUNNAR GUNNARSSON Herjar nú á asískan tónlistarmarkað.

En útrás íslenskra tónlistarmanna er tæpast lokið með þessarri útgáfu Gunnars þar sem áðurnefndur útgefandi í Suður-Kóreu, Star Search Media, hefur gert heildarsamning við tónlistar- og bókaútgáfuna íslensku Dimmu ehf. Samningurinn felur í sér útgáfu á fleiri íslenskum geisladiskum á næstunni og því verður spennandi að fylgjast með því hvernig Íslendingum vegnar á asískum markaði. vigdis@frettabladid.is

Hnarreist ljóð í hraustum vindi

Tækifæriskveðskapur og lausavísur frá 30 ára tímaskeiði, allt frá heimilislegum stílæfingum skólabekkjar að stórhátíðarlofgerðaróði fyrir kór og hljómsveit, rímaðar og ríkulega stuðlaðar vangaveltur um hvaðeina sem hugur og hjarta kveikir; ástina, börnin, vistina og ljóðið. Kvæðin einkennast af formfestu og lærdómi; bóklegar handunnar tilraunir með hátt og brag, orð, straum og stefnu – réttthermdar sonnettur og réttfeðruð atómljóð á víxl sem skína eins og gáfnaljós í heiði en eru þó í raun dálitlir ofvitar. Ófrumlegur skáldskapur og víða ögn tilgerðarlegur, röddin ósjálfstæð og þiggjandi, sammála síðasta ræðumanni. Inntakið fer víða ansi halloka eða beinlínis tapar átt og mætti í ættstórum ytri skrautbúningi.

En augljósir ágallarnir eru vitaskuld ekki meginmálið – þetta eru kvæði, vísur og hugrenningar þjóðkunnrar konu sem vel er hagmælt og vel að sér í allri ljóðagerð, siðavönd og dyggðug og kýs að deila tómstundaiðju sinni með þjóðinni að sígildum höfðingajasið. Ekkert upp á það að klaga. Þetta eru kvæðin Ólínu og kveðin af ærlegum hug, vitnisburður um djörfung og dug, dagbókarblogg í einkar prúðbúnu formati, skáldskapur sem „fýsir inngöngu til fundar við menn“ (59), ekki ljóðabók skáldkonu sem ætlar sér heildstæða lýríska áeggjan eða endurskoðun á ljóðmáli feðranna og reynir ekkert að fela þann undanslátt. Og móðurást ljóðanna er vissulega máttug og hrífandi orka sem rífur sig lausa frá öllum lánsfjöðrunum og skartar stolt eigin ævarandi gildi, frjáls af íþrótt karls og hefðar.

Ljóð eru „orð sem hrynja af sálarhvarmi á hvíta pappírsörk“ segir í Ljóði á bls. 40 (sem byrjar vel en botninn lakari eins og víðar eru dæmi) og rímar við þá ævafornu rómantík að skáldskapur sé einhvers konar neisti að handan og vitundinni jafnvel óviðkomandi. Kveðskapur bókarinnar er hins vegar vitnisburður um hið gagnstæða, ekki yfirskilvitleg rödd eða hugboð innri dulsálar heldur áþreifanleg handavinna iðins bókmenntafræðings sem setið hefur við og raðað saman orðum upp úr gamalkunnum kistli og fellt þau fimlega að höfuðstaf eigin ævi. Eins og ritgerð upp á 9,5 í „skapandi skriftir 101“ – námfús og nákvæm eftirlíking.

Og það er ekki bragarháttunum sjálfum að kenna að orð eins og „þrælrímuð og þrautbundin“ sækja stundum á hugann við lestur kvæðanna (enda eiga þau ekki síður við um atómljóðin), heldur þeim óhjákvæmilegu eftirköstum sem samtímaljóð í sýnilegum lánsfötum feðranna ávallt hafa; draga tjaldið fyrir um leið og ljóðinu lýkur – botna inntakið með sjálfvirku handafli formsins eða færa það í kaf með tilskipuðu skrúði. Það er harðsótt að leita efniskjarna í kvæði sem lesandinn hefur á tilfinningunni að nærist á þeirri íþrótt öðru fremur að hnoða eigið deig – og þá jafnvel þótt uppskriftin liggi fyrir. Allt um það; víða vel kveðið.

En frjálsræði sem treystir í blindni á forræði eigin sköpunar og sleppir hönd af handriði gærdagsins hefur sýnt slíka yfirburði yfir höft og haldreipi sem raunsönn tjáning ljóðs á okkar afhelguðu tímum, að sonnettur og önnur endurreisnardjásn sem eiga sér þá innri forsendu að sanna festu heilagrar lífskeðju eru máttvana í samanburði, komast ekki yfir þröskuldinn og spóla í eigin uppsafnaðri fegurð; daga uppi í fölnuðum fífilbrekkum. Reglubundnir bragliðir í ljóði glata merkingu ef öldin sjálf er hrokkin úr liði. Og tíðin er á spani, atómið sprungið líka og krefur ljóðið enn á ný um viðeigandi úrræði.

En bókin hefur hnarreista sál og hnakkakerrtan búning – þar sem öldin er forstöndug eins og í vestrinu Ólínar gilda væntanlega böndin og því allt í réttu samræmi, þótt frekur dómarinn heimti annað svar við sama dæmi og sé obbo pu.

Sigurður Hróarsson

BÓKMENNTIR Ólína Þorvarðardóttir sendir frá sér ljóðabók.

BÓKMENNTIR

Vestanvindur

Ljóð og lausir endar

Ólína Þorvarðardóttir

★★

Samtímaljóð í sýnilegum lánsfötum

BT Flottir jólasímar

NOKIA

GSM NOKIA 5300 MUSIC
- Tri-Band GSM 900/1800/1900
- Þyngd 106,5g, með 262 þúsund lita skjár
- Ending rafhlöðu allt að 3.2 klst. í tali og allt að 223 klst. í bið
- 1,3 megapixel myndavél, tekur upp hreyfimyndir
- MP3 stereó spilari
- FM stereo útvarp, titrari,
- Innbyggt 5,0 MB
- Stækkanlegt minni microSD allt að 2GB
- Bluetooth, USB ltengi,
- EDGE og GPRS gagnaflutningur
- POP3 og IMAP tölvupóstur

19.999

BT LÁN
Verð frá: 2.819
12 mánaða

NOKIA

NOKIA N73 MUSIC
- Quad-Band GSM 850/900/1800/1900
- 116 g, með 256 þús. lita
- Ending rafhlöðu allt að 3,4 klst. í tali og 350 klst. í bið
- 3.2 megapixel myndavél með ljósi og Carl Zeiss linsa
- FM stereó útvarp • MP 3 spilari
- Skjalaskoðari (Word/Exel/PPT/PDF)
- 2GB minniskort, stereó handfrjáls búnaður,
- hugbúnaður og USB kapall fylgir með

29.999

BT LÁN
Verð frá: 1.816
12 mánaða

Erum við að tala saman?

NOKIA

GSM NOKIA 1200
- Dual-Band GSM 900/1800
- Þyngd 77 gr.
- Monotone tveggja lita skjár
- Biðtími allt að 390 klst.
- Taltími allt að 5 klst.
- MP3hringitónar
- Innbyggt 4 MB minni
- Reiknivél, titrari, vekjaraklukka

2.999

NOKIA

GSM NOKIA 2610
- Dual-Band GSM 900/1800
- 91 grömm
- 65,536 lita skjár
- Taltími allt að 5 klst.
- Biðtími allt að 380 klst.
- Spilar fjölradda Pólýtóna og MP3 hringitóna
- Innbyggður hátalari,
- Innbyggt 3 MB minni
- GPRS, SMS, MMS og Email skilaboð

6.999

NOKIA

GSM NOKIA 5070
- Tri-Band GSM 900/1800/1900
- Þyngd 88g, með 65000 lita skjár
- Ending rafhlöðu allt að 3.5 klst. í tali og allt að 300 klst. í bið
- VGA myndavél
- FM stereo útvarp, titrari,
- Innbyggt 4,3 MB
- EDGE og GPRS gagnaflutningur
- POP3 og IMAP tölvupóstur

11.999

NOKIA

GSM NOKIA 3500
- Tri-Band GSM 900/1800/1900
- Þyngd 81g, 262.000 lita skjár
- Ending rafhlöðu allt að 3.0 klst. í tali og allt að 300 klst. í bið
- 2 megapixel myndavél
- tekur upp hreyfimyndir
- MP3 stereó spilari
- FM stereo útvarp, titrari,
- Innbyggt 8,5 MB
- Stækkanlegt minni microSD
- Bluetooth USB ltengi,
- EDGE og GPRS gagnaflutning
- POP3 og IMAP tölvupóstur



16.999

NOKIA

Nokia 6300
- Tri-Band GSM 900/1800/1900
- Þyngd 91g, með 16 milljónir lita TFT skjá
- Ending rafhlöðu allt að 3.5 klst. í tali og allt að 348 klst. í bið
- 2 megapixel myndavél, 1600x1200 pixlar og tekur upp hreyfimyndir
- MP3 stereó spilari
- FM stereo útvarp, raddstýring, titrari,
- Innbyggt 7,8 MB
- Stækkanlegt minni microSD
- Bluetooth, USB ltengi,
- EDGE og GPRS gagnaflutningur
- POP3 og IMAP tölvupóstur
- Handfrjáls búnaður, hugbúnaður, 100-240v hleðslutæki

24.999

BT LÁN
Verð frá: 1.816
24 mánaða

NOKIA

Nokia N95
- 3G Sími
- Quad-Band GSM 850/900/1800/1900
- Þyngd 120 g, með 16 milljón lita TFT skjá
- Ending rafhlöðu allt að 6,3 klst. í tali og 220 klst. í bið
- 5 megapixel myndavél með ljósi, Carl Zeiss linsutækni og sjálfvirkum fókus
- Innbyggt GPS leiðsögukerfi
- FM stereó útvarp og MP3 spilari
- Skjalaskoðari (Word/Exel/PPT/PDF)
- Innbyggt 160 MB minni
- Bluetooth,USB kapaltengi,
- WLAN Wi-Fi 802 þráðlaus nettenging
- Skilaboð
- 100-240v hleðslutæki, sjónvarpskapall,
- USB kapall, handfrjáls búnaður fjarstýring

59.999

BT LÁN
Verð frá: 2.512
36 mánaða

ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

Geðveikin í heila öld

„Mikið vantar af heimildum og greinilegt að miklu hefur verið fleygt af alls kyns gögnum, dagbókum, innskriftarbókum, hjúkrunarskýrslum og fleiru. Margar sjúkraskrár eru horfnar og finnast hvergi í skjalasögnum spítalans.“ Svo segir í inngangi Óttars Guðmundssonar læknis að riti hans um Kleppspítalann í hundrað ár sem Landspítalinn hefur efnt til og JPV gefur út. Það ástand sem hann lýsir sýnir algenga vanrækslu opinberra yfirvalda um skjalavörslu og skrifast hún á yfirlækna á Kleppi, landlæknisembættið og ráðuneytin. Sinnuleysi þessara aðila er aðeins til marks um þá vanrækslu sem ríkt hefur í þessi hundrað ár um þá einstaklinga sem veikir voru á geði í íslensku samfélagi. Það er smánarleg saga og víða ljót. Ekki þannig að ill meðferð hafi lengst af ríkt á Kleppspítala, þar hafa menn á öllum tímum reynt að gera sitt besta til að sinna hinum sjúku, hin slæma aðstaða sem fólki var þar búin var fyrst og fremst á ábyrgð stjórnmálamanna og ráðuneytisfólks sem komst upp með það í skjóli vanþekkingar og áhugaleysis almennings að skammta spítalanum alla tíð of litla fjármuni svo allt var þar naumt, einkum húsnæðið. Þegar við snemma á okkar öld býsnumst yfir krónum sem geðveikir voru látnir dúsa í liggjandi í eigin saur fyrir upphaf 20. aldar væri okkur hollt að líta á aðstæður um 1950.

Óttar tekur þann kost að rekja þróun geðheilbrigðismála ár eftir ár. Hann víkur lítillega að fornum ritum, tæpir á skilningi í fornum ritum, staldrar ekkert við skilgreiningar endurreisnarmanna en þess meira við hin fordjörfuðu áhrif kirkjunnar um andsetta menn. Fá dæmi rekur hann um aðbúnað á síðari öldum, sem nokkrar lýsingar eru þó til um: átakanleg er lýsing Jóhanns Sigurjónssonar á flutningi geðveikrar konu á kviktrjám undir lok 19. aldar. Líkast til hafa honum verið settar þær skorður af ritnefnd. Óttar hefur áður lagst í slíkar rannsóknir, bæði á hlut áfengissýkinnar og kynlífsins í íslenskri samfélagsgerð á fyrri tíð. Hann er prýðilega ritfær, fellur sjaldan dóma um framferði íslenskra ráðamanna eða mat á stefnu: þó skín víða í gegn samúð hans, t.d. virðing fyrir Helga Tómassyni fyrir staðfestu gegn beitingu raflosts og loatómíu.

Í gegnum allt ritið er þó skýr vanmáttur íslensk samfélags til að takast á við geðsjúkdóma. Fróðlegt hefði verið að fá meira að vita um sögu geðheilbrigðismála í Danmörku: hver voru tengsl embættismanna við dönsk sjúkrahús? Voru fleiri dæmi um sárasótt á hæsta stigi en dæmi Brynjólfs Péturssonar, hvert var samband íslenskra lækna við Vordingborg-hælið og Klampenborg? Þær misvísandi tölur sem taka loks að birtast um fjölda geðsjúkra og geðfatlaðra um miðja nítjándu öld og allt til loka aldarinnar eru sláandi. Voru geðveilur ásættanlegur þáttur af bændasamfélagi en ekki í þéttbýli? Margs konar heimildir um hamsleysi á fyrri tíð benda til að svo hafi verið. Hvað var hlutur áfengissýki stór þáttur í starfsemi Klepps? Hvenær tók AA að hafa áhrif í þessum geira? Hvað réði því að geðsjúkrahúsið tók við ölkunum? Var það stefna annarra sjúkrahúsa að neita áfengissjúklingum inngöngu.

Um þessar mundir er kastljósi víða beint að kynferðislegri misbeitingu vistfólks og harðræði sem vistmenn hafa víða mátt þola af hálfu starfsfólks. Eitt dæmi rekur Óttar frá Kleppi 1929 þar sem starfsmaður var dæmdur, en sýknaður af ákæru um ofbeldi gegn sjúklingum sem virðist hafa verið landlægt lengi á Kleppi eftir að Helgi Tómasson lét brenna þar spennitreyjum, vöttum og beltum á fjórða áratugnum. Raunar dvelur Óttar fullmikið við þátt Helga, einkum vegna deilna hans við Jónas Jónsson frá Hriflu. Stóru bombumálið var pólitík, valdatafl milli ráðherravalds og stéttarfélags. Á sama hátt er aðkoma Helga að greiningu afbrotamanna vannýtt efnislind, lesanda gagnast lítið að vita að þær greinargerðir þyki Óttari áhugaverð lesning, séu þær það viljum við sjá dæmi þess svart á hvítu. Eins má vitna beint í skrif Guðbergs Bergssonar í stað þess að lýsa því að hann dragi heilbrigðisstarfsfólk sundur og saman í háði.

Eftir seinna stríð tók að rofa til í því svartnætti sem lengi hafði ríkt í meðferð geðsjúkra: ný lyf, menntað fólk, ný viðhorf komu til sögunnar en áfram hélt Kleppur að vera í spennitreyju fjármálavaldsins. Sjúkrahúsið var enn vanbúið, ný og ný húsnæði voru tekin sem viðbót hér og þar, Þarflaust er að ræða óhagræði af dreifðum húsakosti. Geðveikir máttu enn vera í myrkri kró í samfélaginu.

BÓKMENNTIR Sjúkrahúsið í Kleppsvíkinni hefur sinnt þeim sem bognuðu í gangi lífsins í heila öld og rekur Óttar Guðmundsson læknir þá sögu í nýrri bók sem JPV gefur út.



BÓKMENNTIR

Kleppur í 100 ár

Óttar Guðmundsson

★★★

Mikilvæg og smánarleg saga sem ekki má gleymast.

Óttar dregur enga dul á að ráðning Tómasar Helgasonar og Maríu Finnsdóttur hafi valdið nokkrum kaflaskilum á Kleppi. Síðustu fjórir áratugir eru reyndar með nokkuð öðru sniði í frásögninni: frægu nöfnin koma til og nafnleysingjarnir fá minna rúm. Jökull, Megas og Einar Már eru góðra gjalda verðir en frægðin stendur sjaldnast fyrir upplýsingu um almennan hag. Sannast sagna þá stígur geðveikin inn í bókmenntirnar með auknum krafti þegar við útgáfu Truntusólar og leitaði hratt út í Textann, bæði í skáldsögum, ljóðum og blaðamennsku. Fordómarnir voru enn við sitt heygarðshorn og eru á vissan hátt enn. Brotnir einstaklingar njóta samúðar en skilningur á vanda geðveilu er lítill í samfélagi okkar. Umfjöllun í afþreyingu er reyndar með slíkum ósköpum að jaðrar við hreina illmennsku.

Það eru ekki miklar líkur á að lagt verði í rit sem þetta um langt skeið: það er því bágt til þess að vita að ekki hefur útgefandi treyst sér til að standa almennilega að myndsöfnun: myndir af læknum og hjúkrunarfólki eru víða sóttar í gamlar rastaðar myndir í bókum og blöðum. Skýringartextum er verulega áfátt og sjúklingar á myndum halda áfram að vera huldubörn. Bók Óttars er samt virðingarverð tilraun til að varpa ljósi á þann smánarblett íslensks samfélags sem Kleppur geymdi lengst. Enda mun hún um einhverja tíð verða eina fáanlega heimildin sem aðgengileg er um staðinn og þá sem þangað hröktust undan krankleika sem þeir réðu ekki við og mun fylgja okkur áfram um ókomna tíð. **Páll Baldvin Baldvinsson**

Allt pakkaskraut á betra verði!

Gleðjumst saman!

nettó

Við bjóðum skrautlegan pappír og fallega borða.

nettó

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogi og Mjódd Reykjavík

www.markhonnun.is

Jólabókverkið í ár

Myndlistarmaðurinn Baldur Björnsson sendi nýverið frá sér bókverk sem kallast Heimsendir er í nánd. Í verkinu er að finna teikningar eftir Baldur og tvo texta eftir þá Aðalstein Jörundsson og Oberdata von Brutal.

HEIMSENDIR Kápan á bókverki Baldurs.

Bókverkið er nýkomið í búðir og nær því að taka þátt í jólabókaflóðinu sem er við það að kaffæra landsmenn um þessar mundir. En bókverk Baldurs er langt frá því að vera dæmigerð jólabók þar sem hún tekst á hispurslausan myndrænan hátt við spennuna sem ríkir í nútímanum.

„Titill verksins endurspeglar innihaldið að vissu leyti, en vísar kannski frekar til vissrar spennu sem ríkir í verkunum fremur en til eiginlegs heimsendis. Myndirnar í bókinni eru margar frekar gróteskar og vísa þannig í það ástand ofgnóttar, græðgi og ótta sem við búum nú við. Þessi verk eru mín leið til þess að vinna úr upplýsingum um heiminn sem ég hef séð og heyrt í fjölmiðlum og annarsstaðar. Stundum hef ég á tilfinningunni að þessi heimur eigi ekkert sérstaklega langan líftíma framundan. Við erum bara upptekin af því að græða og skemmta okkur á meðan og gefum átökum sem nú standa yfir, bæði í náttúrunni og í mannheimum, lítinn gaum," segir Baldur um innihald bókverksins.

Baldur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2003 og hefur síðan þá haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum hérlendis og erlendis. Hann hefur áður sent frá sér bókverk, en í minna upplagi. „Ég hef áður gert bókverk sem kom aðeins út í tíu eintökum og var mun minna í sniðum en Heimsendaverkið, en það kemur út í hundrað eintökum. Ég er hrifinn af bókverksforminu þar sem það er svo ákaflega notendavænt og býður upp á öðruvísi nálgun en önnur sýningarform. Með bókverki gef ég fólki kost á að skoða verkin mín þegar og þar sem þeim hentar best. Það er einmitt þessi sveigjanleiki sem mér finnst svo frábær við bókina."

Útgáfufélagið Falk gefur út bókverk Baldurs. Verkið má nálgast í verslununum Belleville, Útúrdúr, Ranimosk, Iðu og Liborius, en verslanir þessar eru allar í miðbæ Reykjavíkur.

vigdis@frettabladid.is

Sögufléttа í flækju

„Það ber líka að athuga að annaðhvort er að fara vel með menn eða brjóta þá niður" – orð endurreisnarmannsins Macchiavelli sem lýsti því í Furstanum 1513 hvernig væri hægt að spila á og með fólk eru aðfaraorðin að fyrstu skáldsögu Lóu Pind Aldísardóttur, Sautjándanum. Í fyrsta kaflanum, Örlagadagurinn, sem í raun bindur endahnútinn á söguna, segir Ylfa, ein af fjórum aðalpersónum, að það sárasta sé að „einlæg vináttа ... skyldi vera svona lítils virði", – hún hefur orðið fyrir barðinu á macchiavellískri hugsun.

Það er ekkert smáræðis undir í Sautjándanum – saga fjögurra vinkvenna á framtíðar-Íslandi sem er þó nógu nærri til að þræðir úr nútímanum teygja sig, oft með smellnum hætti, inn í sögutímann. Martröð Andra Snæs hefur ræst: rétturinn að bókum hans hefur verið keyptur til að gera úr þeim þemagarð. Í borginni eru jarðlestir, það er hægt að horfa á myndir í sólgleraugunum, evran er gjaldmiðillinn, fyrirtæki taka að sér að innrétta herbergi fyrir börn sem eru álitin trendsettarar en framsóknarþingmenn eru þó enn til. Og Epal: barnastóll á álíka illa heima í rennilegum sportbíl „og Fisher Price í Epal".

Rúmlega fyrsti þriðjungur bókarinnar er upptaktur að gæsaferð sem vinkonurnar fjórar fara í en jafnframt er fléttað inn pólitísku þema og spennusögu. Þar lýstur saman uppreisn og átökum á Skarfaskeri að ógleymdum umsvifum stórfyrirtækja eins og „Tiger, Alnord fyrir austan, Rosoexport uppá hálendi og ARPA í Arnarfirði", gíslatökum og hasar heima og heiman. Vinkonurnar fjórar tengjast hræringunum með ólíkum hætti: Ylfa Blær er lögmaður sem ætlaði sér göfuga hluti með lögmennskunni, Ragnhildur rekur eigið fyrirtæki, Hlaðgerður er artí og ekki öll þar sem hún er séð og Linda Dögg er þýðandi og vinnur í bókabúð.

Það eru ýmis skemmtileg stíltök í bókinni – stuttir kaflar þar sem Ylfa segir sína sögu í 1. persónu meðan annað eru 3. persónufrásagnir, konurnar fjórar eru kynntar til sögunnar með CV-íunum sínum og hluti spennusögunnar dreginn fram í skáletruðum köflum þar sem lesandinn veit ekki klárlega hver er á ferðinni. Leiðir hugann að höfundum eins og Haruki Murakami sem fléttar þjóðfélagsádeilu inn í spennusögur með framtíðarfíling.

BÓKMENNTIR Lóa Pind Aldísardóttir lítur inn í framtíðina í fyrstu skáldsögu sinni.

En góðar hugmyndir sem lagt er upp með verða lífvana því persónurnar fjórar eru klisjukenndar, talandi þeirra keimlíkur og spennan sem virðist vera milli þeirra – vegna ólíkrar lífsafstöðu og aðstæðna – vaknar ekki í textanum. Gæsaferðin kemur og fer án þess að samskipti þeirra þar verði skýr eða afgerandi og þannig rennur sagan áfram. Talandi persónanna er líka keimlíkur – stöðug gæluyrði á lofti og þar er framboðið stórlega fjölbreytt: huppa mín, prikið mitt, trítlan mín, sponsið mitt, skrúfan mín (þau þrjú síðustu öll á sömu hálfu blaðsíðunni, 192) – sem gerir stílinn sætsúpukenndan og ólystugan.

BÓKMENNTIR

Sautjándinn

Lóa Pind Aldísardóttir

★★

Klisjukennd framtíðarsaga

„Vinir eru bara fólk, elskan. Það er nóg til af því," segir sú forherta í lokin – lesendur eru líka bara fólk en það þarf að fara aðeins betur að þeim en gert er í Sautjándanum.

Sigrún Davíðsdóttir

Bálreiður dreki

Drekinn sem varð bálreiður, eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson, er skemmtileg bók byggð á orðaleikjum, þar sem myndirnar eru ekki síður í aðalhlutverki en textinn. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem höfundarnir vinna saman að bók, gott samspil mynda og texta bera þess merki.

Halldór Baldursson er þaulvanur skopmyndateiknari. Það er stutt í glettnina í myndunum í þessari sögu eins og einatt gildir í verkum hans. Rauður litur ríkjandi og hiti í myndunum eins og vera ber þegar dreki er nærri.

Þetta er önnur barnabók Margrétar Tryggvadóttur en hún hefur einnig skrifað fræðibók fyrir börn og fengist við þýðingar. Höfundur hefur því komið víða við í heimi barnabókanna sjálf og auk þess skrifað greinar um efnið.

Sagan segir frá dreka í sjálfsmyndarkreppu. Hann getur ekki ákveðið hvað hann á að verða þegar hann verður stór og heldur því út í heiminn í leit að sjálfum sér.

Höfundur leikur sér að merkingu orða sem tengjast dreka. Flugdreki og bryndreki og fleiri orð fá nýja merkingu. Það er mikilvægt í málþroska barna að þau fái tækifæri til þess að leika sér með málið. Í bókinni vinna texti og myndir skemmtilega saman. Sú merking orðanna sem flestir þekkja er ekki endilega sú sem birtist í myndunum. Á hverri síðu er knappur texti fullur af kímni og orðaleikjum.

Drekinn sem varð bálreiður er upplögð bók til þess að lesa með litlum börnum og spjalla við þau um merkingu og myndir. Hún er líka tilvalin fyrir byrjendur í lestri. Myndirnar eru fullar af kímni sem kemur í veg fyrir að bókin virki smábarnaleg í augum krakkanna.

Hildur Heimisdóttir

BÓKMENNTIR

Drekinn sem varð bálreiður

Margrét Tryggvadóttir og Halldór Baldursson

★★★★★

Fjörleg myndabók fyrir börn á öllum aldri

PEPSI MAX
PEPSI MAX
KYNNIR:
SKÍFAN LIVE
UM HELGINA
Skífan Smáralind í dag!
Kl. 18.00 Jagúar
Vinsælasta Funk hljómsveit landsins
leikur lög af nýútkominni plötu.
Lifandi tónlist og fjör í Skífunni!
PEPSI MAX
Pepsi Max og Skífan Live
allar helgar fram að jólum
S·K·Í·F·A·N
ENNEMM / SÍA / NM31415

> BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA

2006: Reykjavík! - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
2005: Sigur Rós - Takk...
2004: Mugison - Mugimama (is this Monkey Music?)
2003: Mínus – Halldór Laxness
2002: Sigur Rós - ()
2001: XXX Rottweilerhundar - XXX Rottweilerhundar
2000: Botnleðja - Douglas Dakota
1999: Sigur Rós - Ágætis byrjun
1998: Botnleðja - Magnyl

skv. sams konar könnunum í Fréttablaðinu, DV og Fókus

Hrærður yfir viðtökunum

„Já, er Múkkurinn bara að taka þetta? Djöfull er ég ánægður. Þetta er glæsilegt," sagði Örn Elías Guðmundsson, Mugison, þegar Fréttablaðið óskaði honum til hamingju með að eiga plötu ársins 2007. „Ég veit ekki hvort þetta er einhver hundaheppni eða hvort fólk er að gera mér aumingjagreiða," sagði Örn þegar honum var bent á að síðasta stúdíóplata hans hefði sömuleiðis verið plata ársins. Mugimama sigraði einmitt með miklum yfirburðum í sams konar kjöri árið 2004.

Örn Elías segir að þessi viðurkenning sé sérstaklega ánægjuleg þar sem hann hafi lagt mikla vinnu í plötuna Mugiboogie. Þar sem hún sé nokkuð frábrugðin síðustu plötu hafi hann ekki verið viss um að allir myndu taka henni vel: „Ég bjóst ekkert sérstaklega við því að tónlistargagnrýnendur yrðu áfram með mér í liði. En þeir eru greinilega í góðum fíling áfram, ég var skíthræddur," segir hann. „Þetta er auðvitað mikið til strákunum sem spila með mér að þakka. Þeir eiga mikinn heiður skilinn."

Almenningur hefur sömuleiðis tekið plötunni vel því yfir fimm þúsund eintök eru þegar seld. „Ég er búinn að föndra hátt í níu þúsund plötur,

Á BESTU PLÖTU ÁRSINS Plata Mugisons var valin besta plata ársins af sérfræðingum Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við tókum 500 stykki í gærkvöldi sem eru að fara í dreifingu núna. Þar sem ég er að gefa út sjálfur þarf maður líka að vera miklu graðari í kynningunum. Ég er orðinn hálfgerður Einar Bárðarson, ég gæti gefið út bók á næsta ári. Öll hin trixin í bókinni, hljómar það ekki vel?"

Næsta ár verður annasamt hjá Mugison. Hann heldur áfram að fylgja eftir velgengni plötunnar, meðal annars með tónleikaferð í Evrópu í apríl og maí. Örn segist vona að hann finni einhvern tíma til að taka upp nýtt efni en ólíklegt verði þó að teljast að ný plata líti dagsins ljós á næsta ári. „Annars vil ég hvetja alla til að mæta á tónleikana mína á Organ í kvöld. Það verða allir strákarnir með mér og þetta verður magnað." - hdm

tónlist
tonlist@frettabladid.is

Mugison með yfirburði á frábæru íslensku tónlistarári

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að fá úr því skorið hverjar séu bestu plötur ársins 2007. Sautján manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar – gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Margir þátttakendanna höfðu á orði að árið 2007 hafi verið sérstaklega gott ár fyrir íslenska tónlist og að það hafi verið mjög erfitt að velja bara fimm plötur.

Þrátt fyrir það sigrar plata Mugisons, Mugiboogie, með miklum yfirburðum. Hún hlýtur næstum helmingi fleiri stig heldur en næsta plata á eftir, Tímarnir okkar með Sprengjuhöllinni. Árangur ungliðanna í Sprengjuhöllinni og Hjaltalín vekur sérstaka athygli. Þær skjóta báðar Megasi ref fyrir rass þrátt fyrir að plöturnar hans hafi báðar fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda og plötukaupenda og séu almennt taldar hans bestu verk í áraraðir.

Annað sem vekur athygli er slakt gengi okkar þekktustu tónlistarmanna úti í hinum stóra heimi. Volta með Björk sem er á flestum árslistum erlendra tónlistarmiðla, fær aðeins þrjár tilnefningar og er langt frá því að blanda sér í toppbaráttuna og það sama má segja um plötur múm, Sigur Rósar og Amiinu. Listi yfir bestu erlendu plötur ársins 2007 verður birtur í blaðinu á morgun.

Árni Þór Jónsson – Zýrður rjómi
1. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons
2. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
3. Mugison – Mugiboogie
4. Megas – Hold er mold
5. Jakobínarína – The First Crusade

Birgir Örn Steinarsson – Mónitor
1. Benny Crespo's Gang – Benny Crespo's Gang
2. Mugison – Mugiboogie
3. Páll Óskar – Allt fyrir ástina
4. Sometime – Supercalifragilisticexpialidocious
5. Ólöf Arnalds – Við og við

Björn Þór Björnsson „Bobby Breiðholt" – breidholt.blogspot.com
1. Gus Gus – Forever
2. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
3. Mínus – The Great Northern Whalekill
4. Jakobínarína – The First Crusade
5. Benny Crespo's Gang – Benny Crespo's Gang

Brynjar Már Valdimarsson – FM957
1. Páll Óskar – Allt fyrir ástina
2. Hjálmar – Ferðasót
3. Gus Gus – Forever
4. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
5. Mugison – Mugiboogie

Dr. Gunni - this.is/drgunni
1. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
2. Megas – Frágangur/Hold er mold
3. Hellvar – Bat out of Hellvar
4. Seabear – The Ghost that Carried Us Away
5. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons

Egill Harðarson – egillhardar.com
1. Sigur Rós – Hvarf/Heim
2. Mugison – Mugiboogie
3. B.Sig – Good Morning Mr. Evening
4. Jakobínarína – The First Crusade
5. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons

Eldar Ástþórsson – Iceland Airwaves
1. Mugison – Mugiboogie
2. Seabear – The Ghost that Carried Us Away
3. Gus Gus – Forever
4. múm – Go Go Smear the Poison Ivy
5. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons



Freyr Bjarnason – Fréttablaðið
1. Megas - Frágangur
2. Megas - Hold er mold
3. Mugison - Mugiboogie
4. Björk - Volta
5. Sprengjuhöllin - Tímarnir okkar

BESTU ÍSLENSKU PLÖTURNAR 2007

1. Mugison – **Mugiboogie** 46 stig

3. Hjaltalín – **Sleepdrunk Seasons** 23 stig

5. Benny Crespo's Gang – **Benny Crespo's Gang** 16 stig

7. Gus Gus – **Forever** 12 stig

9. Jakobínarína – **The First Crusade** 11 stig

2. Sprengjuhöllin – **Tímarnir okkar** 26 stig

4. Megas – **Frágangur** 21 stig

6. Megas – **Hold er mold** 14 stig



8. Páll Óskar – **Allt fyrir ástina** 12 stig



10. Hjálmar – **Ferðasót** 10 stig

Frosti Logason – X-ið 977
1. Jakobínarína - The First Crusade
2. Mugison - Mugiboogie
3. Vera - The Awakening
4. Sign - The Hope
5. Benny Crespo's Gang - Benny Crespo's Gang

Höskuldur Daði Magnússon – Fréttablaðið
1. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons
2. Megas – Frágangur/Hold er mold
3. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
4. Mugison – Mugiboogie
5. Jan Mayen – So Much Better Than Your Normal Life

Jens Kr. Guðmundsson - jensgud.blog.is
1. I Adapt – Chainlike Burden
2. Mínus – The Great Northern Whalekill
3. Mugison – Mugiboogie
4. Sigur Rós – Hvarf/Heim
5. Megas – Frágangur

Trausti Júlíusson – Fréttablaðið
1. Megas – Frágangur
2. Mugison – Mugiboogie
3. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons
4. Björk – Volta
5. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar

Matthías Magnússon – X-ið 977
1. Mugison – Mugiboogie
2. Benny Crespo's Gang – Benny Crespo's Gang
3. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons
4. Jakobínarína – The First Crusade
5. Jan Mayen – So Much Better Than Your Normal Life

Ólafur Páll Gunnarsson – Rás 2
1. Mugison – Mugiboogie
2. Ólöf Arnalds – Við og við
3. Sigur Rós – Hvarf/Heim
4. Megas – Frágangur
5. Hjálmar – Ferðasót

Ragnhildur Magnúsdóttir – Bylgjan
1. Hjálmar – Ferðasót
2. Páll Óskar – Allt fyrir ástina
3. Ellen – Einhversstaðar, einhverntímann... aftur
4. Mugison – Mugiboogie
5. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar

Steinþór Helgi Arnsteinsson – Fréttablaðið
1. Sprengjuhöllin – Tímarnir okkar
2. Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons
3. Ólöf Arnalds – Við og við
4. Björk – Volta
5. Mugison – Mugiboogie

Sveinn Birkir Björnsson – Grapevine
1. Benny Crespo's Gang – Benny Crespo's Gang
2. I Adapt – Chainlike Burden
3. Skátar – Ghosts of the Bollocks to Come
4. Sign – The Hope
5. GusGus – Forever

JÓLATÓNLIST

á enn betra verði!

1.199kr. með afslætti

Björgvin Halldórsson og gestir
- Jólagestir 4

1.399kr. með afslætti

Björgvin Halldórsson og gestir
- Jólagestir 1-3

1.199kr. með afslætti

Laddi
- Jóla hvað?

1.199kr. með afslætti

Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar
- Ég skemmti mér um jólin

20%-40% afsláttur af jólatónlist til jóla

1.599kr. með afslætti

Josh Groban
- Noel

799kr. með afslætti

Borgardætur
- Jólaplatan

799kr. með afslætti

Il Divo
- Christmas Collection

1.199kr. með afslætti

Baggalútur
- Jól og blíða

1.599kr. með afslætti

Boney M
- Christmas with Boney M

1.699kr. með afslætti

100 íslensk jólalög

1.599kr. með afslætti

Carola
- Jul i Betlehem II: I denne nat

1.199kr. með afslætti

Björg
- Jólaperlur

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

> PETA FÆR PELSANA

Leikkonan Kim Cattrall ætlar að gefa dýraverndunarsamtökunum PETA alla pelsa sem persóna hennar, Samantha Jones, klæðist í kvikmyndinni Sex and the City. Samtökin hafa ákveðið að gefa heimilislausum pelsana, en þó ekki fyrr en rauðri málningu hefur verið slett á þá.

fólk

folk@frettabladid.is

Samband Jen og Ben mun endast

Tímaritið People stóð fyrir kosningu á því hvaða stjörnupar lesendur teldu líklegast að yrði enn saman eftir 10 ár. Í ljós kom að flestir voru á því að leikaraparið Jennifer Garner og Ben Affleck yrðu enn hamingjusöm saman árið 2017. Skötuhjúin eiga dótturina Violet Anne sem fæddist í desember fyrir tveimur árum. Ben hefur þótt standa sig vel í foreldrahlutverkinu og hætti til að mynda að reykja um leið og hann vissi að von væri á erfingja. Jennifer og Ben þykja afar samrýnd og hafa komið fram í tveimur kvikmyndum saman, Pearl Harbor árið 2001 og Daredevil tveimur árum síðar. Myndirnar hefðu verið þrjár ef ekki væri fyrir það að sena Bens í kvikmyndinni Elektra var klippt út, en Jennifer fór sem kunnugt er með aðalhlutverkið í myndinni.

Knattspyrnukappinn David Beckham og eiginkona hans Kryddpían Victoria Beckham fylgdu fast á hæla leikaraparsins og eru því greinilega margir sannfærðir um að hjónaband þeirra sé komið til að vera. Það hefur enda staðið af sér margan storminn en David hefur til að mynda verið sakaður um framhjáhald. David og Victoria eiga saman þrjá syni.

- sók

LANGLÍFT SAMBAND Þau Victoria og David Beckham hafa þegar verið saman í mörg ár. Hér sjást þau í dressi sem Victoria hefur kallað ein verstu tískumistök sín.

HAMINGJUSÖM Ben Affleck og Jennifer Garner þykja líklegust til að hanga saman í tíu ár í viðbót af stjörnupörum Hollywood.

STÓRSVEIT NIX NOLTES Stórsveit Nix Noltes hefur gefið út plötuna Royal Family-Divorce.

Önnur plata Nix Noltes

Önnur plata Stórsveitar Nix Noltes, Royal Family-Divorce, er komin út. Platan, sem hefur verið í vinnslu síðan í júlí í fyrra, inniheldur tíu búlgörsk þjóðlög í útsetningum hljómsveitarmeðlima.

Næsta sumar verður platan gefin út hjá FatCat-fyrirtækinu í Bandaríkjunum. Alls eru ellefu meðlimir í Stórsveit Nix Noltes, sem gaf síðast út plötuna Orkideur Hawaii.

Þrjár plötur í smíðum

Jack White, forsprakki The White Stripes, er með þrjár nýjar plötur í smíðum. Engin þeirra er þó undir merkjum The White Stripes eða hinnar hljómsveitar hans, The Raconteurs.

White segist hafa haft góðan tíma til að sinna þessum nýju verkefnum eftir að tónleikaferð The White Stripes var aflýst fyrr á árinu vegna veikinda trommarans Meg White. Hann segir jafnframt að Meg hafi aldrei verið nálægt því að hætta í sveitinni. Þvert á móti virðist hún aldrei hafa verið ánægðari en eftir að tekið upp nokkur lög undir nafninu Conquest í stofunni heima hjá Beck.

Stjörnuskandalar ársins

Stjörnurnar í Hollywood vekja iðulega athygli fyrir hegðun sína. Tímaritið People tók nýlega saman lista yfir þá atburði sem hristu mest upp í stjörnuheiminum á árinu.

1. Snoðað höfuð Britney Spears

Söngkonan Britney Spears rakaði af sér allt hárið í einhvers konar andlegri krísu. Klippingin varð upphafið að afar erfiðu ári hjá söngkonunni.

6. Góðkunningi lögreglunnar

Lindsay Lohan náðist drukkin undir stýri aðeins ellefu dögum eftir að hafa lokið áfengismeðferð sem hún var skikkuð í vegna ölvunaraksturs. Í seinna skiptið hafði hún einnig kókaín í fórum sínum, var send aftur í meðferð og eyddi heilum 84 tímum í steininum.

5. Sjálfsvígstilraun Owens Wilson

Gamanleikarinn Owen Wilson reyndi að svipta sig lífi eftir sambandsslit við leikkonuna Kate Hudson. Seinna kom í ljós að hann átti við vímuefnafíkn að stríða.

2. Rosie O´Donell yfirgefur The View

Leikkonan Rosie O´Donell sagði upp störfum við umræðuþáttinn The View eftir að hafa átt í eldfimum rökræðum um Íraksstríðið við annan þáttastjórnanda í beinni útsendingu.

4. Rekinn úr Grey´s Anatomy

Isaiah Washington var rekinn úr hlutverki sínu sem læknirinn Preston Burke í sjónvarpsþáttunum Grey´s Anatomy eftir að hafa talað niðrandi um samkynhneigð samleikara síns, T.R. Knight, sem í kjölfarið neyddist til að koma opinberlega úr skápnum.

7. Fangelsisvist Parisar Hilton

Hótelerfingjanum Paris Hilton var stungið inn fyrir að brjóta skilorð en eftir nokkra daga var dómnum breytt í stofufangelsi. Dómaranum snerist svo hugur og sendi hana aftur í fangaklefann. Hún sat inni í 23 daga.

3. Glímukappi myrðir fjölskyldu sína

Glímukappinn Chris Benoit fyrirfór sér eftir að hafa banað eiginkonu sinni og sjö ára syni. Lögregla rannsakar enn hvort of stór hormónaskammtur eigi þátt í harmleiknum.

8. Faðernismál kringum Önnu Nicole

Skömmu eftir fæðingu dóttur sinnar og sviplegt fráfall sonar síns lést Anna Nicole Smith af ofneyslu lyfja. Í kjölfarið brutust út hatrammar deilur um faðerni dótturinnar Dannielynn. Eftir DNA-rannsókn reyndist Larry Birkhead vera faðirinn og fer nú með forræði yfir stúlkunni.

-4kr.
afsláttur af eldsneyti í Fjarðarkaupum og á Akureyri í dag!
Jólastöðvar
ÓB FJARÐARKAUPUM OG Á AKUREYRI
Jólasveinar munu koma færandi hendi á ÓB-stöðvarnar í Fjarðarkaupum og á Borgarbraut Akureyri í dag, föstudag, milli kl. 16 og 18 og útdeila gjöfum, s.s. Nokia-símum, DVD-myndum, afsláttarbréfum Ellingsen og mörgu fleira.
2 kr. aukaafsláttur með ÓB-lyklinum.
ÓB ódýrt bensín
www.ob.is
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA\19071368

Gleðilega jól

Við sendum heim að dyrum í dag og alla helgina,
á höfuðborgarsvæðinu – ef þú pantar fyrir kl. 17.

WWW.E-LABEL.IS
FÆST BARA Á NETINU

Fimm jólasveinar hjá Geira

Ásgeir Davíðsson, betur þekktur sem Geiri í Goldfinger, hélt á dögunum mikla jólaveislu fyrir börn þeirra kvenna sem starfa hjá honum. Veislan var haldin á Fjörukránni. „Þarna mættu fimm jólasveinar og gáfu öllum krökkunum jólagjöf – nammi í poka og dót sem konan mín keypti. Við vorum að frá klukkan fimm og fram eftir kvöldi. Þetta eru 25 börn svo það var líf og fjör," segir Geiri en hann hefur haldið veislur sem þessar á hverju ári. Á jóladag leigir hann svo iðulega sal og heldur veislu fyrir „stelpurnar" eins og hann segir sjálfur.

Geiri er ekki óvanur því að halda veislur fyrir aðra um jólin. „Í gamla daga var ég alltaf á sjó og eyddi flestum jólum til sjós. Ég gifti mig ekki eða fór að eiga börn fyrr en 32 ára gamall. Hver einustu jól sem ég var í landi fór ég hins vegar niður í bæ, tók heila hæð á leigu í gistiheimilinu við Brautarholt 22, náði í alla útigangsmenn bæjarins, keypti hamborgarhrygg og 2-3 kassa af vodka og hélt mikla veislu."

Í dag er Geiri orðinn fjölskyldufaðir og eyðir aðfangadegi með konu sinni, barni og tengdamömmu sem kemur frá Eistlandi. „Tengdamamma er alltaf með annan fótinn hér enda á hún hér tvær dætur og þrjú barnabörn. Við verðum með hangikjöt í matinn. Ég er svo gamaldags og vil fá lyktina í húsið," segir Geiri og hlær. - sók

GJAFMILDUR OG VEISLUGLAÐUR Geiri á Goldfinger heldur bæði veislur fyrir börn starfsstúlkna sinna og stelpurnar sjálfar.

Daughtry á toppnum

Chris Daughtry, sem sló í gegn í American Idol, er maður ársins í bandaríska tónlistarheiminum samkvæmt tónlistartímaritinu Billboard. Hljómsveit hans, Daughtry, seldi 3,2 milljónir eintaka af fyrstu plötu sinni sem gerði hana að þeirri söluhæstu á árinu.

Í öðru sæti var hljómsveitin Akron sem seldi 2,7 milljónir af plötunni Convicted. Plata Fergie, The Dutchess, seldist í 2,4 milljónum og tónlistin við myndina Hannah Montana seldist í 2,5 milljónum. Carrie Underwood, sigurvegari American Idol 2005, varð fimmta með plötuna Some Hearts.

Beyoncé átti smáskífu ársins, Irreplacable, og í öðru sæti var Rihanna með hið gríðarvinsæla lag Umbrella. Þær voru báðar tilefndar til Grammy-verðlaunanna á dögunum fyrir plötur ársins.

Bretarnir í The Police, sem komu aftur saman eftir langt hlé, áttu tónleikaferð ársins. Námu aðsóknartekjur hennar um þrettán milljörðum króna.

CHRIS DAUGHTRY Daughtry var söluhæstur á árinu í Bandaríkjunum með sína fyrstu plötu.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

FRÉTTIR AF FÓLKI

Móðir rapparans **Eminem**, **Debbie Nelson**, er að skrifa bók um son sinn. Í henni segir Nelson að hún sé ekki slæm móðir, og að Eminem sé svikari. Fregnir herma að meginástæða bókaskrifanna sé að Nelson sé alvarlega veik, og þurfi á fé að halda til að geta borgað reikninga fyrir læknisþjónustu.

Nick Hogan, sonur kraftakarlsins **Hulk Hogan**, getur farið að anda léttar. Í bílslysinu sem hann lenti í í ágúst slasaðist vinur hans, **John Graziano**, svo alvarlega að hann hefur verið í dái síðan. Hann er talinn hafa hlotið mikinn heilaskaða, en er nú loks farinn að sýna merki um framfarir. Graziano er þó enn tengdur öndunarvél.

Litla-Britney er ekki eina stjarnan sem tilkynnti óléttu sína í vikunni, því einnig var staðfest að breska söngkonan **Lily Allen** ætti von á barni með kærasta sínum, **Ed Simons**. Þau hafa verið saman síðan í september, og þó að óléttan hafi komið á óvart hefur Lily að minnsta kosti sex ára forskot á hina sextán ára gömlu **Jamie Lynn Spears**.

Söngfuglinn **Josh Groban** hefur heldur betur sett mark sitt á sölulista vestanhafs á síðustu vikum. Jólaplata hans, Noel, hefur verið í efsta sæti sölulistanna í fjórar vikur, en salan eykst bara viku frá viku. Í lok mánaðarins getur hann því stært sig af söluhæstu jólaplötu allra tíma, og mögulega söluhæstu plötu ársins 2007.

Höfðar mál gegn slúðursíðu

Franski körfuboltakappinn Tony Parker hefur höfðað mál gegn slúðursíðunni X17online.com sem hélt því fram að hann hefði haldið fram hjá eiginkonu sinni, Evu Longoria, með frönsku fyrirsætunni Alexöndru Paressant.

„Þetta gerðist aldrei. X17 hlýtur að hafa vitað að þetta væri vitleysa eða að minnsta kosti haft miklar efasemdir um hversu trúanlegur hinn meinti heimildarmaður var," segir í málsskjölunum.

Þar kemur einnig fram að X17 hafi aldrei haft samband við Parker, Longoria eða fulltrúa þeirra áður en fréttin fór í loftið og neituðu stjórnendur hennar jafnframt að taka hana til baka þrátt fyrir að hafa fengið að vita að hún væri ósönn. Parker, sem spilar með San Antonio Spurs í NBA-deildinni, fer fram á um 2,5 milljarða króna í skaðabætur.

PARKER OG LONGORIA Hjónabandið stendur traustum fótum og þau hafa aldrei verið hamingjusamari.

Í fréttinni, sem birtist í síðustu viku, sagðist Paressant hafa átt í tveggja mánaða ástarsambandi við Parker. Hittust þau fyrst í brúðkaupi Parker og Longoria í sumar eftir að fótboltakappinn Thierry Henry kynnti þau hvort fyrir öðru. Í málsskjölunum kemur fram að aldrei hafi verið haft samband við Henry vegna fréttarinnar og að Paressant hafi ekki komið í brúðkaupið. Einnig segir þar að Parker hafi aldrei hitt Paressant.

Parker og Longoria vísuðu fréttinni á bug í síðustu viku og sögðu hjónabandið standa traustum fótum. „Ég elska konuna mína," sagði Parker í yfirlýsingu sinni. „Hún er það besta í mínu lífi og ég hef aldrei verið hamingjusamari." Longoria, sem leikur í Desperate Housewives, var á sama máli. „Tony er hinn fullkomni eiginmaður."

Vill fyrirgefningu

Ekkja Ikes Turner, Jeanette, segist vona að Tina Turner, fyrrverandi eiginkona hans, geti fyrirgefið honum. Tónlistarmaðurinn lést á heimili sínu í Kaliforníu í síðustu viku, þá 76 ára að aldri. Tina og Ike voru gift í átján ár en skildu árið 1978. Talsmaður Tinu sagði í síðustu viku að þau hefðu ekki talast við í marga áratugi. Fram kemur í ævisögu Tinu Turner að Ike beitti hana líkamlegu ofbeldi á meðan á sambandinu stóð, en hún hefur ekki viljað tjá sig neitt um fráfall tónlistarmannsins.

IKE OG TINA TURNER Ekkja Ikes Turner vill að Tina Turner fyrirgefi honum ofbeldið sem hann beitti hana á meðan þau voru gift. Þau skildu árið 1976.

Ekkja Ikes, Jeanette Turner, vonast hins vegar til að Tina geti fyrirgefið honum. „Ég veit að hún var særð. En það er til dálítið sem kallast fyrirgefning, og ég veit að Ike fyrirgaf sjálfum sér, sem er mjög erfitt að gera," segir Jeanette.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jessica Simpson er sögð vonast til þess að koma leikkonuferlinum á réttan kjöl með leik í endurgerð myndarinnar Pretty Woman en það var eins og flestir vita Julia Roberts sem lék aðalhlutverkið á sínum tíma. „Hún er viss um að þessi mynd muni slá í gegn," lét heimildarmaður hafa eftir sér í samtali við OK! á dögunum. „Pabbi hennar hefur verið að segja öllum að Jessica muni verða hin næsta Julia."

Söngkonan **Christina Aguilera**, sem er langt gengin með sitt fyrsta barn, er sögð hafa gengið frá því að hún muni fara í keisaraskurð 10. janúar næstkomandi. Þetta mun vera tilkomið af því að Christina vill forðast þann sársauka sem fylgir eðlilegri fæðingu í lengstu lög. Ónafngreindur vinur hennar hefur sagt að það gæti þó allt eins komið til þess að dagsetningin verði enn fyrr.

Meira af **Christinu** því hún og eiginmaðurinn Jordan Bratman hafa nú þegar haldið eina veislu tilvonandi erfingjanum til heiðurs en ætla að bæta annarri við. Sú fyrri var haldin fyrr í mánuðinum en seinni veislan er einungis ætluð fyrir lokaðan hóp vina og fjölskyldu Christinu. Hjónakornin eru þegar búin að velja þrjú nöfn sem þeim finnst koma til greina á frumburðinn; Jackson, Jake og Max.

Í apríl síðastliðnum gengu þær sögur fjöllunum hærra í Hollywood að ungstirnið **Lindsay Lohan** væri lesbía. Sögurnar hafa nú farið á kreik á nýjan leik sökum þess að Lindsay og stelpa að nafni Courtenay Semel eru óaðskiljanlegar. Þær leiðast um allt og fóru nýverið í partí til leikkonunnar Jeanette Longoria sem er samkynhneigð. Meira þurfti ekki til en talsmaður Lindsay neitar sögusögnunum og segir stöllurnar bara vinkonur. Courtenay er dóttir Terry Semel en sá er forstjóri Yahoo! og er forríkur.

Mjúkur pakki

695,-
KLAPPAR PANDA
mjúkdýr L32 cm

1.490,-
KLAPPAR FLODHÄST
mjúkdýr L65 cm

895,-
KLAPPAR BÄVER mjúkdýr

MINNEN DRAKE
mjúkdýr L190 cm 995,-

1.290,-
KLAPPAR ISBJÖRN
mjúkdýr L60 cm

KLAPPAR SKALBAGGE
mjúkdýr 895,-

KORALL HAJ mjúkdýr
L62 cm 495,-

895,-
KLAPPAR RÄV
mjúkdýr 2 stk.

KLAPPAR KROKODIL
mjúkdýr 895,-

1.790,-
KLAPPAR ELEFANT
mjúkdýr L60 cm

BARNSLIG KROKODIL
mjúkdýr L75 cm 790,-

BARNSLIG FLODHÄST
mjúkdýr L75 cm 790,-

Opið til 22:00 | Þorláksmessa 12:00-18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

Metsölulisti Eymundsson

1. Harðskafi
Arnaldur Indriðason

Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í efstu sæti metsölulistans.

2. Bíbí, sagan um Bíbí Ólafsdóttur
Vigdís Grímsdóttir

Einstök endurminningarbók um Bíbí Ólafsdóttur sem Vigdís Grímsdóttir færir í letur af sinni alkunnu stílsnilld.

3. Þúsund bjartar sólir
Khaled Hosseini



Ný metsölubók frá höfundi Flugdrekahlauparans. Sagan hefur fengið einróma lof gagnrýnenda.

4. Aska
Yrsa Sigurðardóttir

Mögnuð bók eftir drottningu glæpasögunnar en bækur Yrsu koma nú út um víða veröld við frábærar undirtektir.

5. Þar sem vegurinn endar
Hrafn Jökulsson

Hugljúf, falleg og bráðskemmtileg bók um lífið í landinu, sögu þjóðarinnar og ævi höfundar. Lærdómsrík bók fyrir alla aldursflokka.

6. Óreiða á striga
Kristín Marja Baldursdóttir

Stórbrotin og kröftug þroskasaga konu sem fer sínar eigin leiðir. Bókin er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Karitas án titils.

7. Gælur, fælur og þvælur
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn

Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarinn Eldjárn á bók og geisladiski.

8. Guðni - af lífi og sál
Guðni Ágústsson
Sigmundur Ernir

Dramatískt lífshlaup, skemmtilegar sögur, hatrömm átök. Hér fer einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar á kostum!

9. Konur eru aldrei hamingjusamar...
Helgi Jean Claessen / Hjálmar Örn Jóhannsson

Friðarsúla Yoko Ono lýsir ekki lengur en sem betur fer skrifuðu Helgi og Hjálmar bók sem gerir vafalaust sama gagn.

10. Rimlar hugans
Einar Már Guðmundsson

Mögnuð ástarsaga fólks sem berst við að koma lífi sínu á réttan kjöl. Frumlegt skáldverk þar sem höfundurinn tekst á við sjálfan sig af fágætri einlægni og hispursleysi.

Eymundsson
Bóksali frá 1872
eymundsson.is

Krúnukúgari segist saklaus

Paul Ian Adalsteinsson Strachan voru í gær birtar ákærur í máli sínu. Ian, sem á íslenskan föður, er grunaður um að hafa ásamt félaga sínum ætlað að kúga fé út úr einum úr bresku konungsfjölskyldunni vegna myndbanda sem hann er sagður hafa undir höndum. Myndböndin hafa verið sögð sýna notkun eiturlyfja og samkynhneigða hegðun hjá þessum meðlimi konungsfjölskyldunnar.

Ian kom ekki sjálfur fyrir dómara í Old Bailey heldur var sýndur á myndbandi, klæddur í venjuleg föt. Hann lýsti yfir sakleysi sínu við dómarann en verður þó áfram í varðhaldi til 14. apríl þegar réttarhöldin hefjast.

Ian hefur setið í varðhaldi í Belmarsh-fangelsinu síðan hann var handtekinn á hóteli í London hinn 11. september í umfangsmiklum lögregluaðgerðum. Breskir fjölmiðlar mega ekki greina frá nafni fórnarlambsins en almennt er talið að þetta sé David Lynley, stjórnarformaður Christie's uppboðsfyrirtækisins og sonur Margrétar, systur Elísabetar drottningar. Á MySpace-síðu Ians kemur fram að vörn hans byggist á því að hann hafi ætlað að sýna hinum aðalsborna að það væri leki innan starfsliðs hans og að þeir félagar hafi borið hag konungsfjölskyldunnar fyrir brjósti.

IAN Virtist afslappaður þegar mál hans var tekið fyrir í Old Bailey og sagðist vera saklaus. Réttarhöld hefjast 14. apríl.

Samkvæmt vefmiðlum ætluðu félagarnir að reyna að hafa upp úr krafsinu fimmtíu þúsund pund, sem samsvara rúmlega sex milljónum íslenskra króna. Ef þeir verða fundnir sekir eiga þeir yfir höfði sér fjórtán ára fangelsisdóm. **- fgg**

Synir Britney í eiturlyfjapróf

Farsinn í kringum forræðismál Britney Spears og Kevins Federline heldur áfram. Britney vill nú að synir þeirra gangist undir eiturlyfjapróf.

SYNIRNIR Í EITURLYFJAPRÓF Britney Spears hefur fyrrum eiginmann sinn grunaðan um að reykja hass í kringum syni þeirra. Hér sést hún með Sean Preston, eldri son sinn, á mjöðminni.

Kevin Federline hefur gagnrýnt fyrrverandi eiginkonu sína, Britney Spears, harðlega fyrir uppeldi hennar á drengjum þeirra tveimur, Jayden James og Sean Preston. Á meðal þess sem hann hefur sett út á er að söngkonan gefi þeim ótæpilega mikið af ruslfæði og sykruðum drykkjum. Nú hefur Britney hins vegar snúið vörn í sókn, ef svo má segja, og vill að drengirnir gangist undir eiturlyfjapróf. Hún hefur Federline grunaðan um að reykja maríjúana í návist þeirra, sem margir myndu telja töluvert hættulegra efni en sykur.

„Britney heldur að Kevin hafi reykt hass í kringum drengina," segir vinur söngkonunnar. „Hún segir að hún finni lyktina af því í hári og fötum drengjanna þegar hún umgengst þá," segir vinurinn. Britney ku vera svo reið yfir þessu að hún er ákveðin í því að drengirnir, sem eru eins og tveggja ára gamlir, gangist undir eiturlyfjapróf.

„Hún hefur spurt eftirlitsmanninn [sem fylgist með fundum hennar og sonanna] og lögfræðinga sína hvort þeir geti sannað að börnin hafi verið í umhverfi þar sem eiturlyfja hefur verið neytt," segir heimildarmaður blaðsins Life & Style. Britney fékk þær upplýsingar að hægt væri að klippa hárlokk af höfði þeirra, skömmu eftir að þeir koma frá Kevin, og láta greina lokkana á rannsóknarstofu.

Sérfræðingurinn Marty Brenner segir í viðtali við blaðið að gerlegt sé að framkvæma slík próf á hári. Það þurfi að fara fram innan tveggja daga eftir að einstaklingurinn komst í snertingu við eiturefnin. Hann segir að hassreykur myndi sjást á prófunum og að niðurstöður komi yfirleitt eftir örfáa daga.

Ef svo fer að prófin verði jákvæð gæti það orðið til þess að forræði Federline yfir drengjunum yrði endurskoðað.

Færir engin fjöll

TÓNLIST

Supercalifragilisticexpialidocious

Sometime

★★

Ekki sannfærandi skífa þó svo að nýbylgjupoppið geti alveg fengið mann til þess að hreyfa mjaðmirnar.

Sometime er hljómsveit sem hefur oft skemmt mér á tónleikum sínum. Aðalhugsuðir sveitarinnar, Danni trommari (oft kenndur við Maus) og Diva de la Rosa, ljóma þar yfirleitt af gleði og sjarminn frá þeim bræðir flest allt sem á vegi þess verður. Því miður er þessu ekki eins farið á frumburði sveitarinnar.

Supercalifragilisticexpialidocious heitir gripurinn og nær ekki að standast væntingar. Platan byrjar reyndar vel. Lögin Heart of Spades og Catch Me If You Can eru vel áheyranleg, ná ágætri hæð sem endurspeglast helst í flottu bíti og ágætlega grípandi laglínu. Eftir því sem á líður fjarar hins vegar verulega undan plötunni. Lagasmíðarnar verða þreyttar og útsetningar hugmyndasnauðar. Þegar verst lætur hljómar Sometime eins og léleg Bjarkar-eftirherma sem er að reyna að herma eftir Portishead (til dæmis í lögunum Take a Ride og In Shadows). Nokkrar tilraunir til þess að brjóta upp plötuna (íslenski textinn í Færi fjöllin og óperuröddin í Signals in the Sky svo eitthvað sé nefnt) eru líka frekar klisjukenndar og mislukkaðar. Helst nær franska lagið Samedi að koma með ferskt innslag.

Sometime nær samt sem áður oft að snara fram úr erminni nýtískulegu stuðpoppi enda hef ég nú þegar nefnt nokkur lög sem mér þykir prýðisgóð. Blanda nýbylgjulegra tóna við gamaldagsrödd Rósu fer oft ágætlega saman og er Dreams in Reality besta sönnun þess. Rósa hefur sérstakan og áhugaverðan stíl en stundum nær hún ekki alveg að valda honum, sérstaklega í háu tónunum.

Nú hef ég nefnt fleiri lög af plötunni sem mér þykir góð en þau sem mér þykir slæm. Samt sem áður fær platan ekki fleiri en tvær stjörnur. Ástæðan er sú að meirihluti plötunnar er einfaldlega ekki nægilega góður. Hann skortir allan þann sannfæringarkraft sem hefur birst manni á tónleikum sveitarinnar. Í staðinn fyrir að boðskapur plötunnar sé að koma sér í stuðfíling er hann meira í áttina að: „Hey stelpur, kíkjum út í Kronkron og skoðum flotta kjóla." Fyrir mér er hið fyrrnefnda atriði eftirsóknarverðara.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Láttu þér líða vel um jólin

Slide Back rúm á jólatilboði

Passion rúmin eru afar vönduð og tvímælalaust með bestu rúmakaupunum sem hægt er að gera í dag.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

opið í dag 10-20,
laugardag 11-20
sunnudag 13-20
aðfangadag 10-12

DÖNSK HÖNNUN
DÖNSK GÆÐI

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum
af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion

hönnun: www.origami-art.net

Úrval af glæsilegum hægindastólum og hægindasófum með rafdrifnum stillingum. Náttborð og rúmgaflar í miklu úrvali.
Flott jólatilboð í gangi.

LÚR
BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

Stuð í sláturhúsi

Glæsileg aðstaða undir fjölbreytt menningar- og listastarf verður opnuð í gömlu sláturhúsi á Egilsstöðum í janúar. Einn hluti menningarsetursins Sláturhússins verður helgaður Vegahúsinu, skapandi starfi ungmenna á aldrinum 16 til 25 ára. „Þetta er mjög spennandi, nauðsynlegt og gott framtak," segir Sigmar Vilhjálmsson fjölmiðlamaður, en hann situr í stjórn menningarsetursins og hefur háleit markmið til starfseminnar.

„Ég ólst upp á Egilsstöðum þegar félagsmiðstöðin var svona 75 fermetrar," segir Sigmar. „Þar sem lítið er um afþreyingu er mikil þörf á svona aðstöðu. Á Egilsstöðum eru færri skemmtistaðir en kirkjur, og ekki einu sinni hægt að fara í bíó," segir Sigmar. Í nýju húsnæði Vegahússins munu ungmennin meðal annars hafa aðgang að æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir, hljóðveri til að vinna tónlist og aðstöðu til að klippa kvikmyndir.

SIGMAR VILHJÁLMSSON Tekur þátt í að skipuleggja ungmennastarf í gömlu sláturhúsi á Egilsstöðum.

„Svo er þarna risastór frystiklefi sem býður upp á gríðarlega flotta möguleika fyrir tónleikahald og upptökur," segir Sigmar. „Bæði áhugafólk um tónlist og atvinnumenn, og þess vegna erlent tónlistarfólk líka. Við fengum nokkra í þessum bransa til að gefa salnum einkunn og margir hafa lýst yfir áhuga á að spila þarna," segir Sigmar, sem hefur mikla trú á þessu nýja menningarsetri Austfjarða.

- eá

Belgar leita að Íslendingum með ákveðna fæðingardaga

Belgísk sjónvarpsstöð hefur leitað til Skessuhorns, héraðsfréttablaðs á Vesturlandi, í þeim tilgangi að fá aðstoð við að auglýsa eftir Íslendingum sem eiga ákveðna afmælisdaga.

Á heimasíðu Skessuhorns kemur fram að starfsfólk belgísku sjónvarpsstöðvarinnar vinni að gerð myndar þar sem rætt er við fólk úr mismunandi heimsálfum sem á sömu afmælisdaga og fæðingarár. Markmiðið er að svara því hvernig líf þessa fólks hefði getað orðið ef það hefði fæðst annars staðar í heiminum.

„Viðkomandi sagðist hafa fengið þær upplýsingar að það væru mestar líkur á að fá góða þjónustu á okkar fjölmiðli," segir Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns. „Ég spurði hvort hún gerði sér grein fyrir því að við værum héraðsfréttablað sem væri mestmegnis dreift á vesturhluta landsins. Hún sagðist gera það og hafði þegar fengið töluverð viðbrögð við auglýsingunni þegar ég talaði við hana á fimmtudag," segir Magnús en áhugasamir geta leitað nánari upplýsinga á www.skessuhorn.is.

sigrunosk@frettabladid.is

LEITA AÐ ÍSLENDINGUM Starfsfólk belgísku sjónvarpsstöðvarinnar sem leitar að Íslendingum til að vera með í heimildarmynd.

HVENÆR FÆDDIST ÞÚ?

Belgarnir leita að fólki með eftirfarandi fæðingardaga:

Karlmenn:
29. apríl 1933
18. júlí 1948
19. júlí 1948
20. ágúst 1949
11. febrúar 1952
18. janúar 1956
5. maí 1956
27. ágúst 1958
30. desember 1960
24. júlí 1962
14. janúar 1965
27. janúar 1965
5. október 1968
5. febrúar 1969
6. apríl 1969
3. maí 1981

Konur:
5. apríl 1943
2. maí 1950
20. júlí 1963
24. mars 1964
10. febrúar 1965
26. mars 1975
4. nóvember 1977
27. desember 1979
24. júlí 1982

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

ALFABAKKA
TÖFRAPRINSESSAN kl. 3.30 - 5.30
ENCHANTED kl. 5 - 8.20 - 10.40
TÖFRAPRINSESSAN kl. 3 - 5.30
I AM LEGEND kl. 10.30
I AM LEGEND kl. 10.30
FRED CLAUSE kl. 3-5.30-8D-10.30
FRED CLAUSE kl. 8
ALVIN OG ÍKORNARNIR kl. 4 - 6
BÝFLUGUMYNDIN kl. 4
BEE MOVIE kl. 8 - 10.10
BEOWULF kl. 8
SIDNEY WHITE kl. 5.30 - 8
AMERICAN GANGSTER kl. 10.30

KRINGLUNNI
TÖFRAPRINS... kl. 1D - 3.20D - 5.40D
ENCHANTED kl. 8.30 - 10.50
I AM LEGEND kl. 10.30D
FRED CLAUSE kl. 8D - 10.30D
BÝFLUGUMYNDIN kl. 2D - 4D - 6D
BEOWULF kl. 8D
BÍÓPÖSSUN
ÍHRÓTAHETJAN kl. 13.00
RATATOUILLE kl. 14.40
SANTA CLAUSE 2 kl. 16.40
GRINCH kl. 18.30

KEFLAVÍK
ENCHANTED kl. 5.45 - 8
I AM LEGEND kl. 10.30
BEE MOVIE kl. 8
FRED CLAUS kl. 8 - 10.20

AKUREYRI
TÖFRAPRIN... kl. 6
FRED CLAUS kl. 8
I AM LEGEND kl. 10.30
BEE MOVIE kl. 6
SIDNEY WHITE kl. 8
BEE MOVIE kl. 10

SELFOSSI
ENCHANTED kl. 8
I AM LEGEND kl. 10.30
FRED CLAUSE kl. 8
HITMAN kl. 10.30

BÍÓ NÝTTU ÞÉR pössun í kringlunni

Nýtt í bíó
Sími: 553 2075 - bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ
RUN FATBOY RUN „Flauelsmjúk og þægileg" - Dóri DNA, DV
ALVIN OG ÍKORNARNIR ★★★ S.V., MBL
HITMAN
SAW IV
BEE MOVIE

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RUN FATBOY RUN	kl. 4, 6, 8 og 10	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL	kl. 4 og 6	L
SAW IV	kl. 8 og 10	16
BEE MOVIE - ÍSL TAL	kl. 4 og 6	L
HITMAN	kl. 8 og 10	16

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

NÝTT Í BÍÓ!
WE OWN THE NIGHT
Bobby Green snéri baki við fjölskyldu sinni, en þarf nú að leggja allt undir til að bjarga henni undan mafíunni. LÚXUS 16
ENCHANTED

Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna ★★★ - S.V. MBL ALVIN L
★★★ "FLAUELSMJÚK OG ÆGILEG" - DÓRI DNA, DV ÁST. SKULDBINDING. ÁBYRGÐ. HANN HLEYPUR FRÁ ÖLLU! RUN FATBOY RUN HLAUPTU FITUBOLLA, HLAUPTU L
★★★★ - Ó.H.T., RÁS 2 ★★★★ - B.S., FBL ★★★ -S.V., MBL DUGGHOLUFÓLKIÐ 7
★★★ VJV, TOPP5.IS HITMAN 16
DAN IN REAL LIFE L
SAW IV 16 ÞÓ BÉLST AÐ LEIKNUM VÆRI LOKIÐ...EN HANN ER RÉTT AÐ BYRJA
14

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

ENCHANTED ÍSL. TAL	kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20		
ENCHANTED LÚXUS ÍSL. TAL	kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 ÍSL. TAL		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL		
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6 - 8	7	
HITMAN	kl. 8 - 10.10	16	
DAN IN REAL LIFE	kl. 10		

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! — 5%

WE OWN THE NIGHT	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
RUN FATBOY RUN	kl. 5.50 - 8 - 10.10	
SAW 4	kl. 8 - 10.10	16
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 8 - 10.15	14
DAN IN REAL LIFE	kl. 5.45	
LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 5.20	14

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

WE OWN THE NIGHT	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6 - 8 - 10	7
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 8 - 10.15	14
ACROSS THE UNIVERSE	kl. 6 - 9	12

— 5%

SÍMI 462 3500

ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6	
RUN FATBOY RUN	kl. 8 - 10	16
SAW 4	kl. 8 - 10	

— 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

Hjálpar fólki að efla hamingjuna og takast á við erfiðleikana

„Þetta er snilldarbók, vel skrifuð og kaflaskipt svo fólk getur flett upp á því sem það þarf að kynna sér ... þessa bók á hvert einasta heimili."
Arnþrúður Karlsdóttir / Útvarp Saga

„Held ég gefi vinkonum mínum sem eru alveg við það að gefast upp á kærustunum sínum sálfræðibókina Ást í blíðu og stríðu í jólagjöf."
Ellý Ármanns / Sviðsljós mbl.is

ÖNNUR PRENTUN kemur í dag

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Höfundarnir: Sálfræðingarnir Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal

OPNUNARTÍMAR UM HELGINA
21. DES 10:00-19:00
22. DES 10:00-16:00
23. DES 10:00-16:00

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 800MHz XMS Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

UPPFÆRSLA B

Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon X2 DualCore 4600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB ATI Radeon X1250

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

39.950

AMD TÖLVA 3

- Athlon X2 5600+ DualCore
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GTS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

89.950

22" ACER P223

Hágæða 22" LCD Acer CrystalBrite tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 2500:1 í skerpu og 5ms

acer

35.950

4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

3.950

CREATIVE T6100



Öflugt 5.1 hátalarakerfi með fimm hátölurum og stóru bassaboxi

CREATIVE

7.950

320GB MARGMIÐLUNARSPILARI

ICYBOX

320GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

18.950

WD 160GB PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

13.950

WD 500GB MYBOOK 2

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

14.750

ACER ASPIRE 5315-05

- 1.73GHz Intel CEL. M 530
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 1200GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100 PCI Ex
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

67.950

LOGITECH G9 MÚS

Logitech G9 er flottasta leikjamúsin á markaðinum í dag, stillanleg næmni og þyng, útskiptanleg grip

Logitech

8.950

LOGITECH EX110

- Logitec EX110
- Þráðlaus geislamús
- Þráðlaust lyklaborð
- Áprentaðir íslenskir stafir

Logitech

3.450

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

9.950

CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon

9.950

SENNHEISER HD202

SENNHEISER

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

SENNHEISER RS120

SENNHEISER

Frábær þráðlaus heyrnatól með hleðslurafhlöðum og hleðslustandi.
Skila ótrúlega góðum hljómgæðum.

5.750

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> Enn einn vináttuleikurinn

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir landsliði Wales í vináttulandsleik 28. maí á Laugardalsvelli, en þetta var tilkynnt á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands í gær. Þetta er sjötti æfingarleikurinn sem fyrirhugaður er hjá íslenska landsliðinu á næsta ári og annar leikurinn sem bókaður er á Íslandi. Með landsliði Wales leika nokkrir þekktir leikmenn úr ensku úrvalsdeildinni, en frægasti fótboltamaður Wales, Ryan Giggs, hefur því miður lagt landsliðsskóna á hilluna.

KRISTINN JAKOBSSON, DÓMARI: VAR VALINN TIL ÞESS AÐ VERA FJÓRÐI DÓMARI Á LOKAKEPPNI EM NÆSTA SUMAR

Með tærnar þar sem þeir bestu eru með hælana

Í fyrradag var tilkynnt á opinberri heimasíðu knattspyrnusambands Evrópu hvaða dómararar voru valdir til þess að dæma á lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Austurríki og Sviss dagana 7.-29. júní. Valdir voru tólf dómarar og tuttugu og fjórir aðstoðardómarar og dómaratríóin sem koma til með að dæma leiki saman, koma frá sama landinu. Enn fremur voru skipaðir átta dómarar sem gegna munu starfi fjórða dómara og þar kemur enginn annar en Kristinn Jakobsson til skjalanna.

„Þetta er náttúrulega mikill heiður og upphefð ef svo má að orði komast," sagði Kristinn sem fær tækifæri til þess að vinna með bestu dómurum Evrópu sem verða að dæma í keppni bestu liða í Evrópu.

„Það má segja að undirbúningur sé í raun þegar hafinn og ég fékk úthlutað æfingaprógrammi frá UEFA sem ég kem til með að æfa eftir og síðan þegar nær dregur verður svo eitthvað um ráðstefnur og umræðufundi til þess að undirbúa dómarana sem best fyrir keppnina. Þá verða líka tvö þrekpróf sem menn verða að standast til þess að fá að taka þátt í þessu dæmi en ég á ekki von á því að þau verði með öðru sniði en þessi viðurkenndu FIFA-þolpróf sem ég hef þegar farið í. Ég hlakka mikið til að fá að fylgjast með bestu dómurum Evrópu að störfum og fá að komast með tærnar þar sem þeir eru með hælana," sagði Kristinn í léttum dúr.

Kristinn mun vinna náið með því dómaratríói sem dæmir leikina þar sem hann verður fjórði dómari og tekur þátt í undirbúningi þeirra fyrir viðkomandi leiki. Kristinn þarf svo að vera í viðbragðsstöðu ef eitthvað kemur upp á meðan á leiknum stendur.

„Það er þetta almenna ferli sem fylgir undirbúningi dómara fyrir alla leiki og ég þarf svo jafnframt að vera tilbúinn að taka við flautunni ef dómari leiksins meiðist til að mynda og það er vitanlega meginhlutverk fjórða dómara.

sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSHÓPARNIR

Landsliðshópur 1 sem tekur þátt í LK-Cup í Danmörku:

Birkir Ívar Guðmundsson	Lubbecke
Roland Valur Eradze	Stjarnan
Hreiðar Levý Guðmundsson	Savehof
Guðjón Valur Sigurðsson	Gummersb.
Alexander Petersson	Flensburg
Róbert Gunnarsson	Gummersbach
Vignir Svavarsson	Skjern
Jaliesky Garcia Padron	Göppingen
Arnór Atlason	FCK
Snorri Steinn Guðjónsson	GOG
Ólafur Stefánsson	Ciudad Real
Einar Hólmgeirsson	Flensburg
Ásgeir Örn Hallgrímsson	GOG
Logi Geirsson	Lemgo
Sverre Jakobsson	Gummersbach
Sigfús Sigurðsson	Ademar Leon
Bjarni Fritzson	St. Raphael
Hannes Jón Jónsson	Fredericia
Sigurbergur Sveinsson	Haukar

Leikjaplan A-liðsins á LK Cup:

4. jan	Ísland - Pólland
5. jan.	Ísland - Noregur
6. jan.	Ísland - Danmörk

A-liðið leikur svo við Tékka hér heima 13. og 14. janúar og fer utan til Noregs 15. janúar.

Landsliðshópur 2 sem tekur þátt í Posten Cup í Noregi:

Björgvin Páll Gústavsson	Fram
Davíð Svansson	Afturelding
Ólafur Haukur Gíslason	Valur
Sturla Ásgeirsson	Aarhus
Baldvin Þorsteinsson	Valur
Andri Stefan	Haukar
Heimir Örn Árnason	Stjarnan
Jóhann Gunnar Einarsson	Fram
Arnór Gunnarsson	Valur
Fannar Þorbjörnsson	Fredericia
Kári Kristjánsson	Haukar
Gunnar Berg Viktorsson	Haukar
Einar Ingi Hranfsson	Fram
Ernir Hrafn Arnarsson	Valur
Elvar Friðriksson	Valur
Árni Þór Sigtryggsson	Granollers
Ólafur Bjarki Ragnarsson	HK
Gísli Kristjánsson	Fredericia
Rúnar Kárason	Fram
Guðlaugur Arnarsson	Malmö
Gunnar Ingi Jóhansson	Stjarnan

Leikjaplan B-liðsins í Noregi:

11. jan. Ísland - Ungverjaland
12. jan. Ísland - Portúgal
13. jan. Ísland - Noregur

Stefnum á verðlaunasæti á EM

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari valdi í gær tvo landsliðshópa; annars vegar A-lið, þar sem flestir munu fara á EM, og svo B-lið óreyndari manna. Alfreð líst vel á mannskapinn og er bjartsýnn á gott gengi á EM þar sem verður mætt til leiks með hástemmd markmið enda stefnir Alfreð á verðlaunasæti.

HANDBOLTI Alfreð Gíslason valdi 41 leikmann í landsliðshópa sína tvo í gær. 22 leikmenn eru í B-liði Alfreðs en 19 leikmenn eru í A-liðinu en líklegt er að leikmennirnir í þeim hópi muni skipa EM-hóp Alfreðs þó að það séu leikmenn í B-liðinu sem gætu átti smávægilegan möguleika.

Fátt kemur á óvart í vali Alfreðs í A-liðs hópnum fyrir utan að þar er hinn ungi Haukamaður Sigurbergur Sveinsson sem stóð sig vel er hann fékk tækifæri með landsliðinu á dögunum. Landsliðið kemur saman í byrjun janúar og fer beint á LK Cup í Danmörku sem hefst 4. janúar.

Okkar sterkasti leikmannahópur

„Ég er búinn að skoða marga leikmenn síðasta árið og margir hafa fengið tækifæri. Þessi hópur er samt að mínu mati okkar sterkasti eins og staðan er í dag. Sigurbergur er inni en hann stóð sig vel gegn Ungverjum og það er misjafnt ástandið á rétthentu skyttunum okkar. Svo er spurning hvernig staðan er á Sigfúsi en ég fæ gott tækifæri til þess að skoða hann þegar hann kemur heim. Hann hefur verið meiddur en er að koma til baka," sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær.

Eins og venjulega vekur athygli þegar ákveðnir leikmenn eru ekki valdir og miðað við fyrri hópa Alfreðs þá vekur kannski helst athygli að Ragnar Óskarsson og Valdimar Þórsson séu í hvorugum hópnum hjá Alfreð að þessu sinni.

Valdimar í kuldanum og Ragnar ekki valinn þótt hann væri heill

„Ragnar er meiddur en ég efast um að ég hefði valið hann þó svo að hann hefði verið heill. Valdimar fór með okkur til Parísar á sínum tíma og stóð sig vel á æfingum en það skilaði sér því miður ekki í leikjunum. Á móti kemur að við erum vel mannaðir á miðjunni með Snorra sem mann númer eitt og svo geta bæði Arnór og Ólafur leyst hann af," sagði Alfreð en Magnús Stefánsson og Björgvin Hólmgeirsson eru einnig í hvorugum hópnum en þeir fengu tækifæri gegn Ungverjum líkt og Sigurbergur. „Mér fannst Sigurbergur standa sig best af þeim þremur. Magnús og Björgvin eru ungir og efnilegir og fá eflaust tækifæri síðar. Svo þarf ég líka að skoða Ingimund betur."

Bjarni Fritzson heldur sæti sínu í A-landsliðshópnum þó svo að þar komi fleiri til greina eins og Gylfi Gylfason, Þórir Ólafsson og Einar Örn Jónsson sem allir spila í Þýskalandi.

„Við eigum marga góða hornamenn og Bjarni hefur staðið sig vel. Svo er Arnór Gunnarsson ungur og mjög efnilegur hornamaður sem ég er spenntur fyrir. Þess utan geta allar örvhentu mennirnir okkar spilað báðar stöður og það er mjög erfitt fyrir alla hornamenn að komast þarna inn," sagði Alfreð sem stendur frammi fyrir nýju vandamáli.

Meiðsli Guðjóns Vals gætu opnað dyrnar fyrir Baldvin Þorsteinsson

Á síðustu mótum hefur Guðjón Valur Sigurðsson verið eini vinstri hornamaðurinn í hópnum en hann er tæpur sem og Logi Geirsson. Hvað ætlar Alfreð að gera í því?

„Það er allt opið enn sem komið er. Ef Logi er ekki í standi þá tek ég hornamann með og þá er Baldvin líklegastur. Svo er hægt að setja Hannes í allar stöður og hann leysir þau verkefni sem honum eru gefin og gerir það vel."

Roland Valur Eradze er kominn aftur í hópinn hjá Alfreð. „Hann vissi að hann ætti möguleika ef hann væri í standi. Ég sé hvernig hann verður í Danmörku. Ef hann er í formi þá er hann mikilvægur fyrir okkur," sagði Alfreð en liðið verður án Jaliesky Garcia Padron í Danmörku þar sem hann er í fríi til 7. janúar vegna fjölskyldumála.

Það er ljóst að Ísland mætir til leiks á EM með einn af sterkustu hópunum í mótinu og Alfreð segir markið sett hátt að þessu sinni.

„Við ætlum að komast inn á ólympíuleikanna og því þurfum við að fara langt og við ætlum okkur langt í þessari keppni. Stefnan er sett á verðlaunasæti og það dugar ekkert annað ef við ætlum að komast í umspil fyrir ólympíuleikana," sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is

ÆTLAR SÉR STÓRA HLUTI Alfreð Gíslason mætir til leiks á EM með stórar væntingar en hann stefnir að því að vinna til verðlauna og koma landsliðinu í umspil fyrir Ólympíuleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimleikasamband Íslands:

Fríða og Viktor voru valin best

FIMLEIKAR Fimleikasamband Íslands tilkynnti í gær val sitt á fimleikafólki ársins. Fríða Rún Einarsdóttir og Viktor Kristmannsson, bæði úr Gerplu, voru valin fimleikakona og fimleikamaður ársins 2007.

Fríða Rún þykir mikið efni en hún hóf þátttöku í alþjóðlegum mótum haustið 2004. Hún hefur farið mikinn í unglingaflokki og hefur enn fremur nú þegar unnið til margra verðlauna í opnum flokki og er því ein bjartasta vonin í áhaldafimleikum sem Íslendingar eiga.

Viktor hefur verið í sérflokki hér á landi og er ávallt meðal efstu manna frá Norðurlöndum á stórmótum. Viktor stóð sig vel á smáþjóðaleikunum í Mónakó á árinu og vann þar til fjölmargra verðlauna. - óþ

Alfreð Gíslason valdi B-landsliðshóp ásamt öðrum sem mun spila á móti í Noregi:

Gott tækifæri fyrir ungu og efnilegu strákana

HANDBOLTI Alfreð Gíslason valdi ásamt þeim Kristjáni Halldórssyni, þjálfara Stjörnunnar, og Aroni Kristjánssyni, þjálfara Hauka, B-landsliðshóp í gær en það lið mun taka þátt í Posten Cup í Noregi sem er sterkt mót. Andstæðingarnir eru Noregur, Ungverjaland og Portúgal en mótið fer fram 11.-13. janúar og verður spilað í Þrándheimi og Lillehammer. Kristján Halldórsson mun stýra liðinu í mótinu.

„Þetta er gott tækifæri fyrir ungu og efnilega strákana. Ég mun einnig nota mótið til þess að gefa leikmönnum eins og Einari Hólmgeirssyni, Sigfúsi Sigurðssyni og jafnvel Loga Geirssyni tækifæri til þess að spila en þeir hafa lítið leikið upp á síðkastið og vantar mínútur á vellinum," sagði Alfreð en fyrir utan unga og efnilega leikmenn eru einnig reyndir leikmenn í þessum hópi sem hafa verið viðriðnir landsliðið í gegnum tíðina. Nægir þar að nefna menn eins og Heimi Örn Árnason, Gunnar Berg Viktorsson og Andra Stefan.

Það vekur engu að síður athygli að Alfreð skuli ekki velja suma af eldri strákunum eins og Gylfa Gylfason, Einar Örn Jónsson og Þóri Ólafsson en þeir spila allir í þýsku deildinni og hafa verið að spila með landsliðinu á síðustu árum.

„Ég veit hvað þessir strákar geta og ég ákvað frekar að leyfa ungu strákunum eins og Arnóri Gunnarssyni að spila. Arnór er framtíðarmaður að mínu mati," sagði Alfreð sem mun ekki fara með liðinu til Noregs þar sem hann verður með A-liðið á æfingum á sama tíma.

- hbg

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON Einn af ungu strákunum sem fá tækifæri til að sanna sig í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1. sæti

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

ÁRLEG STAÐFESTING!

Hólsfjalla-hangikjöt

frá Fjallalambi

fékk hæstu einkunn í smökkun DV

ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ !

Umsagnir:

Dóri DNA **„Þetta smakkaðist eins og jóladagur."** * * * *
Úlfar Finnbjörnsson **„Fallegur litur, gott bragð og smá fita."** * * * *
Siggi Hall **„Þetta er ágætt. Svolítil sæta í kjötinu sem er gott."** * * * * *
Björgvin Halldórsson **„Þetta er ekki sveitó."** * * * * *
Sólveig Baldursdóttir **„Hæfilega feitt og gott kjöt."** * * * *
Guðrún Sigurðarsdóttir **„Safaríkt og gott kjöt"** * * * *

Tilkyning:
Að gefnu tilefni viljum við benda á að fjallalamb selur sitt hangikjöt eingöngu undir nafninu Hólsfjallahangikjöt. Fjallahangikjöt er ekki frá fjallalambi.

Rýrnun Hólsfjallahangikjötsins í suðu reyndist jafnframt lægst

BJARTSÝNN Redknapp telur að gengi Englands geti varla versnað og leiðin liggi alltaf upp á við. NORDIC PHOTOS/GETTY

Harry Redknapp, Portsmouth:

Gengi Englands versnar varla

FÓTBOLTI Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, segir að Fabio Capello, nýráðinn þjálfari Englands, taki við liðinu á besta tíma.

„Liðið getur ekki fallið lægra, þetta er lægsti stallur sem liðið hefur verið á frá upphafi, þannig að leiðin liggur alltaf upp á við. Ég er reyndar einnig á þeirri skoðun, sama hvað aðrir segja, að núverandi leikmannahópur sé sá sterkasti síðan árið 1970," sagði Redknapp í viðtali við Sky. - óþ

EFTIRSÓTTUR Bæði Liverpool og Tottenham hafa spurst fyrir um varnarmanninn Tomas Ujfalusi undanfarið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tomas Ujfalusi, Fiorentina:

Eftirsóttur af enskum liðum

FÓTBOLTI Hinn 29 ára gamli Tomas Ujfalusi, varnarmaður Fiorentina og landsliðs Tékklands, er meðal annars undir smásjá Liverpool og Tottenham samkvæmt Dalibor Lacina, umboðsmanni leikmannsins.

„Samningur Tomasar rennur út næsta sumar og hann er á báðum áttum hvort hann eigi að skrifa undir nýjan samning við Fiorentina eða fara á frjálsri sölu. Það eru mörg lið búin að spyrjast fyrir um hann og ensku liðin Liverpool og Tottenham eru tvö af þeim, en það eru líka lið á Ítalíu og Spáni sem eru að fylgjast með gangi mála," sagði Lacina í viðtali við Sport. - óþ

ÚRSLITIN Í GÆR

Evrópukeppni félagsliða:

A-riðill:

AZ Alkmaar-Everton 2-3

0-1 Andy Johnson (2.), 1-1 Graziano Pellé (16.). 1-2 Phil Jagielka (43.). 2-2 Kew Jaliens (65.), 2-3 James Vaughan (79.). Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði AZ Alkmaar en Bjarni Þór Viðarsson kom inn á sem varamaður á 69. mínútu fyrir Everton.

Larissa-Nürnberg 1-3

1-0 Josef Kozlej (11.), 1-1 Ivan Saenko (45.), 1-2 Marek Mintal (56.), 1-3 Angelos Charisteas (73.).

B-riðill:

Atletico Madrid-Panathinaikos 2-1

0-1 Dimitrios Salpingidas (34.), 1-1 Luís Garcia (74.), 2-1 Simao (90.).

Aberdeen-Kobenhavn 4-0

1-0 James Smith (47.), 2-0 James Smith (55.), 3-0 sjálfsmark (71.), 4-0 Richard Foster (82.).

C-riðill:

AEK-Villarreal 1-2

0-1 Rio Mavuba (40.), 1-1 Rivaldo (68.), 1-2 Jon Dahl Tomasson (69.).

Fiorentina-Mladá Boleslav 2-1

1-0 Adrian Mutu (44.), 1-1 Jan Rajnoch (60.), 2-1 Christian Vieri (67.).

D-riðill:

Hamburg-Basel 1-1

0-1 Ivan Ergic (58.), 1-1 Ivica Olic (73.).

Rennes-Dinamo Zagreb 1-1

0-1 Ogjen Vukoevic(56.), 1-1 Stephan Mbia(88.).

Ítalska bikarkeppnin:

AC Milan-Catania 1-2

0-1 Gionatha Spinesi (19.), 0-2 Giuseppe Mascara (27.), 1-2 D. Paloschi

Ragna Ingólfsdóttir hefur leikið vel og er komin í undanúrslit alþjóðlega badmintonmótsins í Grikklandi:

Þetta var frekar öruggt allan tímann

BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir er komin í undanúrslit alþjóðlega badmintonmótsins Hellas Victor International sem er í fullum gangi í Grikklandi. Ragna sigraði þýsku stúlkuna Karin Schnaase í átta manna úrslitunum, 21-10 og 21-13 en hún vann einnig þýska stúlku í 16 manna úrslitunum.

„Þetta var frekar öruggt allan tímann. Ég vann fyrstu lotuna létt og var alveg með þetta allan tímann," segir Ragna sem mætir Nhung Le frá Víetnam í undanúrslitunum í dag.

Nhung Le er númer 93 á heimslistanum. Nhung Le varð meðal annars í 2. sæti á sterku móti í Nýja-Sjálandi síðasta sumar en á sama móti beið Ragna lægri hlut í átta manna úrslitum.

„Þessi stelpa er líka að reyna að komast á ólympíuleikana, hún er á svipuðum aldri og ég og er búin að spila á svipuðum mótum og ég. Ég hef séð til hennar en aldrei spilað við hana. Ég held að við séum svipaðar og það verður bara spurning um hvor spilar betur. Ég ætla að spila minn leik," segir Ragna, sem segir aðstæðurnar í Grikklandi ekki auðvelda sér fyrir.

„Það er mjög erfitt að spila hér því það eru hvítir veggir í allri höllinni og svo eru gluggar á öllum veggjum þar sem sólin skín inn.

ÆTLAR ALLA LEIÐ Ragna Ingólfsdóttir mætir stelpu frá Víetnam í undanúrslitunum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Þjálfarinn minn sagði við mig meira í gríni en alvöru að passa mig á að sólbrenna ekki," sagði Ragna, sem lendir í ýmsum aðstæðum.

Ragna er staðráðin í að komast í sinn þriðja úrslitaleik á tímabilinu, en hún hefur þegar unnið tvö mót á tímabilinu til þessa.

„Við erum allar orðnar þreyttar því við höfum verið að spila mikið og allar á þessum sömu mótum. Nú er bara spurning hver kemst lengst á hörkunni," segir Ragna og telur að andlega hliðin geti ráðið miklu um hvernig henni gengur gegn Nhung Le í undanúrslitunum í dag. - óój

Málið fer fyrir Hæstarétt ef á þarf að halda

Engan bilbug er að finna á Aðalsteini Eyjólfssyni, þjálfara kvennaliðs Stjörnunnar, þrátt fyrir langt bann vegna ummæla í fjölmiðlum. Hann er búinn að kæra niðurstöðuna og ætlar með málið eins langt og hann getur.

HANDBOLTI Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, hefur leitað liðsinnis lögfræðings og er búinn að kæra bannið sem aganefnd HSÍ dæmdi hann í um daginn. Það bann er til 1. febrúar og er um að ræða þyngsta dóm sem þjálfari eða leikmaður hefur fengið vegna ummæla í fjölmiðlum.

„Ég er búinn að áfrýja dómnum," sagði Aðalsteinn við Fréttablaðið í gær en lögfræðingur Aðalsteins telur að hægt sé að áfrýja dómnum þó að reglur aganefndar segi að ekki sé hægt að áfrýja dómum sem séu styttri en sex mánuðir. Dómstóll HSÍ tók málið fyrir í gær og er ekki von á niðurstöðu fyrr en eftir nokkra daga.

„Ég lagði inn kæru á mörgum forsendum. Meðal annars vegna þess að mér var ekki gefinn kostur á að verja mig fyrir aganefnd, gögn sem aganefnd tekur fyrir eru sérvalin, aganefndin fer út fyrir sínar lagaheimildir varðandi lengd bannsins og svona mætti áfram telja," sagði Aðalsteinn sem mun ekki gefast upp fyrr en í fulla hnefana.

„Ég fer með þetta alla leið. Þess má geta að Anja Andersen var sett í bann á sínum tíma í Danmörku fyrir að draga lið sitt af velli. Hún fór með mál sitt fyrir danska dómstóla og okkar réttarkerfi byggist meira og minna á dönskum dómstólum. Hún vann það mál þannig að ég er sannfærður um að þetta er lögleysa," sagði Aðalsteinn.

„Ef ég fæ ekki ásættanlega niðurstöðu hjá dómstólum HSÍ mun ég athuga hvort ég geti farið með

ÓSÁTTUR Aðalsteinn Eyjólfsson er ekki til í að una hinu langa banni sem hann fékk á dögunum og ætlar alla leið með málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

málið fyrir ÍSÍ. Ef það dugar ekki til fer ég með málið fyrir héraðsdóm og þaðan í Hæstarétt ef á þarf að halda.

Það er engin spurning að ég fer með þetta mál alla leið enda vegur bannið að mínum starfsrétti, það er búið að vega að mínum almennu mannréttindum og mér er gefið að sök að hafa kannski brotið íslensk hegningarlög og ég veit ekki til þess að aganefnd HSÍ geti tekið sér það vald að úrskurða um það. Minn lögfræðingur mun fylgja þessu máli eftir," sagði Aðalsteinn ákveðinn.

henry@frettabladid.is

SVARAR FULLUM HÁLSI Keane hikar ekki við að svara áhorfendum sem kalla hann illum nöfnum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Robbie Keane, Tottenham:

Munnsöfnuður hluti leiksins

FÓTBOLTI Robbie Keane, framherji Tottenham, skilur ekkert í Sol Campbell, varnarmanni Portsmouth, að vera að kvarta yfir munnsöfnuði áhorfenda í ensku úrvalsdeildinni. Campbell gerði þá kröfu á dögunum að enska knattspyrnusambandið tæki í taumana og verja leikmenn betur fyrir munnlegu ofbeldi á leikjum.

„Það hafa allir leikmenn lent í því að vera kallaðir öllum illum nöfnum, en menn geta ekki verið að taka þetta inn á sig. Áhorfendur segja einhverja hluti í hita leiksins sem þeir meina ekkert með og ef krakkar eru ekki nálægt þá sé ég ekkert að því að menn blóti aðeins og ég hika ekki við að svara þeim fullum hálsi ef mér sýnist svo. Þetta er hluti af leiknum," sagði Keane í samtali í útvarpsþætti á BBC 5 Live. - óþ

Gunnar Gylfason aðstoðardómari sendir frá sér yfirlýsingu vegna ummæla Kristins Jakobssonar:

Vítaspyrnudómurinn var ákvörðun Kristins en Gunnar gaf merki um hornspyrnu

FÓTBOLTI Dómararnir Kristinn Jakobsson og Gunnar Gylfason virðast vera komnir í hár saman því aðstoðardómarinn Gunnar sá sig knúinn til þess að senda frá sér yfirlýsingu í gær vegna ummæla Kristins í fjölmiðlum um vítið umdeilda sem hann dæmdi í leik Everton og Zenit St. Petersburg á dögunum.

Kristinn hefur alla tíð haldið því fram að vítaspyrnudómurinn hafi verið sameiginleg ákvörðun hans og Gunnars. Kristinn sagði reyndar við Fréttablaðið síðastliðinn þriðjudag að vítaspyrnudómurinn hefði verið ákvörðun Gunnars og hann hefði „þurft að elta Gunnar" þar sem þeir væru

teymi. Sjónvarpsmyndir sýndu að dómurinn var kolrangur en Kristinn gaf manninum sem hann taldi hafa handleikið knöttinn þess utan rauða spjaldið.

Tel mig knúinn til þess að leiðrétta misskilninginn

Yfirlýsing Gunnars hljómar svo: *„Samkvæmt reglum UEFA er dómurum óheimilt að tjá sig við fjölmiðla um þá leiki sem þeir dæma á vegum þeirra. Ég tel mig hins vegar knúinn til þess að leiðrétta misskilning sem hefur orðið vegna ummæla Kristins í fjölmiðlum eftir leik Everton og Zenit Petersburg 5. desember sl. Á 30. mínútu leiksins tók Kristinn þá ákvörðun að dæma vítaspyrnu á Zenit þegar undirritaður gaf merki um hornspyrnu. Virðingarfyllst, Gunnar Gylfason, FIFA aðstoðardómari"*.

Gunnar segir sem sagt að þessi afdrifaríka ákvörðun Kristins hafi ekkert með sig að gera og öll ummæli um annað

GUNNAR OG KRISTINN Eru komnir í hár saman vegna vítaspyrnudómsins á Goodison Park en Gunnar segir að Kristinn fari með ósannindi er hann segir að vítaspyrnudómurinn hafi verið sinn. Hann hafi eingöngu gefið merki um hornspyrnu en Kristinn hafi dæmt vítið.

séu ekki sönn. Gunnar vildi ekki tjá sig frekar um málið í samtali við Fréttablaðið enda mætti hann það ekki líkt og stendur í reglunum. Í ljósi aðstæðna hafi hann aftur á móti séð sig knúinn til þess líkt og stendur í yfirlýsingunni.

Kristinn Jakobsson vildi ekkert tjá sig um yfirlýsingu Gunnars við Fréttablaðið. Hann var þá nýbúinn að sjá hana og vildi fara yfir málin áður en hann gæfi eitthvað frá sér um málið. - hbg



Viðfangsefni þessarar bókar, Eyþór Þórisson, hefur haft það sem fastan sið að bera eitthvað áfengt á viðskiptavini sína burt séð frá hvað hann er að selja. Hann gaf mönnum brennivínsstaup í sjoppunni í Hvalfirði, konum sjérríglas sem keyptu af honum nærbuxur í Eyjum og þeim El Grillo bjór sem kaupa af honum hreindýraskinn í versluninni Ósk á Seyðisfirði. Ekki þótti hægt að setja ævisögu hans á markað án þess að með fylgdi ávísun á einn El Grillo bjór á Kaffi Láru. Hún fylgir þessari bók. Verði þér að góðu og engin miskunn!

Engin miskunn er bók um lífshlaup ævintýramannsins Eyþórs Þórissonar, veitingamanns á Seyðisfirði. Hann hefur lengst af verið kvensamur og drykkfelldur en komið ótrúlega víða við. Hann hefur starfað á finustu veitingastöðum Evrópu, krám, hótelum og hórubúllum, skemmtiferðaskipum, ferjum og fiskiskipum. Hann fékk fyrstur manna nætursöluleyfi á Íslandi, seldi nærbuxur meðfram sjómennsku í Eyjum og rak hótel Snæfell á Seyðisfirði um árabil. Nú á hann og rekur Kaffi Láru á Seyðisfirði og verslunina Ósk á sama stað. Þá kom hann með á markað í haust sitt eigið öl, El Grillo bjór. Eyþór lætur ekki deigan síga og er vinur vina sina, v/v.

Engin miskunn!

Mbl. 6. des. 2007

,,Tryggvi Harðarson hefur tekið sér fyrir hendur að skrá söguna af lífshlaupi Eyþórs og tekist vel. Frásögn hans er hröð og skemmtileg aflestrar og vísast í stíl við viðfangsefnið.”

Jón Þ. Þór

Engin Miskunn

El-Grillo karlinn

Engum líkur

Ekkert pempíuhjal

Ekkert fagurfræðibull

Ekkert tilfinningakjaftæði

Alvöru íslenskur karlmaður

Kemur kviknakinn til dyranna

Kjörin bók fyrir þá sem lesa eina bók á ári

... og alla hina að sjálfsögðu líka

Brokkur ehf.
Sími 898 7460
tryggvih@internet.is

GOTT ÁR Jón Arnór Stefánsson hefur blómstrað í Róm. NORDICPHOTOS/GETTY

Körfuknattleiksfólk ársins:

Jón Arnór og Helena valin

KÖRFUBOLTI Stjórn KKÍ hefur valið þau Helenu Sverrisdóttur, Haukum/Texas Christian University, og Jón Arnór Stefánsson, Lottomatica Roma, körfuknattleikskonu og körfuknattleiksmann ársins 2007.

Þetta er í fimmta sinn á sex árum sem Jón Arnór fær þessa viðurkenningu en Helena var hins vegar valin þriðja árið í röð.

Jón Arnór hefur leikið frábærlega með Lottomatica Roma síðan hann gekk til liðs við liðið í ársbyrjun en sérstaka athygli hefur vakið frammistaða hans í Meistaradeildinni þar sem hann hefur skorað 12,9 stig í leik.

Helena Sverrisdóttir var lykilleikmaður liðs Hauka sem vann alla titla í íslenskum körfuknattleik á árinu. Hún gekk til liðs við sterkt háskólakörfuboltalið í Bandaríkjunum, Texas Christian University, þar sem hún hefur verið í byrjunarliðinu allt tímabilið. - óój

ALLT Í MÍNUS Lehmann hefur ekki átt sjö dagana sæla og getur ekki leynt vonbrigðum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Andreas Köpke þjálfari:

Lehmann ekki öruggur enn

FÓTBOLTI Jens Lehmann, markvörður Arsenal og þýska landsliðsins, er enn mjög bitur yfir því að hafa misst byrjunarliðssæti sitt hjá Arsenal.

„Ég get ekki neitað því að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með að þurfa að horfa á leiki liðsins frá bekknum. Ég verð svo reiður að ég verð að kreppa hnefana með hendurnar í vasanum," sagði Lehmann í viðtali við fótboltablaðið Kicker.

Lehmann gæti einnig átt á hættu að missa byrjunarliðssæti sitt hjá þýska landsliðinu fyrir EM. Andreas Köpke, markmannsþjálfari Þýskalands, segir að ekkert sé enn ákveðið með stöðu Lehmanns hjá liðinu, þrátt fyrir yfirlýsingar Joachims Low, þjálfara Þýskalands, í fjölmiðlum. - óþ

Aganefnd FA:

Bann Zokora skal standa

FÓTBOLTI Aganefnd enska knattspyrnusambandsins hefur neitað áfrýjun Tottenham vegna rauðs spjalds sem Didier Zokora, leikmaður liðsins, hlaut í leik liðsins gegn Manchester City í enska deildarbikarnum.

Steve Bennett, dómari leiksins, gaf Zokora beint rautt fyrir meinta tveggja fóta tæklingu á Elano, leikmanni Man. City, en engin snerting átti sér stað á milli leikmannanna. Bennett áleit hins vegar svo að Zokora hefði sýnt takkana of mikið og um illan ásetning hefði verið að ræða og nú hefur aganefndin tekið undir dóminn og Zokora þarf að afplána þriggja leikja bann. - óþ

Drottningarnar í landsliðunum

Margrét Lára Viðarsdóttir, Rakel Dögg Bragadóttir og Helena Sverrisdóttir voru í algjörum sérflokki í marka- og stigaskorun í kvennalandsliðunum í þremur stærstu boltagreinunum á árinu 2007.

BOLTAGREINAR Þrjár ungar boltakonur voru í nokkrum sérflokki með sínum landsliðum á árinu. Margrét Lára Viðarsdóttir (21 árs), Rakel Dögg Bragadóttir (21 árs) og Helena Sverrisdóttir (19 ára) eru allar undir 22 ára aldri en voru engu að síður langstiga- og markahæstar í kvennalandsliðum þriggja stærstu boltagreinanna á árinu 2007.

Skoraði öllum EM-leikjunum

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 8 mörk í 9 leikjum kvennalandsliðsins í fótbolta á árinu en liðið vann 61,1 prósent leikja sinna og 3 af 4 leikjum sínum í undankeppni EM. Þetta er annað árið í röð sem Margrét Lára skorar átta mörk fyrir kvennalandsliðið. Hún skoraði fimm mörkum meira en næsta kona á lista sem var Hólmfríður Magnúsdóttir sem gerði þrjú mörk á árinu. Þær Dóra María Lárusdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Katrín Jónsdóttir skoruðu síðan allar tvö mörk fyrir A-liðið á árinu 2007.

Margrét Lára skoraði í öllum fjórum leikjum Íslands í undankeppninni á þessu ári þar á meðal sigurmarkið þegar íslensku stelpurnar unnu sjöundu bestu þjóð heims á Laugardalsvellinum. Margrét Lára bætti markamet landsliðsins á árinu og hefur nú þegar skorað 29 mörk í 35 leikjum sínum með A-landsliði kvenna.

Yfir sjö mörk í síðustu sjö leikjum

Rakel Dögg Bragadóttir skoraði 70 mörk í 14 landsleikjum sínum á árinu eða fimm mörk að meðaltali í leik. Rakel Dögg lék alla leiki liðsins nema einn og skoraði 37 mörk í fimm leikjum þegar íslensku stelpurnar tryggðu sér sæti í umspili fyrir úrslitakeppni EM með því að ná 2. sæti í undanriðli í Litháen.

Rakel Dögg skoraði 7,1 mark að meðaltali í síðustu sjö leikjum ársins. Hún skoraði 38 mörkum meira en næsta kona á lista en Dagný Skúladóttir skoraði 32 mörk á árinu og Guðbjörg Guðmannsdóttir var þriðja með 28 mörk. Hrafnhildur Skúladóttir lék aðeins tvo fyrstu landsleiki ársins en skoraði engu að síður 17 mörk í þeim sem gera 8,5 mörk að meðaltali í leik.

49 prósent stiganna

Helena Sverrisdóttir skoraði 63 stig í þremur landsleikjum A-landsliðs kvenna í körfubolta á árinu en það gerir 21 stig að meðaltali í leik. Helena skoraði 33 stig í eina sigurleiknum sem kom gegn Írlandi í Dublin í lokaleik ársins. Þetta er annað hæsta stigaskorið í sögu A-landsliðs kvenna og var Helena aðeins tveimur stigum frá stigameti Önnu Maríu Sveinsdóttur. Helena var stigahæsti leikmaður íslenska liðsins í öllum leikjunum og skoraði 49 prósent stiga liðsins í síðustu tveimur leikjunum á móti Noregi (18 af 38) og Írlandi (33 af 67). Hún skoraði 42 stigum meira en næsta kona á lista sem var Hildur Sigurðardóttir með 21 stig en Signý Hermannsdóttir kom síðan þriðja með 19 stig í þessum þremur leikjum.

Helena hefur alls leikið 21 landsleik og skoraði í þeim 310 stig eða 14,8 að meðaltali í leik sem er hæsta meðalskor í sögu kvennalandsliðsins. Þrátt fyrir ungan aldur (19 ára) og fáa leiki (21) hafa aðeins fimm leikmenn skorað fleiri stig fyrir íslenska kvennalandsliðið.

Það er því óhætta að segja að þær Margrét Lára, Rakel Dögg og Helena hafi drottnað yfir öðrum leikmönnum kvennalandsliðanna á árinu að minnsta kosti í marka- og stigaskorun.

ooj@frettabladid.is

STIG FYRIR KVENNALANDSLIÐIÐ Í KÖRFU

1. Helena Sverrisdóttir	63
2. Hildur Sigurðardóttir	21
3. Signý Hermannsdóttir	19
4. Pálína Gunnlaugsdóttir	11
5. Svava Ósk Stefánsdóttir	9

SJÖTÍU MÖRK Rakel Dögg Bragadóttir skoraði 38 mörkum meira en næsta kona í kvennalandsliðinu í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÁTTA MÖRK Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fimm mörkum meira en næsta kona í kvennalandsliðinu í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

63 STIG Helena Sverrisdóttir skoraði 42 stigum meira en næsta kona í kvennalandsliðinu í körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MÖRK FYRIR KVENNALANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA

1. Rakel Dögg Bragadóttir	70
2. Dagný Skúladóttir	32
3. Guðbjörg Guðmannsdóttir	28
4. Rut Arnfjörð Jónsdóttir	25
4. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	25

MÖRK FYRIR KVENNALANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA

1. Margrét Lára Viðarsdóttir	8
2. Hólmfríður Magnúsdóttir	3
3. Greta Mjöll Samúelsdóttir	2
3. Dóra María Lárusdóttir	2
3. Katrín Jónsdóttir	3

Fréttablaðið ber saman gengi karla- og kvennalandsliða þriggja stærstu boltagreinanna á árinu:

Karlalandsliðið í fótbolta var lélegast í ár

BOLTAGREINAR Körfuboltalandslið karla náði bestum árangri af öllum karla og kvennalandsliðum þriggja stærstu boltagreinanna á árinu sem er að líða.

Fréttablaðið hefur skoðað gengi þessara sex A-landsliða og þar kemur í ljós að karlalandsliðið í körfu var með 61,1 prósent hærra sigurhlutfall en kollegar þeirra í fótboltalandsliðinu sem unnu aðeins einn leik af níu á árinu.

Gengi karlalandsliðsins í fótbolta á árinu hefur verið milli tannanna á fólki enda er fátt jákvætt hægt að finna í níu landsleikjum liðsins á þessu ári nema kannski frábæra vikan í september þegar liðið gerði jafntefli við Spán og vann Norður-Írland. Þessi vika sér þó til þess að liðið hækkar sigurhlutfall sitt um tvö prósent milli ára en karlalandsliðið hefur aðeins unnið 2 leiki af 15 undanfarin tvö ár.

Kvennalandsliðið í fótbolta er besta landsliðið kvennamegin og er auk þess í 2. sæti yfir öll landsliðin sex. Stelpurnar unnu bæði Kína og Frakkland sem eru í fremstu röð í heiminum og með því að vinna 3 af 4 leikjum sínum í sínum riðli í undankeppni EM á liðið enn góða möguleika á að komast inn á EM í Finnlandi 2009.

HJÁLPARHÖND Eiður Smári Guðjohnsen og Ívar Ingimarsson sem lék sína síðustu landsleiki á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það er nokkur munur á karla- og kvennaliðunum í körfubolta og fótbolta en handboltalandsliðin virðast vera á svipuðu róli. Handboltalandslið karla náði 42 prósenta árangri í keppnisleikjum ársins og þar var kvennalandsliðið með 80 prósenta sigurhlutfall. Karlaliðið endaði í 8. sæti á HM og stelpurnar tryggðu sig inn í umspil fyrir úrslitakeppni EM. Það má því segja að handboltafólkið hafi verið í góðu formi í þeim leikjum sem skiptu máli á árinu.

Körfuboltalandslið karla náði langþráðu takmarki með því að vinna gull á Smáþjóðaleikunum í fyrsta sinn í 14 ár og endaði síðan undankeppni EM með því að vinna þrjá síðustu leiki sína. Stelpurnar náðu sögulegum árangri en 62-67 sigur liðsins á Írum í Dublin var fyrsti útisigur íslenska kvennakörfuboltalandsliðsins í Evrópukeppni. - óój

SIGURHLUTFALL LANDSLIÐANNA Á ÁRINU 2007:

1. Karlalandsliðið í körfubolta	88,9%
(9 leikir - 8 sigrar, 1 tap)	
2. Kvennalandsliðið í fótbolta	61,1%
(9 leikir - 5 sigrar, 3 töp)	
3. Karlalandsliðið í handbolta	45,8%
(24 leikir - 10 sigrar, 12 töp)	
4. Kvennalandsliðið í handb.	40,0%
(15 leikir - 6 sigrar, 9 töp)	
5. Kvennalandsliðið í körfub.	33,3%
(3 leikir - 1 sigur, 2 töp)	
6. Karlalandsliðið í fótbolta	27,8%
(9 leikir - 1 sigur, 5 töp)	

BUBBI

OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Í LAUGARDALSHÖLL

NÝÁRSTÓNLEIKAR

4. OG 5. JANÚAR 2008

AUKATÓNLEIKAR
4. JANÚAR KL. 20

TILVALIN JÓLAGJÖF

Bubbi Morthens og öll bestu lögin hans í nýjum „Big Band“ búningi í útsetningu Þóris Baldurssonar.

SÉRSTAKIR GESTIR

Garðar Thór Cortes og Raggi Bjarna.

TILVALIN JÓLAGJÖF Í VEGLEGUM GJAFAUMBÚÐUM

- Fimmtugasti hver sem kaupir miða á midi.is fær geisladisk með Bubba að eigin vali.
- Allir geisladiskar Bubba á tónleikatilboði í verslunum Skífunnar.
- Veglegar gjafaumbúðir fáanlegar í verslunum Skífunnar

TUBORG LÉTTÖL

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

CONCERT
WWW.CONCERT.IS

dagskrá

> **Bruce Willis**

„Ég er tilfinninganæmur gæi. Fólk heldur alltaf að það þekki hinn sanna Bruce Willis en gerir það alls ekki. Síðan skrifar það hluti um mig sem láta mig líta út fyrir að vera algjört gerpi.“ Ofurtöffarinn Bruce Willis sést í einu sínu þekktasta hlutverki í kvöld á Stöð 2 þegar Die Hard 2 verður sýnd.

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER FULLUR AUÐMÝKTAR

Takk, REMAX

Áramótaskaupið er einn af hápunktum áramótanna. Sérstaklega eftir að það hætti að vera skemmtilegt að sveifla stjörnuljósi í allar áttir og reyna að búa til nafnið sitt úr ljóstýrunum. Og standa yfir vínflösku og horfa á eftir fimm þúsund köllunum þeytast upp í loftið, hrópa húrra og sjá alla aurana eyðast á broti úr sekúndu. Fá síðan samviskubit yfir því að eyða síðustu krónum desemberuppbótarinnar í svona vitleysu og tauta með sjálfum sér að þeim hefði verið betur varið í að styrkja vatnsframleiðslu í Afríku.

Skaupið hefur nefnilega tekið við af flestum neikvæðu og gagnrýnu hugsunum sem krauma undir þegar árið er senn á enda og maður lítur yfir farinn veg. Ef það er gott þá gleðst maður og talar um „besta Skaupið“, ef það er vont er hægt að bölva ríkisapparatinu fyrir þetta bruðl og spyrja alla ættingjana hvort það hefði nú ekki verið betra að láta Spaugstofuna bara um þetta; svona klukkutímalangan þátt úr smiðju þeirra félaga. „Það vantaði alveg Davíð Oddsson, hvar var hann eiginlega?“ er spurt en maður klæðir sig síðan í skíðagallann (regngallann miðað við hvernig veðrið er) og horfir á brjáluðu sprengjuvargana skjóta frá sér allt vit í keppni við hvern annan.

Og í ár er tvöföld ástæða til að gleðjast á áramótunum. Skaupið þarf nefnilega ekki lengur að stýra öllum umræðum heldur hefur fasteignafélagið REMAX, ef satt reynist, blandað sér í þá baráttu. Ef auglýsing þess í miðju Skaupinu er fín skemmtun með fyndnum leikurum, tæknibrellum og góðri tónlist, er hægt að samgleðjast yfir góðu gengi fasteignasala. Ef auglýsingin er hins vegar illa gerð og skartar fasteignasölum við leik og störf, þá er loksins kominn blóraböggull fyrir kvöldinu sem jafnan er nefnt ofmetnasta partí ársins.

EKKI LENGUR EINRÁTT Aðstandendur Skaupsins þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af því að þeir verði gerðir að blóraböggum ef gamlárskvöld lukkast ekki vel. Remax hefur tekið við því hlutverki.

EKKI MISSA AF

▶ **18.00 The Royal Tenenbaums** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.00 Logi í beinni** STÖÐ 2

▶ **21.00 Survivor: China Lokaþáttur** SKJÁREINN

▶ **21.10 Oliver Twist** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.00 Behind Enemy Lines** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ungar ofurhetjur
17.55 Snillingarnir
18.15 07/08 bíó leikhús
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Útsvar 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik.
▶**21.10 Oliver Twist** Bresk bíómynd frá 2005 byggð á sögu eftir Charles Dickens um ungan munaðarleysingja sem lendir í félagsskap með vasaþjófum í London á 19. öld. Leikstjóri er Roman Polanski og meðal leikenda eru Ben Kingsley, Barney Clark, Jeremy Swift og Ian McNeice. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.20 Barnaby ræður gátuna - Fiskikóngurinn Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
00.55 Múmían snýr aftur (The Mummy Returns) Bandarísk ævintýramynd frá 2001. Múmía háprestsins Imhóteps er vakin til lífsins á safni í London og lætur ófriðlega. Leikstjóri er Stephen Sommers og meðal leikenda eru Brendan Fraser, Rachel Weisz og John Hannah. e.
03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Door in the Floor
08.00 Marine Life
10.00 Dirty Dancing: Havana Nights
▶**12.00 The Royal Tenenbaums**
14.00 Marine Life
16.00 Dirty Dancing: Havana Nights
18.00 The Royal Tenenbaums Dramatísk gamanmynd með úrvalsleikurum. Leikstjóri: Wes Anderson.
20.00 The Door in the Floor
22.00 Crimson Rivers 2
00.00 Picture Claire
02.00 Movern Callar
04.00 Crimson Rivers 2

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína
07.45 Kalli kanína og félagar
07.55 Kalli kanína og félagar
08.05 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Commander In Chief (17:18)
11.15 Veggfóður (18:20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.45 Lífsaugað III (e)
15.25 Bestu Strákarnir (7:50) (e)
15.55 W.I.T.C.H.
16.15 Cubix
16.38 Batman
17.03 Jesús og Jósefína
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (6:22) (e)
▶**20.00 Logi í beinni** Sérstakur tvöfalt langur jólaþáttur þar sem Logi verður í ósviknu jólaskapi og tekur á móti gestum í litlu síðri jólagír. Meðal gesta eru Raggi Bjarna, Sprengjuhöllin, Stuðkompaníið, Birgitta, Magni, Bubbi og Ómar.
21.00 Surviving Christmas Gráglettin grínmynd um ópolandi auðkýfing sem verður einmana um jólin og kaupir venjulega fjölskyldu til að bjóða sér í jólamat með skrautlegum afleiðingum. Aðalhlutverk: Ben Affleck, James Gandolfini. 2006.
22.30 Die Hard II Önnur myndin um harðjaxlinn John McClane sem glímir enn við hryðjuverkamenn og nú er staðurin stór alþjóðaflugvöllur í Washington og stundin jólahátíðin. Aðalhlutverk: Bruce Willis. Leikstjóri: Renny Harlin. 1990. Stranglega bönnuð börnum.
00.30 Undefeated
02.00 Dutch
03.45 Surviving Christmas
05.15 Fréttir og Ísland í dag
06.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

17.50 Race of Champions 2007- Hápunktar Öll helstu tilþrifin úr mótinu sýnd en mótið fór fram 16. desember á Wembley leikvanginum.
18.50 Gillette World Sport 2007 Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í ára raðir við miklar vinsældir.
19.20 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins sem fór fram miðvikudaginn 19. desember.
21.00 Spænski boltinn - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
21.30 NFL - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
22.00 Heimsmótaröðin í póker (Main Event, Las Vegas, NV)
22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006
23.45 NBA körfuboltinn (NBA 2007/2008 - leikur af NBA TV) Leikur í NBA-körfuboltanum.

SÝN 2

17.30 Man. City - Bolton
19.10 West Ham - Everton
20.50 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)
22.50 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

SKJÁREINN

07.30 Game tíví (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 7th Heaven (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 Game tíví (e)
19.00 Friday Night Lights (e)
20.00 Charmed (19.22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlagadrottningar, Phoebe er beitt göldrum af valdagráðugri galdranorn. Þeir verða til þess að þær skipta um líkama og Phoebe endar fangelsuð í undirheimum.
▶**21.00 Survivor: China - tvöfaldur** Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Það er komið að stóru stundinni hjá keppendunum sem eftir standa í Kína. Það er í höndum fyrrum félaga þeirra í leiknum að ákveða hver stendur uppi sem sigurvegari og fær að launum eina milljón dollara.
22.50 Law & Order: Criminal Intent (21:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Goren og Eames eltast við brennuvarg eftir að íkveikja í krikju verður manni að bana. Slóðin er rakin til fjölskyldu sem er með ýmislegt óhreint í pokahorninu.
23.40 Backpackers (25.26)
00.05 Law & Order (e)
00.55 Allt í drasli (e)
01.25 C.S.I. Miami (e)
02.25 World Cup of Pool 2007 (e)
03.25 C.S.I. (e)
04.10 C.S.I. (e)
04.55 Vörutorg
05.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Surviving Christmas

Gráglettin gamanmynd með Ben Affleck, James Gandolfini og Christinu Applegate. Affleck leikur óþolandi auðmann sem borgar venjulegri fjölskyldu fyrir að fá að eyða með henni jólahátíðinni. En vandinn er sá að hann kann engan veginn að eiga í mannlegum samskiptum og allra síst við venjulegt fólk. Aðalhlutverk: Ben Affleck, Christina Applegate, James Gandolfini. Leikstjóri: Mike Mitchell.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The Mummy Returns
Sjónvarpið kl. 00.55

The Mummy-myndirnar tvær sem komið hafa út eru án vafa með betri ævintýramyndum seinni ára. Þar fara saman æsileg spennuatriði og framandi söguþráður í bland við tilkomumikilar tölvubrellur.

Hér er á ferð önnur myndin í seríunni um Múmíuna en þriðja myndin fer í bíóhús landsmanna á næsta ári.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stjörnukíkir
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Pollapönk
20.30 Tímakornið
21.10 Flakk
22.10 Veðurfregnir
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (84:260)
16.30 Hollyoaks (85:260)
17.00 Skífulistinn
17.50 Totally Frank
18.15 Live From Abbey Road (7:12) (e)
19.00 Hollyoaks (84:260)
19.30 Hollyoaks (85:260)
20.00 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
20.50 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
21.15 Live From Abbey Road (7:12) (e)
▶ **22.00 Behind Enemy Lines** Spennumynd sem gerist á stríðshrjáðu landssvæði Balkanskagans. Siglingafræðingurinn Leslie Reigart og félagi hans Stackhouse eru skotnir niður af óvinum og handteknir. Þeir sæta harðri meðferð og virðast ekki eiga afturkvæmt. Yfirmaður þeirra leggur allt í sölurnar til að bjarga þeim en innan hersins eru ekki allir jafn skilningsríkir þegar kemur að slíkri aðgerð. Aðalhlutverk: Owen Wilson og Gene Hackman. Stranglega bönnuð börnum.
23.45 Þristurinn
00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnaþing Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
21.00 Mér finnst Ólína Þorvarðardóttir hefur sérstakt lag á því að velja sér spennandi sessunauta. Í þetta sinn eru það Auður Eir prestur og Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur sem tylla sér hjá Ólínu.

DR 1

11.35 Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens Detektiver **12.50** Chris på chokoladefabrikken **13.20** Når storken svigter - fem år efter **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SKUM TV **14.30** Boogie Listen **15.30** Robotboy **15.45** Julie **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Revy Danmark 2007 **20.00** TV Avisen **20.25** Julevejret **20.30** Zorro - Den maskerede hævner **22.40** The 51st State **0.10** Boogie Listen

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Solens mat **11.40** Columbo **12.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **13.00** VG-lista Topp 20 **14.00** Megafon **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Gaven **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **19.00** Beat for beat **20.05** Miss Marple: Mord pr. korrespondanse **21.35** Julehelsing frå Med hjarte på rette staden **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Country Music Awards 2007 **23.50** Mad tv: Jul **0.30** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Bakom kulisserna på zoo **11.45** Solens mat **12.15** Videokväll hos Luuk **13.00** Snillen spekulerar **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Anslagstavlan **16.35** Hos musse **17.00** Hotell Kantarell **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Djungelpuls **17.50** Meka med Knäck 18.00 Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Fredagsbio: Finding Neverland **21.40** HippHipp: Itzhaks julevangelium **22.10** Led Zeppelin live **23.10** Rapport **23.20** Kulturnyheterna **23.30** Svensson, Svensson **0.00** Grotesco **0.30** Pauline & Paulette



LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ef ég hlusta á eitthvað er það helst hugleiðslutónlist, einhverjir ljúfir tónar eins og Vangelis, Friðrik Karlsson og fleira í þeim dúr. Allt svona afslappandi, til að komast í smá kyrrð með sjálfa mig í jólastressinu.“

Esther Helga Guðmundsdóttir, ráðgjafi fólks sem stríðir við átröskun eða matarfíkn.

Siggi stormur að verða gráhærður

Slagviðrið sem gengið hefur yfir landið leggst illa í flesta landsmenn en engan þó eins illa og Sigga storm. „Mér finnst þetta ekki skemmtilegt veður og ég er eiginlega aldrei þreyttari en eftir að hafa spáð svona óveðrum,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson og viðurkennir að honum hafi eiginlega fallist hendur þegar hann hefur rýnt í kortin undanfarna daga. „Þetta reynir á þolrifin og þeim hefur fjölgað, gráu hárunum hjá mér. En það er kannski lán í óláni að spárnar hafa gengið eftir,“ bætir Sigurður við. Hann segir það þó ekkert ýkja gaman að vera veðurfræðingur þessa dagana enda sé erfitt að koma brosandi á skjáinn og reyna að peppa fólk upp þegar lægð á eftir lægð er væntanleg yfir eyjuna. „Ég segi fyrir mig persónulega að maður hefur fundið fyrir svolítið meira áreiti frá fólki úti bæ sem vill helst ekki tala um neitt annað en veður. Og sumir ganga jafnvel svo langt að halda að við veðurfræðingarnir stjórnum blessuðu veðurguðunum,“ segir Sigurður. „En sem betur fer sér fyrir endann á þessum stórviðrakafla,“ segir Siggi og bætir því við að skjótt geti þó skipast veður í lofti.

Haraldur Ólafsson segist bara vera kátur þrátt fyrir veðurofsann undanfarna daga. „Kæti veðurfræðinga fer nefnilega að verulegu leyti eftir því hvort spárnar eru réttar,“ segir Haraldur en bætir því við að hann hafi þó orðið var við að fólk vilji meiri birtu. Finnist myrkrið kannski helst aðeins of áberandi. „Og það þýðir meiri snjó og ég held að það séu nú þó nokkuð margir sem gætu hugsað sér smá föl til að lýsa aðeins upp skammdegið,“ segir Haraldur. **-fgg**

NOKKUÐ KÁTUR Haraldur segir gleði veðurfræðinga felast í því hvort spárnar reynist réttar.

ERFITT LÍF Siggi stormur segir það taka á að spá endalausum óveðrum.

GIFTIR SIG NÆSTA SUMAR Andrea Gylfadóttir játaðist Einari Rúnarssyni, sambýlismanni sínum til þrettán ára, á tónleikum Borgardætra á Næsta bar í fyrrakvöld.

EINAR RÚNARSSON: BAÐ UNNUSTUNNAR Á ÓVENJULEGAN HÁTT

Andrea Gylfa fékk bónorð á miðjum tónleikum

Einar Rúnarsson, einn af meðlimum Sniglabandsins og sambýlismaður söngkonunnar Andreu Gylfadóttur til langs tíma, gerði sér lítið fyrir og bað sinnar heittelskuðu á tónleikum Borgardætra á Næsta bar í fyrrakvöld. Bónorðið var algjörlega óundirbúið en Andrea sagði hiklaust já við mikinn fögnuð viðstaddra.

„Það var búin að vera mikil pressa frá sviðinu. Þær voru búnar að vera að tala um að nú væru þær báðar orðnar giftar hinar og Andrea ein eftir. Berglind er gift og svo gifti Ellen sig um daginn eftir 28 ára samband. Ég spratt því á fætur og ákvað að kýla bara á þetta,“ segir Einar og hlær. Hann segir að Andrea hafi tekið vel í uppátæki hans. „Hún virtist nú bara nokkuð ánægð með þetta. Það kom svolítið á hana en hún var alsæl held ég bara.“ Hinir tveir þriðju hlutar Borgardætra eru sem kunnugt er þær Berglind Björk Jónasdóttir og Ellen Kristjánsdóttir, sem giftist Eyþóri Gunnarssyni við hátíðlega athöfn í Fríkirkjunni 16. nóvember síðastliðinn. Fréttablaðið sló á þráðinn til Andreu, sem viðurkenndi að bónorðið hefði komið sér á óvart. „Við vorum bara að grínast með þetta á tónleikunum – að hann þyrfti að fara að drífa sig á skeljarnar. Settum hann undir smá pressu. Það kom skemmtilega á óvart að hann skyldi láta verða af þessu á staðnum.“

Einar segir að þau Andrea hafi lengi talað um að gifta sig og því hafi bónorðið ekki komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þau eru búin að vera saman í heil þrettán ár og Einar segist því aðspurður hafa verið nokkuð viss um að Andrea myndi játast honum. „Við höfum lengi ætlað að gifta okkur en aldrei látið verða af því. Nú verðum við bara að drífa í því næsta sumar.“ Eðli málsins samkvæmt var Einar ekki með hring meðferðis á Næsta bar í fyrrakvöld en stressar sig lítið á því. „Hann verður bara að koma seinna. Ætli við kaupum ekki bara hringa fyrir brúðkaupið sjálft.“

sigrunosk@frettabladid.is

KAUPIR HRINGANA SEINNA Einar Rúnarsson bað Andreu Gylfadóttur á tónleikum. Myndin tengist ekki efni greinarinnar beint heldur var hún tekin fyrir Sniglabandið þar sem Einar er hljómborðsleikari.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Létt er í mönnum á Rás 2 eftir fréttir sem bárust í gær þess efnis að **Páll Magnússon** útvarpsstjóri, í kjölfar Stóra-Klaufamálsins, hygðist veita meira fé til rásarinnar. Svo kátur var tónlistarstjórinn **Ólafur Páll Gunnarsson** að hann lék í gær upptökur frá hinu umdeilda köntríballi Klaufanna frá Hafnarfirði – sem var sú þúfa sem öllu velti. Líklega hefur Óla Palla ekki grunað, þegar Stóra-Klaufamálið reis sem hæst, að afleiðingarnar yrðu þær að hann fengi meira fé að spila úr.

Leikararnir og leikstjórarnir **Björn Hlynur Haraldsson** og **Baltasar Kormákur** voru yfirlýsingaglaðir í Fréttablaðinu á dögunum þegar þeir töluðu um velgengni væntanlegra leiksýninga sinna. Björn Hlynur verður með Jesus Christ Superstar í Borgarleikhúsinu en Baltasar með Ivanoff í Þjóðleikhúsinu. Nú virðist Björn Hlynur hafa tekið forystu í einvígi þeirra því nær uppselt er á fyrstu tíu sýningarnar í Superstar. Nú bíða Björn Hlynur og félagar góðir með sig eftir því hvernig Baltasar bregst við þessum fregnum.

- jbg/hdm



LÁRÉTT
2. brennt vín **6.** nafnorð **8.** neitun **9.** þjálfa **11.** tveir eins **12.** rabb **14.** spilla **16.** hólmi **17.** efni **18.** traust **20.** sjúkdómur **21.** varningur.

LÓÐRÉTT
1. hvæs **3.** öfug röð **4.** jafnframt **5.** sigti **7.** ofbjóða **10.** örn **13.** sigað **15.** eldhúsáhald **16.** skammstöfun **19.** klukka.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. romm, **6.** no, **8.** nei, **9.** æfa, **11.** ðð, **12.** skraf, **14.** eitra, **16.** ey, **17.** tau, **18.** trú, **20.** ms, **21.** vara.
LÓÐRÉTT: 1. fnæs, **3.** on, **4.** meðfram, **5.** mið, **7.** ofkeyra, **10.** ari, **13.** att, **15.** ausa, **16.** ey, **19.** úr.

Pínleg mistök í jólastressinu

Stefán Þór Steindórsson flýtti sér einum of í jólastressinu og sendi óvart rafrænt jólakort á vini og vandamenn með tengil á klámsíðu.

„Ég samdi jólalag og sendi það í jólalagakeppni Rásar 2. Lagið komst ekki áfram svo ég skellti því bara inn á MySpace-síðuna okkar,“ segir Stefán, sem er í hljómsveitinni Mekbuda. „Svo ákvað ég að senda slóðina á alla á msn-tenglalistanum mínum sem skráðir voru inni þá stundina, sem voru í kringum fimmtán manns. Ég sagðist ekki ætla að senda jólakort í ár en senda heldur jólalag til fólks með þessum hætti,“ segir Stefán. Þennan texta afritaði hann og sendi jafnóðum á msn-vinina.

„Fljótt byrjuðu allar línur að blikka neðst á skjánum. Ég hafði þá óvart víxlað stöfum og skrifað mypsace.com í stað myspace.com. Sem er pínleg innsláttarvilla þar sem mypsace er klámsíða,“ segir Stefán. Í stað jólalagsins tók fáklædd kona á móti vinunum sem áttu von á jólakveðju frá Stefáni sem nú sat rjóður og íhugaði hvort skeytið hefði nokkuð lent í óviðeigandi höndum. „Þetta slapp nú nokkuð vel. Sem betur fer fengu engin börn þetta!“ segir Stefán. „Mamma var ekki skráð inni en hefði örugglega bara hlegið. Verst hefði verið að senda þetta á einhverjar tíu ára frænkur.“

Viðtakendur jólakveðjunnar tóku henni þó vel en skildu fæstir hvað lá að baki og fannst þetta ansi sérstakur brandari. Þeir fengu að lokum að heyra jólalagið sem svo klaufalega gekk að kynna. „Sumir eru rosa ánægðir með lagið og textann sem fjallar ekki um jólagleðina heldur neysluhyggju jólanna, jólaspikið, óvelkomnar gjafir og slíkt. Aðrir kjósa þó fremur hefðbundinn jólatexta,“ segir Stefán. Lagið Jólafár má heyra á netsíðunni www.myspace.com/mekbuda. **- eá**

STEFÁN ÞÓR STEINDÓRSSON Innsláttarvilla breytti jólakveðju í klám. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.

Rjúpnaveiðivesti.
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-

Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu. Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
Frábært verð. Aðeins 13.495.

Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.

Whitewater skotveiðigalli.
Buxur og jakki.
100% Vatnsheldur galli með góðri útöndun.
Verð aðeins 19.900.

ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

Cass Creek æfingatæki.
Lærðu að flauta á grágæs, heiðagæs og önd með Cass Creek.
Verð aðeins 3.995.

Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995

Simms L2 vöðlupakki.
Langbesta verð landsins á Gore-Tex vöðlum. Simms L2 vöðlur og Simms skór.
Fullt verð kr. 44.800.
Jólatilboð aðeins 34.900.

Dakota útivistarúr.
Frábært úrval vatnsheldra útivistarúra með áttavita, hitamæli og fleira.
Verð aðeins frá 4.995.
Dakota Angler II (á mynd)
aðeins 10.990.

Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.

Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn. Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.

Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka. **Aðeins frá 34.900.**

Wish. Íslenska fluguveiðihjólið. Falleg hönnun og vönduð íslensk smíði. **Verð aðeins frá 39.900.**

Veiðiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga. **Verð aðeins 3.995.**

Lureflash fluguhnýtingasett.
Úrval af efni og handverkfærum ásamt öngulheldu og DVD hnýtingakennslu í góðri tösku. **Minna sett aðeins 5.595.**
Stærra sett aðeins 7.995.

Scierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.

Scierra hjólatöskur í þrem stærðum.
Fyrir 5 til 10 hjól.
Verð aðeins frá 2.995.

Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 12.900.
Jólatilboð aðeins 9.995.

Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur. Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**

Ron Thompson reykofn.
3 stærðir. **Gott verð eða aðeins frá 5.995.- Einnig reyksag á 695.**

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -

VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8

Veitingahúsið Kínamúrinn

Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð

Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.

Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Jólasögur

Áaðfangadag árið 1930 varð afi minn næstum því úti í stórhríð á Laxárdal í Húnavatnssýslu. Hann var ellefu ára gamall og hafði farið fótgangandi á milli bæja til að útvega lampaglas í olíulampann á bænum svo ekki yrði ljóslaust í baðstofunni á aðfangadagskvöld. Glasið fékk hann hjá hreppstjóranum en á bakaleiðinni skall á blindbylur svo drengurinn ætlaði aldrei að rata heim enda ekkert ljós í baðstofuglugganum heima til að vísa veginn.

MÉR varð hugsað til þessarar sögu um daginn þar sem ég stóð fyrir framan fjall af jólaseríum í Húsasmiðjunni og valdi jólaljós í stofugluggann. Í allsnægtum nútímans virtist sagan af afa með lampaglasið næstum jafn forn og frásögnin af þunguðu konunni sem fékk hvergi gistingu og leitaði skjóls í fjárhúsi til að ala barn sitt.

ÉG sá fljótt að för mín í búðina til að sækja jólaljós á tilboði og aksturinn heim í heitum bílnum yrði aldrei efni í góða sögu. Satt að segja varð ég frekar sorgmædd þegar ég áttaði mig á því að lífið á Íslandi væri hreinlega orðið of þægilegt til að spennandi jólasögur eins og sagan af afa mínum gætu átt sér stað. Það háskalegasta sem mér datt í hug að gæti hent mig við jólaundirbúninginn var ef það liði yfir mig í æstri biðröðinni við kassann í Toys „R“ Us eða að ég slasaði mig á hlaupabrettinu í ræktinni í öllum hamaganginum sem fylgir því að komast í kjólinn fyrir jólin.

ÞÓTT lífsstílsblöðin þreytist ekki á að sýna okkur hvernig við getum átt fullkomin jól er það nú yfirleitt þannig að bestu jólaminningarnar eru frá þeim jólum þegar eitthvað misheppnast. Ekki síst þegar lífsgæði okkar skerðast á einhvern hátt svo við þurfum að sætta okkur við fátæklegra jólahald en ella. Í flestum fjölskyldum eru til klassískar jólasögur af slíkum hrakförum. Eins og þegar eldavélin bilaði á aðfangadag og elda þurfti hamborgarhrygginn á prímus eða sagan frá árinu sem jólatrén seldust upp og stærstu pottaplöntunni á heimilinu var í skyndi breytt í jólatré.

ÞAÐ má því hiklaust mæla með því að fólk gleymi jólastressinu og reyni í staðinn að klúðra einhverju um jólin. Kannski verður það ekki efni í sögu upp á líf og dauða eins og í tilfelli afa míns en það verður ábyggilega skemmtilegra frásagnar en angurvær lýsing á fullkomnum jólum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 21. desember, 355. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.21	13.26	15.30
Akureyri	11.37	13.10	14.43

Heimild: Almanak Háskólans

LANGERFIÐASTA ÚTKALL ÁHAFNAR TF-LÍF VAR RÉTT SUNNAN VIÐ SANDGERÐI FYRIR SÍÐUSTU JÓL.

Sjö aðframkomnum Dönum af varðskipinu Triton var bjargað með ævintýralegum hætti úr öldum sem voru á við þriggja hæða hús í svartamyrkri.

ÍSLENDINGAR BJARGA DÖNUM

Í þessari bók lýsir áhöfn TF-LÍF og Danirnir sjálfir í fyrsta skipti opinberlega því sem gerðist. Björgunin var flókin og menn hugleiddu hvort verkefnið væri yfirleitt framkvæmanlegt. **Um tíma héldu sumir um borð að þyrlan færi í sjóinn.** Við fylgjumst með þyrluáhöfninni, ástandinu um borð í Triton, ótrúlegri leið gúmbátsins og því sem **raunverulega gerðist um borð í Wilson Muga.**

Einstök spenna og dramatík

Hörkuspennandi metsölubækur Óttars Sveinssonar um sanna atburði eru sívinsælt efni sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Hér fjallar hann um Dani í sjávarháska og Íslendinga sem komu þeim til bjargar á ögurstundu.

2. sæti
MBL. 28. NÓV. – 10. DES. 2007
ALMENNT EFNI



hér kemur DODDI

NÝTT Doddaefni slær í gegn

Hér er skemmtileg sögubók um Dodda í Leikfangalandi með sex púslum.

DVD diskur með átta teiknimyndum um Dodda, íslenskt tal.

ÍSLENSKT TAL

Fyrsta upplag uppselt. Annað upplag komið í verslanir.

Nú eru komnar út fjórar nýjar bækur í nýrri seríu um Dodda og vini hans í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Byrjaðu að safna þeim strax.

Kíkið á heimasíðuna mína krakkar
WWW.DODDI.IS

ÚTKALL
Sími 562 2600